

Sukkið hnýtir góða hnúta
tónlist 32

RAX BRÝTUR ÍSINN
menning sérblað

spottið 12

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Helgarútgáfa
30. október 2010
255. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000

Aldrei sóttir af vælubíl
Heiðar og Halli í Pollapönki.
krakkasíðan 44

Styrjöld á stofuborðinu
Tindátar fyrir fullorðna.
spil 24

Veröldin í milljörðum
Forgangsröð valdherra heimsins í peningamálum.
fjármál 30

Til Þýskalands
Stórt þýskt forlag gefur út glæpasögu Ragnars Jónassonar.
fólk 62

3 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu
Menning | Allt | Allt atvinna

ÁRALÖNG ANGIST Jens Jensson var í fjögur ár á Heimavistarskólanum á Jaðri þar sem hann upplifði atburði sem hafa markað líf hans alla tíð. Hann er ósáttur við skýrslu vistheimilanefndar, sem hann segir gera lítið úr ofbeldi sem þar hafi viðgengist. **Sjá síðu 20.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Skuldir hindra ættleiðingu

Stökkbreyttar skuldir geta komið í veg fyrir að fólk geti ættleitt barn. Ólögleg gengistryggð lán koma þar við sögu. Íslensk ættleiðing gagnrýnir hvernig staðið er að leyfisveitingu og vill skýrari reglur um fjárhag.

SAMFÉLAGSMÁL Stökkbreytt skuldastaða hjóna á biðlista eftir ættleiðingu veldur því að afgreiðsla umsókna þyngist að mun. Í mörgum tilfellum eru það gengistryggð lán, sem dæmd hafa verið ólögleg, sem valda fólki erfiðleikum. Heimildir Fréttablaðsins herma að fólk eigi jafnvel á hættu að falla af biðlista vegna þessa.

Hörður Svavarsson, formaður Íslenskrar ættleiðingar, segir að forsamþykki til ættleiðinga sé í gildi í ákveðinn tíma og þá þurfi að fá það endurnýjað. „En hafi fjárhagsleg staða viðkomandi breyst frá þeim tíma sem forsamþykki til ættleiðingar fékkst í upphafi og til þess tíma sem endurskoðun fer fram getur það valdið því að fólk missir rétt sinn. Þetta er því miður svona, það er rétt.“

Sýslumaðurinn í Búðardal annast veitingu leyfa til ættleiðinga. „Sýslumaðurinn hefur lýst því yfir að embættið hafi sérstaka rannsóknarskyldu í kjölfar efnahagshrunsins. Hann hefur því lagt sig sérstaklega eftir því að rýna í þetta atriði,“ segir Hörður.

Ekki er tekið tillit til þess ástands sem hér hefur skapast eftir hrun, segir Hörður, sem vill að skýrari reglur verði settar um fjárhagslega stöðu fólks sem vill ættleiða barn.

„Sýslumanni hugnast það líka illa að fólk sé ekki í eigin húsnæði. Þetta er algjörlega á skjön við það sem gerist á Norðurlöndunum, þar sem það er ekki talið skipta máli hvort fólk sem vill ættleiða er í leiguhúsnæði,“ segir Hörður.

Íslensk ættleiðing sendi fyrr á þessu ári erindi til dómsmálaráðuneytisins þar sem þess var farið á leit að við endurskoðun á ættleiðingarlöggjöfinni „sé sérstök ástæða til að taka til athugunar það mikla vald sem einni manneskju hjá sýslumannsembætti úti á landi er falið með útgáfu á forsamþykki til ættleiðinga“. Í svari ráðuneytisins segir að ekkert sé við stjórnsýslu sýslumannsins að athuga. **- shá**

SPURNING DAGSINS

Ásgrímur, heldurðu að þessi áskorun hafi verið samin í transi?

„Ja, ég vil að minnsta kosti ekki útiloka að transmiðlar hafi komið við sögu.“

Bleiki hnefinn – aðgerðahópur róttækra kynvillinga hefur skorað á Ríkisútvarpið að taka upp orðið transfólk í stað kynskiptinga. Ásgrímur Angantýsson er málfarsráðunautur RÚV.

Aðgangur að lögsögu Noregs og ESB skilyrði fyrir lækkun 17 prósenta hlutdeildar:

Ísland vill óbreytta hlutdeild

SJÁVARÚTVEGUR Íslensk stjórnvöld hafa það sem útgangspunkt í makrílviðræðunum við Norðmenn, Evrópusambandið og Færeyinga, að hlutdeild Íslands í veiðunum framvegis verði sú sama og í sumar, eða sautján prósent af veiðistofni.

„Við höfum hins vegar lýst okkur reiðubúin til að fallast á nokkra lækkun þessarar hlutdeildar gegn aðgangi að lögsögu ESB og Noregs, sé það talið til þess fallið að greiða fyrir lausn málsins“, segir Tómas H. Heiðar, formaður samninganefndar Íslands.

TÓMAS H. HEIÐAR

Viðræðum strandríkjanna lauk í London á fimmtudag án árangurs. Á fundinum settu Norðmenn fram tilboð um að framtíðarhlutdeild Íslands í makrílkvótanum verði 3,1 prósent. Séu veiðarnar í sumar hafðar til hliðsjónar þýðir það að afli Íslendinga færi úr um 130 þúsund tonnum niður í 27 þúsund tonn. Verðmæti makrílafurða sumarsins er metið á fimmtán milljarða króna.

Tómas H. Heiðar sagði í viðtali við Fréttablaðið í gær að svo virtist sem Norðmenn og ESB teldu sig í raun eiga makrílstofninn, þrátt fyrir að rannsóknir Hafrannsóknastofnunar sýni að milljón tonn af makríl hafi gengið inn í íslensku lögsöguna í sumar. Í því ljósi sé tilboðið ósanngjarnt og í raun fáránlegt.

Makrílviðræðunum verður framhaldið í London dagana 8.-12. nóvember næstkomandi. - shá

Listi yfir frambjóðendur birtur:

Allir fengið auðkennistölu

KOSNINGAR Dómsmálaráðuneytið hefur birt lista með nöfnum allra frambjóðenda til stjórnlagaþings. Landskjörstjórn hefur farið yfir framboðin og staðfest að þau séu öll lögleg.

Alls eru 523 einstaklingar í framboði, 159 konur og 364 karlar. Allir hafa nú fengið úthlutað fjögurra stafa auðkennistölu sem kjósendur geta skrifað á kjörseðil í kosningunum, sem fara fram 27. nóvember.

Skoða má listann í heild sinni á vefnum visir.is. - bj

Fresta Hverahlíðarvirkjun:

Orkusala þarf að vera tryggð

ORKUMÁL Orkuveita Reykjavíkur (OR) gerir ekki ráð fyrir framkvæmdum við Hverahlíðarvirkjun í fjárhagsáætlun næsta árs. Ráðgert var að orka þaðan, alls um 90 MW, yrði nýtt til að knýja fyrirhugað álver í Helguvík.

„Hún var tekin út af framkvæmdaáætlun á síðasta ári þar sem fyrirsjáanlegt var að síðustu áfangar Hellisheiðarvirkjunar myndu tefjast um alla vega eitt ár“ segir Eiríkur Hjálmarsson, talsmaður OR. „Svo lá ekki fyrir að fyrirvarar í orkusölusamningum vegna virkjunarinnar yrðu uppfylltir.“ Hann segir viðræður standa yfir við tvo hugsanlega orkukaupendur, en ekki verði ráðist í framkvæmdir fyrr en orkusala verði tryggð. - þj

Ráðning Halldórs framlengd:

Óheppilegt að mati Jóhönnu

STJÓRNSÝSLA Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra telur óheppilegt að ráðningarsamningur hafi verið endurnýjaður við Halldór Ásgrímsson í embætti framkvæmdastjóra norrænu ráðherranefndarinnar.

HALLDÓR ÁSGRÍMSSON

„Ég myndi segja að það hefði verið heppilegra ef samningurinn hefði ekki verið endurnýjaður,“ sagði Jóhanna í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöld.

Þegar fjögurra ára ráðningartíma Halldórs lauk í sumar, var samningur hans framlengdur um tvö ár að hans ósk. - sv

Notkun amfetamíns langmest hér á landi

Fyrsta rannsóknin sem gerð hefur verið á högum ungmenna á aldrinum 16 til 19 á Norðurlöndunum öllum var kynnt á norrænni ráðstefnu í Reykjavík í vikulokin. Skoðað er heilsufar, menntun, íþróttaiðkun, eiturlyfjaneysla og meira til.

RANNSÓKNIR Tólf prósent íslenskra ungmenna, á aldrinum 16 til 19 ára, hafa prófað amfetamín einu sinni eða oftar. Ný rannsókn sem kynnt var á samnorrænu ráðstefnunni Æskan – rödd framtíðarinnar sem lauk í gær sýnir að Ísland sker sig verulega úr hvað þetta varðar.

Í öðru sæti, á eftir íslenskum ungmennum, eru Danir með 7,2 prósent og í þriðja sæti eru Færeyingar með 4,9 prósent. Þá hafa 2,6 prósent grænlenskra ungmenna prófað amfetamín, 2,1 prósent norskra, 1,8 prósent sænskra og 1,3 prósent finnskra ungmenna.

Eitt af helstu verkefnum Íslands á formennskuári í Norrænu ráðherranefndinni 2009 var framkvæmd samanburðarrannsóknar á högum, líðan og lífsstíl meðal norrænna ungmenna, en rannsóknin var gerð á öllum Norðurlöndunum, þar með talið í sjálfstjórnarríkjunum Færeyjum, Grænlandi og Álandseyjum.

Rannsóknin er afar viðamikil og nær til ótal þátta fleiri en vímuefnanotkunar, svo sem menntunar, notkunar upplýsingatækni, jafnréttismála, tómstunda- og íþróttaiðkunar, heilsufars og fleiri þátta. Rannsóknir og greining héldu utan um gerð rannsóknarinnar sem er sú fyrsta sinnar tegundar. Jón Sigfússon, framkvæmdastjóri Rannsókna og greiningar, segir gögnum hafa verið safnað í hverju landi fyrir sig. Í öllum löndum voru nemendur skóla beðnir að svara spurningalista í kennslustund. „Það hefur tekið okkur um tvö ár að vinna þetta verkefni á öllum Norðurlöndunum og má segja að skýrslan sem nú er kynnt sé bara sýnishorn af heildarniðurstöðum og til að vekja fólk til umhugsunar um þennan aldurshóp sem hvorki telst til barna né ungmenna,“ segir hann og segir að við taki frekari gagnaúrvinnsla hjá mennta- og rannsóknarstofnunum um Norðurlöndin öll.

UNGLINGAR Á FERÐINNI Í nýrri rannsókn sem kynnt var á samnorrænni ráðstefnu í Reykjavík í vikulokin kemur fram að í öllum Norðurlandaríkjunum finnst strákum nám síður áhugavert en stelpum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Í vímuefnakafla rannsóknarinnar kemur líka fram að á Íslandi hafa fleiri ungmenni prófað marijúana en hass, 22,6 prósent á móti 16,6 prósentum hass. Á Grænlandi hafa 35,5 prósent ungmenna prófað hass, en 9,6 prósent marijúana og í Danmörku hafa 34,7 prósent prófað hass og 14,2 prósent marijúana. Í ljós kemur að grænlensk og dönsk ungmenni eru líklegust til að hafa drukkið sig full, einu sinni eða oftar, 96,2 þeirra grænlensku og 92,5 prósent þeirra dönsku. Hér var hlutfallið 73,8 prósent. olikr@frettabladid.is

16-19 ára ungmenni sem reykja daglega



Heimild: The Nordic Youth Research 2010

STYRKJA STELPURNAR Ríkisstjórnin hefur ákveðið að styrkja Evrópumeistara Gerplu um þrjá milljónir vegna komandi Norðurlandamóts. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Stjórnin styrkir fimleikahetjur:

Þrjár milljónir í styrk til Gerplu

ÍÞRÓTTIR Ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum í gær að styrkja kvennalið Gerplu, nýkrýnda Evrópumeistara í hópfimleikum, um þrjár milljónir króna til undirbúnings fyrir þátttöku liðsins í Norðurlandamóti sem fram fer í Noregi árið 2011.

Eins og flestir vita náði liðið þeim einstaka árangri að vinna til gullverðlauna á Evrópumótinu í hópfimleikum í Malmö í Svíþjóð um síðustu helgi.

Í tilkynningu frá forsætisráðuneyti segir að ríkisstjórnin fagni þessum frábæra árangri liðsins og samþykkti í tilefni af honum að styrkja hópinn með þessum hætti. - þj

Hagar skila hagnaði:

470 milljónir á 5 mánuðum

VIÐSKIPTI Hagnaður Haga á fimm mánaða tímabili, frá mars til ágúst á þessu ári, nam 470 milljónum króna. Þetta kemur fram í árshlutauppgjöri fyrirtækisins sem var sent út síðdegis í gær.

Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta nam 2.416 milljónum króna. Heildareignir samstæðunnar námu 24.324 milljónum króna í lok tímabilsins og eru 10-11 verslanirnar ekki inni í þeirri tölu. - jhh

Vellíðan án lyfja
með verkfærum sálfræðinnar

Fjögurra vikna árangursmælt námskeið Kvíðameðferðarstöðvarinnar til að takast á við vanlíðan, álag og spennu. Kenndar leiðir hugrænnar atferlismeðferðar til að skoða og breyta hugsunum og viðbrögðum sem viðhalda kvíða og depurð. Öflugar slökunar- og hugleiðsluaðferðir jafnframt kenndar. Námskeiðið nýtist vel samhliða annarri meðferð.

Kennsludagar:
Mánudagar og fimmtudagar frá 20:00 til 21:45 auk eftirfylgdartíma, alls 16 klst.

KMS

Kennarar: Oddi Erlingsson og Sigurbjörg Jóna Ludvigsdóttir, sálfræðingar
Verð kr. 49.000.
Niðurgreiðsla möguleg hjá sjúkrasjóðum stéttarfélaga.
Næsta námskeið hefst mánudaginn 15. nóvember 2010

Skráning og fyrirspurnir í símum 534 0110 og 562 4444, oddier@simnet.is og kms@kms.is
Nánari upplýsingar : www.kms.is

Uppsagnir hjá Eyrarodda og Ósafli reiðarslag fyrir atvinnulífið á Vestfjörðum:

Á sjöunda tug misstu vinnuna

VINNUMARKAÐUR Alls var 64 sagt upp hjá tveimur fyrirtækjum á Vestfjörðum í gær. Fiskvinnslufyrirtækið Eyraroddi á Flateyri sagði upp öllum 42 starfsmönnum fyrirtækisins, og 22 til viðbótar var sagt upp hjá jarðverktakafyrirtækinu Ósafli í Bolungarvík.

Uppsagnirnar eru reiðarslag fyrir Vestfirði, segir Finnbogi Sveinbjörnsson, formaður Verkalýðsfélags Vestfirðinga. Hann segir að varað hafi verið við því lengi að þetta væri yfirvofandi, en stjórnvöld hafi ekki brugðist við.

Eyraroddi er langstærsti vinnustaðurinn á Flateyri, en þar starfaði rúmlega fimmtungur íbúa bæjarins átján ára og eldri.

Eyraroddi hefur verið í greiðslustöðvun frá því í maí. Kristján Erlingsson, stjórnarmaður og einn af aðaleigendum fyrirtækisins, segir að það sé kvótalaust og ekki unnt að leigja kvóta.

„Frá því í fyrrahaust hefur ekki verið nokkur grundvöllur fyrir þessu,“ segir Kristján. Hann segir enn von til þess að ný tækifæri finnist og hægt verði að ráða hluta starfsmannanna eða alla.

FLATEYTI Alls búa 250 á Flateyri, þar af 200 yfir átján ára aldri. Fimmtungur þeirra missti vinnuna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ósafl er dótturfélag verktakafyrirtækisins ÍAV, og unnu starfsmenn félagsins meðal annars að gerð Bolungarvíkurganga. - bj, vg

ÍS
Á 50 KR
Í SKÚTUVOGI

BLÓMAVAL SKÚTUVOGI

JÓLALANDIÐ

FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

JÓLASTJARNA
1299

NÓVEMBER-
KAKTUS
VERÐ FRÁ
799

HAUSTLAUKAR
RÝMINGARSALA
50%
AFSLÁTTUR

POTTAPLÖNTUR
30%
AFSLÁTTUR

blómaval
heillandi heimur

Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Akranes - Ísafjörður - Selfoss - Reykjanesbær - Dalvík

GENGIÐ 29.10.2010

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	111,84	112,38
Sterlingspund	177,94	178,80
Evra	154,68	155,54
Dönsk króna	20,743	20,865
Norsk króna	18,863	18,975
Sænsk króna	16,543	16,639
Japanskt jen	1,3836	1,3916
SDR	175,57	176,61

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 206,1695

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Barack Obama Bandaríkjaforseti greindi frá því í gærkvöldi að sprengjur hefðu verið í kyrrsettum flugvélum:

Fraktflug raskaðist vegna hryðjuverkaógnar

BANDARÍKIN Sprengiefni fannst í tveimur pökkum um borð í fraktflugvélum sem voru á leið frá Jemen til Bandaríkjanna í gær. Annar pakkinn fannst á flugvellinum í Dubai, hinn við millilendingu á Bretlandi. Skráðir viðtakendur pakkanna voru samkomuhús gyðinga í Chicago. Barack Obama Bandaríkjaforseti staðfesti á blaðamannafundi í gærkvöldi að sprengiefni hefði fundist í pökkunum og að hryðjuverkaógn stafaði af þeim.

Pakkarnir tveir voru póstlagðir hjá FedEx í Sana'a, höfuðborg Jemen. Hryðjuverkasamtökin al Kaída hafa eflst þar í landi á síðustu misserum og er talið að sendingarnar komi frá þeim.

Flugvélarnar voru kyrrsettar í Dubai og London þegar tilkynning barst um grunsamlega pakka um borð.

Sveinn H. Guðmarsson, upplýsingafulltrúi Unicef í Jemen, er búsettur í sama húsi og aðalútibú FedEx. Hann segir að mikil umræða sé um að al Kaída sæki í sig veðrið.

„Menn eru mjög á tánum yfir þessu. Jemen er búið að vera mikið í fréttum út af al Kaída undanfarin misseri. Stjórnarherinn hefur undanfarnar vikur og mánuði verið í víðtækum hernaðaraðgerðum gegn samtökunum," segir Sveinn. „Við fáum þetta inn á borð hjá okkur í Unicef vegna þess að þúsundir manna eru að flýja heimili sín vegna árása al Kaída og menn hafa miklar áhyggjur af því að samtökin séu að festa hér rætur."



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

FUNDAÐ UM ÓGNINA Barack Obama ásamt fulltrúum þjóðaröryggisráðsins.

Fleiri flutningavélar voru kyrrsettar á flugvöllum í Bandaríkjunum með skömmu millibili eftir að sprengjurnar fundust, og farmur þeirra rannsakaður.

Frekari upplýsingar um meinta hryðjuverkaógn lágu ekki fyrir þegar blaðið fór í prentun í gærkvöld. - sv

Neyðaraðstoð slær met:

Þörfin aldrei verið meiri

HAMFARIR Spár um að þörf fyrir neyðaraðstoð muni slá öll met árið 2010 virðast vera að rætast. Flóðin í Taílandi, hörmulegar afleiðingar fellibylja á Filippseyjum og í Búrma og kólerufaraldur á Haíti hafa nú bæst á lista yfir þær hamfarir sem orðið hafa á þessu ári.

Samkvæmt nýrri skýrslu Barnaheilla, sem fjallar um mannúðarstarf á næsta áratug, mun tíðni náttúruhamfara aukast sem og þörfin fyrir aðstoð í flóknum pólítískum aðstæðum.

Sameinuðu þjóðirnar og hjálparstofnanir hafa nú þegar lagt 12,8 milljarða Bandaríkjadala í neyðaraðstoð vegna átaka og náttúruhamfara á árinu 2010. - gb

Vöruskipti aukast milli ára:

Meira flutt bæði inn og út

VIÐSKIPTI Vöruskipti voru hagstæð um 10,6 milljarða króna í september. Fluttar voru út vörur fyrir 49,7 milljarða og inn fyrir rúma 39 milljarða. Sama mánuð í fyrra voru vöruskipti hagstæð um tæpa 9,5 milljarða á sama gengi.

Verðmæti innflutnings nam rúmum 25 milljörðum meira en í fyrra fyrstu níu mánuði ársins.

Vörur voru fluttar út fyrir 51,3 milljörðum meira en á sama tíma árið 2009. Vöruskiptajöfnuðurinn var 25,6 milljörðum króna hagstæðari fyrstu níu mánuði ársins en í fyrra, samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar. - þeb

LEIÐRÉTTING

Fyrirlestur Ragnars Bragasonar um Vaktarseríurnar og tilurð þeirra verður í hádeginu á mánudag í sal 3 í Háskólabíói.

Stjórnvöld bregðast við hættu á netinu

Ríkisstjórnin hefur samþykkt að stofna öryggis- og viðbragðsteymi vegna netárása. Öryggi í netheimum einn af grundvallarþáttunum í öryggi samfélaga segir ráðherra. Tveir til þrír sérfræðingar verða í fullu starfi í teyminu fyrst um sinn.

FJARSKIPTI Ríkisstjórnin samþykkti í gær að stofna sérstakt öryggis- og viðbragðsteymi til að vinna gegn og bregðast við netárásum.

„Það er farið að skilgreina öryggi í netheimum sem grundvallarþátt í öryggi samfélaga. Þetta er eiginlega sjálfsagður hlutur að reyna að hafa í lagi, eftir því sem frekast er kostur," segir Ögmundur Jónasson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra.

Eins og fjallað hefur verið um í Fréttablaðinu undanfarið hafa íslensk stjórnvöld setið eftir í netöryggismálum. Slík viðbragðsteymi hafa verið starfandi víða í nágrannalöndunum árum saman.

„Þetta hefur verið til athugunar um nokkurt skeið í samgönguráðuneytinu og hjá Póst- og fjarskiptastofnun. Nú hefur fengist samþykki fyrir því í ríkisstjórn að Póst- og fjarskiptastofnun verði falið að setja á fót teymi til að annast þetta verkefni," segir Ögmundur.

Hann segir að kallaðir verði til flestir sem starfandi séu í þessum geira til ráðgjafar við stofnun hópsins. Markmiðið sé að koma þessum málum í markvissan farveg. Kostnaður við stofnun og rekstur viðbragðshópsins verður til að byrja með greiddur af fjárveitingum Póst- og fjarskiptastofnunar.

Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar, segir að til að byrja með verði sett á laggirnar teymi með tveimur eða þremur starfsmönnum sem sinna muni þessu verkefni eingöngu. Þeir muni fá stuðning frá öðrum starfsmönnum stofnunarinnar eftir því sem þurfa þyki.

Hann segir að áhersla verði lögð á samstarf við sambærilega hópa í nágrannalöndunum. Víða erlendis vakta slíkir hópar netumferð allan sólarhringinn, en Hrafnkell segir það ekki standa til í bili.

Ekki er hægt að meta hver kostnaður við stofnun viðbragðshópsins verður. Í skýrslu Póst- og fjarskiptastofnunar frá því í desember 2008 kemur fram að kostnaður fyrsta árið geti verið um 49 milljónir króna, og árlegur kostnaður eftir það um 42 milljónir. Þar er þó gert ráð fyrir heldur stærri hóp en þeim sem nú verður komið á fót.

Hrafnkell segir Póst- og fjarskiptastofnun annt um að upplýsa almenning um öryggismál. Stofnunin haldi meðal annars úti vefnum netoryggi.is, þar sem hægt sé að fá upplýsingar um tölvuöryggi á mannamáli.

brjann@frettabladid.is

SKUGGAHLIÐAR Hættur sem ógnað geta almenningi, fyrirtækjum og jafnvel stjórnvöldum má finna víða á netinu. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

ÖGMUNDUR JÓNASSON

HRAFNKELL V. GÍSLASON

HORFT SUÐUR YFIR Norður-kóreskir hermenn á landamærunum. NORDICPHOTOS/AFP

Spenna milli Kóreuríkjanna:

Skotbardagi á landamærum

SUÐUR-KÓREA, AP Norður-kóreskir hermenn skutu í gær yfir landamærin á suður-kóreska landamærastöð. Suður-Kóreumenn svöruðu í sömu mynt.

Ekki var ljóst í gær hver ástæða árásarinnar var. Enginn Suður-Kóreumaður meiddist, en frá Norður-Kóreu hafa engar fréttir borist um hugsanlegan skaða.

Afar sjaldgæft er að til skotbardaga komi á landamærunum, þótt formlega eigi Kóreuríkin enn í stríði. - gb

Skyrstríð í Noregi:

Hundruð kúa í skyrframleiðslu

NOREGUR „Skyrsalan hefur nú þegar útvegað 650 kúm í landinu atvinnu," hefur norski fréttamiðillinn E-24 eftir Bent Myrdahl, framkvæmdastjóra norsku mjólkursamsölunnar Q.

Fyrirtækið sér ekki eftir því að hafa hafið sölu á skyri að íslenskri fyrirmynd, en Myrdahl er þó ekki ánægður með samkeppni frá TINE, stærstu mjólkursamsölu Noregs.

Hann segir TINE hafa stolið bæði hugmyndinni og þeirri vöruþróun sem fram hefur farið í Q og hótar málsókn ef TINE lætur verða af áformum sínum. - gb

Kveikjum útiljósin

Kemur blaðberinn þinn að þínu húsi í myrkri? Sýnum tillitssemi. Höfum ávallt kveikt á útiljósum við útihurð og póstlúgu.

Þannig tryggir þú örugga dreifingu á þitt heimili.

Með fyrirfram þökk,

Póst:húsið

Við látum það berast

Pósthúsið | Suðurhraun 1
S: 585 8300 | www.posthusid.is

VEÐURSPÁ

Ingibjörg Karlsdóttir veðurfréttamaður

STORMUR eða hvassviðri verður allra austast á landinu fram eftir degi en síðdegis og í kvöld dregur smám saman úr vindi og úrkomu. Á morgun verður éljagangur norðan- og austanlands en bjart veður syðra fyrri hluta dags.



HEIMURINN

Alicante	22°
Basel	15°
Berlín	14°
Billund	13°
Frankfurt	16°
Friedrichshafen	15°
Gautaborg	12°
Kaupmannahöfn	12°
Las Palmas	24°
London	14°
Mallorca	22°
New York	13°
Orlando	28°
Ósló	10°
París	14°
San Francisco	15°
Stokkhólmur	10°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Sigmundur Halldórsson *sigmundur@frettabladid.is* ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*

Farsímar sem koma bér í gott samband!

2.590 kr. / 12 mán.

Nokia 5230

Biókort og 500 kr. símnotkun á mánuði í 12 mánuði fylgir!

Verð: 2.590 kr. á mánuði í 12 mán. eða 29.990 kr. staðgreitt

Gildir með 3G áskrift og 3G frelsi.

2.690 kr. / 12 mán.

Nokia C5

Biókort og 500 kr. símnotkun á mánuði í 12 mánuði fylgir!

Verð: 2.690 kr. á mánuði í 12 mán. eða 31.990 kr. staðgreitt

Gildir með 3G áskrift og 3G frelsi.

Biókort 6 x í bíó og 500 kr. símnotkun á mánuði í 12 mánuði fylgir símatilboðum Nova!

Ef þú átt nú þegar farsíma getur þú fengið Biókort í næstu verslun Nova: **3.990 kr.** (Fullt verð 6.600 kr.)

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, MM Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | **m.nova.is** | Facebook | Twitter

Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti + 250 kr. /mán. greiðslugjald. Staðgreitt: Þá þarf ekki kreditkort. Það er ódýrara að staðgreiða!

DAGUR & STEINI

KJÖRKASSINN

Hefur þú siglt með Herjólfi?

Já	58,3%
Nei	41,7%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Er rétt að innheimta gjald af þeim sem nota aðstöðu á Hakinu við Almannagjá?

Segðu þína skoðun á vísir.is

VÍSIR

Íslendingur sakaður um fjármálamisferli í sænskum fréttaskýringaþætti:

Ber af sér sakir um fjárdrátt

SVÍÞJÓÐ Fyrrverandi formaður samtakanna Heimilis og skóla í Svíþjóð, Jakob S. Jónsson, hefur verið sakaður um fjárdrátt.

Greint var frá málinu í fréttaskýringaþættinum Uppdrag og granskning í sænska ríkissjónvarpinu á fimmtudagskvöld. Í þættinum var fullyrt að Jakob hefði misnotað aðstöðu sína og greitt fyrir ýmsa einkaneyslu með greiðslukorti samtakanna á þeim tíma sem hann gegndi við formennsku í félaginu árið 2007.

Á þeim kvittunum sem þáttastjórnrendur hafa undir höndum er meðal annars að finna greiðslur

> Ég er ekki skipulagður maður.
>
> **HANS JAKOB S. JÓNSSON**
> FV. FORMAÐUR HEIMILIS OG SKÓLA Í SVÍÞJÓÐ.

fyrir hreindýrafile, nautasteik, skötusel, lúðu, eðalvín og líkjör. Reikningarnir sýna fram á greiðslur upp á 40 þúsund sænskar krónur, eða um 670 þúsund íslenskar krónur.

Samkvæmt sænskum fjölmiðlum fullyrðir fyrrverandi stjórnarmeðlimur Heimilis og skóla í Svíþjóð að stjórnin hafi farið nær vikulega á veitingahús og bari og greitt hafi verið með fjármunum samtakanna.

Jakob sagði í samtali við þáttinn að um væri að kenna óreiðu í bókhaldi.

„Enginn er fullkominn," sagði hann. „Ég er ekki skipulagður maður. Ég get vel séð um fjárhagsáætlanir en ég er ekki endurskoðandi sem situr og skoðar kvittanir og annað slíkt." Hann sagðist jafnframt í viðtali við sænska fjölmiðla vera afar ósáttur við umfjöllunina. Ekki náðist í Jakob við vinnslu fréttarinnar. - sv

Oft ófært til Vestfjarða:

Helmingslíkur á að flug raskist

SAMGÖNGUMÁL Um 50 til 70 prósenta líkur eru á því yfir hörðustu vetrarmánuðina að áætlunarflug til og frá Ísafirði raskist. Á sama tíma eru 15 til 20 prósenta líkur á því að Flugfélag Íslands sjái sér ekki fært að fljúga yfir daginn.

Þetta kemur fram í skýrslu um áhrif fyrirhugaðs niðurskurðar á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, en tölurnar eru frá Flugfélagi Íslands. Miðað er við flug síðustu fjögur ár í útreikningunum.

Í fyrra féll flug niður 74 daga og ekkert var flogið 26 daga. - þeb

Eldfjörug bók um sumar á eyju, brjálaðar kríur, óþekktarorm og bréfaskriftir eftir höfund bókanna um spæjarann *Fjóla Fífils.*

Neita Þingvallagjaldi á ferðaþjónustu eina

Fólk á einkabílum verður ekki rukkað fyrir að nota þjónustu á Hakinu, segir meðlimur Þingvallanefndar. Þá sætta fyrirtækin sig ekki við að greiða gjald fyrir sína viðskiptavini, segir framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar.

FERÐAÞJÓNUSTA Ekki er samstaða milli Þingvallanefndar og ferðaþjónustufyrirtækja um gjaldtöku fyrir þjónustu sem þjóðgarðurinn á Þingvöllum veitir á Hakinu ofan við Almannagjá.

„Okkur þykir það heldur bratt hjá þjóðgarðsverði að segja að allir hafi tekið þessu vel," segir Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF), um þau ummæli Ólafs Arnar Haraldssonar, þjóðgarðsvarðar á Þingvöllum, að allir hafi tekið vel í hugmyndir um gjaldtöku á Hakinu.

ERNA HAUKSDÓTTIR

„Það er alveg ljóst að það eru mjög skiptar skoðanir á því hvernig eigi að fjármagna þessa uppbyggingu," segir Erna. „Ef selja á einhverja svona þjónustu þá eru allir í ferðaþjónustunni sammála um að mjög mikilvægt sé að allir þurfi að greiða. Það þarf líka að vanda sig vel. Það þýðir ekki að setja gjöld á ferðaþjónustuna fyrirvaralítið."

Ekki liggur fyrir formlega af hálfu Þingvallanefndar hverjir eigi að greiða fyrir afnot af þjónustunni á Hakinu. Þjóðgarðsvörður segir málið enn í skoðun en benti á það í Fréttablaðinu í gær að sérstaklega væri horft til atvinnufyrirtækja.

Sigurður Ingi Jóhannsson, alþingismaður Framsóknarflokks, sem situr í Þingvallanefnd er afdráttarlausari. Almenningur þurfi ekki að greiða. Annað gildi þegar um sé að ræða skipulagðar ferðir í því augnamiði að skapa tekjur.

„Þeir sem eru þarna bara í sínum sunnudagsbíltúr hafa eðlilegan aðgang en þeir sem gera út á þetta fyrir arðsemi þurfa að gera þjónustusamning," útskýrir Sigurður Ingi.

Erna segir hins vegar ekki ganga upp að benda eingöngu á atvinnureksturinn varðandi gjaldtökuna. „Við myndum ekki sætta okkur við það eins og sums staðar hefur verið raunin að það er verið að rukka eingöngu þá sem eru í rútum. Það er auðveldara en að eltast við hina en það er mjög mikilvægt að þetta sé lágt gjald á alla – ef á annað borð er verið að leggja það á," segir framkvæmdastjóri SAF.

Á ÞINGVÖLLUM Þingvallanefnd vill nýta lagaheimildir til að leggja gjald á gesti á Hakinu ofan við Almannagjá. Ferðaþjónustan telur að langan fyrirvara þurfi á slíku og að jafnt verði yfir alla að ganga. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

SIGURÐUR INGI JÓHANNSSON

Á vegum iðnaðarráðuneytisins er nú unnið að frumvarpi um gjald sem renna á í sjóð til að kosta aðstöðu við fjölsótta ferðamannastaði á borð við Gullfoss og Geysi. Ætlunin var að leggja á svokallað gistináttagjald til að fjármagna sjóðinn en það mætti feykilegri andstöðu. Annar möguleiki er að leggja gjald á alla sem koma til og frá landinu en því fyrirkomulagi eru sömuleiðis margir andvígir.

gar@frettabladid.is

Auglýsing um styrki til rannsókna á stofnum villtra fugla og villtra spendýra

Samkvæmt 3. mgr. 11. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, eins og henni var breytt með 39. gr. laga nr. 164/2002, úthlutar umhverfisráðherra fé til rannsókna af tekjum vegna sölu veiðikorta.

Umhverfisráðuneytið auglýsir eftir umsóknum um styrki til rannsókna á stofnum villtra dýra sem undir áðurnefnd lög falla og heimilt er að veiða. Skriflegar umsóknir skulu berast ráðuneytinu, Skuggasundi 1, 150 Reykjavík, merktar Veiðikortasjóður, fyrir 30. nóvember 2010.

Í umsókn um styrk úr Veiðikortasjóði skal umsækjandi greina frá efni og afmörkun fyrirhugaðra rannsókna, hverjir koma að rannsóknunum, skipulagi þeirra og áætluðum tímamörkum ásamt upplýsingum um menntun og/eða fyrri rannsóknir.

Konur jafnt sem karlar eru hvött til að senda inn umsóknir. Ráðuneytið mun að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og ráðgjafanefndar úthluta styrkjum eigi síðar en í janúar 2011.

Umhverfisráðuneytið
29. október 2010

Samtök iðnaðarins blása til átaksverkefnis undir kjörorðinu Ár nýsköpunar:

Nýsköpun er leiðin út úr kreppunni

IÐNAÐUR „Nýsköpun er leiðin út úr kreppunni. Hún hefur nú þegar fyllt upp í hluta þess gats sem bankahrunið skildi eftir sig en það er hægt að gera miklu betur," segir Orri Hauksson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins.

Samtökin hafa ýtt úr vör átaksverkefninu Ár nýsköpunar og brýna með því stjórnvöld og aðra til samstarfs. „Það þarf að ryðja burtu þeim hindrunum sem eru í vegi fyrir því að nýsköpunin fylli betur upp í þetta gat og þar ber skattamál, fjárfestingamál og menntamál hæst," segir Orri.

Markmið átaksins er að kynna og efla nýsköpun og vinna að vegvísi til framtíðar með verðmætasköpun og aukinn útflutning að leiðarljósi.

ORRI HAUKSSON

Að mati samtakanna hefur nokkuð miðað í umbótum í nýsköpunarumhverfi fyrirtækja í kjölfar hrunsins. Hins vegar hafi fjölmargt þyngt róðurinn, til að mynda samdráttur á flestum mörkuðum, aukinn kostnaður við aðföng, flutninga og markaðsstarf, auknar skattaálögur, gjaldeyrishöft og erfið staða á fjármagnsmarkaði.

Telja þau mikilvægt að stuðnings- og fjármögnunarumhverfi fyrirtækja verði endurskipulagt og heita á stjórnvöld að vinna með þeim að nauðsynlegum úrbótum.

Í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöldi upplýsti Orri að nú hillti undir lausn verkefnis sem unnið hefði verið að í samstarfi við Seðlabankann og miðaði að því að koma aflandskrónum í vinnu í fjárfestingum hér. „Fjárfestar sem eru fastir með aflandskrónur í Lúxemborg hafa haft áhuga á því að koma inn í mjög spennandi verkefni á Íslandi," sagði hann og taldi hilla undir „mjög góða niðurstöðu".

- bþs

BARNADAGAR
20% AFSLÁTTUR

af öllum barnafatnaði...barnaskóm... leikföngum... barnamat og fleiri tilboð

28. - 31. október

20%
AFSLÁTTUR
af öllum leikföngum

20%
AFSLÁTTUR
af Algjör Sveppi

20%
AFSLÁTTUR
af öllum barnamat

tilboð
2.990.-
fullt verð 3.990.-

OPIÐ
24 Hagkaup
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

VEISTU SVARIÐ?

1 *Hversu hátt verður áætlað gjald fyrir ferðamenn á Hakinu við Almannagjá á Þingvöllum?*

2 *Í hversu mörgum eintökum verður ævisaga Jónínu Benediktsdóttur prentuð?*

3 *Verður næsta Batman-mynd í þrívídd?*

SVÖR

1. 200-300 krónur 2. Tíu þúsund eintök-um 3. Nei

Öll ráðuneytin eiga að fylgja stefnu Vísindaráðs

Menntamálaráðherra segir stjórnvöld stefna að eflingu samkeppnissjóða. Staðinn hafi verið vörður um slíka sjóði í niðurskurði. Núverandi fyrirkomulag hefur sætt mikilli gagnrýni í fræðasamfélaginu.

VÍSINDI Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra telur að stefna eigi að því að hlutfall opinberra fjármuna til rannsókna og þróunarstarfs fari að meira leyti í gegnum samkeppnissjóði en nú er gert. Hún segir það opinbera stefnu stjórnvalda og telur að öll ráðuneyti ættu að fylgja þeirri stefnu.

KATRÍN JAKOBSDÓTTIR

„Þetta er stefna Vísinda- og tækniráðs, sem er sá aðili sem markar stefnu stjórnvalda," segir Katrín í samtali við Fréttablaðið.

„Hlutur samkeppnissjóða hefur verið að aukast undanfarið þótt það hafi ekki alfarið komið til af góðu. Samkeppnissjóðir hafa verið skornir niður um fjögur prósent síðustu þrjú ár á meðan framlög til háskóla hafa verið skorin niður um sextán prósent. Það sýnir okkar forgangsröðun, en við vildum helst sjá þetta hlutfall fara upp í um það bil þriðjung, sem er svipað og er í nágrannalöndum okkar."

Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu upp á síðkastið hefur fyrirkomulag rannsóknarsjóða og opinberra framlaga til rannsókna og þróunarstarfs sætt gagnrýni í fræðasamfélaginu. Þar er kallað eftir því að fjármunum sé dreift í gegnum samkeppnissjóði. Það felur í sér að óháð faglegt ráð, skipað alþjóðlega viðurkenndum vísindamönnum, meti umsóknir um styrki og fylgi því eftir með mati á verkefnunum, sem sé svo lagt til grundvallar þegar viðkomandi sæki um styrki að nýju.

Sérstaklega hafa spjótin staðið á Jóni Bjarnasyni, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, sem hefur tæplega 2,4 milljarða króna til rannsóknarstarfs. Þar af renna um 1,3 milljarðar til Hafrannsóknastofnunar, en afgangurinn fer meðal annars í gegnum hina ýmsu sjóði.

Í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins fyrr í mánuðinum sagði Jón að ekki stæði til að breyta fyrirkomulaginu, til dæmis með því að færa sjóðina undir Rannsóknarsjóð. Með núverandi skipulagi væri „stuðlað að beinni tengingu við atvinnuvegina", sem væri í samræmi við óskir aðila í sjávarútvegi og landbúnaði, og ráðuneytið styddi þeirra sjónarmið.

Katrín segir hins vegar að stjórnvöld skuli fylgja sömu stefnu hvað varðar framlag til rannsókna og þróunarstarfs, óháð ráðuneytum. „Ég lít á það þannig. Í Vísinda- og tækniráði sitja margir ráðherrar. Þar er stefna stjórnvalda mótuð og það skiptir máli að fylgja því eftir."

thorgils@frettabladid.is

RANNSÓKNIR Menntamálaráðherra styður eflingu samkeppnissjóða í úthlutun opinberra framlaga til rannsókna og þróunarstarfs. Myndin tengist fréttinni ekki beint.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hvað er vísinda- og tækniráð?

Vísinda- og tækniráð hefur það hlutverk að efla vísindarannsóknir, vísindamenntun og tækniþróun í landinu og markar stefnu stjórnvalda í vísinda- og tæknimálum til þriggja ára í senn.

Forsætisráðherra fer fyrir ráðinu en þar sitja einnig iðnaðarráðherra, menntamálaráðherra og fjármálaráðherra auk sextán fulltrúa sem eru tilnefndir af ráðuneytum, háskólum og aðilum vinnumarkaðarins auk þess sem forsætisráðherra getur skipað fjóra ráðherra til viðbótar.

Í stefnu ráðsins fyrir árin 2009 til 2012 segir:
„Ítrekað hefur verið bent á að hér á landi fari of lítill hluti opinberra fjárveitinga til rannsókna og nýsköpunar í gegnum samkeppnissjóði."

„Samkeppnissjóðir sem byggjast á vönduðu gæðamati umsókna og nánu samstarfi á milli háskóla, rannsóknastofnana og fyrirtækja, eru forsenda fyrir öflugu rannsókna- og nýsköpunarstarfi. Standa þarf vörð um og efla samkeppnissjóðina á næstu árum og sameina sjóði þar sem það á við. Samkeppnissjóðir þurfa að vinna nánar saman að ákveðnum verkefnum."

Ný reglugerð undirrituð:

Öryggi sundstaða aukið

ÖRYGGISMÁL Ítarlegri kröfur um öryggiskerfi og laugargæslu eru gerðar í nýrri reglugerð um sundstaði sem Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra hefur undirritað.

SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR

„Þá eru auknar kröfur gerðar um öryggi barna og sérstakar kröfur gerðar til sundlaugavarða, kennara og þjálfara," segir í tilkynningu umhverfisráðuneytisins. Við hönnun nýrra lauga og endurgerð eldri skal gera ráð fyrir nauðsynlegri lýsingu og öryggiskerfi á borð við myndavélar. Þá eiga sundstaðir að hafa stöðuga laugargæslu meðan gestir eru í laug. - óká

Ráðstefna haldin á mánudag:

Kynna klasa í jarðvarmageira

VIÐBURÐIR **Dr. Michael Porter, prófessor við Harvard-háskóla og einn helsti fræðimaður heims á sviði stefnumótunar og samkeppnishæfni þjóða, sækir landið heim eftir helgi. Hann kom hingað síðast árið 2006.**

MICHAEL PORTER

Næsta mánudag kynnir Porter á ráðstefnu í Háskólabíói nýja rannsókn sem unnin var undir forystu hans á klasamyndun í íslenskum jarðvarmageira. Erindi hans nefnist: Icelandic Geothermal: Turning the Cluster into an engine of renewed Icelandic growth.

Dagskrá er að finna á www.icelandgeothermal.is. - óká

Minnhluti borgarráðs vill svör:

Hver fræðir um orkumálin?

REYKJAVÍKURBORG Fulltrúar minnihluta sjálfstæðismanna og VG í borgarráði vilja svör um möguleg viðbrögð Reykjavíkurborgar við því að fræðslu- og ferðaþjónustuverkefni Orkuveitu Reykjavíkur hafi verið aflögð. Mikill safnkostur liggi undir skemmdum ef ekkert verði aðhafst.

Lokun gestamóttöku í Hellisheiðarvirkjun geti haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir ferðaþjónustuna. Huga þurfi að varðveislu safnkosts í Elliðaárdalnum. „Að sama skapi þarf að gera ráðstafanir til að tryggja að áfram geti innlendir og erlendir ferðamenn kynnt sér jarðvarmaverkefnin í kringum höfuðborgarsvæðið," segir í bókun fulltrúanna. - gar

Skrautseríur í úrvali

Húsfélög athugið:
samtengjanlegu seríurnar komnar!
sjáið nánar á www.gardheimar.is



Föndurseríur
allir litir

verð frá **448kr**

20% afsláttur
af öllum ljósaseríum um helgina

Jólalandið
opnar um helgina

síðasta tækifærið!

ÚTSALA Á HAUSTLAUKUM OG HAUSTPLÖNTUM

Amerísku jólatrén úrvalið er í Garðheimum

20% afsláttur

endast ár eftir ár!



Jólastjörnurnar komnar

KÓSÍ KONUKVÖLD Í GARÐHEIMUM

Munið kósí konukvöld Garðheima
4.nóvember kl. 19:00 til 22:00

Bráðholla Bína hrákaka
300kr

Heimabakaðar Smákökur
100kr

Heitt súkkulaði með rjóma eða ís

spíran um helgina

GARÐHEIMAR

heimur skemmtilegra hluta og hugmynda

Stekkjarbakka 6 - Sími 540 3300 - www.gardheimar.is

Íslandsbanki

Sjóklæðagerðin hf.
Eignarhlutur Íslandsbanka í opið söluferli

66° NORÐUR

Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hf. hefur verið falið að annast formlegt söluferli sem lýtur að sölu á eignarhlut Íslandsbanka í Sjóklæðagerðinni sem er 33,33334% af útistandandi hlutafé félagsins.

Sjóklæðagerðin hf. - 66°NORÐUR er eitt elsta framleiðslufyrirtæki Íslands. Árið 1926 hóf fyrirtækið framleiðslu á sérstökum hlífðarfatnaði fyrir sjómenn og fiskverkunarfólk á norðurslóðum en seinna bættist við vörulínu fyrirtækisins vinnufatnaður fyrir fólk í landi. Rætur fyrirtækisins liggja því í framleiðslu sjó- og vinnufatnaðar. Í dag er hönnun og framleiðsla útivistarfatnaðar kjarninn í starfsemi fyrirtækisins en fyrirtækið leggur mikið upp úr gæðum vörunnar þar sem eingöngu eru notuð bestu fáanlegu efnin í framleiðsluna.

Nú starfa um 300 manns hjá 66°NORÐUR og fást vörur fyrirtækisins í yfir 500 verslunum í 18 löndum. Fyrirtækið rekur 9 verslanir undir vörumerkinu 66°NORÐUR á Íslandi og eina í Lettlandi. Þar fyrir utan rekur Sjóklæðagerðin þrjár verslanir undir vörumerkjum Rammagerðarinnar ásamt vinnufataversluninni VÍR.

Söluferlið verður opið öllum áhugasömum fjárfestum sem teljast fagfjárfestar samkvæmt lögum nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti eða búa yfir fullnægjandi þekkingu og reynslu, og geta sýnt fram á eiginfjárstöðu umfram 300 milljónir króna. Seljandi áskilur sér þó rétt til þess að takmarka aðgang að söluferlinu vegna samkeppnissjónarmiða eða í þeim tilvikum þegar fyrir hendi eru lagalegar takmarkanir á því að fjárfestir kaupi verulegan eignarhlut í félaginu.

Áhugasömum fjárfestum er bent á að fylla út trúnaðaryfirlýsingu sem hægt er að nálgast á heimasíðu Íslandsbanka (www.islandsbanki.is/66north2010) og skila henni til Fyrirtækjaráð-gjafar Íslandsbanka. Sölugögn verða afhent á tímabilinu 3.-12. nóvember með rafrænum hætti á netfang sem fjárfestar tilgreina í trúnaðaryfirlýsingu. Síðasti frestur til að skila inn trúnaðar-yfirlýsingu vegna þátttöku í söluferlinu er föstudaginn 12. nóvember kl. 14.00.

Gert er ráð fyrir að óskuldbindandi tilboðum verði skilað til Íslandsbanka, Kirkjusandi, 155 Reykjavík, mánudaginn 15. nóvember 2010, fyrir kl. 14:00, í lokuðu umslagi merktu „Fyrirtækja-ráðgjöf/66north2010". Þeim fjárfestum sem leggja fram hæstu tilboðin verður boðið til áfram-haldandi þátttöku í söluferlinu. Íslandsbanki áskilur sér rétt til þess að hafna öllum tilboðum, ef ekkert ásættanlegt tilboð er lagt fram. Þá fá fjárfestar aðgang að nánari upplýsingum um starfsemi og fjárhag fyrirtækisins ásamt áreiðanleikakönnunum sem unnar voru af óháðum sérfræðingum. Skuldbindandi tilboðum ber að skila inn í síðasta lagi þriðjudaginn 7. desember 2010.

Allar nánari upplýsingar um söluferlið er að finna á vef Íslandsbanka undir slóðinni www.islandsbanki.is/66north2010.

Tillögur Angelu Merkel og Nicolas Sarkozy mildaðar:

Sektað fyrir brot á reglum

BELGÍA, AP Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins fær nú það hlutverk að útfæra leiðir til að takast á við skyndileg og erfið efnahagsvandamál í framtíðinni. Það kerfi á að taka við af neyðarsjóðnum sem stofnaður var til að takast á við erfiðleikana í Grikklandi.

Á leiðtogafundi ESB í Brussel var samþykkt að Lissabonsáttmálanum yrði breytt með þetta í huga. Angela Merkel Þýskalandskanslari hrósar engu að síður sigri, því hún barðist ásamt Nicolas Sarkozy Frakklandsforseta fyrir því að varanlegt fyrirkomulag yrði sett inn í sáttmálann í staðinn fyrir bráðalausnir þær sem grípa þurfti til fyrr á þessu ári.

Samkvæmt nýja fyrirkomulaginu fær framkvæmdastjórn ESB völd til þess að grandskoða ríkisfjármál aðildarríkjanna og refsa með sektum þeim sem brjóta reglur ESB um hámark fjárlagahalla.

Sektirnar verða þó ekki lagðar á sjálfkrafa, eins og Merkel og Sarkozy höfðu lagt til. Ekki verður heldur hægt að svipta aðildarríkin atkvæðisrétti í ráðherraráðinu, enda mætti sú tillaga harðri andstöðu hinna leiðtogann. **- gb**

Greiða erlent lán að fullu

Héraðsdómur hefur dæmt par til að greiða erlent lán að fullu enda sé lánið löglegt. Dómurinn telur sannað að samið hafi verið um lán í erlendri mynt.

DÓMSMÁL Sambýlisfólki á Selfossi hefur verið gert að greiða að fullu erlent lán sem þau tóku árið 2007. Dómari við Héraðsdóm Suðurlands telur óumdeilt að lánið hafi verið í erlendri mynt og að lántakandi hafi getað fengið upphæðina í þeim myntum sem lánið var veitt í.

Íslandsbanki stefndi hjónunum til greiðslu lánsins eftir að þau hættu að greiða af því. Þau fengu andvirði 20 milljóna króna í japönskum jenum og svissneskum frönkum lánað til 25 ára hjá Glitni í september 2007. Lánið var greitt inn á reikning þeirra í íslenskum krónum og notuðu þau féð til að fjármagna húsbyggingu.

Lánið færðist til Íslandsbanka eftir bankahrunið. Bankinn gjaldfelldi lánið í nóvember 2008. Þá stóð höfuðstóllinn í 39,9 milljónum og afborganir höfðu tvöfaldast.

Í dómi Héraðsdóms Suðurlands, sem féll í gær, segir að allir aðilar hafi fallist á að lánið væri lán í erlendri mynt. Ekki sé því hægt að halda því fram að þar hafi verið um að ræða um lán í íslenskum krónum sem bundið hafi verið gengi erlendra mynta. Hæstiréttur hefur komist að þeirri niðurstöðu að slíkt sé óheimilt.

Það þótti meðal annars styrkja þá niðurstöðu að fólkið fékk ekki nákvæmlega 20 milljónir útgreiddar. Upphæðin breyttist eftir að skrifað var undir samninginn vegna breytts gengis krónunnar.

JEN Héraðsdómur telur óumdeilt að lánið hafi verið greitt út í japönskum jenum og svissneskum frönkum, en lántakendur kosið að fá því skipt í krónur.

Verjandi hjónanna byggði vörn þeirra meðal annars á því að alger forsendubrestur hefði orðið við fall bankanna og hrun krónunnar. Á það féllst dómarinn ekki. Í dóminum segir að almennar aðstæður í íslensku efnahagslífi geti ekki talist til brostinna forsendna, enda geti slíkt leitt til þess að allar fjárhagsskuldbindingar standi á brauðfótum ef breytingar verði í efnahagslífinu.

Í dóminum segir að lántakendurnir hafi mátt eiga von á því að breytingar yrðu á gengi krónunnar þegar þau gerðu samninginn.

Dómarinn féllst því á kröfu Íslandsbanka og dæmdi hjónin til að greiða bankanum 39,9 milljónir króna, auk 600 þúsund króna í málskostnað. **brjann@frettabladid.is**

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing

Allt sem þú þarft...

Glæsileg þriggja herbergja þjónustu- og öryggisíbúð með sjávarútsýni til leigu

Ein besta þriggja herbergja íbúðin við Hraunvang 3 er nú laus til leigu. Íbúðin er á þriðju hæð með einstaklega glæsilegu sjávarútsýni.

Að Hraunvangi 1-3 eru 64 glæsilegar íbúðir auk bílgeymslu fyrir 60 ára og eldri. Þetta eru tvö fjölbýlishús sem standa á fallegum stað við Hrafnistu. Húsin eru sérhönnuð með þarfir eldri borgara í huga. **Innangengt er til Hrafnistu** og njóta íbúarnir öryggis frá heimilinu og er einnig er í boði fjölbreytt þjónusta. Íbúðirnar eru til leigu, en að auki er greitt fyrir 30% afnotarétt og er sú greiðsla verðtryggð og er endurgreidd við flutning skv. nánari reglum. Leigjendur geta fengið húsaleigubætur skv. gildandi reglum.

Einnig eru lausar örfáar tveggja herbergja íbúðir

Nánari upplýsingar
Skrifstofa Sjómannadagsráðs, sími: 585-9301 / 585 9302 / 585-9500
asgeir.ingvason@hrafnista.is – www.hrafnista.is

das HRAFNISTA
Reykjavík | Hafnarfjörður | Vífilsstaðir | Víðines

Sjómannadagsráð
í Reykjavík og Hafnarfirði

TAX FREE HELGI

Í ÖLLUM VERSLUNUM RÚMFATALAGERSINS!

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT AF **ÖLLUM** VÖRUM FÖSTUDAG TIL SUNNUDAGS

KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP FYRIR JÓLIN!

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

Afsláttur inn er á kostnað Rúmfatalagersins. Virðisauka er að sjálfsögðu skilað til ríkissjóðs.

Rúmfatalagerinn er á 4 stöðum : Korputorgi - Smáratorgi - Skeifunni - Akureyri

skoðun

greinar@frettabladid.is

Ráðherra og þingmenn ætla að endurskoða niðurskurðaráform á landsbyggðarsjúkrahúsum.

Hvar á þá að skera niður?

Guðbjartur Hannesson heilbrigðisráðherra og Oddný G. Harðardóttir, formaður fjárlaganefndar Alþingis, hafa bæði lýst því yfir á síðustu dögum að áformin um niðurskurð á sjúkrahúsum á landsbyggðinni verði endurskoðuð og minna skorið niður en lagt var upp með.

SKOÐUN
Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Oddný sagði í Fréttablaðinu í gær að þverpólitísk sátt væri um að endurskoða sparnaðaráformin. Ekki væri hins vegar hægt að lofa því að ekkert yrði skorið niður, því að útgjöld ríkisins verði að vera í samræmi við tekjurnar.

Guðbjartur Hannesson sagði í Ríkisútvarpinu að hann vildi ekki skera jafnmikið niður á sjúkrahúsinu á Ísafirði og áformað hefði verið. Hann vildi sömuleiðis endurskoða áformin um niðurskurð á öðrum stöðum.

Viðbrögð stjórnmálamannanna við mótmælum gegn niðurskurðaráformum í heilbrigðiskerfinu eru væntanlega af tvennum toga. Annars vegar er fólk hrætt um atkvæðin sín eins og gengur og vill ekki þurfa að taka óvinsælar ákvarðanir. Hins vegar hafa verið færð fram málefnaleg mótrök, til dæmis skýrslan sem unnin var fyrir Vestfirðinga og inniheldur þá rökstuddu gagnrýni að verulegur kostnaður geti orðið til annars staðar í heilbrigðiskerfinu, verði af niðurskurðaráformum á Ísafirði.

Vonandi verður niðurstaða þessa máls fremur byggð á því að þingmenn taki mark á skynsamlegum rökum en að þeir séu bara mjúkir í hnjáliðunum og hræddir.

En gangi niðurskurðurinn að einhverju leyti til baka er ekki þar með sagt að heimamenn í sjúkrahússbæjunum geti bara fagnað sigri og stjórnmálamennirnir varpað öndinni léttar yfir að þurfa ekki að taka óvinsælar ákvarðanir.

Eins og Oddný Harðardóttir bendir á, verða útgjöld ríkisins nefnilega að passa við tekjurnar. Ef minna verður skorið á sjúkrahúsunum, þarf að skera meira niður einhvers staðar annars staðar. Ef fólk heldur vinnunni á sjúkrahúsinu á Ísafirði munu aðrir ríkisstarfsmenn væntanlega missa vinnuna annars staðar.

Guðbjartur Hannesson nefndi aðspurður í RÚV að hugsanlegt væri að ná fram sparnaði í staðinn í öldrunarmálum og niðurgreiðslu lyfja. Ekki verður sá niðurskurður heldur óumdeildur, en kannski verða hagsmunirnir sem vegið verður að heldur ekki eins skýrir og staðbundnir og þess vegna ekki eins auðvelt að skipuleggja mótmæli sem stjórnmálamenn verða hræddir við.

Forðist menn erfiða ákvörðun í þessu tiltekna máli búa þeir til erfiðar ákvarðanir í öðrum málum. Stjórnmálamennirnir verða að geta staðið í lappirnar og þorað að taka slíkar ákvarðanir.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

Hví þverr traustið?

Eftir könnunum bera tvöfalt fleiri Íslendingar traust til Evrópusambandsins en Alþingis. Niðurstaðan er ekki vísbending um afgerandi traust til Evrópusambandsins. Hún sýnir fyrst og fremst hættulegt vantraust á Alþingi.

Spurningin er: Hvað hafa þingmenn gert af sér til að tapa öllu trausti? Flestir svara með þremur fullyrðingum um háttsemi þeirra:

1) Þeir rífast of mikið. Veruleikinn er hins vegar sá að jafn mörg mál eru afgreidd í fullri sátt milli stjórnar og stjórnarandstöðu sem endranær.

ÞORSTEINN PÁLSSON

2) Þeir lúta of miklum flokksaga. Veruleikinn er sá að engin dæmi eru um jafn mikinn fjölda stefnumála sem ríkisstjórn hefur ekki stuðning við og samninga sem hún getur ekki efnt vegna andstöðu eigin þingmanna.

3) Þeir hugsa meir um sjálfa sig en fólkið í landinu. Veruleikinn er þó sá að aldrei áður hafa jafn margir þingmenn úr jafn mörgum flokkum flutt jafn margar ræður um nauðsyn þess að slá skjaldborg um heimilin og að láta hjól atvinnulífsins snúast.

Við skoðun ríma skýringarnar einfaldlega illa við raunveruleikann. Eiginlegar ástæður fyrir vantraustinu kunna því að vera aðrar en ætla mætti við fyrstu sýn. Ef orsakir vantraustsins eru ekki rétt greindar er óvíst að mönnum takist að bæta ráð sitt og auka veg Alþingis að nýju.

Hlutverkaskipti

Á síðustu árum hafa þingmenn í vaxandi mæli haft hlutverkaskipti við kjósendur. Í stað þess að hafa sjálfir forystu á hendi láta þeir kjósendur leiða sig. Þetta gerist þegar menn lifa eftir skoðanakönnunum og því sem menn halda með réttu eða röngu að sé boðskapur mótmælafunda eða skilaboð af netinu.

Tilhneiging í þessa veru er jafngömul fulltrúalýðræðinu. Hennar gætir í öllum lýðræðisríkjum. Eftir hrun krónunnar og fall bankanna hljóp hins vegar ofvöxtur í þessa háttsemi á Alþingi.

Breski heimspekingurinn og þingmaðurinn Edmund Burke hélt því fram á sinni tíð að það væri svik en ekki þjónusta þegar þingmenn fórnuðu dómgreind sinni fyrir álit kjósenda. Margt bendir til að einmitt svik af þessu tagi hafi í raun og veru grafið undan virðingu og trausti Alþingis.

Þegar þingmenn hafa hlutverkaskipti við kjósendur um málefnalega leiðsögn er sú háttsemi jafnan klædd í skrautlegan búning. Oftast nær heitir það að verið sé að auka lýðræðið eða efla samráð.

Í raun og sannleika eru þingmenn þó fremur að koma sér hjá því sem þeir eru kjörnir til: Að meta mál og leggja á ráðin eftir eigin dómgreind og þola að því búnu álit kjósenda. Þessu fylgir áhætta sem margir vilja komast undan. Því er kallað á handleiðslu kjósenda.

Samráð er að sjálfsögðu mikilvægur þáttur í virku lýðræði. Í því geta hins vegar falist svik ef það er á kostnað þeirrar pólitísku ábyrgðar sem eðli máls hvílir á þeim sem kjörnir eru til forystu.

Vandi Alþingis er sá að of margir þingmenn vilja halda stöðu sinni sem þjóðkjörnir fulltrúar en láta lögmál stjórnleysisins ráða gangi mála. Einu gildir hversu oft og hástemmt menn kenna slíka háttsemi við lýðræði. Á endanum grefur hún undan trausti.

Stjórnlagaþingið, skuldavandinn og sjávarútvegsmálin eru ágæt dæmi um viðfangsefni þar sem þingmenn hafa haft hlutverkaskipti við kjósendur í þessum skilningi.

Tvöfalt siðgæði

Kjósendur fordæma þingmenn fyrir að standa ekki á sannfæringu sinni. Um leið áfellast þeir þá fyrir viljaleysi til málamiðlana. Þetta er þverstæða sem þingmenn þurfa að takast á við en er þó hættulegt að endurspegla.

Málamiðlanir eru nauðsynlegar bæði innan þingflokka og á milli þeirra. Ella er stjórnkerfið óvirkt. Eðli máls samkvæmt reynir meir á stjórnarflokka í þessu samhengi. Á engan máta er óheiðarlegt af þeirra hálfu að fórna hluta af stefnu sinni fyrir samstarf og árangur á öðrum sviðum.

Í vaxandi mæli hefur það hins vegar gerst að í stað málamiðlana hafa menn sett fram lausnir sem byggja á þeirri hugsun að bæði verði sleppt og haldið. Það eyðir trausti.

Samningur ríkisstjórnarflokkanna um aðildarumsóknina að ESB er þessu marki brenndur. VG er með aðildarumsókn en á móti aðild hvernig svo sem samningar ráðast. Þetta er kennt við lýðræðisást. Í reynd er þetta dæmi um tvöfalt siðgæði og óheiðarlega afstöðu gagnvart kjósendum.

Annað dæmi: Iðnaðarráðherra tilkynnir reglulega um stóriðjuframkvæmdir í Helguvík og á Bakka. Fjármálaráðherra vindur ofan af þeim fyrirheitum innan tólf tíma. Síðan gefa þeir út sameiginlega yfirlýsingu um fulla samstöðu. Þetta er ekki málamiðlun heldur blekkingarleikur.

Svarið við vantraustinu er hvorki aukin sundrung með persónukjöri og þjóðaratkvæðagreiðslum né einn sterkur leiðtogi með eina uppskrift. Hér vantar öllu heldur hugmyndafræðilega kjölfestu. Hún auðveldar þingmönnum að treysta á dómgreind sína og láta á hana reyna í sókn og vörn andspænis kjósendum. Það eflir traustið.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir arndis@frettabladid.is, Kristján Hjálmarsson, kristjan@frettabladid.is Trausti Hafliðason trausti@frettabladid.is og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) hdm@frettabladid.is HELGAREFNI: Sigríður Björg Tómasdóttir sigridur@frettabladid.is MENNING: Bergsteinn Sigurðsson bergsteinn@frettabladid.is ALLT OG SÉRBLÖÐ: Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is og Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson henry@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson pjetur@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir kolbrun@frettabladid.is

TILBOÐIN GILDA EINGÖNGU Á GRANDA

NÝ VERSLUN Á GRANDA
FRÁBÆR OPNUNARTILBOÐ

150 stykki

Verð áður: 4.995

3.495

Electrolux

Handryksuga, **ZB2803**. Ný og glæsileg rafhlöðudrifin hleðsluryksuga með skafti. Rykhólfið tekur 1 lítra og það er hægt að þvo ryksíuna. Endist í 20 mínútur á hverri hleðslu. Hleðslu- og geymslustöð fylgir.

Ný vara

12.345

100 stykki

75 stykki

Verð áður: 20.995

15.995

Canon

Canon fjölnotatæki. MG5150. Single ink kerfi, 5 hylki. 6,0 cm skjá. Prentar í 9600x2400dpi. 39 sec með ljósmynd (10x15). Skannar í 1200x2400dpi og 48bita lit. Getur unnið sem sjálfstæð eining. Kantfrí prentun, minniskortalesari. Chromalife 100+.

40 stykki

Verð áður: 14.995

7.995

Logic3

Flottir hátalarar sem tengdir eru við PS3 leikjatölvuna og færðu þá frábæran hljóm. 3,5 mm stereo Line-in tengi. Millistykki til að tengja við Playstation 3 tölvu.

Verð áður: 229.995

159.995

50 stykki

Panasonic

50" PLASMA sjónvarp. **TXP50C2E**. 2.000.000:1 í skerpu (dynamic) (20.000:1 eiginleg). Endurnýjunartíðni 100Hz. HD stuðningur með 1024x768p upplausn. 1500cd/m2 í birtustig. Viðbragðstími undir 1ms. Tengimöguleikar: 2x Scart (1 með RGB), S-Video, component, 2x HDMI. Heymartólatengi, A/V tengi og S-Video á hliðinni. SD kortalesari og DVB-T móttakari.

50" HD ready HDMI

100 stykki

Verð áður: 8.995

3.995

SIEMENS

Þráðlaus sími. **GIGAAL180.** Símaskrá með pláss fyrir 40 númer og nöfn. Upplýstur skjár. Allt að 10 tímar í tali og 210 í bið, númerabirtir með dagsetningu sem geymir 20 síðust innhringingar. 10 mismunandi hringitónar. Hátalari. Takkaborðslæsing.

100 stykki

Verð áður: 5.995

2.995

CLATRONIC

Vöfflujárn, **WA3116.** Flott 1200W járn í stáli og svörtu sem bakar 5-hjarta vöfflur. Hitaeinangrað handfang, tvöfalt gaumljós, stillanlegur hiti og ofhitnunarvörn.

0% VEXTIR

SJÁ NÁNAR Á WWW.ELKO.IS

ELKO

EINFALDLEGA LÆGRA VERÐ

Grandi – Fiskislóð 15 – 101 Reykjavík

Almennar upplýsingar 544 4000

Opið: Mán-fös: 08:00-19:00 – Lau: 10:00-18:00 – Sun: 11:00-17:00

Innisería
10 ljósa,
marglit, rauð,
glær m/ grænni snúru,
glær m/ hvítri snúru
10237260

LÆGRA FYRIR JÓLIN

EGGER

Eik 3ja stafa
Plastparket 6mm,
líka til í Hnotu
146956

Líka til í Hnotu

989kr/m²

LÆGSTA LÁGA VERÐ
HÚSASMIÐJUNNAR*

999,-

Límbyssa
Límbyssa Power Plus 40W
Fyrir 11 mm lím
6575230

MORALT

Verðdæmi:
49.490,-
~~54.990,-~~
80 cm hurð með karmi

10%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
YFIRFELLDUM
EIKARHURÐUM

5 ára ábyrgð
Electrolux

Þvottavél
1200SN. 6KG.
Stærð.
85 X 60 X 60 cm
Vnr.1805477

89.900,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ
HÚSASMIÐJUNNAR*

Orkunýting A
Þvottahæfni A
Vindingahæfni B

Juðari
Juðari Power Plus 135W
146956

1.690,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ
HÚSASMIÐJUNNAR*

*Vörur merktar "Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" er lægsta verð sem Húsasmiðjan býður á viðkomandi vörum á hverjum tíma.
Húsasmiðjan leggur sig fram um að bjóða alltaf lágt verð en ábyrgist ekki að "Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" sé alltaf lægsta verð á markaðnum.

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.

Blick
Útiseríur
RAUÐ
MARGLIT
GLÆR

40 ljósa útisería m/straumbreyti

999,-

5899236/238/242

VERÐ

LÆGSTA LÁGA VERÐ
HÚSASMIÐJUNNAR*

1.995,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ
HÚSASMIÐJUNNAR*

Innimálning
3 ltr.
7119960

Jólastjarna í glugga
10232826

1.490,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ
HÚSASMIÐJUNNAR*

Jólaljós
10233002

1.590,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ
HÚSASMIÐJUNNAR*

Úlpa svört/hvít
dömu og herra
5869861-5869863

9.990,-

Fóðruð
Aquatex öndun

LÆGSTA LÁGA VERÐ
HÚSASMIÐJUNNAR*

399,-

6 stk

Lítil glös
6 stk
2000908

10 stk.

590,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ
HÚSASMIÐJUNNAR*

Perur Osram
Glærar 40W/60W.
10 stk. í pakka.

HÚSASMIÐJAN

DOMUSNOVA
Fasteignasala

Ágætu viðskiptavinir / kaupendur og seljendur það er mér sönn ánægja að tilkynna ykkur að ég hef hafið störf á Domusnova fasteignasölu...

Við seljum fyrir þig !
Hringdu í 821 0626

Albert Bjarni Úlfarsson
Löggiltur fasteignasali

[+354] 821 0626
albert@domusnova.is
albert.domusnova.is

Turninum 12 hæð - Smáratorgi 3 - 201 Kópavogi - Axel Axelsson - Löggiltur fasteignasali - www.domusnova.is

DOMUSNOVA
Fasteignasala

Ágætu viðskiptavinir / kaupendur og seljendur það er mér sönn ánægja að tilkynna ykkur að ég hef hafið störf á Domusnova fasteignasölu...

Við seljum fyrir þig !
Hringdu í 823 5050

Lárus Óskarsson
Sölumaður

[+354] 823 5050
larus@domusnova.is
larus.domusnova.is

Turninum 12 hæð - Smáratorgi 3 - 201 Kópavogi - Axel Axelsson - Löggiltur fasteignasali - www.domusnova.is

Jafnrétti kynjanna stuðlar að friðsælli heimi

Jafnréttismál

Alexander Stubb
utanríkisráðherra Finnlands

Carl Bildt
utanríkisráðherra Svíþjóðar

Jonas Gahr Støre
utanríkisráðherra Noregs

Lene Espersen
utanríkisráðherra Danmerkur

Össur Skarphéðinsson
utanríkisráðherra Íslands

Tíu ár eru síðan öryggisráð Sameinuðu þjóðanna viðurkenndi í fyrsta skipti órofa tengsl milli jafnréttis kynjanna og friðar og öryggis, þegar ráðið samþykkti einróma ályktun númer 1325 um konur, frið og öryggi 31. október árið 2000. Í ályktun 1325 er litið svo á að konur séu virkir boðberar friðar og áréttað að konur þurfi að taka fullan þátt á jafnréttisgrundvelli í öllum friðarferlum. Í ályktuninni er vakin athygli á því að átök geti bitnað með ólíkum hætti á körlum og konum og ítrekað mikilvægi þess að veita þörfum kvenna sérstaka athygli og standa vörð um réttindi þeirra og öryggi.

Norðurlöndin leggja öll mikla áherslu á jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna í utanríkisstefnu sinni. Við höfum séð hversu góð áhrif aukið jafnrétti kynjanna hefur haft í samfélögum okkar og erum þess fullviss að aukið jafnrétti og efling réttinda kvenna geti stuðlað að auknum friði í heiminum. Við erum því staðráðin í að efla og stuðla að framgangi jafnréttis kynjanna á heimsvísu.

Konur geta gegnt – og þurfa að gegna – mikilvægu hlutverki við að koma í veg fyrir átök, byggja upp frið, vara við vaxandi spennu og vinna að afvopnun. Rannsókn sýndi nýlega fram á að þátttaka kvenna í héraðsuppbyggingarteymum Atlantshafsbandalagsins í Afganistan hefur góð áhrif á árangur aðgerða þess. Friðarsamningar, sem konur hafa tekið þátt í, eru víðtækari en aðrir og taka á fleiri atriðum, sem gerir þá líklegri til árangurs.

Innleiðing hefur verið allt of hæg

Að áratug liðnum frá samþykkt ályktunar 1325 hörmum við hversu hægt innleiðing hennar hefur gengið. Vopnuð átök hafa enn hræðileg áhrif á konur og stúlkur. Algengt er að þær verði fyrir skelfilegu kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi sem yfirleitt er aldrei refsað fyrir – jafnvel þótt tilkynnt sé um það. Konum er enn haldið utan við friðarferli og aðeins örfá lönd hafa lagt fram aðgerðaáætlun um framkvæmd ályktunar 1325. Nokkur ár eru síðan Norðurlöndin byrjuðu að vinna eftir slíkum aðgerðaáætlunum. Sem utanríkisráðherrar höfum við hvatt önnur lönd til að gera sínar eigin aðgerðaáætlanir um framkvæmd ályktunar 1325 og erum tilbúin að deila reynslu okkar og veita þeim aðstoð.

Alþjóðasamfélagið verður sífellt að leita leiða til að tryggja framgang réttinda kvenna. Ekki ber að líta eingöngu á konur sem fórnarlömb stríðsátaka þegar þær eru í raun einnig hluti af lausn þeirra. Virk þátttaka kvenna er frumskilyrði þess að hægt sé að ná varanlegum friði og byggja upp samfélög þar sem tekið er tillit til þarfa allra íbúa. Ályktun 1325 er tæki til að ná þessum markmiðum en árangur næst ekki sjálfkrafa. Sem dæmi má nefna að það þurfti mikinn þrýsting frá kvennasamtökum og frjálsum félagasamtökum í Afganistan, sem og frá alþjóðasamfélaginu, þ.m.t. Norðurlöndunum, til að tryggja þátttöku kvenna í friðarþinginu sem fram fór í Afganistan sl. sumar. Öryggisráðið, Sameinuðu þjóðirnar og svæðisbundnar stofnanir þurfa að grípa kerfisbundið til aðgerða til að tryggja að raddir kvenna heyrist á svo mikilvægum augnablikum og að þeim sé veitt athygli.

Refsileysi fyrir kynferðisofbeldi er óviðunandi

Fyrr á þessu ári fögnuðum við ákvörðun um að setja á fót Jafnréttisstofnun Sameinuðu þjóðanna (UN Women). Við árnum Michelle Bachelet heilla í tilefni af skipun hennar sem aðstoðarframkvæmdastjóra SÞ og sem fyrsta framkvæmdastjóra Jafnréttisstofnunarinnar. Við erum þess fullviss að þessi nýja stofnun muni styrkja og efla starf SÞ á sviði jafnréttis kynjanna.

Mikilvægt skref, að því er varðar konur, frið og öryggi, er stofnun hins nýja embættis sérstaks fulltrúa aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, sem hefur það hlutverk að berjast gegn kynferðisofbeldi í átökum og skipun Margot Wallström frá Svíþjóð sem er fyrst til að gegna því embætti. Við styðjum hinn sérstaka fulltrúa í sínu mikilvæga starfi, þ.m.t. við að berjast gegn refsileysi og almennri sakaruppgjöf fyrir kynferðislegt og kynbundið ofbeldi, og vernda konur og stúlkur gegn slíkum hryllingi. Slíkt ofbeldi hefur ekki eingöngu áhrif á þá einstaklinga sem fyrir því verða, heldur einnig fjölskyldur þeirra, heimabyggð og samfélög í heild. Alþjóðasamfélagið verður að láta í sér heyra og átreka að slíkt ofbeldi muni aldrei líðast. Við verðum að tryggja að ofbeldismenn svari til saka og að fórnarlömb njóti aðstoðar. Réttlæti er forsenda friðar.

> Konur geta gegnt – og þurfa að gegna – mikilvægu hlutverki við að koma í veg fyrir átök, byggja upp frið, vara við vaxandi spennu og vinna að afvopnun.

Námskeið á vegum Rannís 11.11. 2010
Endurskoðun evrópskra rannsóknarverkefna
Grand hótel Reykjavík kl. 9.00 -16.45

Fimmtudaginn 11. nóvember stendur Rannís fyrir námskeiði um hvernig undirbúa megi endurskoðun evrópskra rannsóknarverkefna. Námskeiðið er haldið í samvinnu við Berkley Associates sem eru mjög reyndir ráðgjafar á þessu sviði.

Dagskrá og nánari upplýsingar eru á www.rannis.is

enterprise europe network
Aðstoð til árangurs
SEVENTH FRAMEWORK PROGRAMME
rannís
Laugavegi 13, 101 Reykjavík
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is

HÖNNUN OG GRAFÍSK HÖNNUN

AF NETINU

Skógar til sölu

Sagt er frá því á vefriti Guardian að breska ríkisstjórnin hyggist selja um helming alls skóglendis í opinberri eigu.

Þetta mun vera gert til að afla ríkinu fjár á þessum síðustu og verstu tímum.

Hinir síðustu og verstu tímar eru runnir upp vegna þess að frjálshyggjan fékk óáreitt að æða sem plágan yfir heimsbyggðina og setti lönd og lýði á hausinn hvar sem hún bar niður.

Og nú ætlar ríkisstjórn Bretlands að selja auðkýfingum þessar náttúruperlur til að fjármagna skaðann sem auðkýfingarnir ollu Bretum.

Þeir ætla að selja skógana til til að lina timburmennina eftir frjálshyggjufylleríið.

Þetta er nottlega banalt og gæti auðvitað aldrei gerst hér á landi.

Nema við færum, til dæmis, að hleypa einhverjum útrásardólgi í raforkuna okkar.

En það dettur auðvitað engum svoleiðis í hug, er það nokkuð?

blog.eyjan.is/sludrid

Björgvin Valur Guðmundsson

Eitt líf
– Njóttu bess!

Áttu von á gestum ?

Mikið úrval vandaðra svefnsófa.
Allir okkar svefnsófar koma með
vandaðri 12 cm latex- heilsudýnu.
Senseo 140 cm 30% afsl. kr. 254.800,-

Dúnsokkar
Outlast hiajöfnunarefnið sér til þess
að þér er hvorki of heitt né kalt!
kr. 6.900,- **Nýr litur**

TempraKON®

Veldu það besta!

Hryggurinn styður þig allan daginn...
... með Tempur styður þú hrygginn alla nóttina.

- Þegur þú sefur á TEMPUR heilsudýnu, hvílast hryggur og liðir í sinni náttúrulegu stöðu.

Nýtt og betra verð!
160x200 rúm kr. 299.000,-

TEMPUR®
ÞRÝSTIJÖFNUNAR HEILSUDÝNUR OG HEILSUKODDAR

Sængurver í sérflokki !
20% afsláttur
Verð frá kr. 15.920,-

JOOP!

Vandaðir lyftistólar
30% afsláttur

Chiro Deluxe heilsurúm

- 5 svæða heilsu og hægindalag.
- Lagar sig að hálsi, öxlum og mjóhrygg.
- Stuðningur við bak.
- Vandaðar kantstyrkingar.
- Val um botna og lappir.

Tilboð - 20% afsláttur
160x200 rúm kr. 246.320,-
180x200 rúm kr. 272.720,-

TempraKON dúnsængur
100% hvítur gæsadúnn
20% afsláttur
kr. 29.900,-

TempraKON®

Betra BAK

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavik • Sími 588 8477
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

Klárum dæmið

Evrópumál

Anna Margrét Guðjónsdóttir
stjórnarmaður í samtökunum Sterkara Íslandi

Nokkrir þingmenn hófu upp raust sína fyrir skömmu og fóru fram á að umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu verði dregin til baka. Rökin fyrir þessari kröfu eru haldlítil og svo óljós að erfitt er að henda reiður á þeim. Vafasömum fullyrðingum um vilja þings og þjóðar til þessa máls, mikinn kostnað og fulla aðlögun að Evrópusambandinu meðan á aðildarviðræðum stendur er haldið á lofti, svo fátt eitt sé nefnt. Hér er rétt að staldra við og leiða fram nokkrar staðreyndir.

Meirihluti landsmanna, eða 64%, vill ljúka aðildarviðræðunum og fá að taka upplýsta afstöðu með eða á móti aðild þegar samningur liggur fyrir. Það sýnir m.a. skoðanakönnun MMR sem birtist í Fréttablaðinu í lok september sl. Allt tal um að þjóðin vilji hætta aðildarviðræðum er því úr lausu lofti gripið.

Um kostnað vegna aðildarviðræðna má lesa í meirihlutaáliti utanríkismálanefndar Alþingis, sem samþykkt var í júlí 2009. Þar kemur fram að áætlaður beinn kostnaður vegna aðildarumsóknarinnar sé metinn á 400 milljónir króna fyrir tímabilið 2009–2012. Þar af er kostnaður utanríkisráðuneytisins áætlaður 300 milljónir en kostnaður annarra ráðuneyta 100 milljónir. Undir þennan kostnað fellur starfsmanna- og ferðakostnaður og aðkeypt sérfræðiráðgjöf. Á sama tíma er gert ráð fyrir að þýðingakostnaður verði samtals 590 milljónir króna en í nefndarálitinu kemur fram að ekki sé hægt að skilgreina hann sem beinan kostnað við aðildarviðræðurnar og eru færð rök fyrir því.

Óttinn við fulla aðlögun á meðan á aðildarviðræðuferlinu stendur byggir á vanþekkingu sem rétt er að uppræta. Hér skulu nefnd dæmi um þrjú verkefni sem gætu fallið undir hina svokölluðu IPA-aðstoð ESB reiðubúið til að aðstoða okkur við að lækka hlutfall ófaglærðra á vinnumarkaði sem er mun hærra hér á landi en í aðildarríkjum sambandsins. ESB vill leggja okkur lið við að draga úr þessum mun með því að miðla til okkar þekkingu og reynslu frá einstökum ríkjum ESB og styrkja sí- og endurmenntun vítt og breitt um landið. Loks má nefna boð ESB um að veita okkur faglegan stuðning við að endurskipuleggja stuðningskerfi atvinnulífsins með það í huga að við getum tekið virkan þátt í rannsókna- og nýsköpunarstarfi Evrópusambandsins.

> Vafasömum fullyrðingum um vilja þings og þjóðar til þessa máls, mikinn kostnað og fulla aðlögun að Evrópusambandinu meðan á aðildarviðræðum stendur er haldið á lofti.

Evrópusambandsins sem framangreindir þingmenn óttast svo mjög. Fyrst má nefna að nauðsynlegt er að þróa ýmsa gagnagrunna á sviði landbúnaðar. Hluti þeirra varðar landupplýsingar sem mikilvægt er að liggi fyrir við mótun samningsafstöðu Íslands en geta einnig nýst íslenskum stjórnvöldum við innlenda stefnumótun óháð aðild. ESB vill kosta þessa framkvæmd að miklu leyti og veita um leið íslenskum sérfræðingum dýrmæta þekkingu og störf í nokkur ár. Þá er

Þetta eru þrjú dæmi um hina „hættulegu“ aðlögun að Evrópusambandinu og dæmi nú hver fyrir sig hversu skaðleg þessi verkefni eru íslensku samfélagi. Við skulum átta okkur á að þeim mun lengur sem við þráumst við að taka þátt í aðildarviðræðunum af skynsemi því meiri líkur eru á því að þessi tækifæri renni okkur úr greipum. Hættum þessari vitleysu, ljúkum aðildarviðræðunum og tökum svo upplýsta ákvörðum með eða móti aðild þegar þar að kemur.

Fylgjum eftir stefnu Vísinda- og tækniráðs!

Menntamál

Guðrún Nordal
prófessor og formaður vísindanefndar Vísinda- og tækniráðs

Að undanförnu hefur verið fjallað nokkuð um háskólarannsóknir og samkeppnissjóði á síðum Fréttablaðsins. Í framhaldi af þeirri umræðu er rétt að vekja athygli á stefnu stjórnvalda í vísinda- og nýsköpunarmálum sem birtist í stefnu Vísinda- og tækniráðs fyrir árin 2010-12. Hún var mótuð í víðtæku samráði og samþykkt í lok síðasta árs. Þar er lögð áhersla á að draga fram þann styrk sem býr í íslensku vísinda- og nýsköpunarsamfélagi, og leita leiða til að leysa þann styrk úr læðingi nú þegar við þurfum á nýjum tækifærum að halda. Lönd sem lenda í viðlíka efnahagshremmingum og við, leitast við að forgangsraða þessum málaflokki og standa vörð um fjárveitingar til menntakerfisins, vísinda og nýsköpunar, því að á þeim sviðum verða til efnahagsleg, félagsleg og menningarleg verðmæti sem koma þjóðum upp úr kyrrstöðu og kreppu. Við þurfum ekki að líta lengra en til granna okkar Svía og Finna.

Stefna ráðsins hefur þrjú einföld leiðarljós. Í fyrsta lagi er hvatt til samstarfs. Vísinda- og nýsköpunarkerfið er brotakennt; háskólar litlir og margir, stofnanir enn fleiri, starfsstöðvar um allt land mjög fámennar, starfsemin dreifð og sjóðakerfið margslungið. Í öðru lagi er í stefnunni lögð áhersla á að allt vísinda- og nýsköpunarstarf verði að standast alþjóðlegar gæðakröfur. Þegar draga þarf úr ríkisútgjöldum er sérstaklega mikilvægt að standa vörð um gæði vísinda- og nýsköpunarstarfs og leggja áherslu á að fjármagn renni til verkefna sem skila sem mestum árangri og ávinningi fyrir samfélagið – að við treystum okkur til að láta gæðamat ráða för, helst með því að nota erlenda matsaðila eins og gert er nú hjá Rannsóknasjóði. Ráðið leggur áherslu á að aukinn hluti opinberra fjárveitinga – ekki aðeins til sjóða heldur einnig til háskóla og stofnana – verði tengdur gæða- og árangursmati. Að síðustu er eitt aðalleiðarljós stefnunnar áhersla á alþjóðlegt samstarf. Hvatt er til aukinnar sóknar í alþjóðlegar rannsóknaáætlanir enda eru okkar sjóðir nú orðnir vanbúnir til að styðja við vísindastarf í landinu. Íslenskir vísindamenn hafa staðið sig vel – en gera má enn betur og á þessu ári hafa verið í mótun tillögur á vegum ráðsins um að samþætta og stórefla stuðningsþjónustu við alþjóðasóknina.

Nýlegar úttektir á vísindasamfélaginu gefa væntingar um að byggt sé á góðum grunni við uppbyggingu nýs atvinnulífs, þó að aðvörunarteikn séu á lofti eins og fram kemur í úttektum á samkeppnishæfni Íslands. Norræn úttekt á birtingum íslenskra vísindamanna (júní 2010) sýnir víðtæk alþjóðleg tengsl. Rúmlega 70% birtinga þar sem Íslendingar eiga í hlut eru árangur alþjóðlegs samstarfs. Ríflega 3/4 alþjóðlegs samstarfs eru við Evrópuríki, en samstarf við ríki í Asíu hefur u.þ.b. tvöfaldast á rúmum tveimur áratugum. Klínískar læknisfræðilegar rannsóknir eru stærsta rannsóknasviðið á Íslandi, en þriðjungur allra birtinga er á því sviði. Styrkur Íslands er einnig á sviði líftækni og jarðvísinda, en vísindamenn ná eftirtektarverðum árangri á fleiri sviðum. Sterk staða íslensks vísindasamfélags bendir til að víða leynast tækifæri til öflugrar nýsköpunar.

Framkvæmd stefnu Vísinda- og tækniráðs birtist skýrast í fjárlögum hvers árs. Þar skiptir miklu að standa vörð um opnu samkeppnissjóðina. Nýliðun í vísindum og nýsköpun í erfiðu árferði er mikið áhyggjuefni. Rannsóknasjóður og Tækniþróunarsjóður eru opnir samkeppnissjóðir þar sem umsóknir eru metnar í gagnsæju, faglegu ferli. Þeir þjóna ekki síst ungu fólki um leið og til verða nýjar hugmyndir sem leiða til nýsköpunar og nýrra lausna í samfélaginu. Nefna má að 80-90% styrkja sem Rannsóknasjóður veitir eru nýtt til að greiða laun ungra og lausráðinna vísindamanna.

Skilaboðin í stefnu ráðsins eru í raun einföld. Við verðum að horfa heildstætt á allt nýsköpunar- og vísindakerfið, veðja á efnilegasta fólkið og bestu verkefnin og þora að styðja og styrkja þá sem skara fram úr. Það er besta atvinnustefnan, og þannig nýtum við fjármunina best. Við gerum okkur öll grein fyrir því að stjórnvöld eru knúin til sársaukafulls niðurskurðar í ríkisfjármálum á næsta ári, en framkvæmd stefnu Vísinda- og tækniráðs er ekki aðeins á hendi fjárveitingavaldsins, heldur er mikilvægt að sjónarmið gæða og ávinnings séu alls staðar höfð að leiðarljósi í erfiðri niðurskurðarvinnu háskóla, rannsóknarstofnana og samkeppnissjóða, svo að fjármagn renni til verkefna sem skila sem mestum árangri fyrir samfélagið.

Stóra, svarta holan

Tillaga Ólafíu Zoëga, unga arkitektsins frá Bergen-háskóla, sem birtist í Fréttablaðinu 26. október virðist bráðsnjöll og aðgengileg lausn á bráðum vanda íbúa við Einholt, Þverholt og nágrenni. Stóra, svarta holan og ófögnuðurinn sem henni fylgir er óþolandi nær-umhverfi. Grænt almenningssvæði sem gera má í áföngum mundi tengjast eðlilega hinu gamla, gróna umhverfi sem fyrir er og íbúum borgarinnar er annt um að varðveita.

Í von um betri tíð með blóm í haga.

Hulda Jósefsdóttir hönnuður.

ORMSSON
AEG FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI
ÞVOTTA DAGAR
ÞVOTTAVÉLAR · ÞURRKARAR og UPPÞVOTTAVÉLAR
Gerðu hreinlega frábær kaup á eðalheimilistækjum!
KÍKTU Í HEIMSÓKN OG KYNNTU ÞÉR ÚRVALIÐ!
Þvottavél LAVAMAT 52840
1200 snúninga
Taumagn 6 kg
Öll hugsanleg þvottakerfi
ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
Listaverð: 129.900,-
Hér sparar þú: 34.000,- kr.
TILBOÐSVERÐ – 95.900,-
Þvottavél LAVAMAT 64840
1400 snúninga
Taumagn 6 kg
Öll hugsanleg þvottakerfi
Listaverð: 129.900,-
Hér sparar þú: 26.000,- kr.
TILBOÐSVERÐ – 103.900,-
Þvottavél LAVAMAT 74850
1400 snúninga
Taumagn 7 kg
Öll hugsanleg þvottakerfi
Kolalaus mótor
Íslensk notendahandbók
ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
Listaverð: 169.900,-
Hér sparar þú: 34.000,- kr.
TILBOÐSVERÐ – 135.900,-
Þurrkari LAVATHERM T55460
Barkalaus með rakaskynjara
Taumagn: 6 kg
Listaverð: 119.900,-
Hér sparar þú: 24.000,- kr.
TILBOÐSVERÐ – 95.900,-
Þvottavél & þurrkari PAR1
LAVAMAT 62840 & LAVATHERM T55460
ÞVOTTAVÉL
1200 snúninga
Taumagn 6 kg
Öll hugsanleg þvottakerfi
ÞURRKARI
Barkalaus með rakaskynjara
Taumagn: 6 kg
Listaverð: 239.800,-
Hér sparar þú: 53.955,- kr.
TILBOÐSVERÐ – PARIÐ 185.845,-
Uppþvottavél FAVORIT 45001-W
12 manna stell
TURBO-þurrkun
5 þvottakerfi
Mjög hljóðlát 47db
Skjár sýnir þvottatímann
Listaverð: 134.900,-
Hér sparar þú: 27.000,- kr.
TILBOÐSVERÐ – 107.900,-
ÞÉR LÍÐUR BETUR MEÐ AEG
www.ormsson.is
Umboðsmenn um land allt
ORMSSON
ORMSSON LÁGMÚLA 8 SÍMI 530 2800
ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333
ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000
ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038
ORMSSON PAN-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160

Það er dýrmætt fyrir unglinga að eiga val
BORGARALEG FERMING 2011
SIÐMENNT
Skráning er í fullum gangi.
Upplýsingar á heimasíðu félagsins:
www.sidmennt.is og í símum
567 7752, 557 3734 eða 844 9211.
Skráning á eyðublaði á heimasíðunni.
Boðið verður upp á helgarnámskeið ætlað landsbyggðarfólki, í Reykjavík og á Akureyri.

Raunhæfur niðurskurður – eða stórfelldir fólksflutningar

Ríkisfjármál

Sigurður Ingi Jóhannsson
alþingismaður Framsóknarflokksins

Niðurskurðartillögur heilbrigðismála í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnar Samfylkingar og Vinstri grænna – sem kenna sig við vinstri velferð – mælast vægast sagt illa fyrir. Fjölmörg mótmæli um land allt eru skýr skilaboð um að fólki sé misboðið það óréttlæti sem þar birtist.

Ályktanir eru samhljóða gagnrýni á samráðsleysi, þekkingarleysi á aðstæðum, ótti við alvarlegar samfélagslegar breytingar og óskýr markmið um raunverulegan sparnað. Jafnframt er fullyrt að áætlaðar breytingar leiði til lakari heilbrigðisþjónustu og enn ójafnari aðgangs landsmanna að sjúkrahús- og sérfræðiþjónustu.

Í heilbrigðisþjónustunni þarf að skera niður um 4,7 milljarða kr.

Heilbrigðisráðuneytið forgangsraðar niðurskurðinum með því að hlífa skuli heilsugæslu og stóru sjúkrahúsunum í Reykjavík og Akureyri ásamt Akranesi, sá hluti heilbrigðiskerfisins tekur til sín rúmlega 90% af fjármagni til heilbrigðismála – niðurskurður 1,7 milljarðar. Hinsvegar er áætlað samkvæmt frumvarpinu að skera niður sjúkrasvið annarra heilbrigðisstofnana víðsvegar um landið um 3 milljarða króna. Stofnanir með innan við 10% af heildarfjárveitingu til sjúkrahús- og sérfræðiþjónustu. Hvar er jafnræðið um að allir njóti grunnþjónustu óháð efnahag og búsetu?

Skera á niður þjónustu um 3 milljarða

Það svarar til 31-75% af starfsemi einstakra sjúkrasviða litlu sjúkrahúsanna á landsbyggðinni.

Stefna ráðuneytisins er að í hverju umdæmi verði almenn sjúkrahúsþjónusta með almennum lyflækningum og grunnheilbrigðisþjónustu, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu. Lög og reglugerðir ákveða hvar og hvaða starfsemi. Almenn heilbrigðisþjónusta er skilgreind sem heilsugæsla, þjónusta og hjúkrun á hjúkrunarheimilum og hjúkrunarrýmum stofnana og almenn sjúkrahúsþjónusta. Almenn sjúkrahúsþjónusta á litlu sjúkrahúsunum er fyrst og fremst lyflækningar og hjúkrun við ýmsum bráðum sjúkdómum og nauðsynlegustu rannsóknir þeim tengdar.

Niðurskurður ráðuneytisins gengur út á að lækka greiðslur fyrir legudaga. Óútskýrður er munur milli stofnana frá 38-68 þús. á landsbyggð en á sérhæfðari sjúkrahúsum t.d. LSH er kostnaðurinn ca. 150 þús. eða ca. þrisvar sinnum hærri. Hvernig sparnaður næst með að flytja lögboðna grunnþjónustu til Reykjavíkur eða Akureyrar til sérhæfðra sjúkrahúsa er óskiljanlegt. Líklegri niðurstaða er að útgjöld aukist þar sem grunnþjónusta á hátæknisjúkrahúsunum er margfalt dýrari en á litlu nærþjónustu sjúkrahúsunum.

Glórulaus niðurskurður – stóraukin útgjöld

Nefna má dæmi um hvernig niðurskurðurinn bitnar á einstaka svæðum t.d. Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSu). Lækkun fjárframlags til sjúkrasviðs er um 56,5%. Afleiðingin verður í stórum dráttum sú, að mati framkvæmdastjóra HSu, að núverandi þjónusta sjúkrahússins sem almenns sjúkrahúss leggst af. Verkefnin færast til LSH. Einnig mun göngu- og dagdeildarþjónusta sérfræðilækna flytjast á læknastofur á höfuðborgarsvæðinu. Þjónusta sjúkrahússins sem bakhjarls fyrir heimahjúkrun og slysa- og bráðaþjónustu hverfur.

Þessi lýsing gæti átt við um hvaða heilbrigðisstofnun sem er á landsbyggðinni.

Augljóst er að sparnaður verður enginn en mikill aukakostnaður og óþægindi leggst á sjúklinga og aðstandendur þeirra. Um er að ræða stórkostlega tilfærslu á verkefnum og fólki jafnt sjúklingum sem aðstandendum þeirra, einnig starfsfólki í heilbrigðisgeiranum.

Líkleg afleiðing er að stórhækka þarf fjárveitingar til LSH og Sjúkratrygginga Íslands til að geta staðið undir aukinni þjónustu í Reykjavík. Þangað fara 85% af fjárveitingum til sjúkrahús- og sérfræðiþjónustu.

Sjúkrahúsin eru með stærstu vinnustöðum í viðkomandi byggðarlögum. Ljóst er, að ekki verður hætt að veita skjólstæðingum þessa þjónustu, verkefnin einfaldlega flytjast annað. Í þessari aðför ríkisstjórnar VG og Samfylkingar að grunnþjónustu íbúa landsbyggðar á að

> Augljóst er að sparnaður verður enginn en mikill aukakostnaður og óþægindi leggst á sjúklinga og aðstandendur þeirra.

færa störf til höfuðborgarsvæðisins í ríkari mæli en nokkurn tíma hefur sést fyrr.

Stefnumótun er brýn

Í veðri hefur verið látið vaka að unnið sé samkvæmt langtíma stefnumótun um verulegar breytingar á heilbrigðisþjónustu við landsmenn. Stefnu um að á landinu verði tvö sjúkrahús í Reykjavík og á Akureyri. Þessi umræða hefur hvorki verið við fagfólk á landsbyggðinni né heimaaðila. Ekki hefur verið sýnt fram á heildarsparnað eða hagræðingu – hvað þá að verið sé að bæta þjónustuna. Lágmark er að hefja stefnumótun á að greina grunnþarfir íbúa á hverju svæði. Slík vinna getur aldrei haft upphaf og endi á skrifborði í Reykjavík.

Setjumst öll yfir verkefnið og vinnum saman að lausn þess, þannig náum við árangri. Leið ríkisstjórnarinnar er ekki fær. Niðurskurður er óhjákvæmilegur en forsenda niðurskurðar í heilbrigðiskerfinu er að verja grunnþjónustuna – nærþjónustuna. Lágmarksþjónusta fyrir alla óháð efnahag og búsetu. Ríkisstjórnin er ekki á þeirri leið.

Ef ríkisstjórnin treystir sér ekki í verkefnið á hún að fara frá. Þjóðstjórn taki við um þau grundvallarverkefni sem bíða úrlausnar. Annað má bíða.

Gleymir ekki ofbeldinu á Jaðri

Jens Jensson dvaldi á Heimavistarskólanum að Jaðri í fjögur ár. Þar upplifði hann ofbeldi og óréttlæti daglega og hefur ekki enn beðið þess bætur. Í samtali við ***Þorgils Jónsson*** segist hann afar ósáttur við niðurstöður Vistheimilanefndar, sem hafi gert lítið úr frásögnum hans og annarra af ofbeldinu sem þar viðgekkst af hendi kennara og nemenda.

Aðbúnaður barna sem vistuð voru á vist- og meðferðarheimilum ríkisins hefur verið áberandi í umræðunni síðustu misseri. Vistheimilanefnd hefur frá árinu 2007 unnið að úttekt á starfsemi þessara stofnana og birti í síðasta mánuði þriðju skýrslu sína, þar sem rannsókn beindist að Silungapolli, Reykjahlíð og Jaðri.

Hvað varðar Heimavistarskólann að Jaðri var það niðurstaða nefndarinnar að ekki þætti sannað að ofbeldi hafi viðgengist á þeirri stofnun, en sú niðurstaða er ekki í samræmi við upplifun Jens Jenssonar, sem dvaldi á Jaðri um fjögurra ára skeið. Jens segir í samtali við Fréttablaðið að ekki líði sá dagur að hann hugsi ekki til þess ofbeldis og óréttlætis sem hann var beittur þar.

ÚTTALAR SIG UM OFBELDI Jens Jensson upplifði mikið ofbeldi á þeim fjórum árum sem hann dvaldi á Heimavistarskólanum að Jaðri, meðal annars af hendi kennara.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Á Jaðar sökum fátæktar

„Við vorum átta systkinin og mamma okkar var oft veik. Hún var smávaxin og grönn og með átta börn sem tók mikið á hana og hún var þess vegna mikið á spítala.“

Jens var átta ára gamall þegar honum og yngri bróður hans var komið fyrir á Jaðri, árið 1966. Engin óregla var á heimilinu og engin hegðunarvandamál hjá þeim bræðrum, en mikil fátækt á stóru heimili og flest systkinin voru til skemmri eða lengri tíma tekin af heimilinu og vistuð á vistheimilum og í skólum.

Ofbeldi einkenndi lífið á Jaðri þar sem drengirnir slógust miskunnarlaust sín á milli fyrir utan það sem þeir máttu þola af hendi sumra kennara, segir Jens. Strax á fyrsta degi á Jaðri réðist annar drengur að Jens með ofbeldi. Það sem vakti athygli hans var þó að kennari sem varð vitni að árásinni gerði ekki neitt til að sporna við henni.

„Hann aðhafðist ekkert og það var fyrirboði um það viðhorf sem kennararnir þar höfðu gagnvart slagsmálum og ofbeldi.“

Misþyrmt alvarlega

Jens tiltekur mörg önnur dæmi um ofbeldið sem viðgekkst á Jaðri. Til dæmis var hann eitt sinn læstur úti að vetri til, berfættur í skyrtu og buxum einum fata. Á endanum gekk Jens, berfættur, 15 kílómetra leið heim til sín og tók ferðin nærri þrjá klukkutíma í nístingskulda.

Alvarlegasta atvikið átti sér þó stað þegar Jens var tíu ára gamall, en þá misþyrmdi kennari honum með þeim afleiðingum að hann var lagður inn á sjúkrahús.

Aðdragandi málsins var sá að hann hafði verið að tuskast við vini sína í ærslaleik þegar kennarinn kallaði hann til sín inn í anddyri hússins.

„Það næsta sem gerðist var að hann greip mig föstu taki um hálsinn, sneri mér við og slengdi höfðinu á mér harkalega í vegginn. Við þetta vankaðist ég og var hálf rænulaus, en hann hélt mér upp við vegginn og kýldi mig í maga, brjóstkassa og andlit.“

Daginn eftir fór hann heim í helgarfrí, en var þá umsviflaust fluttur á slysadeild, enda mikið bólginn í andliti og með glóðarauga á báðum augum. Við læknisskoðun kom í ljós að Jens var með heilahristing og bólgur og mar í kringum kviðarhol, en hin andlegu sár sem þessi árás skildi eftir sig voru hálfu verri.

„Þetta hefur fylgt mér alla tíð síðan, og sem barn var ég stanslaust að endurupplifa þennan atburð og reyna að finna einhverja ástæðu eða eitthvað sem ég hefði gert til að eiga þetta skilið.“

Jens segir þetta hafa legið á sér allt fram á fullorðinsár, eða þangað til hann eignaðist sjálfur barn. Þá áttaði hann sig á því að ástæðan hefði legið hjá kennaranum og fyrir tilviljun hefði hann orðið fyrir barðinu á honum í þetta skiptið.

Ofbeldi smitast til nemenda

Jens segist geta tínt til ótal dæmi um ofbeldið sem viðgekkst í heimavistarskólanum. „Vistin á Jaðri var hryllileg og þrátt fyrir að vissulega hafi verið einhverjar góðar stundir inn á milli, man ég ekki eftir einum einasta degi þar sem ekki voru einhver slagsmál eða ofbeldi í gangi.“

Jens segir ofbeldið hafa tekið sér bólfestu í hópi kennaranna á þessum árum og þeirra menning hafi einkennst af ofbeldi. Ekki er síður ámælisvert, að mati hans, að kennarar og starfsfólk hafi látið undir höfuð leggjst að koma í veg fyrir ofbeldi. Þar hafi stærri strákarnir miskunnarlaust misþyrmt þeim yngri í slagsmálum.

„Það er einmitt þetta sem þarf að koma í veg fyrir. Þetta gerðist á Jaðri og Breiðavík og víðar. Svona myndast þetta og það verðum við að stöðva. Utanaðkomandi aðilar þurfa að benda á hvað er að áður en það magnast upp.“

Þoldi ekki við í skóla

Jens yfirgaf Jaðar fyrir fullt og allt þegar hann var 12 ára gamall og fór eftir það í Reykjahlíð, þaðan í Réttarholtsskóla um skamma hríð og svo í skóla í Mosfellssveit þar sem hann segist hafa upplifað allt annað og eðlilegra ástand. Þrátt fyrir það var breytingin svo mikil að hann hrökk í baklás og mælti vart orð af munni í heilt ár.

„Það var bara sjokk að vera allt í einu kominn í umhverfi þar sem maður var ekki alltaf að berjast.“

Hann fór eftir það í Fellaskóla en flosnaði upp úr námi og vann eftir það ýmis verkamannastörf.

Jens segir þessa andstöðu hans við skólagöngu eina afleiðingu hinnar bitru reynslu hans og annarra drengja frá þessum árum.

„Meirihluti strákanna sem voru þarna eru ólærðir í dag og ég sjálfur áttaði mig á því síðar, þegar ég ætladi í kvöldskóla, að ég hataði skóla. Við það rifjuðust upp minningar sem ég vildi helst forðast.“

Jens bætir því þó við að margir piltanna hafi gert það gott síðar á lífsleiðinni.

Reiður vegna skýrslu

Þegar Jens fékk boð um að koma fyrir vistheimilanefndina og segja sína sögu leit hann á það sem gott tækifæri til að koma hinu sanna á framfæri. „Ég var ekkert að hugsa um peninga eða neitt þess háttar. Ég vildi bara koma minni sögu á framfæri áður en ég dræpist.“

Þegar í viðtalið var komið sagði Jens frá stærstu tilvikunum sem höfðu setið í honum, en bætti því við að hann gæti lengi talið upp. Útkoman var hins vegar vonbrigði, eins og fram hefur komið, því að í skýrslunni segir að ekki séu miklar líkur á að nemendur hafi almennt verið beittir ofbeldi.

> Ég veit ekki um einn einasta mann sem var þarna sem talar ekki um þetta sem hryllilega vist.

Jens finnst lítið til skýrslunnar koma þar sem mestallt sem fram kemur þar komi ofbeldi á börnum ekkert við. „Skýrslan er stór en þarna er mikil vinna sem hefur farið í ekki neitt! Það sem gerðist á Jaðri eru örfáar blaðsíður. Svo er verið að vitna í plögg og annað sem skipta engu í sambandi við ofbeldi.“

Hann er einnig reiður yfir því að í skýrslunni sé minna mark tekið á vitnisburði nemendanna en kennaranna.

Misjöfn upplifun

Jens segir þó að greinilegt sé af því hve fáir hafi tjáð sig við nefndina að lítill vilji sé í þessum hópi til að tjá sig um reynsluna á Jaðri. „Þetta er í raun rökrétt því að strákarnir vilja ekkert fara aftur í þennan tíma frekar en ég.“

Jens bætir því við að í skýrslunni sé ekki tekið tillit til þess að nemendur hafi komið frá mismunandi heimilum og upplifi því vistina á misjafnan hátt. Sumir, líkt og hann sjálfur, hafi verið vistaðir þar sökum fátæktar, en aðrir komu frá heimilum þar sem ofbeldi og misnotkun var jafnvel daglegt brauð. Það skipti því máli við hvað er miðað þegar talað er um jákvæða eða neikvæða upplifun.

„Ég veit ekki um einn einasta mann sem var þarna sem talar ekki um þetta sem hryllilega vist,“ segir Jens, en bætir því við að enn séu margir sem hann þekki sem geti ekki rætt um reynslu sína á Jaðri og þeir hafi ekki heldur tjáð sig við nefndina.

Vonast eftir breytingum

Jens er því afar ósáttur við niðurstöðu skýrslunnar þar sem honum finnst vanta mannlega þáttinn. Meðal annars er talað um að valdbeiting hafi undir vissum kringumstæðum verið réttlætanleg til að „kveða niður óæskilega hegðun nemenda“.

„Ég er ekki að efast um að fólkið í nefndinni er gott fólk,“ segir Jens, „en það er ekki að horfa á okkur sem börn á aldrinum 7 til 12 ára.“

Jens segist þó vonast til þess að saga hans verði til þess að nefndin muni íhuga stefnu sína. „Í mínum huga er það að segja frá þessum hlutum aðferð til að forða því að þeir endurtaki sig,“ segir Jens og bætir því við að honum þyki skýrslan breiða yfir vandamálin sem voru til staðar.

Þarna viðgekkst ofbeldiskúltúr og það verður að viðurkenna það. Þessu eiga eftirlitsaðilar að leita að því annars er hægt að skrifa hundrað skýrslur án þess að nokkuð gerist. Ég er að vona að eftir þessa grein muni nefndin horfa öðruvísi á þær stofnanir sem enn á eftir að rannsaka.“

SKÝRSLUBROT FRÁ JAÐRI:

- Heimavistarskólinn að Jaðri var staðsettur við Gvendarbrunna í Heiðmörk, ekki langt frá núverandi byggð í Norðlingaholti. Hann var starfræktur á árunum 1946-1973.
- Á starfstíma Jaðars voru þar alls 378 nemendur á aldrinum 6-16 ára. Flestir, eða tæp 80%, dvöldu þar aðeins einn eða tvo vetur.
- Skólinn var í fyrstu ætlaður börnum sem „spilltu starfi skóla“ eða voru „miður heppileg fordæmi“ fyrir önnur börn. Hins vegar voru sumir drengirnir, líkt og Jens, vistaðir þar sökum fátæktar á heimili.
- Af 378 nemendum komu 54 til viðtals við vistheimilanefnd, eða 14,3% af heildarfjölda.
- Á tímabilinu 1963-1973, sem var eitt af viðmiðunartímabilum nefndarinnar, voru 138 nemendur á Jaðri, þar á meðal Jens. Nefndin tók til greina viðtöl sín við 24 fyrrverandi nema, þar sem 14 sögðu reynslu sína í heildina litið jákvæða, en 10 sögðu að vistin hafi ekki verið góð og greindu sex þeirra frá ofbeldi af höndum starfsmanna, nánar tiltekið tveggja kennara.
- Þrátt fyrir það var niðurstaða nefndarinnar að: „Þótt ekki sé í sjálfu sér ástæða til að draga í efa þessar frásagnir telur nefndin að á þeim grundvelli verði ekki dregin sú almenna ályktun að meiri líkur en minni séu á því að starfsmenn eða kennarar skólans hafi beitt nemendur illri meðferð eða ofbeldi […].“
- Þá segir einnig: „Hefur nefndin áður lagt til grundvallar í störfum sínum að þvingunarráðstafanir eða líkamleg valdbeiting hafi undir einhverjum kringumstæðum verið réttlætanleg, en þó eingöngu að uppfylltum lagaskilyrðum fyrir slíkri valdbeitingu, svo sem neyðarvarnarsjónarmiðum.“

Heimild: 2. áfangaskýrsla vistheimilanefndar

10.000 EINTÖK PRENTUÐ

7.162

EINTÖK SELD

MEST SELDA BÓKIN Á ÍSLANDI SÍÐUSTU FJÓRAR VIKUR!

3-99 ára

TAKK FYRIR FRÁBÆRAR MÓTTÖKUR!

Hér er að finna einfaldar uppskriftir að seðjandi morgunverðum, ljúffengum smáréttum, bragðgóðu snarli, næringarríkum máltíðum, svo ekki sé minnst á freistandi eftirrétti og ilmandi bakstur.

Fáanleg í Hagkaup og á www.edda.is

©Disney/Pixar

edda *edda.is - bókabúð á netinu opið allan sólarhringinn*

HAGKAUP
Ein fer betra verð

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

4 FLÖSKUR 2 LTR. PEPSI & PESI MAX

MH SMJÖRLÍKI 500G

GEVALÍA KAFFI 500g

NÝ UPPSKERA FERSKAR DÖÐLUR

FROOSH KOMIÐ AFTUR 250 ml

MYLLU MÖNDLUKAKA 420g

GÓÐ KAUP: SUÐUSÚKKULAÐI 300g

MACKINTOSH QUALITY STREET *2 KG DÓS*

ALLIR BEST U MOLARNIR Í EINUM KASSA !

NÓA KONFEKT 650g

NICKY WC PAPPÍR 12 RÚLLUR

MYLLU SPELTBRAUÐ 500G

EUROSHOPPER SNAKK 200g
SOUR CREAM AND ONION

AKURSEL LÍFRÆNAR GULRÆTUR 500G

AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARD: 10-18
SUNNUD: 12-18

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

www.islandsnaut.is/
Fimmtán bestu uppskriftirnar úr hamborgara-samkeppi Íslandsnauts

ÍSLANDSNAUT 100% UNGNAUTAHAMBORGARAR 10 X 100G

BÓNUS FETI 250g

BÓNUS KRYDDAÐ LAMBALÆRI

K.S FERSKT LAMBLÆRI

Rafræna Bónus gjafakortið er vinsælasta jólagjöfin í Bónus

Þú kaupir inneign að eigin vali á gjafakortið, kortið er áfyllingarkort.
Hafðu samband við **skrifstofu Bónus** og fáðu nánari upplýsingar.
Skrifstofa Bónus er opin frá kl. 9-16 alla virka daga.

K.F REYKTUR GRÍSABÓGUR
598 KR.KG ***20%.AFSLÁTTUR***

ÍSLANDSGRÍS BAJONNESKINKA ÚR LÆRI

Samlokuostur í sneiðum frá Osta og smjörsölunni
Nú með *25%* afslætti
1157 kr./kg.
Merkt verð 1542 kr./kg.

KJÖRFUGL FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR

KJÖRFUGL FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR

BÓNUS KOFAREYKT SVEITABJÚGU

BÓNUS KINDABJÚGU 2 STK 350g

NAUTAVEISLA: FERSKT NAUTAHAKK

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARD: 10-18
SUNNUD: 12-18

ORRUSTAN LIFNAR VIÐ Spilarar nota málbönd, teninga og önnur hjálpartæki til að láta orrustu í eyðimörkinni lifna við þó að hún sé háð með lífvana tindátum. Þó að markmiðið sé alltaf að leiða sitt lið til sigurs er tilgangurinn með því að spila spilið fyrst og fremst sá að skemmta sér dagpart með vinum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Heimsstyrjöldin á stofuborðinu

Þó að byssurnar hafi þagnað fyrir 65 árum lifnaði seinni heimsstyrjöldin við á Árbæjarsafni nýverið. Eins og *Brjánn Jónasson* komst að voru hermennirnir reyndar ekki háir í loftinu, enda orrustan háð með tindátum en ekki fólki af holdi og blóði. Tindátaspil njóta töluverðra vinsælda enda er alltaf til friðsemdarfólk sem hefur gaman af því að setja á svið bardaga þar sem enginn fellur í valinn.

Það má næstum finna lyktina af dísilolíunni, byssupúðrinu og svitanum á hermönnunum þegar orrustan um El Alamein í Egyptalandi, ein af frægari orrustum síðari heimsstyrjaldarinnar, lifnar við í Árbæjarsafni, 68 árum eftir að henni lauk.

Í orrustunni árið 1942 féllu tæplega 45 þúsund menn, en í þetta skiptið verður mannfallið ekkert. Hermönnum hefur verið skipt út fyrir handmálaða tindáta og skriðdrekarnir eru svo litlir að þeir komast auðveldlega fyrir í lófa barns. Umhverfið er líka aðeins annað en í eyðimörkinni í Egyptalandi, enda eru áhugamenn um stríðsspilið Flames of War að setja upp þennan sögulega bardaga umkringdir gömlum stríðsminjum í Árbæjarsafni.

Bardaginn fer fram á stóru borði sem hefur verið hannað sérstaklega fyrir eyðimerkurstríðið. Ólíkt því sem gengur og gerist með tindáta eru þátttakendur ekki ungir drengir heldur fullorðnir menn sem deila þessu sérstaka áhugamáli.

Forsprakkinn í hópnum er Gísli Jökull Gíslason, sem hefur spilað ýmsar tegundir borðspila í á þriðja áratug. „Ég átti fertugsafmæli nýlega og eitt af því sem mig langaði til að gera var að sviðsetja einhvern stóran bardaga með vinum mínum," segir Jökull.

Tindátar fyrir fullorðna

Víða erlendis eru stórorrustur settar upp á stríðsminjasöfnum, svo þegar Jökull frétti að hernámssýning sem sett var upp á Árbæjarsafni í sumar hefði enn ekki verið tekin niður kannaði hann hvort það væri möguleiki að setja bardagann upp þar.

„Guðbrandur Benediktsson, sagnfræðingur Árbæjarsafns, tók mjög vel í þetta og lánaði okkur salinn fyrir þetta tilefni," segir Jökull. Það hjálpaði því verulega til að geta upplifað andrúmsloft hernámsins á sama tíma og orrustan geisaði á borðinu.

Jökull segir að þó að fólk hafi vanist því að tengja tindátasöfnun við unga drengi sé þetta áhugamál ekki fyrir börn. „Ef við berum saman tindátaspil og spil sem maður spilar með venjulegum spilastokki má segja að munurinn á því sem börn gera með tindátana sína og því sem við gerum með okkar tindáta sé eins og munurinn á því að spila ólsen ólsen og bridds. Þetta er hvort tveggja spilað með spilastokki, en samt er mjög ólíku saman að jafna."

Jökull gengst þó fúslega við því að hafa leikið sér með tindáta í æsku, en tekur fram að flestir sem spili Flames of War séu menn á aldrinum 30 til 40 ára. „Það er ekki tilviljun að ég nota orðið menn, það eru afar fáar konur sem spila þetta spil. Þar held ég að ráði mestu að þetta er herspil, þau virðast einfaldlega ekki höfða til kvenna."

Til að spila þetta tindátaspil þarf að koma sér upp her af tindátum í réttum hlutföllum, og setja saman herlista eftir reglunum sem gilda í spilinu. Yfirleitt spila tveir menn hver á móti öðrum, en í stærri orrustum eru oft margir spilarar á hverri hlið.

„Þeir sem spila þetta spil þurfa auðvitað að hafa gaman af því að spila spil yfirleitt, og líklega að hafa áhuga á herspilum. Svo er söfnunareðlið mjög sterkt í þessu áhugamáli. Spilararnir eru að byggja upp sína heri, kaupa módelin í mjög hráum, ómáluðum og ósamansettum einingum, byggja upp hersveitina sína frá grunni, velja hvers konar hermenn og tæki þeir vilja og hvaða litaskema," segir Jökull.

„Ég hef mikinn áhuga á hernaðarsögu almennt, og þetta spil smellpassar að mínum áhuga. Því meira sem ég veit um hernaðarsögu, því skemmtilegra finnst mér að stunda þetta áhugamál. Og því meiri skilning sem ég öðlast á þessu spili, hvernig sveitirnar hegða sér, og hvernig þær berjast,

FRAMHALD Á SÍÐU 26

SÍÐARI ORRUSTAN UM EL ALAMEIN

Tvær mjög mikilvægar orrustur voru háðar við El Alamein í Egyptalandi í síðari heimsstyrjöldinni. Bardagarnir voru afar mikilvægir, enda hefði sigur öxulveldanna þar getað kostað bandamenn stjórn þeirra á Súes-skurðinum, sem var mjög mikilvægur fyrir hergagnaflutninga. Í fyrri orrustunni unnu Bretar varnarsigur, en í síðari orrustunni hafði Bernard Montgomery tekið við stjórninni og Bretar hröktu herafla Þjóðverja og Ítala á flótta og unnu að lokum fullnaðarsigur í Afríku í Túnis í maí 1943.

Staður: El Alamein í Egyptalandi.
Stund: Barist var frá 23. október til 5. nóvember árið 1942.
Niðurstaða: Fullnaðarsigur bandamanna.

Bandamenn:
Foringi: Bernard Montgomery
Þjóðir: Breska samveldið
Herstyrkur: 195 þúsund menn
Skriðdrekar: 1.029
Brynvarðir bílar: 435
Flugvélar: 530
Stórskotalið: 892 til 908 byssur
Skriðdrekabyssur: 1.451 byssur
Mannfall: 13.560 menn
Skriðdrekar: Á bilinu 332 til 500
Flugvélar: 97
Fallbyssur: 111

Öxulveldin:
Foringi: Erwin Rommel
Þjóðir: Þýskaland og Ítalía
Herstyrkur: 116 þúsund menn
Skriðdrekar: 547
Brynvarðir bílar: 192
Flugvélar: 480
Stórskotalið: 552 byssur
Skriðdrekabyssur: 1.063 byssur
Mannfall: 30.542 menn
Skriðdrekar: Um 500
Flugvélar: 84
Fallbyssur: 254

Heimild: Wikipedia



EYÐIMERKURDREKAR Breskir Grant-skriðdrekar studdu fótgöngulið og fallbyssur í síðari orrustunni um El Alamein.

ORRUSTUR ÚTKLJÁÐAR MEÐ TENINGUM

Þegar orrustur eru settar á svið með tindátum þarf að styðjast við einhverjar reglur ætli þátttakendur sér að líkja eftir því sem hefði getað gerst í stríðinu.

Í spilinu Flames of War eru notaðar reglur sem útskýra hvenær má hreyfa hverja einingu í herjunum og hversu langt, hvernig þær skjóta hver á aðra eða gera áhlaup í átt að víglínu óvinarins. Reglurnar segja líka til um hversu vel þjálfaðir hermennirnir eru og hversu gott baráttuþrek þeirra er þegar á reynir.

Í sumum bardögum reyna spilararnir að líkja sem best eftir ákveðnum orrustum. Oftast nær reyna þeir þó að setja á svið sína eigin bardaga þar sem valdir eru herir sem líklegir voru til að mæta hvorir öðrum, og þeim stillt þannig upp að um sanngjarnan bardaga verði að ræða þar sem báðir spilarar eigi um það bil jafnan möguleika á sigri.

Eins og flestir hershöfðingjar sögunnar hafa rekið sig á getur ótal margt farið úrskeiðis, eða gengið betur en hægt var að vona, í bardögum. Ólíklegustu sveitir geta barist til síðasta manns og einvalalið getur hörfað um leið og kúlurnar byrja að fljúga. Til að líkja eftir þessari óvissu eru teningar notaðir í tindátaspilum á borð við Flames of War.

ÁRÁSIN HEFST Hver hersveit hefur ákveðna eiginleika sem gott er að fletta upp í hita leiksins. Hér geysast ítalskir skriðdrekar fram á meðan fótgönguliðið bíður átekta.

Teningaköst segja til um hversu vel hermönnum, fallbyssum og skriðdrekum gengur að skjóta á óvininn. Teningarnir skera einnig úr um hvort hersveitir standa og skjóta til baka, hörfa eða flýja vígvöllinn í ofboði.

RISA

TAX FREE

helgi á Korputorgi um helgina

TAX FREE

helgi á Korputorgi um

the PIER

TOYS R US

Office OUTLET*

KORPU OUTLET

Bílasalan BÍLA KAUP S:577-1111

KRAKKAHÖLLIN 2-12 ára

Europris

gæludýr.is

RÚMFATALAGERINN HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

ILVA

* Lagersala.
**Tax free gildir ekki í verslun Bónus.
Allar verslanir greiða virðisaukaskatt, en bjóða afslátt sem því nemur.

KORPUTORG

PIPAR\TBWA • SÍA • 102692

VÍGVÖLLURINN VERÐUR TIL

GRUNNVINNA

Spónaplatan leggur grunn að spilaborðinu. Ofan á hana bætast bútar af þéttu frauðplasti sem á endanum munu líta út eins og hæðir.

GRÓFVINNA

Frauðplastið er límt á borðið og límt saman. Svo er það sagað, skorið, sorfið og pússað þar til það líkist hæðum og hólum.

FÍNVINNA

Spartlað er í glufur og vegirnir lagðir með þykkri steypublöndu til að tryggja að þeir hafi aðeins aðra áferð en eyðimörkin allt í kring.

ÁFERÐ

Til að gefa borðinu dýpt er sigtaður svartur sandur límdur á allt borðið, að vegunum undanskildum. Steypan gefur vegunum dýpt.

MÁLNING



Borðið er að lokum málað í eyðimerkurgulum lit. Vegirnir eru hafðir dekkri til að aðgreina þá. Grasbrúskar og pálmatré fullkomna svo verkið. MYND/SIGGI

VÍGVELLIRNIR HEIMASMÍÐAÐIR

Stór hluti af föndrinu í kringum tindátaspilið er að útbúa vígvöllinn. Þó að vissulega sé hægt að leiða tindátana til sigurs á stofuborðinu heima leggja flestir mun meira upp úr því að vígvöllurinn sé sannfærandi.

Orrustur eru gjarnan háðar á þar til gerðum spónaplötum, sem eru í það minnsta 1,8 x 1,2 metrar á kant. Plöturnar eru svo málaðar í viðeigandi lit, og lausum hæðum, vegum, skógum, ökrum og öðru tilheyrandi raðað á til að völlurinn líti raunverulega út.

Landslagið gera spilararnir yfirleitt frá grunni úr þeim hráefnum sem þeir geta náð í. Spónaplöturnar mynda grunninn, hæðir eru gerðar úr frauðplasti, trén úr plasti eða mosa og akrarnir úr réttri gerð af gólfmottum. Svo þarf að mála herlegheitin. Í sumum tilvikum er hægt að kaupa hluta af því sem gerir vígvöllinn fallegan, til dæmis pálmatré og byggingar.

Þegar virkilega á að vanda til verks er landslagið hannað þannig að það er fast við plötuna, sem lítur oft mun raunverulegar út. Dæmi um hvernig vígvöllur verður til má sjá á myndunum hér að ofan.

Þegar landsvæði er gert, alveg eins og þegar hersveitirnar eru málaðar, skiptir máli að velja ákveðið þema. Skógi vaxnar hæðir og hveitiakrar passa ágætlega fyrir bardaga í sunnanverðri Evrópu, en eiga lítið sameiginlegt með því landslagi sem herirnir börðust yfir í eyðimörkinni í Norður-Afríku.

Vígvellirnir eru oft alveg jafn mikið listaverk og málaðir herirnir, og þegar vel gerður vígvöllur og fallega máluðir tindátar fara saman þarf ekki mikið ímyndunarafl til að finnast orrustan raunveruleg.

NÁKVÆMNI Módelin eru handmáluð með mjóum penslum og sérstakri módelmálningu.

SMÁVAXIN MÓDEL Skalinn á módelunum er 1:100, sem þýðir að meðal hermaður er ríflega 15 millimetrar á hæð. Breski Grant-skriðdrekinn sem hér sést er sex sentímetrar á lengd og vegur nokkur grömm, en í réttri stærð er hann næstum sex metrar á lengd og vegur um 30 tonn. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

FRAMHALD AF SÍÐU 22

því meiri skilning fæ ég á því sem ég les í sögubókunum.“

Jökull segir það kerfi sem notað sé í þessu spili endurspegla mjög vel hvernig orrusturnar fóru fram í raun og veru. „Grunnreglurnar í kerfinu eru mjög einfaldar, svo það hefur komið mér skemmtilega á óvart hversu raunhæft spilið er. Þegar við höfum sett upp orrustur sem eiga sér sögulega fyrirmynd hafa niðurstöðurnar oft verið mjög svipaðar og raunverulega var, án þess að við séum að eyða mjög löngum tíma í flóknar reglur. Í spilinu tekst mjög vel að hámarka ánægjuna af því að spila og niðurstöðuna.“

Tímafrek uppbygging herafla

Það fer oft langur tími í að byggja upp sinn her, enda bæði kostnaðarsamt að kaupa módelin, og tímafrekt að líma þau saman og mála. „Það fara oft vikur eða mánuðir í að koma sér upp her, en það gera menn hver á sínum tíma. Menn dútla við þetta, það á að vera skemmtilegt,“ segir Jökull.

„Sjálfur mála ég herina til að spila með þeim. En því flottari sem herirnir eru, og því meiri vinna sem lögð er í þá, því skemmtilegra verður að spila. Umhverfið skiptir svo miklu máli. Það gerir enginn kröfu um að her andstæðingsins sé frábærlega málaður, en það kunna allir að meta það sem vel er gert.“

Jökull segir það fremur lítinn hóp sem spili nákvæmlega þetta tindátaspil hér á landi. Fleiri spili önnur spil, sem hafi annað sögusvið en síðari heimsstyrjöldina, sem þetta spil gangi út á. Flestir spili sennilega spil sem heitir Warhammer, þar sem sögusviðið er fantasíuheimar, ýmist í anda Lord of the Rings eða framtíðartryllis.

„Þetta er áhugamál sem menn þurfa að hafa tíma fyrir svo þeir endist í þessu,“ segir Jökull. Kostnaðurinn getur einnig staðið í vegi fyrir nýliðun, enda kostar sitt að koma sér upp her. Kostnaðurinn er mismunandi eftir því hvernig her menn vilja kaupa, en búast má við því að módelin kosti einhverja tugi þúsunda. Þá er ákveðinn byrjunarkostnaður fólginn í því að koma sér upp verkfærum, penslum og málningu.

Margir þeirra sem stunda þetta áhugamál eiga erfitt með að láta sér nægja einn her, enda síðari heimsstyrjöldin flókin og hægt að setja saman mjög fjölbreyttar tegundir herja, segir Jökull. Vegna þessa þarf að velja hvar á að berjast og hvenær. Hvort barist er í Póllandi árið 1939 eða í Þýskalandi árið 1945.

„Framþróunin í síðari heimsstyrjöldinni var svo hröð að það er ekki hægt að bera herinn sem Þjóðverjar notuðu þegar þeir réðust inn í Frakkland árið 1940 saman við sambærilegar herdeildir ári síðar. Góðir skriðdrekar í upphafi stríðs voru með 20 millimetra fallbyssur. Undir lokin voru skriðdrekarnir orðnir 60 tonnum þyngri og byssurnar komnar í 152 millimetra.“

Þeir sem eru forvitnir um þetta áhugamál geta fengið frekari upplýsingar, sem og módel og reglubækur, í versluninni Nexus.

MARGIR ÁHUGASAMARI UM MÁLNINGUNA OG HERINA EN ORRUSTURNAR

Þó að mörgum finnist fátt skemmtilegra en að raða upp tindátunum sínum á vígvöllinn og senda þá til orrustu gegn tindátum annarra spilara eru einnig margir sem hafa gaman af föndrinu í kringum þetta áhugamál.

Orrusta af hefðbundinni stærð tekur oft nokkrar klukkustundir, en undirbúningurinn sem liggur að baki fallega máluðum herjum er margfalt tímafrekari.

Öll módelin sem notuð eru í spilinu eru keypt ósamsett og ómáluð. Módelin fyrir Flames of War eru í skalanum 1:100, sem þýðir að meðal hermaður er rúmlega 15 millimetrar á hæð. Áður en hægt er að spila með módelin þarf því að hreinsa þau og líma saman. Svo fara penslarnir á loft og módelin eru máluð.

Þó að marga gæti óað við því að mála svo smávaxin módel er það ekki jafn erfitt og ætla mætti í fyrstu. Reyndir málarar vita að með fíngerðum pensli og góðri málningu má gera kraftaverk. Mestu skiptir að herinn líti vel út á spilaborðinu, þegar horft er á módelin úr um eins metra fjarlægð. Það skiptir minna máli þó að einhverjir lítilsháttar gallar sjáist þegar einstök módel eru borin upp að auganu.

Margir af þeim sem spila þetta spil leggja mikið upp úr því að þeir herir sem þeir setja saman eigi sér hliðstæðu í sögunni. Þeim nægir ekki að setja saman her af bresku fótgönguliði, heldur setja þeir saman her með módelum sem passa við ákveðnar einingar í hersveitum sem í raun og veru börðust í stríðinu, til dæmis hluta af 51. skosku hálandahersveitinni. Aðrir setja saman þær einingar, skriðdreka, fótgöngulið og fallbyssur, sem þeir vilja spila með, og velja þeim þema eftir því hvar í heiminum þeir börðust.

NÁKVÆMNI Margir af þeim sem spila Flames of War gera herina sína þannig úr garði að þeir passi við hersveitir sem raunverulega börðust í stríðinu. Hér geysast ítalskir L6/40 skriðdrekar úr Squadrone Esplorante, 2/Compagnia , Lancieri di Novara, 133° Divisione Corazzata Littorio, fram á vígvöllinn við El Alamein.

Herirnir eru málaðir á ólíkan hátt eftir því á hvaða vígstöðvum þeir börðust. Ætli spilari sér að setja saman breska herdeild sem barðist í eyðimörkinni árið 1942 verða kakí-litirnir allsráðandi. Standi hins vegar til að setja saman breskan her sem réðist á land á ströndum Normandy hinn 6. júní 1944 verður litavalið grænna og brúnna.

46% AFSLÁTTUR

NAUTA-MÍNÚTUSTEIK
FERSK

1.989kr

ÁÐUR 3.649 KR/KG

KALKÚNA-GRILLSNEIÐAR

1.599kr

KR/KG

KJÖTSEL

BAYONNESKINKA

1.298kr

KR/KG

31% AFSLÁTTUR

SALTKJÖT
GOÐI

355kr

ÁÐUR 515 KR/KG

22% AFSLÁTTUR

LAXAFLÖK
MEXÍKÓ/TOSKANA

699kr

ÁÐUR 898 KR/PK.

30% AFSLÁTTUR

LONDONLAMB

1.399kr

ÁÐUR 1.998 KR/KG

25% AFSLÁTTUR

LAXABITAR
250 G

599kr

ÁÐUR 798 KR/PK.

50% AFSLÁTTUR

JARÐARBER
200 G ASKJA

199kr

ÁÐUR 398 KR/PK.

13% AFSLÁTTUR

KJÚKLINGA-VÆNGIR
HOT EÐA BBQ, 500 G

599kr

ÁÐUR 689 KR/PK.

34% AFSLÁTTUR

KLAKA-LENGJUR
SCOOBY-DOO 325 G

198kr

ÁÐUR 298 KR/PK.

17% AFSLÁTTUR

PEPSI/PEPSI MAX
2L

198kr

ÁÐUR 239 KR/STK.

markhonnun.is

Gildir meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur.

GILDIR 28. - 31. OKTÓBER

SKRÁÐU ÞIG Á PÓSTLISTANN Á WWW.NETTO.IS!

MJÓDD
SALAVEGUR
HVERAFOLD
REYKJANESBÆR
GRINDAVÍK
AKUREYRI
HÖFN

netto
Ódýrt fyrir heimilið!

Íslenski innflytjandinn á Íslandi

Kristín Vilhjálmsdóttir flutti til Danmerkur sex ára og hafði bara komið til Íslands í fríum þegar hún ákvað að fá leyfi frá vinnu sinni á Jótlandi og vera hér í hálft ár. Tveimur og hálfu ári síðar er hún enn hér og vinnur að verkefnum sem tengjast fjölmenningarsamfélaginu. Hún sagði *Sigríði Björgu Tómasdóttur* hvernig var að verða innflytjandi í landi sem hún þekkti vel en hafði ekki búið í.

KRISTÍN VILHJÁLMSDÓTTIR Konur sem taka þátt í söguhring kvenna, einu af fjölmenningarverkefnunum sem Kristín tengist, unnu listaverkið Tölum saman sem sjá má hér í bakgrunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ég flutti til Danmerkur sex ára gömul þannig að ég hef aldrei verið í skóla hér á Íslandi og hafði ekki búið hér fyrr en ég sótti um leyfi frá starfi mínu í Danmörku 2008. Hingað kom ég þó alltaf á sumrin til að heimsækja ættingja, pabbi minn bjó hér þar til fyrir nokkrum árum. Mig langað alltaf til þess að koma hingað og prófa að búa hér, en sló því alltaf á frest. Ég vissi að það yrði erfitt að fara aftur frá Íslandi þegar ég væri komin hingað á annað borð," segir Kristín Vilhjálmsdóttir, verkefnastjóri Fjölmenningar á Borgarbókasafninu.

Leyfi til að fara til Íslands

Kristín er kennari að mennt og átti að baki tíu ára kennsluferil í Silkiborg á Jótland þegar hún ákvað að sækja um hálfs árs leyfi frá störfum og prófa að búa á Íslandi. „Þegar ég fékk leyfið þá settist ég niður heima hjá mér og hugsaði um hvað það væri sem ég vildi gera á Íslandi. Ég komst að því að það mikilvægasta sem ég hafði gert í kennslunni í Danmörku var menningarmótaverkefni sem ég hafði skipulagt í skólanum. Þá hafði ég fengið innflytjendur sem voru í dönskunámi til að koma í heimsókn og segja frá sínum bakgrunni og áhugamálum og það sama áttu nemendurnir að gera. Þetta var mjög vel heppnað og bæði fullorðnir og börn höfðu virkilega gaman af."

Kristín segir að hún hafi alltaf haft áhuga á að tengja menningarheima saman. „Ég var að vinna í skóla þar sem eru fáir innflytjendur og fannst satt að segja nemendur vera að missa af miklu. Fordómar spretta upp af vankunnáttu og mér fannst mikilvægt að leiða saman þessa nemendur og innflytjendur. Þetta tókst afar vel og hafði mikil áhrif á þátttakendur, það gerist svo margt þegar fólk ræðir saman."

Þessu langaði Kristínu að miðla hér á landi og hún tók sig til heima hjá sér í Silkiborg og skrifaði lýsingu á verkefninu, sem hún kallaði Fljúgandi teppi. Verkefnalýsinguna sendi hún til þeirra sem gætu haft áhuga á málinu hér á landi og það skilaði henni fljótlega eftir komuna hingað hlutastarfi á þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða. Eftir fyrirlestur sem hún hélt um verkefnið var hún svo ráðin til starfa á Borgarbókasafninu í Reykjavík og hefur verið þar síðan. „Yfirmaður minn hafði áhuga á því að gera bókasafnið að stað þar sem fólk hittist og notar til þess að tengjast samfélaginu betur. Við höfum sett á laggirnar nokkur verkefni sem stuðla að því, söguhring kvenna þar sem konur hittast og segja reynslusögur, fjölskyldumorgna og aðstoð við heimanám. Öll þessi verkefni eru bæði fyrir innflytjendur og Íslendinga," segir Kristín sem er mjög ánægð með hversu vel hefur gengið að efla starf sem hlúir að fjölmenningarsamfélaginu á Íslandi.

Tilnefnd til samfélagsverðlauna

Það hefur og verið tekið eftir hennar starfi en þess má geta að hún var tilnefnd til Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins fyrir verk sín.

Kristín þekkir til málefna innflytjenda frá fleiri sjónarhornum en sjónarhóli kennarans. Eins og áður sagði flutti hún sex ára til Danmerkur og þurfti þá að læra nýtt tungumál. „Ég opnaði vart munninn í hálft ár eftir að ég þó var búin að læra dönsku, en þetta sé ég stundum hjá krökkum sem hafa flutt á milli landa. Eftir að hafa svo verið í Danmörku alla tíð síðan þá var ég auðvitað innflytjandi hér á Íslandi þegar ég flutti hingað. Ég hafði reyndar haldið íslenskunni við því hingað hef ég komið á hverju ári til að hitta fjölskylduna. Við tölum hins vegar dönsku heima hjá mér og hún er mér miklu tamari. Það var dálítið erfitt fyrir mig – sem hef verið móðurmálskennari alla ævi – að vinna á máli sem ég hef ekki fullkomið vald á. Enn finnst mér hálf óþægilegt að senda póst á fólk sem þekkir ekki mína sögu, ég með þetta langa íslenska nafn og skrifa svo ekki alveg rétta íslensku," segir Kristín sem hefur reyndar náð afar góðu valdi á íslensku á þessum tveimur og hálfu ári sem hún hefur verið búsett hér.

> Ég komst að því að það mikilvægasta sem ég hafði gert í kennslunni í Danmörku var menningarmótaverkefni sem ég hafði skipulagt í skólanum.

Viðburðaríkur tími

Hálfs árs fríið lengdist nefnilega og þegar Kristín var búin að fá það framlengt nokkrum sinnum sagði hún einfaldlega upp og er sest að á Íslandi, í bili að minnsta kosti. „Það er gott að búa hérna, starfið er mjög áhugavert og það er sérlega gaman að fá að byggja upp svona starf og kynnast svo mörgu jákvæðu fólki eins og ég hef gert. Ég er í sambandi við fjölmarga sem tengjast málefnum innflytjenda og fjölmenningu og það er mjög gefandi. Ég er hins vegar eins og gefur að skilja mjög tilfinninga- og félagslega tengd Danmörku þannig að ég hef farið þangað á að minnsta kosti hálfs árs fresti síðan ég flutti hingað."

Tíminn sem Kristín hefur unnið hér á landi hefur verið afar viðburðaríkur. Eins og áður sagði flutti hún hingað í ársbyrjun 2008 og því var hún hér þegar efnahagshrunið varð. Hún fylgdist því náið með breytingunni á samfélaginu og þrátt fyrir erfiðleikana sem hafa fylgt því finnst henni ýmislegt hafa breyst til hins betra:

„Það var mjög sérstakt að koma til Íslands þegar góðærið stóð sem hæst, efnishyggjan var svo sterk. Ég finn fyrir breyttu viðhorfi og gildismati, fólk hugsar meira um hvað mannleg samskipti eru mikilvæg. Á tímum eins og þessum er ekki síst mikilvægt að hlúa að fjölbreytninni í samfélaginu og fjölmenningarsamfélagi án fordóma."

EFTIRSÓTT AÐSTOÐ Í HEIMANÁMI

Meðal verkefna sem sett hafa verið á laggirnar í tíð Kristínar er Heilahristingur, heimanámsaðstoð á Gerðubergssafni í Gerðubergi 5-10. Aðstoðin er fyrir nemendur í 5. til 10. bekk í grunnskólum Breiðholts og á innflytjendabraut í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti. Vel hefur tekist til að sögn Kristínar sem segir aðstoðina eftirsótta og í raun vanti nú sjálfboðaliða til þess að auka þjónustuna, því draumurinn sé að bjóða upp á hana víðar í bænum.

SAMSKIPTIN GJÖRBREYTAST

Þegar skólaliðar af erlendum upruna taka þátt í menningarmóti með nemendum breytist samband þeirra við nemendur. Það að sitja og tala saman, fræðast um bakgrunn hvers annars og áhugamál opnar augu þeirra sem ræða saman. Sums staðar eru ekki endilega svo mikil samskipti milli nemenda og skólaliða og í einum skóla upplifði ég að starfsfólkið af erlendum upruna varð rosalega þakklátt fyrir að fá að segja nemendum og kennurum frá sér og sínum bakgrunni og krakkarnir voru mjög áhugasamir," segir Kristín sem segir leiðina tilvalda til að draga úr fordómum. „Einnig verða nemendurnir meðvitaðir um gildi eigin menningar, hvort sem hún er íslensk eða erlend, með því að miðla henni til annarra."

Kristín skipuleggur nú sitt þrítugasta menningarmót, sem fram mun fara í Fellaskóla, en sá skóli hefur verið duglegur við að halda menningarmót fyrir nemendur og starfsfólk.



„Veiðimenn norðursins er brimafull af dramatískum svipmyndum af deyjandi menningu veiðimanna á Grænlandi. Að því leyti er hún náskyld í anda og formi hinum frægu myndum Edward S. Curtis af frumbyggjum Norður-Ameríku.“
David D'Arcy – Artnet

HEIMSÚTGÁFA

VEIÐIMENN NORÐURSINS er ein stærsta og glæsilegasta bók íslensks ljósmyndara sem komið hefur út. Hún kemur nú á markað í þremur löndum á þremur tungumálum.
Í dag er formlegur útgáfudagur hennar á Íslandi.

CRYMOGEA

Verið velkomin á ljósmyndasýningu
Ragnars Axelssonar í Gerðarsafni í Kópavogi

Veiðimenn norðursins / Andlit aldanna

einа stærstu einkasýningu íslensks ljósmyndara fyrr og síðar.
Sýningin verður formlega opnuð kl. 15.00laugardaginn 30. október og stendur til 28. nóvember.

TILBOÐSVERÐ Í VERSLUNUM EYMUNDSSON
FULLT VERÐ 12.900 VERÐ NÚ 9.900

Tilboðið gildir til 15.11.2010.

eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872

Veröldin séð í milljörðum

Endanlegur herkostnaður við stríðin í Írak og Afganistan er metinn á 360 þúsund milljarða íslenskra króna. Það myndi kosta heimsbyggðina tífalt minna að lyfta milljarði manna upp úr örbirgð. *Svavar Hávarðsson* og *Jónas Unnarsson* komust að því að forgangsröð valdherra þessa heims er í hæsta máta áhugaverð þegar kemur að peningum - svo ekki sé fastar kveðið að orði.

ÍSLAND Í MILLJÖRÐUM KRÓNA

2.600 Fall Kauphings. *Mat Moody's í janúar 2009.*

1.465 Þjóðarframleiðsla Íslands.

177 Útflutt ál árið 2009.

400 Áætlað tap íslenskra lífeyrissjóða í hruninu.

25 Atvinnuleysisbætur til 29 þúsund einstaklinga árið 2009.

60 Skuldir Haga og móðurfélagsins, 1998 ehf.

540 Heildarútgjöld til fræðslumála 2005–2009.

700 Höfuðstóll Icesave-skuldar.

100 Kröfur í þrotabú Björgólfs Guðmundssonar.

210 Útfluttar sjávarafurðir 2009.

192 Bókfært tap ríkissjóðs vegna gjaldþrots Seðlabankans.

80 Áætlaður kostnaður vegna byggingar nýs Landspítala.

300 Séreignalífeyrissparnaður Íslendinga 2008.

240 Skuldir Orkuveitu Reykjavíkur.

23,5 Lán til 22 starfsmanna Kauphings árið 2006.

VERÖLDIN Í MILLJÖRÐUM BANDARÍKJADALA

Umreiknað í dali

11.900 Kostnaður heimsins vegna fjármálakreppunnar

3.000 Áætlaður kostnaður við stríðin í Írak og Afganistan.

60 Áætlaður kostnaður 2003.

500 The New Deal. Endurreisnaráætlun Bandaríkjanna eftir kreppuna 1933.*

726 Árleg framlög Bandaríkjanna til hermála.

61 Kína

25 Indland

60 Bretland

36 Sádi-Arabía

780 Tekjur OPEC-ríkjanna af olíusölu á ári.

3 Sjóður OPEC vegna loftslagsbreytinga.

825 Árleg velta lyfjaiðnaðarins í heiminum.

19 Þunglyndislyf

6 Stinningarlyf

21 Gjafir til lækna

36 Tekjur tölvuleikjaframleiðenda á ári.

147 Nauðsynleg upphæð til að hjálpa þriðja heims ríkjum að takast á við loftlagsbreytingar.

54 að fæða öll börn jarðarinnar í ár.

40 Tekjur klámiðnaðarins á Internetinu.

300 Kostnaður við að lyfta milljarði manna úr örbirgð.

58 Samtala allra stærða hér að ofan.

64 Uppræting alnæmis á heimsvísu

40 Persónulegur auður Bill Gates.

115 Marshall-aðstoðin. Áætlun Bandaríkjanna um endurreisn Evrópu eftir seinni heimsstyrjöldina.*

41 Ólympíuleikarnir í Kína.

120 Þróunaraðstoð allra ríkja heims árið 2009.

148 Kostnaður af offitutengdum sjúkdómum.

196 Markaðsvirði Google.

206 Bætur stóru tóbaksframleiðandanna.

227 Allar skuldir Afríkuríkja til vestrænna ríkja.

226 Markaðsvirði Microsoft.

21 Endurheimt og verndun Amazon regnskógarins

60 Veltan á eBay

308 Framlög til góðgerðarstarfsemi frá bandarískum ríkisborgurum.

50 Svikamylla Madoffs.

352 Áætlaður gróði eiturlyfjaiðnaðarins.

371 Tekjur bankamanna og annarra á Wall Street.

114 Bónusar sama hóps

239 Árlegar tekjur BP-olíurisans

4 Hreinsun olíulekans í Mexíkóflóa.

227 Markaðsvirði Apple

405 Árlegar tekjur Wal-Mart verslunarveldisins.

13 Hreinn hagnaður 2009

468 Árleg framlög Bandaríkjanna vegna fíknivanda (eiturlyf, vín og tóbak)

69 Stríðið gegn eiturlyfjum.

Heimildir: NYTimes, The Guardian, BBC, CNN og aðrir fjölmiðlar

*Framreiknað

VISA

Sértilboð til korthafa VISA!

Bókaðu núna á www.heimsferdir.is

Mjög takmarkaður fjöldi sæta og gistingar í boði!

frá aðeins

99.980 kr.

– frá kr. 124.580 með öllu inniföldu

Ótrúlegt sértilboð til korthafa VISA!

20.000 kr. afsláttur á mann á öllum gististöðum!

VISA

Vetraræv intýri á

Kanarí & Tenerife

Heimsferðir, í samstarfi við Valitor, bjóða VISA korthöfum frábært tilboð til tveggja vinsælustu vetraráfangastaða Íslendinga, Kanaríeyjanna Tenerife og Gran Canaria. Um er að ræða tvær ferðir til Tenerife, 27. nóvember í 15 nætur* (ath. í heimflugi 12. des. er millilent í London) og 11. desember í 10 nætur** (ath. í útfluginu 11. des. er millilent á Gran Canaria) og eina ferð til Gran Canaria (Kanarí), 11. desember í 10 nætur.

Um mjög takmarkaðan fjölda flugsæta er að ræða í hverja ferð og gisting er einnig takmörkuð. Sértilboðið felur í sér sérstakan 20.000 kr. afslátt á mann til handhafa VISA korthafa og er bundið við að greitt sé með viðkomandi korti. **Sértilboðsverðið er háð því að ferð sé að fullu greidd með VISA greiðslukorti.**

Hér gildir að fyrstur kemur, fyrstur fær!

* Ath. í heimflugi 12. des. er millilent í London
** Ath. í útfluginu 11. des. er millilent á Gran Canaria

Tryggðu þér sæti strax á þessum kjörum!

Tenerife

27. nóv. – 15 nátta ferð
11. des. – 10 nátta ferð

kr.119.080 – íbúðir (m.v. 2 saman)
Compostela Beach - íbúðir (m.v. 2 saman)
Netverð á mann, m.v. 2 í íbúð 11. des. VISA sértilboð í 10 nætur.

kr.139.380 – með "öllu inniföldu"
Villa Tagoro - íbúðir (m.v. 2 saman)
Netverð á mann, m.v. 2 í íbúð með "öllu inniföldu" 11. des. VISA sértilboð í 10 nætur.

kr. 124.580 – með hálfu fæði
Hotel Jacaranda ** (m.v. 2 saman)**
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli með hálfu fæði 11. des.
VISA sértilboð í 10 nætur. Aukalega fyrir "allt innifalið" kr. 19.800.

Kanarí

11. des. – 10 nátta ferð

kr. 99.980
Los Tilos - íbúðir (m.v. 2 saman)
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna í íbúð. VISA sértilboð 11. des. í 10 nætur.

kr.124.580 – með „öllu inniföldu"
Jardin Atlantico - íbúðir (m.v. 2 saman)
Netverð á mann, m.v. 2 í íbúð með „öllu inniföldu". VISA sértilboð 11. des. í 10 nætur.

kr.154.280 - með "öllu inniföldu"
Hotel Eugenia Victoria *+ (m.v. 2 saman)**
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli 11. des. VISA sértilboð í 10 nætur.

Ferðaskrifstofa
Leyfishafi Ferðamálastofu

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri, sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.
ENNEMM / SÍA / NM44151

Sukkið getur hnýtt góða hnúta

Megas, **Rúnar Þór Pétursson** og **Gylfi Ægisson** sendu í vikunni sameiginlega frá sér hljómplötuna MS GRM. *Kjartan Guðmundsson* hitti þremenningana á Umferðarmiðstöðinni og ræddi við þá um sukkið, Siglufjörð og samstarfið sem stýrt er að handan.

ÁHÖFNIN Á GRM Þeir Megas, Rúnar Þór og Gylfi segja samstarfið við gerð plötunnar hafa gengið vonum framar. „Við erum allir góðir vinir og húmorinn ræður ríkjum," segir Rúnar Þór.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Það hefur greinilega staðið til að farga þér. Það er kannski ekki skrítið þar sem þú ert lykilmaðurinn í þessu samstarfi. Þá hefðum við þurft að breyta hljómleikunum á fimmtudaginn í minningartónleika, þar sem Minning um mann hefði verið leikið stanslaust allan tímann, í mörgum útgáfum," segir Megas þegar Gylfi Ægisson mætir of seint á fund með blaðamanni á Umferðarmiðstöðinni.

Ástæða seinkunarinnar er sú að Gylfi lét setja nagladekk á bílinn sinn kvöldið áður. Hjólin voru þó ekki fest betur en svo að á Reykjanesbrautinni, á leiðinni í bæinn frá Vogum á Vatnsleysuströnd þar sem Gylfi býr, heyrði hann skringilegt hljóð og í ljós kom að eitt dekkjanna var við það að detta undan bílnum. Hann náði þó blessunarlega á bifreiðaverkstæði áður en til þess kom.

„Það var eins gott að hjólið fór ekki af, því ég var á 105 kílómetra hraða," segir Gylfi. Rúnar Þór Pétursson tekur undir með Megasi og segir engan vafa leika á því að Gylfa hafi þarna verið sýnt klárt banatilræði.

Þeir þremenningar, Gylfi, Rúnar Þór og Megas, gáfu í vikunni út geisladiskinn MS GRM, þar sem þeir syngja saman gömul lög eftir hver annan auk tveggja spánnýrra. Útsetningar og hljóðfæraleikur á plötunni er í höndum bræðranna Magnúsar og Alberts Ásvaldssona og hyggst hersingin fagna útgáfunni með tónleikum í Austurbæ fimmtudaginn 4. nóvember næstkomandi og öðrum í Hofi á Akureyri 10. nóvember.

„Svo komum við líklega til með að spila eitthvað um landið, förum austur og vestur, en tónleikarnir í Austurbæ eru þeir einu sem ráðgerðir eru hér í bænum," tekur Rúnar Þór fram.

Samstarfinu stýrt að handan

Spurður um tildrög samstarfsins segist Megas einfaldlega hafa komið þegar á hann var kallað.

„Rúnar Þór og Gylfi hafa unnið töluvert saman síðustu ár, haldið tónleika saman og þar fram eftir götunum, og mig hefur auðvitað alltaf dreymt um að syngja Minningu um mann. Það er lag sem allir Íslendingar hafa dálæti á, svo ég sagði bara já."

Gylfi segist alltaf hafa haft dálæti á Megasi, sérstaklega laginu Spáðu í mig, en auk þess hafi Megas verið eftirlætis tónlistarmaður móður sinnar heitinnar. Svo skemmtilega vill til að móðir Rúnars Þórs hélt einnig mikið upp á Megas meðan hún lifði, og því vill Gylfi meina að mömmurnar tvær hafi í sameiningu tekið þá ákvörðun að drengirnir þeirra ættu að gefa þessa plötu út með Megasi.

„Það má eiginlega segja að þessu samstarfi sé stýrt að handan," segir Megas, en auk ofantalinna laga má finna á plötunni smelli á borð við Út á gólfið eftir Gylfa, Lóa Lóa eftir Megas og Brotnar myndir, lag Rúnars Þórs, auk ýmissa fleiri.

Þeir lýsa útsetningum laganna á plötunni sem rokkuðum vel, jafnvel nokkuð stríðum á köflum, sem bjóði upp á skemmtilega tilbreytingu frá því sem þeir séu vanir. „Við erum allir orðnir svo aldraðir að við hefðum aldrei farið út í svona mikið rokk og ról sjálfir," segir Megas og Rúnar Þór samsinnir því. „Við hefðum aldrei náð þessu, hefðum gert þetta allt öðruvísi. En við erum æðislega ánægðir með þetta. Þetta samstarf er auðvitað stórmerkilegt í rokksögulegu tilliti, en við eigum það allir sameiginlegt að hafa ekki of miklar áhyggjur af því hvernig þetta kemur út. Við höfum aldrei verið jakkafatamenn með skjalatöskur."

„Þú ert alltaf eitthvað að tala um skjalatöskur, Rúnar. Ég á skjalatösku og sé ekki hvað er að því," segir Gylfi og hlær.

VÍÐA FARIÐ Megas, Rúnar Þór og ónefndur félagi uppi í Hallgrímskirkjuturni, seint á áttunda áratugnum.
MYND/HREIÐAR HOLM

Vilja selja plötuna í ÁTVR

Heyra má á þeim félögum að þeir þekkjast vel og hafa gert lengi, enda starfað innan sama geirans svo áratugum skiptir.

„Ég flutti til Reykjavíkur frá Ísafirði í kringum 1972 og kynntist Gylfa fljótlega, enda vorum við ungir menn sem höfðum gaman af lífinu. Vorum hressir og kátir, eins og sagt er, enda áttum við þá töluvert eftir af hornum til að hlaupa af okkur," segir Rúnar Þór.

„Við drukkum mikið saman," bætir Gylfi við, „og fórum líka nokkrum sinnum saman í meðferð. Þá fór afvötnunin fram á Kleppsspítala og í eitt skiptið höfðum við ákveðið að stinga af saman. Ég setti gítartösku í rúmið mitt og klæddi líka tvær gosflöskur í sokka og lét standa undan sænginni eins og fætur. Svo lét ég mig hverfa, en gleymdi að vekja Rúnar, svo hann komst ekki á fylleri með mér í það skiptið," segir Gylfi og hlær.

Síðar, í kringum 1979 þegar Gylfi hætti að drekka, kynntist Rúnar Megasi og urðu þeir góðir vinir. „Við náðum strax mjög vel saman og þvældumst víða um í heil tvö ár. Ef ég þurfti til dæmis að fara til Keflavíkur að heimsækja frænku mína þá kom hann bara með, og við vorum mikið saman," segir Rúnar.

„Svo vorum við einu sinni sem oftar á fylleríi þegar Megas fékk boð um að spila á Óðali. Ég fór auðvitað með honum en dyraverðirnir bönnuðu mér að koma inn, enda vorum við frekar illa séðir á mörgum af þessum stöðum. Ég spurði hvers vegna Megas fengi að fara inn en ekki ég, og þá sagði einn dyravarðanna: „Megas fær að vera hér inni í nákvæmlega tuttugu mínútur. Hann tekur þrjú lög, fimm mínútur hvert, fær aðrar fimm mínútur til að koma sér upp og niður stigann og svo fer hann út. Og þú getur tekið tímann!" og það stóðst upp á sekúndu," segir Rúnar og skellir upp úr.

Hann bætir við að sukkið leiki vissulega hlutverk í laga- og textasmíðum tríósins, svo lengi hafi það verið stór hluti af lífi þeirra. „Það er grunnt á þessu þótt maður hafi ekki drukkið í áratugi. Ég hef ekki drukkið í 26 ár og Gylfi ekki í 31 ár."

„Og ég hef ekki drukkið í eina mínútu," skýtur Megas inn í við hlátur hinna. „En sukkið getur hnýtt góða hnúta milli fólks."

Gylfi heldur því fram að heilar tvær áfengisverslanir hafi þurft að leggja upp laupana þegar hann hætti loksins að drekka, því þá hafi þær hreinlega ekki staðið undir sér lengur. „Og ég vil endilega koma því á framfæri að ÁTVR mætti taka það til athugunar að selja geisladiskinn okkar í búðunum sínum. Við eigum það svo sannarlega inni. Margfalt."

Ímyndaður Siglfirðingur

Vitaskuld er það fleira en sukkið og tónlistin sem Megas, Gylfi og Rúnar Þór eiga sameiginlegt því allir hafa þeir ákveðna tengingu við Siglufjörð, þótt missterk sé. Gylfi er borinn og barnfæddur fyrir norðan og afi Rúnars Þórs átti rætur sínar að rekja þangað, en Megas segist vera ímyndaður Siglfirðingur.

„Ég dvaldi eitt sumar á Siglufirði sem barnapía, líklega 1977 eða 1978, og þá átti að hengja mig um hverja helgi. Í bænum var hátt og fínt tré með góðri grein og í henni vildi múgur og margmenni láta mig hanga fyrir hinar ýmsu sakargiftir, mestmegnis einhvers sem ég hafði tekið mér fyrir hendur þegar ég skrapp til Reykjavíkur."

„Þá hefðirðu nú lent á grænni grein," segir Gylfi.

„Já, en ég hraktist eiginlega burt þaðan," heldur Megas áfram. „Svo fór ég stuttu síðar að heyra það utan af mér að ég væri dáðasti sonur Siglufjarðar. Þegar ég fór þangað að spila var troðfullt hús og allir vildu sjá þennan sigursæla mann."

Aldrei saman á tónleikum áður

Ekkert hefur verið ákveðið um framhaldið á samstarfinu eftir útgáfu plötunnar. Þeir lofa því þó að tónleikarnir sem fram undan eru verði góðir, en þeir hafa aldrei áður komið saman fram á hljómleikum.

„Við tökum öll lögin sem eru á plötunni og líka nokkur í viðbót. Saman eigum við að sjálfsögðu nóg af lögum til að syngja til æviloka," segir Rúnar Þór.

Gylfi bætir við að þeir verði að hafa í huga að geðjast öllum aldurshópum. „Aðdáendur mínir eru flestir í kringum tvítugt en aðdáendurnir ykkar eru á áttræðisaldri, svo við verðum að passa upp á að láta nokkur róleg lög fylgja með," segir hann og rekur upp einkennandi hlátursroku að lokum.

október 2010
menning
[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MENNINGU OG LISTIR]

Bókin um Bigga

Einn kostur bókarinnar um Birgi Andrésson er sá að Þröstur Helgason reynir ekki að „afgreiða“ Birgi í eitt skipti fyrir öll. Verk hans eiga alltaf lokaorðið skrifar Ragna Sigurðardóttir. SÍÐA 2

Mannbætandi gildi

Katrín Jakobsdóttir, ráðherra menningarmála, ræðir menningarstefnu stjórnvalda og framtíð Hörpu. SÍÐA 4

MYND/RAX

ÍSINN BROTINN

Undanfarinn aldarfjórðung hefur Ragnar Axelsson ljósmyndari, RAX, fylgst með og skráð breytingar á lífsháttum á norðurheimsskautinu, sem hlýnar hraðar en nokkurt annað svæði jarðar. Afrakstur þessarar vinnu er nú kominn út í bókinni Veiðimenn norðursins – Andlit aldanna. Þar má sjá hvernig breytingar á vistkerfi svæðisins gætu riðið fjögur þúsund ára menningu veiðimanna að fullu.

„Það fylgir þessu ákveðinn léttir,“ segir Ragnar um útgáfu bókarinnar. „Þetta er verkefni sem ég varð að koma frá mér eftir allan þennan tíma.“ Hann er staddur á Gerðarsafni í Kópavogi, að fylgjast með undirbúningi á sýningu á myndum hans í tengslum við bókina og verður hún opnuð í dag.

Undanfarinn aldarfjórðung hefur Ragnar ferðast til norðurskautsins og myndað inúíta í veiðiferðum þeirra. Honum telst til að hann hafi farið 24 sinnum til Grænlands á þessum tíma.

„Þegar ég fór til Grænlands í fyrsta skipti var ég ekkert sérstaklega upprifinn yfir þessu,“ rifjar hann upp. „Jú, landslagið var heillandi en ég var ekki heillaður af Nuuk þegar ég kom þangað. Kannski hitti ég bara á slæman dag, en menn voru þarna á fylleríi í miðju þorpinu og þetta rímaði illa við hugmyndir mínar um hetjurnar í norðri sem ég hafði lesið um. En síðan fór ég út á land, til Thule og víðar, og komst í veiðiferðir með inúítum. Þá sá ég hvað þetta voru miklir töffarar.“

Veiðimennirnir varir um sig

Það var þó ekki hlaupið að því fyrir ljósmyndara frá Íslandi að komast í veiðiferð út á hafísinn. „Þeir voru mjög varir um sig og það tók dálítinn tíma að ávinna sér traust þeirra. Á þessum tíma var að byrja utanaðkomandi pressa á þá frá Greenpeace og fleirum um að svona ættu menn ekki að haga sér. Það eru hins vegar engin eplatré úti á ísnum og inúítar þurfa að veiða sér til matar – líf þeirra er veiðimennska. Þetta er eitthvað sem fólk sem þarna hefur aldrei komið skilur ekki.“

Þurfti að læra allt upp á nýtt

Ragnar segir að sín fyrsta ferð á ísinn hafi verið „mikið sjokk“.

„Ég hélt ég væri dauður, þetta var svo óraunverulegt. Ég tók með mér rúsínur til að maula og þær gaddfrusu í vasanum hjá mér. Það snerist einhvern allt á hvolf og maður þurfti að læra ansi margt upp á

FRAMHALD Á SÍÐU 6

Saeco kaffivélar
– mest seldu sjálfvirku kaffivélarnar á Íslandi um árabil
NÓVEMBER TILBOÐ

2 kg af hágæða Kimbo kaffibaunum fylgja öllum Saeco vélum.
Verð frá 69.990
Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

ER EITTHVAÐ SAMEIGINLEGT MEÐ *myndlist Norðurlanda?*

Ráðstefna um stöðu samtímalista á Norðurlöndum verður haldin í Hafnarhúsinu í næstu viku. Að sögn Birtu Guðjónsdóttur, safnstjóra í Nýlistasafninu, hefur slaknað á slíku samstarfi á undanförnum árum og er ráðstefnan liður í því að reyna að endurvekja það. Fyrsta skrefið sé að reyna að komast að því hvort og hvað sé sameiginlegt með myndlist á Norðurlöndum.

MYNDLIST BERGSTEINN SIGURÐSSON

Ráðstefnan um samtímalist á Norðurlöndum verður haldin í Hafnarhúsinu 5. til 7. nóvember. Ráðstefnan er samstarfsverkefni Listasafns Reykjavíkur, Norræna hússins, Nýlistasafnsins og Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar og er haldin í tengslum við norrænu listahátíðina Ting.

Á þinginu munu safnstjórar, listgagnrýnendur og sýningarstjórar frá Norðurlöndum ræða stöðu samtímalistar á Norðurlöndum, auk þess sem sjónum verður beint að nýjum straumum í myndlist, gagnrýnni umræðu og sýningarýmum fyrir tilraunalist.

„Það má segja að þetta sé eins konar stöðufundur," segir Birta Guðjónsdóttur, safnstjóri Nýlistasafnsins, um efni ráðstefnunnar. Að hennar mati er talsverður munur á stöðu myndlistar milli landa á Norðurlöndum – sér í lagi skeri Ísland sig frá hinum löndunum.

„Munurinn hefur verið ansi mikill á milli Íslands og hinna landanna. Það má meðal annars rekja til mannfæðarinnar en myndlistarstofnanir hafa líka verið verr studdar fjárhagslega hér á landi en í nágrannalöndunum. Eins held ég, þótt ég vilji síður alhæfa, að við séum eftirbátar annarra Norðurlanda hvað almenna þekkingu á myndlist áhrærir. En landslagið er sem betur fer smám saman að breytast."

Birta segir að það hafi slaknað á samstarfi Norðurlanda á sviði myndlistar á undanförnum árum. Ráðstefnan sé liður í að reyna að blása lífi í það samstarf á nýjan leik. „Frá miðjum 10. áratugnum til 2006 héldu Norðurlöndin úti sérstakri stofnun sem var helguð samstarfi á myndlistarsviðinu. Sú stofnun gaf meðal annars út tímarit um norræna myndlist, hélt málþing og ráðstefnur og svo framvegis. Þegar hún var lögð niður 2006 slaknaði hins vegar á samstarfinu. Það er alltaf gagnkvæmur áhugi á myndlist til staðar á milli Norðurlandanna en það vantar límið, þennan fasta vettvang. Þetta málþing er partur af því að endurvekja samstarfið en fyrsta skrefið í þá átt er að finna hvort og hvað norræn myndlist á sameiginlegt."

Málþingið fer fram á ensku en Birta segir að það ætti að höfða bæði til lærðra og leikra.

„Stór hluti af ráðstefnunni fjallar mest um það sem snýr að áhugasviði þeirra sem starfa í myndlist. En ráðstefnan ætti líka að varpa á ljósi menningarsamstarf á Norðurlöndum almennt og kemur þar með inn á svið allra þeirra sem starfa að svokallaðri menningarframleiðslu, það er að segja útgefendur og fleiri og í raun þeirra sem hafa áhuga á norrænni velferðarpólitík almennt. Menningargeirinn er svo miklu stærri hluti af sviðinu en flestir gera sér grein fyrir. Þetta er því efni sem ætti því að höfða til mun fleiri en bara myndlistarmanna."

Birta Guðjónsdóttir **Íslendingar hafa verið eftirbátar annarra Norðurlandaþjóða hvað fjárveitingar og almenna þekkingu á myndlist áhrærir, að mati hennar.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Aðventan er tími ljóss og friðar. Ilmurinn af jólaglöggi og brenndum möndlum liggur í loftinu. Í þessari jólaferð höldum við til Wiesbaden sem stendur á bökkum Rínar, rétt vestur af Frankfurt, þar sem við gistum í 3 nætur á hóteli við göngugötuna.
Í Wiesbaden er aðventustemning og í miðbænum er fallegur jólamarkaður þar sem upplýstir englar svífa yfir litríku jólahúsunum. Boðið verður upp á bæjarrölt með fararstjóra, en eins gefst tækifæri til að kanna bæinn á eigin vegum, versla dálítið eða fylgjast með mannlífinu frá einu af fjölmörgum kaffi- og veitingahúsum sem miðbærinn hefur upp á að bjóða. Við förum einnig í dagsferð til Rüdesheim, sem er vinsæll ferðamannabær við ána Rín. Í hjarta bæjarins er hinn skemmtilegi „Jólamarkaður þjóðanna", þar sem hægt er að kaupa fallegar gjafavörur og fylgjast með hvernig handverk frá hinum ýmsu þjóðum er unnið. Þá er upplagt að ylja sér við jóladrykkinn „Glühwein" á meðan gengið er á milli jólabásanna. Allur miðbærinn er skreyttur jólaljósum og gaman að rölta um og njóta jólastemningarinnar til fulls.

Fararstjóri: Smári Ríkharðsson

Verð: 88.600 kr. á mann í tvíbýli.

Innifalið: Flug, skattar, hótelgisting í 3 nætur með morgunverði, ferðir til og frá flugvelli í Frankfurt, skoðunarferð til Rüdesheim og íslensk fararstjórn.

Sjá nánar á

ALLIR GETA BÓKAÐ SIG Í BÆNDAFERÐIR

www.baendaferdir.is | s: 570 2790 | ferðaþjónusta bænda BÆNDAFERÐIR

Bókin um Bigga

BÆKUR RAGNA SIGURÐARDÓTTIR

BIRGIR ANDRÉSSON – Í ÍSLENSKUM LITUM

Þröstur Helgason

★★★★

Hvers vegna skrifar bókmenntafræðingur bók um myndlistarmann? Þrjár ástæður liggja beint við. Í fyrsta lagi voru Þröstur Helgason og Birgir Andrésson góðir vinir og grannar. Ef það er ekki gild ástæða til að skrifa bók veit ég ekki hvað. Í öðru lagi er list Birgis heitins, (1955-2007), að einhverju leyti tengd ljóðlist eins og títt er um íslenska hugmyndalist. Í þriðja lagi skapaði Birgir megnið af list sinni á tímum þegar myndlist og bókmenntir, listfræði og bókmenntafræði tengdust sameiginlegum, alþjóðlegum straumum og stefnum.

Bókin um Bigga er ekki stór í broti en hún er fallega frágengin. Framsetning texta minnir á ljóðabók, sums staðar aðeins örfáar línur á síðu, orðin fá að lifa. Persónuleg nálgun Þrastar kemur sterkt fram við hlið fræðilegrar umfjöllunar um list Birgis og vangaveltna um íslenska menningu, uppruna og þróun, en þetta þrennt er uppistaða bókarinnar.

Birgir Andrésson FRÉTTABLAÐIÐ/ GVA

Bókin um Bigga er ekki skrifuð fyrir myndlistarmenn heldur fyrir alla. Þröstur leggur sig fram við að setja flóknar hugmyndir fram á einfaldan og lipran hátt í stuttu máli, upplýsir án þess að íþyngja. Hann hefur tilfinningu fyrir texta, nær að fanga persónu Birgis. Fléttun hins innilega og þess fræðilega gengur vel upp, þar sem eitt tekur við af öðru á áreynslulausan hátt.

Fræðileg nálgun Þrastar snýst annars vegar um að finna kjarnann í list Birgis. Hann segir sem svo að Birgir hafi leitast við að birta þá þætti íslenskrar menningar sem voru og eru við það að hverfa. Þetta má til sanns vegar færa og auðveldar skilning á list hans. Hins vegar leitast Þröstur við að setja list Birgis í alþjóðlegt samhengi. Birgir vann að list sinni á tímum þegar myndlistarmenn voru mjög meðvitaðir um þá fræðimenn sem Þröstur nefnir. Á níunda og tíunda áratugnum var enginn maður með mönnum nema hafa lesið Baudrillard, Barthes, Derrida, Foucault, Kristevu og fleiri. Hugmyndir þeirra voru á sveimi, það var stöðugt vitnað til þeirra, í umræðunni, í samtölum manna á milli, í tímaritum. Það skiptir varla máli hvort Birgir las þessar bækur, hugmyndir þeirra gegnsýrðu allan myndlistarheiminn um áratuga skeið.

Birgir sneri kannski ekki fræðilegu hliðinni upp, en hún kemur skýrt fram í verkum hans, í samtölum hans við Þröst og einnig í áður óbirtu viðtali Andreas Meiers við Birgi frá 1991. Hér birtist íslenskur myndlistarmaður í því alþjóðlega samhengi sem íslensk myndlist og bókmenntir eru órjúfanlegur hluti af. Nú er ekki þar með sagt að ekki mætti skrifa einhvern veginn öðruvísi bók um list Birgis Andréssonar. Það er kostur á bók Þrastar að hún útilokar það ekki, Þröstur „afgreiðir" ekki Birgi í eitt skipti fyrir öll. Hann skapar dýrmæta mynd af Birgi og blæs lífi í list hans, án þess þó að eiga síðasta orðið. Það á Birgir alltaf sjálfur í verkum sínum.

Niðurstaða: Hér er vinátta og fræðum fléttað listilega saman. Þröstur Helgason varpar skýru ljósi á list Birgis Andréssonar í íslensku og alþjóðlegu samhengi og dregur upp innilega mynd af þeim einstaka manni sem hann hafði að geyma.

menning kemur út mánaðarlega með laugardagsblaði Fréttablaðsins. **Ritstjórn:** Bergsteinn Sigurðsson **Hönnun:** Kristín Agnarsdóttir
Forsíðumynd: RAX **Auglýsingar:** Bjarni Þór Sigurðsson bjarnithor@365.is

ego dekor



STÆKKANLEG BORÐ
Í HNOTU
160(248)X100
Verð: 159.900,-
200(288)X110
Verð: 179.900,-

Vegghilla
100cm
Verð: 9.900,-

Veggklukka
60X60cm
Verð: 12.900,-

HNOTA
VEGGHILLA M/LJÓSI
Verð: 39.500,-

TV SKENKUR
200cm
Verð: 98.000,-



HNOTA
ERIC SKENKUR
Br. 170cm
Verð: 139.900,-



BORÐSTOFUBORÐ
200x100
TILBOÐSVERÐ: 87.920,-

FALLEG HÚSGÖGN Á GÓÐU VERÐI

AMBER TUNGUSÓFI
Stærð: 290x165cm
TILBOÐSVERÐ: 205.700,-

CANYON HORNTUNGUSÓFI
Stærð: 280X190cm
TILBOÐSVERÐ: 232.200,-

KINGSTON LEÐURSÓFASETT
3ja sæta 205cm
TILBOÐSVERÐ: 165.600,-
Stóll
TILBOÐSVERÐ: 86.400,-

BIG NEW ENGLAND TUNGUSÓFI
Stærð: 290x165cm
TILBOÐSVERÐ: 211.500,-

STYLETTO
LJÓSAKRÓNA
Verð: 29.900,-

GIOIELLO
LJÓSAKRÓNA
Verð: 39.900,-

PHANTOM
LJÓSAKRÓNA
Verð: 29.900,-

OPAL
stóll
Verð: 16.900,-

SIBELLA stóll
TILBOÐSVERÐ
13.515,-

LUCINDA
stóll
Verð: 23.900,-

DAVOS
stóll
Verð: 24.500,-

Opið mán-fös: 10.00-18.00
Opið um helgina: lau: 10.00-16.00 - sun: 13.00-16.00

Ego Dekor - Bæjarlind 12
S: 544 4420 - www.egodekor.is

ÉG VEIT HVER HÆTTAN VIÐ *Hörpu* ER

Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, segir það íslenskt einkenni að byggja fyrst og hugsa svo. Að hennar mati hefði Harpa mátt vera minni í sniðum en hún telur engu síður eðlilegt að rekstur tónlistarhússins sé á könnu hins opinbera. Verkefnið fram undan sé að tryggja að Harpa verði opinn vettvangur sem eigi erindi við almenning en ekki snobbhús sem höfði til fárra.

Katrín Jakobsdóttir „Í sjálfu sér finnst mér eðlilegt að það séu opinberir aðilar sem standa á bak við rekstur tónlistarhúss og byggingu þess en það er hins vegar viðbúið að hið opinbera hefði byggt öðruvísi hús og undir öðrum formerkjum.“ FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Nafni ráðuneytis þíns var breytt á dögunum í mennta- og menningarmálaráðuneytið, meðal annars til þess að leggja áherslu á vægi menningar innan þess. Eigi að síður er hvorki ríkisstjórnin né VG með neina menningarstefnu. Hverju sætir?

„VG er ekki með skrifaða menningarstefnu en það stafar fyrst og fremst af því að flokkurinn er ungur og hefur ekki náð að móta sér formlega eða skrifaða stefnu í öllum málaflokkum. Við erum til dæmis ekki með skrifaða landbúnaðarstefnu. Málefni lista og menningar hafa eigi að síður verið rædd mjög mikið innan flokksins og síðast árið 2009 voru þau til umræðu á landsfundi.

Hvað ráðuneytið varðar lét ég hins vegar gera úttekt á menningarstefnu ríkisins í fyrravetur; hvernig hún birtist í lögum, reglugerðum og fjárlögum. Haukur Hannesson, doktor í menningarfræðum, gerði þessa úttekt fyrir okkur. Í framhaldinu héldum við fund með öllum hagsmunaaðilum, eins konar þjóðfund hagsmunaaðila á þessu sviði, þar sem við fengum fram sjónarmið þeirra. Haukur er nú um mundir að vinna tillögu að menningarstefnu, sem verður vonandi lögð fram sem þingsályktunartillaga í vor.

Hvað kom helst fram í þeirri úttekt?

„Það er áhugavert að það er tiltölulega lítil yfirbygging í menningarlífi á Íslandi, samanborið við önnur Norðurlönd. Það hefur bæði kosti og galla. Við erum ekki með sterka opinbera stefnumótun en á hinn bóginn dreifast fjármunirnir til fleiri aðila.“

Fyrir hálfum mánuði birtist í Fréttablaðinu viðtal við dr. Dragan Klaic, leikhúsfræðing sem telur að opinber menningarstarfsemi sé hverju lýðræðissamfélagi nauðsynleg en gagnrýnir eigi að síður ríkjandi fyrirkomulag með áherslu á stórar menningarstofnanir og segir það úrelt og staðnað. Hvernig blasir þetta við þér?

„Ég held að hið opinbera verði alltaf að gæta ákveðins jafnvægis milli menningarstofnana og menningarlífsins sem er við hliðina. Það er til dæmis gert með listamannalaunum, sem ýta undir grasrótarstarfsemi og með því að styrkja menningarhátíðir og sjálfstætt starfandi leik- og tónlistarhópa.

Það verður að vera þetta jafnvægi á milli stofnana og grasrótar en ég verð að játa að stundum hefur mér fundist áherslan á Íslandi, í menningarstarfi og öðru, vera á þá leið að fyrst er hugsað um að byggja hús en síðan hvað eigi að vera í því. Mér finnst þetta dálítið íslenskt einkenni og það þarf að breytast.“

Sumir halda því fram að þetta sé reyndin með tónlistarhúsið Hörpu.

„Það er ótvírætt þörf fyrir tónlistarhús á Íslandi og lengi hefur verið barist fyrir því. Að því leyti er tilkoma hússins jákvæð. En hins vegar hefði mátt leggja sterkari grunn að því áður en farið var af stað hvort við þyrftum svona stórt tónlistarhús og hvernig ætti nákvæmlega að haga rekstri hússins. Auðvitað breyttust forsendur; það var lagt upp með sambland af einkaframkvæmd og styrkjum frá ríki og borg áður en ríki og borg tóku framkvæmdina yfir. En það skiptir máli að vita hvert á að fara áður en lagt er af stað.

Á fjárlögum í ár renna um 500 milljónir úr ríkissjóði til rekstrar Hörpu. Verður fyrirkomulagið svona til frambúðar?

„Við erum í sjálfu sér að greiða það sama og við höfum gert. Upphaflegi samningurinn, sem var gerður fyrir mína tíð, gekk út á að á 35 árum ætluðu ríki og borg að greiða fyrir húsið. Ríki og borg gengust inn á það.

Nú hafa þær forsendur breyst þannig að við eigum húsið sem við eigum svo eftir að borga niður. Í sjálfu sér finnst mér eðlilegt að það séu opinberir aðilar sem standa á bak við rekstur tónlistarhúss og byggingu þess en það er hins vegar viðbúið að hið opinbera hefði byggt öðruvísi hús og undir öðrum formerkjum.“

Telurðu góðar líkur á því að almenningur eigi eftir að verða duglegur að sækja Hörpu?

„Ég vonast auðvitað til þess. Ég veit auðvitað hver hættan er við þetta hús; hættan er sú að þetta verði snobbhús – elítuhús sem almenningur telji sig ekki eiga erindi í. Ég hef lagt áherslu á það við þá sem að þessu vinna að þetta verði hús þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Það hljómar kannski eins og klisja en ég held að það sé svo sannarlega hægt ef það er unnið markvisst að því. Og það eru í raun og veru stærstu rökin fyrir því að við borgum og eigum þetta hús; að íslenskur almenningur geti átt þarna góðar stundir undir ólíkum formerkjum.“

Þau sjónarmið verða meira áberandi, meðal annars á þingi, að ríkið eigi ekki að niðurgreiða listir og menningu, allra síst á niðurskurðartímum. Þessum sjónarmiðum hefur ekki verið svarað af sérstaklega miklum krafti af hálfu stjórnarliða.

„Ég er ekki sammála því. Ég lagði til dæmis fram frumvarp um að fjölga listamannalaunum. Það var gagnrýnt mjög harðlega á þinginu en ég tel að ég hafi svarað þeirri umræðu fullum hálsi. Ég rökstuddi mál mitt með þeim hætti að listamannalaun væru grundvöllur fyrir atvinnusköpun á sviði lista og menningar. Við sjáum það núna að þeir atvinnuvegir sem byggjast á skapandi greinum hafa vaxið ótrúlega í okkar samfélagi. Það er kannski ekki alltaf rætt um listir og menningu í sömu andrá og atvinnusköpun og margir átta sig ekki á hversu blómlegur þessi geiri er orðinn; ég get nefnt tölvuleiki, hönnun, tónlistarútflutning og svo framvegis. Ég held að ég hafi svarað því oft og ítrekað hversu mikilvægt þetta er fyrir okkur.

En þetta snýst ekki bara um atvinnusköpun, menning er líka samfélagslím. Við sjáum að eftir hrun sækja Íslendingar meira í menningu og listir en þeir gerðu áður. Við vitum, og höfum rannsóknir sem styðja það, að menning og listir eru hluti af því að gera samfélög þess virði að búa í.“

En hefur þessu sjónarmiði ekki verið haldið til hliðar í umræðunni?

„Jú, en það á við um allar hliðar okkar samfélags; arðsemi og atvinnusköpun hafa verið númer eitt og gildi hlutarins í sjálfu sér hafa orðið númer tvö. Þannig er líka rætt um menntun.Auðvitað skiptir máli að horfa til atvinnuvega sem byggja á menningu og listum; það skiptir máli að gefa gaum að því hvað við erum að „græða“ á þeim. En það breytir því ekki að stærsta gildi þeirra er það gildi sem þeir hafa í sjálfu sér; gildi sem er mannbætandi.“

Menningargeirinn fór ekki varhluta af peningaflæðinu á útrásarárunum. Hvaða áhrif telur þú að allt þetta fjármagn hafi haft á listirnar?

„Það er eitthvað sem þarf að rannsaka og verður sjálfsagt gert. Ég held að það leiki til dæmis enginn vafi á því að það hefur haft áhrif á ímynd menningarlífsins og samfélagsins þegar tilteknir hátíðardagar voru í boði einkafyrirtækja. Skyndilega voru einkafyrirtæki farin að bjóða almenningi á menningarstofnanir sem voru þegar í eigu almennings. Auðvitað hafði þetta áhrif á hvernig fólk sá menningu og listir og hátíðisdaga sem eiga að vera sameign samfélagsins.

Ég veit hins vegar ekki hvort þetta hefur haft bein áhrif á efnistök listamanna og þekki ekki dæmi um það. Það er hins vegar enginn vafi á því að listalífið hefur brugðist mjög sterkt við hruninu og það er mikill broddur til staðar nú um mundir. En það voru líka margir mjög gagnrýnir fyrir hrun. En það var kannski ekkert hlustað á þá.“

GERÐUBERG Menningarmiðstöð 2010

Verið velkomin á opnanir sýninga og tónleika
sunnudaginn 31. október

Sunnudagur 31. október kl. 13:15 – 14
Klassík í hádeginu – Norskir tónar hljóma undurblíðir. Nína Margrét Grímsdóttir píanóleikari og Margrét Árnadóttir sellóleikari flytja ljóðræn smáverk og stórfenglega sónötu Edvards Griegs. **Ókeypis aðgangur**

Sunnudagur 31. október kl. 15
Ormurinn ógnarlangi – Leiðið börnin inn í söguheim norrænu goðafræðinnar og hittið goð, jötna og skrýtnar skepnur.
Sýningarstjóri: Kristín Ragna Gunnarsdóttir.

Sunnudagur 31. október kl. 15
Hávamál – Myndskreytingar Kristínar Rögnu Gunnarsdóttur við hina fornu speki Óðins. Myndirnar eru væntanlegar í bók þar sem Þórarinn Eldjárn enduryrkir Hávamál fyrir börn.

Námskeið tengd sýningunum
Skráning á gerduberg@reykjavik.is

Mánud. 1. nóv. og miðvikud. 3. nóv. kl. 20 – 22
Hávamál – Fyrirlestrar og umræður um hina fornu speki Óðins. **Umsjón: Þórarinn Eldjárn.**

Sunnudagur 7. nóvember kl. 14 – 16
Hömrum járnið og tökum flugið!
Ilmur Stefánsdóttir aðstoðar börnin við að búa til valsham Freyju og hamar Þórs.

Mánud. 15. nóv.og miðvikud. 17. nóv. kl. 20 – 22
Upp sé ég koma öðru sinni...
Námskeið fyrir fólk í skapandi námi eða starfi. **Kristín Ragna Gunnarsdóttir** fjallar um norrænu goðafræðina sem uppsprettu nýrra verka.

Sýningarnar eru opnar virka daga frá 11-17 og um helgar frá 13-16

Gerðubergi 3-5 • 111 Reykjavík • Sími 575 7700
gerduberg@reykjavik.is • www.gerduberg.is

TAX FREE
21%
afsláttur af öllum vörum
the PIER
Gríptu tækifærið
virðisaukalaus helgi í verslunum Pier um helgina
Ketill og bollar kínasett verð 1990 - án vsk 1572
Kerti frá verð 790 - án vsk 624
Sushi sett verð 3990 - án vsk 3152
Skál lauf verð 2990 - án vsk 2362
Bókastoðir sett verð 3490 - án vsk 2752
Borðstofuborð verð 59900 - án vsk 47321
Fugl verð 3990 - án vsk 3152
Vasi verð 3990 - án vsk 3152
Opnum 4. nóvember
Smáratorgi Kópavogi / Korputorgi Reykjavík / Glerártorgi Akureyri

FRAMHALD AF FORSÍÐU

nýtt. Einföldustu verk á borð við að taka mynd og skipta um filmu urðu erfið. Það mátti ekki trekkja of fast því þá slitnaði filman og þá var ekki hægt að ná henni úr fyrr en maður væri kominn í myrkur. Það þurfti líka að passa að fara aldrei með myndavélina beint úr kuldanum inn í upphitað tjald eða hús, því þá móðast linsan og það gat tekið tvo eða þrjá daga til að fara. Ég lenti í þessu öllu í fyrstu ferðunum en smám saman lærði maður á hverju maður þyrfti að gæta sín."

Þegar hann var úti á hafísnum, í tjaldi eða hundasleða í öllum mögulegum veðrum, kveðst Ragnar iðulega lofað sér að fara aldrei aftur út á ísinn.

„Svo kom maður aftur heim og þá byrjaði þetta að toga aftur í mann. Mér fannst ég aldrei alveg búinn, það vantaði einhvern útgangspunkt til að segja ákveðna sögu."

Sá útgangspunktur fannst þegar Ragnar fór að verða var við áhrif hlýnandi loftslags á norðurskautið. „Smám saman fór að hlýna og veiðimönnum fór fækkandi því það var sífellt erfiðara fyrir þá að lifa af veiðunum. Ís sem var auðveldlega hægt að fara yfir á sleða á tilteknum árstímum fyrir örfáum árum var skyndilega orðinn hættulegur, því hann var svo þunnur. Nú er svo komið að sum þorp eru við það að leggjast af."

> Það hafa auðvitað oft komið augnablik þar sem maður hefur orðið skelfdur; ísinn brotnar og maður þarf að hoppa á milli jaka eða þegar maður fellur ofan í sprungu og blotnar

Reglur gera veiðimönnum erfitt

Það eru þó ekki aðeins breytingar á vistkerfinu sem setja strik í reikninginn hjá inúítum. „Það er líka verið að gera þeim erfitt fyrir með alls konar reglugerðum um veiðarnar. Veiðimenn mega til dæmis ekki vinna neina aðra vinnu; þeir verða að lifa eingöngu af veiðum til þess að fá leyfi til að veiða dýr á borð við ísbjörn. Þeir mega hins vegar ekki selja túpílakka, sem þeir skera út í bein, eða selskinn, því innflutningur á þeim er bannaður í Evrópulöndum. Þetta er þeirra lifibrauð.

Ég fékk póst frá grænlenskum vini mínum á dögunum þar sem hann sagði við mig að hann gæti ekkert selt og vissi hreinlega ekki á hverju hann ætti að lifa. Með einu pennastriki úti í heimi er búið að stofna framtíð fjögur þúsund ára menningu í voða. Þetta er atburðarásin sem ég fór að reyna að raða saman í bókinni."

Aldrei sýna ótta

Í gegnum tíðina hefur Ragnar kynnst heimamönnum vel og eignast góða vini úr þeirra hópi. Lykillinn að því að vinna sér inn traust veiðimanns segir hann vera að sýna aldrei merki um ótta. „Veiðimennirnir eru lífsglaðir og uppfullir af barnslegri gleði, stríða hver öðrum og svona. Ég hef reynt að nálgast þá með léttleikann að vopni; það brýtur ákveðinn ís og opnar varnirnar og þeir byrja að treysta manni.

En maður má aftur á móti aldrei sýna að maður sé hræddur. Það hafa auðvitað oft komið augnablik þar sem maður hefur orðið skelfdur; ísinn brotnar og maður þarf að hoppa á milli jaka eða þegar maður fellur ofan í sprungu og blotnar. Maður hugsar kannski ekki um það í hita leiksins en þegar maður hugsar um þetta eftir á getur manni verið brugðið. Það má hins vegar ekki láta á neinu bera. Ef þeir spyrja flissar maður bara og gera lítið úr þessu. Ef inúítarnir verða varir við ótta vilja þeir ekki hafa mann með."

Hlýnun jarðar er staðreynd

Eftir að hafa fylgst með breytingum á vistkerfinu á norðurskautinu undanfarna áratugi segir Ragnar það hafa komið sér mest á óvart hversu margir hafa haldið því fram að jörðin sé ekki að hlýna.

„En þetta er að gerast, það er alveg klárt og mest á norðurskautinu. Þetta hefur gerst áður og á einhvern tímann eftir að ganga til baka. En maðurinn herðir sannarlega á þessari þróun, þótt við vitum ekki með vissu hversu mikil áhrif hann hefur."

Endalok fjögur þúsund ára menningar?

Ragnar segist stundum velta því fyrir sér hvort hann sé í raun ekki aðeins að skrá lifnaðarhætti veiðimanna á norðurhjara veraldar, heldur endalok menningar þeirra.

„Ég var að ræða við þýskan vin minn, sem var að skrifa grein um veiðimannasamfélögin. Ég sagði við hann að ég óttaðist að eftir tíu til fimmtán ár væri þetta varla til enn þá. Hann taldi að það yrðu ekki nema fimm ár; þeim fækkar svo svakalega sem lifa á veiðum."

Auk íslensku útgáfunnar kemur bókin út í Bretlandi og Þýskalandi. Ragnar vonar að að hún verði lóð

RAX **Það verður allt erfitt úti á ísnum, jafnvel einföldustu verk á borð við að smella af mynd og skipta um filmu. „Smám saman lærði maðu**

Alternative North

Málþing um samtímalist á Norðurlöndum

5.– 7. nóvember 2010

Listasafn Reykjavíkur Hafnarhús

Virtir safnstjórar, listgagnrýnendur, sýningarstjórar og fagfólk frá Norðurlöndum beina sjónum að nýjum straumum í myndlist, gagnrýnni umræðu og sýningarýmum fyrir tilraunalist á málþingi Listasafns Reykjavíkur helgina 5.-7. nóvember.

Málþingið fer fram á ensku.

Dagskrá

Föstudag 5. nóvember
20:00 – 22:00 Setning og móttaka

Laugardag 6. nóvember
9:00 – 12:00 Yfirlit
Dorothee Kirch, stjórnandi Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar.
Marita Muukkonen, sýningarstjóri, Finnlandi.
Anette Østerby, stjórnandi The Danish Arts Agency's Visual Arts Centre, Danmörku.
Cecilia Widenheim, stjórnandi Swedish Arts Grants Committee's International Program (Iaspis), Svíþjóð.
Marianne Zamecznik, sýningarstjóri, Noregi.
Stjórnandi: **Karlotta Blöndal,** listamaður, Íslandi.
13:30 – 16:30 Norræn samvinna
Jonas Ekeberg, ritstjóri Kunstkritikk, Noregi.
Bergljót Jónsdóttir, stjórnandi Nordic Culture Point, Finnlandi.
Maria Lind, sýningarstjóri, Svíþjóð.
Umræðum stjórnar **Ólafur Sveinn Gíslason,** listamaður.

Sunnudag 7. nóvember
9:30 – 12:00 Ólíkir fletir í norrænni myndlist
Judith Schwarzbart, sýningarstjóri, Danmörku.
Aura Seikkula, sýningarstjóri og fræðimaður, Finnlandi.
Markús Þór Andrésson, sýningarstjóri, Íslandi.
Solveig Øvstebo, stjórnandi Bergen Kusthall, Noregi.
Umræðum stjórnar **Hanna Styrmisdóttir,** sýningarstjóri, Íslandi.
14:00 – 16:00 Óhefðbundin rými, óhefðbundin í hvaða skilningi?
Henriette Bretton-Meyer, stjórnandi Overgaden Institute of Contemporary Art Copenhagen, Danmörku.
Birta Guðjónsdóttir, stjórnandi Nýlistasafnsins, Íslandi.
Mats Stjernstedt, stjórnandi Index-The Swedish Contemporary Art Foundation, Svíþjóð.
Umræðum stjórnar **Jón Proppé,** sýningarstjóri og listheimspekingur, Íslandi.
16:15 – 17:30 Lokahóf í Kling & Bang

Icelandic Art Center

Málþingið er ókeypis og opið öllum en nauðsynlegt er að skrá sig fyrirfram. Þátttakendum gefst kostur á hádegisverðartilboði á Súpubarnum í Hafnarhúsinu.

Fyrir skráningu og nánari upplýsingar hafið samband við Sirru Sigurðardóttur. Netfang: sirra.sigurdardottir@reykjavik.is, sími 590-1200.

Einn um dag ég sveima **Breytingarnar sem hafa orðið á vistkerfi norðurheimsskautsins undan árum var traustur yfirferðar á vissum árstímum, er nú orðinn hættulega þunnur.**

Hrekkjavaka er haldin 31. október ár hvert eða kvöldið fyrir allraheilagramessu. Íslendingar eru í ríkari mæli farnir að taka upp þennan keltneska sið og verða hrekkjavökuböll úti um allan bæ. Verslanirnar Hókus pókus og Partýbúðin bjóða úrval búninga og fylgihluta en þá má skoða á www.hokuspokus.is og www.partybudin.is.

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar: **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

NÁMSAÐSTOÐ

Vantar þig aðstoð í einhverri námsgrein?

íslenska – stærðfræði – enska – danska – efnafræði - lestur
eðlisfræði – þýska – franska – spænska – stafsetning o.fl
Öll skólastig - Réttindakennarar

Nemendaþjónustan sf • www.namsadstod.is • s. 557 9233

Reiki

Heilunar- og sjálfsstyrkingarnámskeið RVK

FYRIR BÆTTA LÍÐAN OG BETRI STJÓRN Á LÍFI ÞÍNU

Kvöld- og helgarnámskeið í boði, næstu námskeið eru:

I. stig helgarnámskeið
6.–7. nóvember

II. stig kvöldnámskeið
16.–18. nóvember

I. stig kvöldnámskeið
23.–25. nóvember

Guðrún Óladóttir
reikimeistari og hómópati

Pantanir í síma **553 3934**, milli kl. 10 og 13 virka daga.

Pantanir óskast staðfestar.

Helgartilveran er jafnan í föstum skorðum hjá fyrirsætunni Ósk Norðfjörð og börnunum hennar fimm

Börnin eru blessun

Ósk Norðfjörð með börnum sínum Bekan 7 ára, Brynjari 12 ára, Brimi 1 árs, Freyju 3 ára og Bjarti sem er 10 ára. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Á laugardögum byrjum við alltaf á bakstri súkkulaði- eða karamelluköku því það er svo gaman að fá kökulykt í húsið. Síðan dregur hver sína sæng fram í stofu þar sem við horfum saman á skemmtilega fjölskyldumynd og þegar kakan er bökuð fáum við okkur óhollan og síðbúinn hádegismat," segir fyrirsætan Ósk Norðfjörð um helgarplön fjölskyldunnar, en hún er einstæð fimm barna móðir.

„Helgarnar eru í fastri rútínu. Þannig nýtum við alltaf helgartilboð kvikmyndahúsanna og förum í bíó á laugardögum og svo beint heim í burritos-matseld, en það er uppáhalds laugardagsmatur barnanna. Eftir kvöldmat förum við í kvöldsund þar sem sameinast baðtími og skemmtun, og allir fara heim í náttfötum og úlpu. Heima fara svo litlu dýrin mín beint í svefninn en við elstu strákana spila ég spil eða leigi mynd við hæfi," segir Ósk sem frá fyrstu tíð hefur viðhaft einfalda kvöldrútínu sem virkar á börnin, því eftir kvöldbæn er boðin góð nótt og börnin sofna sjálf.

„Á sunnudögum sækjum við tvær samkomur; fyrst hjá trúfélaginu Catch the fire (CTF) og síðan í Krossinum. CTF er með óskaplega gott barnastarf og börnin hlakka mjög til þeirra samkoma. Ég hef alltaf verið sem fiðrildi og farið þar sem mest er um að vera, því vitaskuld á enginn að vera bundinn neinum einum stað, heldur halla sér að eldinum þar sem hann er hlýjastur," segir Ósk sem eftir samkomur tekur heim pitsur og síðan fer heimililsfið í ró.

„Ég er svo blessuð af börnum mínum og stóru strákarnir mínir engir gaurar heldur ótrúlega duglegir, umhyggjusamir og ábyrgðarfullir drengir. Aldursbil milli barna er farið að segja til sín og ég þarf að gæta þess að hvert og eitt fái notið sín. Því fara þau yngri stundum í ömmudekur svo ég geti farið með þeim eldri í keilu," segir Ósk sem enn er heima með yngsta barnið sem bíður leikskólaplass.

Nóvembertilboð á hreinsun

Við hreinsum fjórar flíkur en þú greiðir aðeins fyrir þrjár

EFNALAUGIN BJÖRG
EFNALAUG ÞVOTTAHÚS

Háaleitisbraut 58-60 • 108 Reykjavík •Sími 553 1380

Töfrahurð, tónleikaröð sem hóf göngu sína í Salnum í fyrra, hefur annað starfsár sitt með hrekkjavökuefnisskrá fyrir krakka í Salnum á sunnudag. Dagskráin byrjar klukkan 13 og mun draugurinn Tíbri birtast og segja sögur af vinum sínum. Kammerhópurinn Sheherazade mætir ásamt dönsurum úr Listdansskóla Íslands og fjöllistamenn frá Götuleikhúsinu verða á staðnum. Krakkar eru hvattir til að mæta í búningum.

FJÁRÖFLUN
fyrir félög og hópa
frábært úrval pakka sem innihalda jólapappír og skraut

Margir möguleikar - hafið samband
DANCO HEILDVERSLUN
Melabraut 19
220 Hafnarfirði
Sími: 575 0200
danco@danco.is
www.danco.is

Ríó tríóið heldur tónleika í Salnum í kvöld og annað kvöld klukkan 20. Á tónleikunum flytur tríóið sín þekktustu lög. Tríóið skipa Helgi Pétursson, Ágúst Atlason og Ólafur Þórðarson. Þeim til halds og trausts verða gítarleikararnir Björn Thoroddsen og Gunnar Þórðarson.

„Ég hef eðlilega lítinn tíma fyrir sjálfa mig en sakna þess ekki heldur. Amma kenndi mér að sníða stakk eftir vexti og nú nýt ég þess að fylgjast með börnunum vaxa og þroskast. Maður á að njóta þess sem maður hefur og ekki hollt að bíða þess alltaf að losna til að komast annað. Þá gengur líka allt svo miklu betur," segir Ósk sem er oftast ein með börnin því ekkert þeirra fer að heiman um pabbahelgar. „Pabbarnir hitta krakkana eins og kostur er, en það bitnar á börnum að taka þau úr sinni rútínu því hér er þeirra líf, fótbolti, afmæli og fleira um helgar. Þau fara því frekar til lengri tíma í vetrar- og sumarfríum sínum."

Ósk vekur hvarvetna athygli fyrir glæsilegt fas og útlit. „Það segir sig sjálft að maður safnar ekki holdum á hlaupum eftir fimm börnum allan daginn, en holdafar er líka bundið erfðum og ég er heppin þar. Ég reyni að borða hollt og fer varlega í Hraunkassann á kvöldin; passa að klára ekki upp úr honum en fá mér minna til að upplifa bragðið. Þá varð að lífsstíl hjá mér fyrir nokkrum árum að hreyfa mig daglega eftir að ég lenti í slæmum árekstrum því annars lægi ég rúmliggjandi í kör," segir Ósk sem fer í ræktina á hverjum degi. „Ég á alltaf epli því þau eru algjör galdur fyrir konur sem eru að taka sig á, sker þau niður og narta í á kvöldin."



Ósk segir epli galdur fyrir konur í átaki.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ósk viðurkennir að hlutverk einstæðrar móður geti vissulega orðið yfirþyrmandi og ekki ganga upp nema með góðu skipulagi.

„Þvottavélin stoppar ekki en ég brýt saman þvott yfir sjónvarpinu á kvöldin. Mamma kenndi mér að leyfa engin leikföng frammi í stofu nema í undantekningartilfellum, en börnin eru með þrjú herbergi til að leika sér í. Þá hef ég fyrir reglu að taka fram eina leikfangakörfu í einu en til að það virki þarf maður að setjast niður með þeim í upphafi leiks því þá eykst áhuginn og eirðarleysið víkur. Börnum líður best ef þau vita sín mörk, því annars vaða þau yfir mörk annarra og allir verða vansælir."

Ósk kveðst nú hætt barneignum. „Ég lifi fyrir börnin og ekkert betra í heiminum en að eiga þau mörg. Að eiga þrjú eða fimm er ekki svo mikill munur því stráknarir eru orðnir svo stórir að maður er orðinn meiri vinur en mamma. Ég get ekki beðið eftir að allir krakkarnir verði kominn á þennan aldur því það er svo gaman að eiga samfélag við börnin sín og sjá þau verða að manneskjum. Þá breytist hlutverkið úr umönnun í vináttu," segir Ósk sem veit hvað hún syngur um móðurhlutverkið.

„Mikilvægasta gjöfin er tíminn sem maður eyðir með börnum sínum. Að setjast niður með þeim og spila við þau í korter gerir þau að vinum manns. Ég ólst upp hjá ömmu sem spilaði við mig og afa sem kenndi mér á píanó, og það gaf mér mikið fyrir sálina. Við þurfum líka að muna að gefa börnum hvatningarorð því ef við gerum það ekki getum við ekki ætlast til að heimurinn geri það seinna meir. Sú vinna skilar sér líka í miklu betri krökkum."

thordis@frettabladid.is

Hin vinsælu byrjendanámskeið í
Yogastöðinni Heilsubót
Síðumúla 15, sími 588 5711 og 691 8565
Nýtt námskeið helgina 6. og 8. nóvember
Innritun hafin á www.yogastodinheilsubot.is
Vanir yogaiðkenndur eru hjartanlega velkomnir í hádegis og kvöldtíma

Prjónakaffi
mánudagskvöldið 1. nóvember frá kl. 19.00 til 21.30 í Garnbúðinni Gauju í Mjódd
Garnbúðin Gauja
Margar nýjungar framundan
Persónuleg þjónusta í notalegu umhverfi
Mikið úrval af garni og prjónavörum.
Garnbúðin Gauja • Álfabakki 14a • Sími: 571-2288

ALLT ÞAÐ FÍNA FRÁ KÍNA
Gott úrval af lömpum, vösum og glæsilegri gjafavöru á frábæru verði
HEILSUVÖRUR - HEILSUTE



FJÖLBREYTT ÚRVAL AF FENG-SHUI VÖRUM
Kínversk heilsulind
Sími: 553 8282 ¦ Skeifan 3j ¦ www.heilsudrekinn.is

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 90 stöðum um land allt.
Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing

Allt sem þú þarft...

1500kaloríur shape.is
4 vikna Lúxusnámskeið
NORDICASPA
fyrir konur og karla

Hjá okkur nærðu árangri!
- Fimm tímar í viku – Brennsla og styrkur
- 3 öflugir brennslutímar
- 2 styrktartímar í sal
- Vikulegar mælingar
- Ítarleg næringarráðgjöf
- Fyrirlestur – Borðaðu til að léttast og auka orkuna
- Slökun og herðanudd eftir hverja æfingu
- Takmarkaður fjöldi
- **6:30, 7:30, 10:00, 16:30** og **18:30**
- **Þjálfari er Gunnar Már Sigfússon**

1. vika – Orkuhleðsla
Í fyrstu vikunni byggir þú upp orku og kemur líkamanum í jafnvægi.
2. vika – Öflug melting – Aukin brennsla
Í viku tvö er verið að efla og bæta meltinguna til að þú fáir sem mest út úr holla matnum sem þú ert að borða.
3. vika – Hormóna jafnvægi – Hreinsun
Þriðja vikan mun koma jafnvægi á hormónaflæði líkamanns sem mun hafa áhrif á skap þitt, lífsorku og kraft.
4. vika – Ónæmiskerfi eflt – Jafnvægi
Í viku fjögur byggjum við upp ónæmiskerfið og hjálpum því að verja líkamann á náttúrulegan hátt.



Ertu að glíma við:
- Mataróþol
- Matarfíkn og sykurlöngun
- Maga- og ristilvandamál
- Verki og bólgur í liðum
- Streitu, þreytu og svefnleysi
- Þunglyndi
- Aðra lífsstílssjúkdóma

28 daga hreinsun NORDICASPA
með mataræði og hreyfingu
Síðasta námskeið fyrir jól

- **Fimm tímar í viku – hreinsun, liðleiki og styrkur**
- 3 tímar – jóga, liðleiki og öndun
- 2 tímar – léttar styrktaræfingar í tækjasal
- **Tímar: 17:20 mán/mið/fös.**
- **Þjálfari er Sigríður Guðjohnsen**

Á námskeiðinu hreinsum við líkamann af óæskilegum eiturefnum, aukum getu hans til að vinna rétt úr fæðunni, aukum liðleika og styrk og komum þér af stað í nýjan lífsstíl!

Bæði námskeiðin hefjast 8. nóvember
Fyrirlestur 6. nóvember
Verð kr. 34.900
Skráning er hafin í síma 444-5090
eða nordicaspa@nordicaspa.is

NORDICASPA
WWW.NORDICASPA.IS

Búningar á bókasafninu

Sunnudagar eru Barnadagar á bókasafninu í Gerðubergi. Á morgun eru krakkar velkomnir í grímubúningum og milli klukkan 14 og 15 verður hrekkjavökustemming með tónlist og dansi.

„Þetta verður í rauninni annar öskudagur en við viljum hvetja krakka til að fara aftur í öskudagsbúningana og heimsækja okkur hingað á bókasafnið," segir Juraté Akuceviciuté, bókavörður á Borgarbókasafninu í Gerðubergi, en á morgun verður létt hrekkjavökustemming í bókasafninu klukkan 14.

„Hér verður spiluð tónlist og hægt að syngja og dansa og við bjóðum upp á hrekkjavökumyndir fyrir krakkana að lita. Foreldrar eru líka velkomnir í búningum en dagskráin verður frekar laus í reipunum hjá okkur þennan daginn," segir Juraté en þetta er í fyrsta skipti sem bókasafnið bryddar upp á einhverju kringum Hrekkjavökuna.

Sunnudagar eru þó alla jafna barnadagar á bókasafninu og er skipulögð dagskrá eftir hádegið, milli klukkan 14 og 15.

„Sóla sögukona var til dæmis hjá okkur síðasta sunnudag með bókabílinn Æringja og sagði sögur. Við höfum fengið rithöfunda til að lesa upp úr verkum sínum og til að mynda kom Gerður Kristný um daginn og las."

Sunnudagar eru barnadagar í bókasafninu í Gerðubergi. Á morgun verður hrekkjavökustemming og allir krakkar velkomnir í búningum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILLI

Pólsk-íslenska barnabókin Þankagangar eftir Völu Þórsdóttur verður kynnt og lesin sunnudaginn 7. nóvember. Bókina myndskreytti Agnieszka Nowak og verða þær Vala báðar á staðnum. „Þann sunnudag verður dagskráin lengri hjá okkur en Vala og Agnieszka verða með ókeypis námskeið fyrir krakka, í teikningu og sagnagerð, milli klukkan 13.30 til 16."

Í tengslum við Afríkuþema sýningar í Gerðubergssafni ætlar myndlistarkonan Kristín Arngrímsdóttir að heimsækja bókasafnið 14. nóvember og föndra með krókkunum Afríkuföndur. 21. nóvember verður krakkabíó en 28. nóvember verður síðasti barnadagurinn fyrir áramót.

„Þá fáum við til okkar Björn Finnsson frá Origami Ísland til að sýna og kenna krökkunum origami. Við viljum endilega hvetja ekki bara Breiðholtsbúa heldur alla borgarbúa til að líta til okkar á bókasafnið á sunnudögum og hlökkum til að sjá sem flesta í búningum á morgun."

heida@frettabladid.is

Uppskeru fagnað

Íbúar og gestir Skaftárhrepps halda upp á það um helgina að uppskera gjöfuls sumars er komin í hús.

Rannveig Bjarnadóttir

„Morgunkaffi á Hótel Laka er fyrsta atriði dagsins og í framhaldi af því er upplagt að kíkja í flott fjós í Efsta-Hrauni í Landbroti áður en brunað er upp að Hótel Geirlandi. Þar er gönguferð með leiðsögn á dagskrá og kjörið að skoða hið myndarlega fjárhús í Mörk í leiðinni. Á eftir er boðið upp á kraftmikla kjötsúpu." Þannig byrjar Rannveig Bjarnadóttir, formaður menningarmálanefndar Skaftárhrepps, að lýsa því sem eftir er af uppskeruhátíð á Kirkjubæjarklaustri og nágrenni.

Nýr veitingastaður, Munkakaffi, verður prufukeyrður í dag í gömlu kaupfélagsversluninni á Klaustri og Rannveig mælir líka með heimsókn í Handverksbúðina og á myndlistar- og handverkssýningu í Kirkjuhvoli. Kórsöngur verður í Kirkjuhvoli síðdegis þar sem Söngfélag Skaftfellinga í Reykjavík tekur þátt í hátíðahöldunum og í kvöld verður uppskeruveisla á Hótel Klaustri. „Aðalballið var í gær en ég veit að nokkrir góðir spilarar eru tilbúnir með nikkurnar í kvöld," lýsir Rannveig.

Á morgun klukkan tvö er komið að uppskeru- og þakkarmessu í Prestsbakkakirkju með þremur kórum og á eftir er boðið í súpu úr gómsætum rófum frá Maríubakka í félagsheimilinu á Klaustri. Lokaatriðið er svo uppboð á alls kyns matvælum, munum og þjónustu sem fólk hefur gefið til ágóða fyrir Krabbameinsfélag Vestur-Skaftafellssýslu. Þar heldur Karl Rafnsson hótelstjóri á hamrinum og slær hæstbjóðendum það sem falt er í ár.

- gun

„Fyrsta uppskeruhátíðin okkar var í fyrra og hún tókst mjög vel," segir Rannveig Bjarnadóttir, matráður og formaður menningarmálanefndar Skaftárhrepps.
MYNDIR/INGIBJÖRG EIRÍKSDÓTTIR

Kynning

Share kringlunni
Esprit úlpa
St. 36-44
Verð 34.990

Share Kringlunni
Soya úlpa
St s-xxxL
Verð 16.490

Share Kringlunni
Esprit Úlpa
St. S-xxxL
Litir grátt svart
Verð 22.490

Share Kringlunni
Esprit úlpa
St. 36-44
Litir svart og blátt
Verð 32.490

Hjá Hrafnhildi
Lebek ullarkápa
Stærðir 38 – 50
Verð 36.900 kr

Hjá Hrafnhildi
Apriori úlpa
Stærðir 36 – 46
Verð 39.800 kr

Topphúsið
Mörkini 6
St. 38-46
Verð 61.300

Topphúsið
Mörkini 6
St. 42-52
Litir rauð /blá /svört
Verð 38.900

BÍLAR & FARATÆKI

ÍSPARTAR VÉLAVIT



Kerra Lark árg.2006 2ja Öxla , Burðargeta 2.500 kg. Verð kr.1.450.000 Upplýsingar S:527-2600

Nissan Vanetta árg 1999. Ekin 157.000 skoðaður 11. Verð kr.380.000 Upplýsingar S:527-2600

LandRover Freelander Árg.2000 ekin 108.000 km Beinskiftur,bensín Verð kr.690.000 Skoðaður 11. Upplýsingar S:527-2600

MMC Pajero árg.10/1998 Beinskiftur, 2,8 TDI , ekin 168.000 km Skoðaður 09/11 Verð kr.820.000 Upplýsingar S:527-2600

Ísspartar - Vélavit

BÍLALIND.IS

SUZUKI SWIFT GLX. 06/2007, ekinn 80 þ.km, SJÁLFSKIPTUR Verð 1.690.000. #320295 Bíllinn er á staðnum, snöggur!



HONDA ACCORD SEDAN SPECIAL EDITION. 10/2007, ekinn 38 þ.km, sjálfskiptur, vinskeið ofl. Tilboðsverð 2.490.000. #282233 Bíllinn er á staðnum, flottur!

MUSTANG HEAVY RACING nýtt ónotað fjórhjól, 300cc, 5 gírar. Verð 599.000. #282114 Hjólið er í salnum súperflott!

TOYOTA LAND CRUISER 90 VX 38". 06/1998, ekinn 226 þ.km, diesel, sjálfskiptur. Verð 2.350.000.#320361 - Bíllinn er á staðnum, vígalegur!

Bílalind
Funahöfði 1, 110 Reykjavík
Sími: 5808900
Hlökkum til að sjá þig :)
www.bilalind.is

STÓRA BÍLASALAN



Land Rover Discovery 3 SE DIESEL

Árgerð 9/2005, ekinn 130þ.km, glæsilegt eintak! Verð 3.990.000kr! Bíllinn er á staðnum. Raðnúmer 151133. Sjá nánar á www.stora.is. Vegna góðrar sölu undanfarið bráðvantar okkur allar gerðir bíla á skrá og á svæðið til okkar. ATH það er FRÍTT að skrá bílinn hjá okkur.

Stóra bílasalan
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
Myndeftirlit á plani
http://www.stora.is

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast

TOYOTA 4RUNNER. Árgerð 1993, ekinn 191 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 460 Bíll í Toppstandi Rnr.152302 kíktu í kaffi

Höfðabílar
Fosshals 27, 110 Reykjavík
Sími: 577 4747
Óskum eftir bílum á staðinn og á skrá.
www.hofdabilar.is

ib.is
IB ehf. Selfossi

Chevrolet Silverado 2500 Duramax diesel Árgerð 2007 ekinn 50 þús. Næsta skoðun 2011, Verð 5.480.000.- Bíll í sérflokki. Sjá nánar á ib.is

Toyota Land Cruiser 120 GX diesel sjálfsk. Árgerð 2003 ekinn 142.000. km Næsta skoðun 2011 Verð kr. 3.500.000.- Sjá nánar á ib.is

BMW 525 station diesel sjálfsk. Árgerð 2002 ekinn 142.000. km Næsta skoðun 2011 Verð Kr 1.980.000.- Sjá nánar á ib.is



Chevrolet Silverado 1500 LTZ Árgerð 2007 ekinn 81.000.km Næsta skoðun 2011 Verð kr. 3.990.000.- Sjá nánar á ib.is

IB ehf
Fossnes A, 800 Selfoss
Sími: 480 8080
Getum bætt við bílum á söluskrá
www.ib.is

HEIMS BÍLAR

ISUZU D-MAX árg 2010, ek. 6þ km, NÝR BÍLL,hraðastillir, álfelgur, o.fl. ásett verð kr. 4.290þ, möguleiki á láni upp á 2.950þ, skoðar skipti á ódýrari, uppl. í síma 567-4000

Lexus RX 300 árg 11/2002, ek 111þ, leður, hraðastillir, hiti í sætum topplúga, o.fl. sumar og vetrardekk á álfelgum, ásett verð 2.690þ, TILBOÐ 2.190Þ, seljandi skoðar skipti á ódýrari, frekari uppl í s'. 567-4000

Heimsbílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5674000
http://heimsbilar.is

567 2277 NÝJA BÍLAHÖLLIN

Lygilega lág sölulaun :)

Verðbil 0-1.000.000 = 28.900 m/öllu!

567 2277 NÝJA WWW.NYJA.IS BÍLAHÖLLIN

Nyja.is • S. 567 2277

Nýja bílahöllin
Eirhöfða 11, 110 Rvk.
Sími: 567 2277
www.nyja.is

Bílar til sölu

M.Benz 200 árg 1984. Ek. Aðeins 159 þ.km. Mjög gott eintak. S. 897 8597.

Húsavíkurtröllið til sölu. Ford Bronco árg. ,74. 460 big block. 44", C6 sk. Of mikið til að telja upp. V. 1,5. Uppl. í s. 891 6647.

Jeep Grand Cherokee Limited 2001

4.0L 6 cyl. Ásett verð 1.090.000. Verð staðgreitt aðeins kr. 840.000. Ekinn 106.000 Mílur. Uppl. í síma 696 6202.

Ford Galaxy árg. 2003, 2.l, 7manna, ek. 119.000km. Verð 900þ. Sími 693 2991.

Subaru Impresa 2.l ssk. ek.49.000 km árg.2006 ný dekk, verd 1.700.000 kr. Simi 693 2991.

Til sölu Renault Clio árg. ,98 sk. V. 250 þús. S. 893 5517.

Corvette árg 1980 til sölu Ný upt. vél heit og góð. Ný innrétting,ný sprautaður,nýjar felgur, eins og nýr bíll. Verð 3.300.000 uppl. í síma 896 5458.

M. Benz ML 270CDI skr. 8/2005. Sparneytinn Dísel með mikið af aukabúnaði. Vel með farinn og hefur farið í allar þjónustuskoðanir. S. 893 2878.

Til sölu

MAN H29 - 26.480 BLS 6X4 árgerð 2005

MAN H29 - 26.480 BLS 6X4 árgerð 2005 dráttarbíll til sölu á uppboðsvef hjá Krók Bilauppboði. Bíllinn er til sýnis hjá Krók Bílauppboð ehf Suðurhrauni 3 Garðabæ.

Tilboð skulu berast á uppboðsvef (bilauppbod.is) í síðasta lagi 3.11.2010 um kl. 20.00 sjá nánari tímasetningu á vefnum. (Ath vsk reikningur fylgir.)

Toyota 4Runner árg. ,93. Ek. 190 þús. Athuga skipti S. 844 7851.

Nissan Almera árg'01, ek. 193 þús.5g, 5d. Bíll í toppstandi, mikið endurnýjaður færst á 480þ. stgr. S. 894 2175.

Volvo XC90 T6 nóv ,04 ekinn 62 þús. sjálfsk. sk. ,11. Konubíll hlaðinn aukabúnaði, EINS OG NÝR, vetrar/sumard. Ekkert áhvílandi. Verð 3.890. S. 772 4515.

Nissan Almera 12-'00 ek. 164 þús., beinsk., 3ja d., sk. ,11, ný dekk. Mikið endurnýjaður. Verð 510 þús. S. 772 4515.

Mazda B2500 Turbo Interc. ,00. Ek. 230þ. Í toppstandi. Skoða öll skipti. V. 850þ. S. 899 6850.

Ford Ranger XLT ek.250 þús. Góður bíll. Verðhugmynd 3.350 þús. Uppl. í s. 899 3063.

Land Cruiser VX 120 DIESEL sjálfsk. sk. ,11 ekinn 188 þús., sóllúga, krómgrind-kastarar. Ný negld vetrar/sumard. Áhvílandi 2,9. Verð 3,9 m. S. 772 4515.

Pontiac Grand Prix árg'04. Ek.88 þús. Bíll með öllu. Sprækur og eyðslugrannur. Uppl. í s. 867 1414.

Jeep Grand Cherokee 1996 til sölu. Ek. 224þ.km. Grænn, V8, 213 hö. Nýsk. Góð dekk. Fallegur bíll. Verð 400þ. Uppl. í s. 898 9817.

-Tækifæri-

Fallegur Subaru Legazy, sjálfsk. árg. ,05 300þ. + yfirtaka 1160þ. - 34þ. á mán. Sk. ,11, e. 130þ. - flottar felgur og dekk. Upplýsingar í síma 894 1057.

Renault Laguna, árg. 11-05, ek. aðeins 39 þús. 90% ísl. lán ca. 1700 þús. afb. 40 þús. á mán. Leður, sjálfsk. toppeintak. S. 698 3510.

Volvo XC 90 2.5 T ,04 ekinn 60 þús. sk. ,11 sjálfsk. Hlaðinn aukabúnaði, framhjóladrifinn. Eyðir 11-12 ltr. innanbæjar. Áhvíland 2,6 m. Verð 3.4 S. 772 4515.

Til sölu Suzuki Grand Vitara árg.'98. ek. 162þús. Sumar / vetradekk. Engin skipti, v. 600 þús. Uppl. í s. 866 3309.

Get útvegað þennan bíl frá Þýskalandi fyrir 15.500 evrur, fob. Upplagður sem viðgerða- og tækjabíll fyrir verktaka eða hjálparsveitir, með 15 kW rafstöð, ljósamastri, spili o.fl. Ekinn 20.000 km. Nánari uppl. í s. 897 3015.

Subaru Forester 1998. Bensín. Ekinn 203þ. Nýskoðaður, Sjálfskiptur. Góður bíll. Verð 400þ. S. 862 9003.

Þjónusta

BÍLAÞJÓNUSTAN BILAÐI BÍLLINN
Skógarhlíð 10 – 105 Reykjavík
Sími **445 5562** - Gsm **615 2562**

Bjóðum upp á bón og smáviðgerðir.
Einnig aðstöðu fyrir þig til að gera við sjálfur.

Tökum einnig að okkur að gera við
BREMSUVIÐGERÐIR---BREMSUKLOSSAR
SPINDILKÚLUR---STÝRISENDA
RAFGEYMA---ALLAR PERUR
BÍLAÞVOTTUR OG BÓN

TILBOÐ Á ALÞRIF Í OKTÓBER OG NÓVEMBER
Alþrif fyrir fólksbíl Litla **7.900 kr. nú 5.900 kr.**
Alþrif fyrir fólksbíl **9.900 kr. nú 7.900 kr.**
Alþrif fyrir jepplinga **11.900 kr. nú 9.900 kr.**

ÓDÝR OG GÓÐ ÞJÓNUSTA
OPIÐ FRÁ 10.00 – 22.00 ALLA DAGA

HÖFÐATORG.

UMSJÓNARMAÐUR FASTEIGNA

Höfðatorg leitar að umsjónarmanni fasteignar fyrir 19 hæða skrifstofubyggingu og sameiginleg rými með blandaða starfsemi. Umsækjandi þarf að hafa ríka þjónustulund, góða tölvukunnáttu og þekkingu á notkun skjámyndakerfa sem vakta hússtjórnarkerfi, myndavélakerfi, aðgangskerfi o.fl.

HELSTU VERKEFNI:

Umsjón með viðhaldi sem tengist sameign og geta til að leysa einföld viðhaldsmál.

Umsjón með viðhalds- og þjónustusamningum hinna ýmsu kerfa byggingarinnar.

Umsjón með þrifum á sameign og gluggakerfi.

Samskipti við hússtjórn og rekstraraðila byggingarinnar. Brunaæfingar með leigutökum og mánaðarlegt öryggiseftirlit.

Samskipti milli leigutaka og verktaka vegna byggingar- og viðhaldsverkefna.

Umsóknum skal skilað fyrir 8. nóvember á postur@hofdatorg.is

Umboðsmaður skuldara

Embætti umboðsmanns skuldara óskar eftir að ráða í eftirfarandi störf

Lögfræðinga til að annast lögfræðiráðgjöf til einstaklinga í skuldavanda og hafa umsjón með greiðsluaðlögun, úrvinnslu erinda, samningagerð og eftirfylgni verkefna þeirra sem umboðsmaður skuldara ber ábyrgð á.

Hæfniskröfur eru BA próf í lögfræði, en embættispróf og/eða meistarapróf í lögfræði er kostur. Marktæk reynsla af sambærilegu er nauðsynleg. Áhersla er lögð á skipulögð og fagleg vinnubrögð, frumkvæði og sjálfstæði í starfi auk hæfni í mannlegum samskiptum.

Skrifstofufólk til að sinna forvinnslu, upplýsingaöflun og skráningarvinnu auk annarra fjölbreytilegra starfa fyrir lögfræði-, rekstrar- og ráðgjafarsvið embættisins.

Hæfniskröfur eru marktæk reynsla af skrifstofustörfum, haldgóð tölvuþekking, nákvæmni og skipulögð vinnubrögð. Stúdentspróf er kostur.

Móttökuritara til að annast símaþjónustu, upplýsingagjöf, gagnaskráningu, móttöku og önnur dagleg störf við móttökuborð embættisins.

Hæfniskröfur eru marktæk reynsla af sambærilegum störfum, góð tungumálakunnátta, þægileg framkoma og skilvís vinnubrögð.

Skjalastjóra til að sinna og hafa umsjón með skjalasafni embættisins og því sem tilheyrir.

Hæfniskröfur eru BA próf í bókasafns- og upplýsingafræði og marktæk reynsla af sambærilegu. Áhersla er lögð á fagmannleg vinnubrögð.

Umsóknarfrestur er til og með 15. nóvember nk. Vinsamlega sendið umsóknir ásamt upplýsingum um menntun, prófgögn og fyrri störf til STRÁ MRI, netfangið: stra@stra.is. Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um störfin. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningar hefur verið tekin.

Guðný Harðardóttir, hjá STRÁ MRI, veitir nánari upplýsingar um störfin í síma 588 3031, sjá nánar **www.stra.is**.

Embætti umboðsmanns skuldara er ríkisstofnun sem tók til starfa 1. ágúst sl. Stofnunin heyrir undir félags- og tryggingamálaráðherra og skal gæta hagsmuna og réttinda skuldara sem kveðið er á um í lögum.

www.stra.is

STRÁ MRI WORLDWIDE

Capacent Ráðningar

FRAMKVÆMDASTJÓRI

FJARSKI -traust fjarskiptasamband

Fjarski ehf. er dótturfélag Landsvirkjunar og hefur það hlutverk að eiga og reka fjarskiptakerfi sem nýtt er til fjarstýringa og fjarvöktunar raforkukerfisins.

Fjarski leitar að öflugum einstaklingi til að sinna starfi framkvæmdastjóra fyrirtækisins.

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Stjórn á daglegum rekstri fyrirtækisins
- Ábyrgð á áætlanagerð og fjármálum fyrirtækisins
- Ábyrgð á gæðastefnu og gæðamálum fyrirtækisins
- Stefnumótun varðandi uppbyggingu fjarskiptakerfa fyrirtækisins
- Samningagerð vegna nýrra fjarskiptakerfa
- Mannaforráð og ábyrgð á frammistöðu og þjálfun starfsmanna

Menntunar- og hæfniskröfur

- Verk- eða tæknifræðingur með víðtæka reynslu og þekkingu á fjarskiptasviði
- Reynsla af stjórnunarstörfum, áætlanagerð og fjármálum fyrirtækja
- Frumkvæði og leiðtogahæfileikar
- Reynsla af hönnun, uppsetningu og rekstri fjarskiptakerfa
- Hæfni í skipulagningu flókinna verkefna
- Starfið krefst mikilla samskiptahæfileika og þjónustulundar auk getu til að semja fyrir hönd fyrirtækisins

Umsjón með starfinu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 11. nóvember nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

ERT ÞÚ BIFVÉLAVIRKI EÐA VÉLVIRKI OG LANGAR AÐ VINNA Á ÚRVALS VINNUSTAÐ Í NÝJU OG GLÆSILEGU HÚSNÆÐI Á HESTHÁLSI?

Strætó bs. leitar að afkastamiklum og áhugasömum starfsmanni á verkstæði við viðgerðir á strætisvögnum.

Strætó bs. er byggðasamlag í eigu sjö sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Hlutverk þess er að sinna almenningssamgöngum á höfuðborgarsvæðinu.

Hjá fyrirtækinu starfa um 200 manns auk undirverktaka. Gildi Strætó eru stundvísi, áreiðanleiki, fagmennska og gæði. Ætlunarverk Strætó er að bjóða hagkvæmar en fjölþættar og umhverfisvænar almenningssamgöngur á þjónustuvæði sínu til þeirra íbúa sem það kjósa.

Í boði er:
- Skilvirkt vaktakerfi virka daga og eina helgi í mánuði
- Fyrirmyndar starfsaðstaða
- Metnaðarfullt og gott vinnuumhverfi
- Miklir möguleikar í starfi
- Fagþekking og krefjandi verkefni
- Næg vinna

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Áhugi og þekking á stórum bílum og/eða tækjum er skilyrði
- Starfsreynsla af viðgerðum og viðhaldi er æskileg
- Sveinspróf í bifvéla- eða vélvirkjun er æskileg
- Aukin ökuréttindi eru kostur
- Almenn tölvukunnátta er kostur
- Enskukunnátta er kostur
- Frumkvæði, skipulag og hæfni við að tileinka sér nýjungar
- Lipurð í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar veitir Jóhannes Jóhannesson, sviðsstjóri Rekstrarsviðs, sími 540 2700, netfang: joi@straeto.is

Umsóknir sendist á Strætó bs., Hesthálsi 14, 110 Reykjavík eða með tölvupósti til Jóhannesar.

Umsóknarfrestur er til 8. nóvember 2010.

Ef þig langar að starfa eftir þessum gildum og taka þátt í því góða starfi sem á sér stað innan Strætó bs. hvetjum við þig til að sækja um.

Borgun er framsækið fjármálafyrirtæki sem hefur sérhæft sig í öruggri greiðslumiðlun í 30 ár.
Við leitum að kraftmiklum og drífandi einstaklingum í Fyrirtækjaþjónustu og á Markaðssvið.

Viðskiptastjóri í Fyrirtækjaþjónustu

Helstu verkefni:
- Viðskiptastjórnun (CRM)
- Sala á vörum og þjónustu
- Stýring verkefna, umsjón og eftirfylgni við innleiðingu nýrrar þjónustu
- Almenn samskipti og þjónusta við viðskiptavini

Menntun og hæfniskröfur:
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af viðskiptastjórnun er æskileg
- Framúrskarandi þjónustulund og samskiptahæfileikar
- Skipulögð og nákvæm vinnubrögð
- Sjálfstæði í starfi og hæfni til að vinna undir álagi

Sérfræðingur á Markaðssviði

Helstu verkefni:
- Skipulagning markaðsherferða
- Textagerð í kynningarefni
- Umsjón með ytri og innri vef
- Samskipti við auglýsingastofu
- Umsjón með viðburðum á vegum Borgunar

Menntun og hæfniskröfur:
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Mjög gott vald á íslenskri tungu
- Reynsla af textagerð er skilyrði
- Frumkvæði og hugmyndaauðgi
- Sjálfstæð vinnubrögð og færni í samskiptum
- Góð tölvukunnátta

Nánari upplýsingar um störfin veitir:
Anna Rut Þráinsdóttir
starfsmannastjóri
art@borgun.is – sími 560 1579

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu okkar, **www.borgun.is**. Umsóknarfrestur er til og með **14. nóvember** næstkomandi.

BORGUN
AUÐVELDAR VIÐSKIPTI

Ármúla 30 • 108 Reykjavík
Sími 560 1600 • www.borgun.is

Capacent Ráðningar

VERKEFNASTJÓRI HÖRPU

HARPA
TÓNLISTAR- OG RÁÐSTEFNUHÚSIÐ Í REYKJAVÍK

Rekstrarfélagið Ago ehf. mun sjá um rekstur Hörpu: Tónlistar- og ráðstefnuhússins í Reykjavík. Ago er dótturfélag Portus sem sér um byggingu hússins. Eignarhaldsfélagið er Austurhöfn-TR ehf. sem er í eigu ríkis og Reykjavíkurborgar.

Rekstrarfélagið Ago ehf. auglýsir laust til umsóknar starf verkefnastjóra viðburða í Hörpu Tónlistar- og Ráðstefnuhúsins í Reykjavík.
Leitað er að hugmyndaríkum, metnaðarfullum og drífandi einstaklingi sem hefur áhuga á að starfa í fjölbreyttu og krefjandi starfsumhverfi.
Verkefnastjóri starfar í teymi verkefnastjóra á sviði tónlistar- og ráðstefnuhalds, þar sem hver hefur sitt svið, en allir vinna saman að verkefnum þegar þörf er á. Viðkomandi skipuleggur vinnu við undirbúning og framkvæmd verkefna á sviði tónlistar,- ráðstefnu- og fundarhalda í Hörpu. Viðkomandi verkefnastjóri þarf að hefja störf eftir samkomulagi við undirbúning ofangreindra verkefna. Verkefnastjóri er í fullu starfi og getur vinnutími verið mjög óreglulegur. Verkefnastjórinn heyrir undir tónlistarstjóra.

Starfssvið
- Undirbúningur og umsjón tónlistarviðburða, einkum á sviði rafmagnaðrar tónlistar
- Vinna við útfærslu á dagskrár í samstarfi við viðburðahaldara og tónlistarstjóra
- Samstarf við ýmsa notendur í Hörpu
- Gerð tilboða og samninga í samráði við tæknistjóra Hörpu
- Áætlanagerð, kynningar og undirbúningur með viðburðahöldurum
- Dagleg verkefnastjórn eftir að húsið opnar
- Önnur verkefni sem tónlistarsstjóri felur viðkomandi

Menntunar- og hæfniskröfur
- Umfangsmikil reynsla af tónleika og viðburðahaldi
- Góð menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af samningagerð og rekstri
- Reynsla af stjórnun og mannahaldi
- Góð tengsl við tónlistarmenn og innsýn í margar tegundir tónlistar
- Reynsla af erlendum samskiptum
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta, færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Góðir samskiptahæfileikar, frumkvæði og metnaður til að ná árangri
- Góð tölvukunnátta

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 15. nóvember nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

STÖÐVARGÆSLA Í FLJÓTSDALSSTÖÐ

Landsvirkjun

Landsvirkjun er helsti raforkuframleiðandi á Íslandi, fyrirtæki sem leggur grunn að nútíma lífsgæðum og starfar af ábyrgð í anda sjálfbærrar þróunar. Landsvirkjun styðst við fjölbreytt rannsóknarstarf á sviði náttúruvísinda, verkfræði og orkumála. Fyrirtækið vill vera í fararbroddi í framsækinni stjórnun og leggur áherslu á jafnrétti og tækifæri til starfsþróunar. Hjá Landsvirkjun og dótturfélögum starfa rúmlega 300 manns með fjölbreytta menntun.

Landsvirkjun óskar eftir að ráða starfsmann til stöðvargæslu við Fljótsdalsstöð og veitumannvirki hennar. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem allra fyrst. Fljótsdalsstöð heyrir undir aflstöðvadeild á orkusviði Landsvirkjunar. Starfsstöð viðkomandi starfsmanns verður í þjónustubyggingu í Fljótsdal undir Valþjófsstaðafjalli.

Æskileg starfsreynsla:
- Störf við aflstöðvar og raforkuvirki
- Uppsetning og forritun iðntölva og/eða skjámyndakerfa
- Rekstur og viðhald loft-, kæli-, vökva- og rafkerfa
- Reynsla af verkefnum þar sem gæða- og öryggisstjórnunar hefur verið krafist

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Iðn- og/eða tæknifræðimenntun á rafmagnssviði
- Góð almenn tölvukunnátta
- Aðlögunarhæfni og hæfni til þess að tileinka sér nýjungar
- Frumkvæði, skipulag og sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni til kynningar á starfi og starfsumhverfi
- Lipurð í mannlegum samskiptum

Í boði er:
- Fyrirmyndar starfsaðstaða
- Metnaðarfullt og faglegt vinnuumhverfi
- Tækifæri til starfsþróunar
- Orkuríkasti vinnustaður landsins

Við hvetjum konur jafnt sem karla til þess að sækja um starfið.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 11. nóvember nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfi.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

KÍKTU Á WWW.CAPACENT.IS

capacent

Eignastýring og Einkabankaþjónusta

Landsbankinn

Laus eru til umsóknar störf forstöðumanns Eignastýringar þriðja aðila og forstöðumanns Einkabankaþjónustu Landsbankans.

Eignastýringarsvið annast almenna og sérhæfða eignastýringu fyrir viðskiptavini Landsbankans. Innan Eignastýringarsviðs starfa þrjár deildir. Eignastýring þriðja aðila sem sér um eignastýringu fyrir lífeyrissjóði, fyrirtæki, stofnanir og aðra lögaðila; Einkabankaþjónusta, sem veitir einstaklingum víðtæka fjármálaþjónustu sniðna að þörfum efnameiri einstaklinga og Fjármálaráðgjöf sem veitir einstaklingum ráðgjöf varðandi lífeyrissparnað og verðbréfamarkaðinn.

Forstöðumaður Eignastýringar þriðja aðila

Helstu verkefni:

- Uppbygging og stýring Eignastýringar þriðja aðila
- Þjónusta og samskipti við viðskiptavini, tilboðs- og samningsgerð
- Sérfræðiráðgjöf til viðskiptavina um mótun fjárfestingastefna
- Stýring fjárfestingarráðs og ákvarðanataka varðandi fjárfestingar
- Greining markaða og fjárfestingakosta
- Frumkvæði og þátttaka í liðsvinnu
- Þátttaka í þeim markmiðum sem bankinn hefur sett sér

Hæfniskröfur og eiginleikar:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Próf í verðbréfaviðskiptum
- Reynsla og góð þekking á starfsemi eignastýringar
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og fagmennska í starfi
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Gott vald á íslensku og ensku

Forstöðumaður Einkabanka-þjónustu

Helstu verkefni:

- Uppbygging og stýring Einkabankaþjónustu Landsbankans
- Þjónusta og samskipti við viðskiptavini Einkabankaþjónustu
- Sérfræðiráðgjöf til viðskiptavina um myndun eignasafna
- Vöktun eignasafna og ráðgjöf um breytingar
- Greining markaða og fjárfestingakosta
- Frumkvæði og þátttaka í liðsvinnu
- Þátttaka í þeim markmiðum sem bankinn hefur sett sér

Hæfniskröfur og eiginleikar:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Próf í verðbréfaviðskiptum
- Reynsla og góð þekking á starfsemi eignastýringar
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og fagmennska í starfi
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Gott vald á íslensku og ensku

Nánari upplýsingar veita:

Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir, framkvæmdastjóri Eignastýringar, sími 410-6623, og Baldur G. Jónsson, mannauðsstjóri sími, 410-7904.

Umsókn fyllist út á vef bankans, www.landsbankinn.is, merkt „Forstöðumaður Eignastýringar" eða „Forstöðumaður Einkabankaþjónustu".

Umsóknarfrestur er til og með 7. nóvember 2010.

www.vinna.is

vinna.is
sími: 511 1144

Wilson's PIZZA

Óskum eftir að ráða starfsmenn í eftirfarandi stöður:

A **Pizzabakara** - reynsla skilyrði
B **Pizzasendil**
C **Verslunarstjóra**

Vinsamlegast sendið ferilskrá á **atvinna@wilsons.is** og taka þar fram hvaða starf er sótt um.

GNOÐARVOGI 44 - EDDUFELLI 6 - ÁNANAUSTUM 15

REYKJALUNDUR endurhæfing

Laus staða hjúkrunar-fræðings á næturvaktir

Reykjalundur endurhæfingarmiðstöð SÍBS auglýsir lausa stöðu hjúkrunarfræðings á 80% næturvaktir. Um er að ræða afleysingarstöðu til eins árs og er staðan laus nú þegar eða samkvæmt nánara samkomulagi.

Umsækjandi þarf að hafa starfsleyfi sem hjúkrunar-fræðingur á Íslandi.

Laun greiðast samkvæmt kjarasamning Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og fjármálaráðherra.

Umsóknir berist til Láru M. Sigurðardóttur, framkvæmda-stjóra hjúkrunar (laras@reykjalundur.is) sem jafnframt veitir upplýsingar um starfið.

Umsóknarfrestur er til og með 7. nóvember nk.

Umsóknarform og upplýsingar um Reykjalund má finna á heimasíðunni **www.reykjalundur.is**

Á Reykjalundi er unnið í þverfaglegum teymum. Krafist er góðrar hæfni í mannlegum samskiptum, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.

EFNAHAGS- OG VIÐSKIPTARÁÐUNEYTIÐ

Sérfræðingur

Í efnahags- og viðskiptaráðuneytinu eru lausar til umsóknar tvær stöður sérfræðinga til tveggja ára á skrifstofu efnahagsmála m.a. til að sinna rannsóknum á stöðu skuldugra heimila og fyrirtækja í kjölfar efnahagshrunsins.

Undir skrifstofuna heyra m.a. hagfræðilegar athuganir, eftirfylgni við efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar, umsjón með efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, málefni Seðlabanka Íslands og Hagstofu Íslands og samskipti við alþjóðastofnanir á sviði efnahagsmála.

Í báðum tilvikum er að ræða fullt starf og æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Laun greiðast samkvæmt kjarasamningi FHSS og fjármálaráðherra.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í hagfræði, viðskiptagreinum eða tölfræði.
- Þekking og reynsla á sviði tölfræði- og upplýsingavinnslu æskileg.
- Frumkvæði, skipulögð vinnubrögð og sjálfstæði í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Gott vald á talaðri og ritaðri íslensku
- Góð kunnátta í ensku skilyrði og kunnátta í einu Norðurlandamáli æskileg

Nánari upplýsingar veitir Björn Rúnar Guðmundsson skrifstofustjóri í efnahags- og viðskiptaráðuneytinu. Umsóknarfrestur er til og með 13. nóvember nk.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Erum við að leita að þér?

Actavis er alþjóðlegt fyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun, framleiðslu og sölu hágæðasamheitalyfja. Fyrirtækið er með starfsemi í 40 löndum. Hjá Actavis á Íslandi starfa yfir 700 starfsmenn á ýmsum sviðum.

Sérfræðingur í pökkunardeild

Í pökkunardeild Actavis hf. starfa 90 starfsmenn við lyfjapökkun, skjalavinnslu, tækniaðstoð og gæðamál. Þar er töflum og hylkjum pakkað í þynnur og glös undir ströngu gæðaeftirliti sem sérfræðingar deildarinnar hafa umsjón með.

Helstu verkefni:
- Afgreiðsla frávika
- Viðvera og aðstoð við að leysa gæðavandamál
- Gerð skriflegra leiðbeininga og staðfestingarskjala
- Eftirlit með framleiðsluháttum
- Þátttaka í innri úttektum og óreglubundnu eftirliti
- Úrbætur á ferlum deildarinnar

Við leitum að einstaklingi:
- með háskólamenntun á sviði raunvísinda eða sambærilega menntun
- sem sýnir sjálfstæði og metnað í starfi
- með góða samskiptahæfni og frumkvæði
- með góða ensku- og tölvukunnáttu
- með áhuga á flóknum vélbúnaði (kostur)

Sérfræðingur - Customer Service

Medis er eitt af dótturfyrirtækjum Actavis Group og annast sölu á lyfjum og lyfjahugviti fyrir samstæðuna til annarra lyfjafyrirtækja sem selja lyf undir eigin vörumerkjum. Á meðal viðskiptavina Medis eru öll stærstu samheitalyfjafyrirtæki í Evrópu.

Customer Service sér um samskipti við erlenda viðskiptavini vegna vörusölu. Í því felst móttaka, afgreiðsla og eftirfylgni pantana ásamt samskiptum við viðskiptavini, söluskrifstofur Medis erlendis og framleiðslueiningar Actavis. Deildin ber jafnframt ábyrgð á reikningagerð vegna vörusölu og kostnaðareftirliti.

Helstu verkefni:
- Móttaka og afgreiðsla pantana
- Samskipti við erlenda viðskiptavini vegna vörusölu
- Eftirfylgni og stuðningur við viðskiptavini Medis og framleiðslueiningar Actavis

Við leitum að einstaklingi:
- með háskólamenntun
- með mjög góða enskukunnáttu, bæði í töluðu og rituðu máli
- sem tileinkar sér nákvæm, öguð og sjálfstæð vinnubrögð
- með góða tölvukunnáttu
- með góða samskiptahæfni

Sérfræðingur í áhættustýringu og lánamálum

Starfið tilheyrir fjárstýringu sem er hluti af fjármáladeild Actavis Group. Fjárstýring hefur yfirumsjón með greiðsluflæði fyrirtækisins og dótturfélaga þess. Einnig hefur deildin umsjón með lánum, gjaldeyris- og vaxtaáhættum, tryggingum og bankasamskiptum. Sérfræðingur er í miklum samskiptum við aðra starfsmenn dótturfélaga Actavis Group heima og erlendis.

Helstu verkefni:
- Greining gjaldeyris- og vaxtaáhættu
- Gerð tillaga að áhættuvörnum
- Gjaldeyrismiðlun, kaup/sala afleiðusamninga til áhættuvarna
- Úrlausnarefni tengd lánasamningum og lánalínum félagsins
- Umsjón með nýtingu fjárstýringarkerfis deildar

Við leitum að einstaklingi:
- með háskólapróf í viðskiptafræði, hagfræði, verkfræði eða sambærilega menntun
- með reynslu af áhættugreiningu
- sem tileinkar sér nákvæm, öguð og sjálfstæð vinnubrögð
- sem er skipulagður og talnaglöggur
- með mjög góða enskukunnáttu

Nánari upplýsingar veita **Jenný Sif Steingrímsdóttir**, jsteingrimsdottir@actavis.is
og **Ragnheiður Dögg Ísaksdóttir**, risaksdottir@actavis.com
Umsóknir óskast fylltar út á **www.actavis.is**, undir **Störf í boði** fyrir **7. nóvember nk**.

Actavis Reykjavíkurvegi 76-78 220 Hafnarfirði s 550 3300 f 550 3301 @ actavis@actavis.is w www.actavis.is

Staki er sérhæft þjónustufyrirtæki á sviði upplýsingatækni með áherslu á framleiðslufyrirtæki. Lausnir Staka spanna frá gagnasöfnun til skýrslugerðar, frá framleiðslugólfi til forstjóra með það meginmarkmið að hámarka virði viðskiptavinarins. Hjá Staka starfar samhentur hópur tæknifræðinga og verkfræðinga sem myndar öflugt og framsækið þjónustufyrirtæki. Vegna aukinna verkefna erum við að leita að öflugu samstarfsfólki með menntun, þekkingu og reynslu, fólki sem er tilbúið að takast á við ný og spennandi verkefni.

Staki

Tveir sérfræðingar í iðnstýringum óskast

Leitað er að einstaklingum með háskólapróf í rafmagns-, véla- eða tölvuverkfræði sem hafa þekkingu á forritun iðntölva, skjákerfum og verkefnastjórnun og eru áhugasamir, skapandi, skýrir og skemmtilegir.

Við óskum annars vegar eftir einstaklingi með þekkingu og reynslu af hússtjórnarkerfum. Kostur ef viðkomandi er með þekkingu á miðlægum vöktunarbúnaði.

Hins vegar leitum við að einstaklingi með sérstakan áhuga á forritun iðntölva og sterkstraumi. Kostur er að viðkomandi hafi reynslu af hugbúnaði frá Wonderware og/eða Rockwell.

Í umsókn skal koma fram lýsing á náms- og starfsferli sem og nöfn og símanúmer meðmælenda. Gætt verður fyllsta trúnaðar varðandi allar umsóknir, fyrirspurnir og persónulegar upplýsingar.

Upplýsingar í síma 550 6470 alla virka daga.

Nánari upplýsingar og umsóknir er að finna á **www staki.is**

Umsóknarfrestur er til **7. nóvember nk.**

Staki ehf. - Stórhöfða 22 – 30 - 108 Reykjavík - staki.is

TÉKKLAND
Bifreiðaskoðun

BIFVÉLAVIRKJAR ÓSKAST

Tékkland bifreiðaskoðun hyggst opna nýja skoðunarstöð í Borgartúni í upphafi nýs árs. Fyrirtækið er að leita að þjónustuliprum einstaklingum sem eru jafnframt faglærðir bifvélavirkjar til að annast almenna bifreiðaskoðun og stöðvarstjórn.

Hæfniskröfur:

- Menntun á sviði bifvélavirkjunar er skilyrði.
- Reynsla af skoðun bíla er kostur en ekki skilyrði.

Helstu verkefni:

- Skoðun fólksbíla, lítilla sendibíla, bifhjóla og ferðavagna.
- Önnur tilfallandi verkefni.

Nánari upplýsingar veitir Birgir Hákonarson í síma 665-9900.

Umsókn með upplýsingum um menntun og reynslu skal skila á netfangið birgir@tekkland.is fyrir 15. nóvember.

Reykjavíkurvegi / Hafnarfirði / Sími 414 9900 / www.tekkland.is TÉKKLAND

Verslunarstjóri

Stórt verslunar- og þjónustufyrirtæki óskar eftir að ráða verslunarstjóra í stóra verslun. Verslunin er á höfuðborgarsvæðinu.

Starfssvið:
- Umsjón og ábyrgð á daglegum rekstri verslunarinnar.
- Stjórnun og skipulagning á störfum deildarstjóra einstakra deilda.
- Virk gæðastjórnun.
- Áætlanagerð og eftirfylgni.

Hæfniskröfur:
- Reynsla af rekstri og stjórnun í stórri verslun.
- Góð þekking af rekstri sérvöruverslunar er kostur.
- Leiðtogahæfileikar, lipurð í mannlegum samskiptum, frumkvæði og skipulögð vinnubrögð.

Upplýsingar veitir:
Þórir Þorvarðarson,
thorir@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 7. nóvember nk.

Umsóknir óskast fylltar út á www. hagvangur.is

HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

Fasteignafélag Íslands er félag sem annast umsýslu og rekstur fasteigna og útleigu á leigurýmum. Fasteignafélag Íslands er að fullu í eigu Regins ehf. Helsta eign Fasteignafélags Íslands er verslunarmiðstöðin Smáralind í Kópavogi. Leitað er að áhugasömum og kraftmiklum einstaklingi sem hefur töluverða reynslu af markaðsmálum.

Markaðsstjóri Fasteignafélags Íslands ehf.

Fasteignafélag Íslands ehf. auglýsir laust til umsóknar starf markaðsstjóra hjá félaginu.

Helstu verkefni:
- Yfirumsjón með kynningar-, markaðs- og auglýsingamálum
- Gerð markaðsáætlana og skipulagning markaðsherferða
- Markaðsgreining
- Ímyndar- og kynningarmál
- Innri og ytri markaðsmál
- Samskipti við viðskiptavini og leigutaka
- Þátttaka í útleigu og samningagerð
- Umsjón með vefsíðum

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólamenntun á sviði markaðsmála
- Frumkvæði og fagmennska í starfi
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Hugmyndaauðgi, frumkvæði og keppnisskap
- Færni í samskiptum og þægilegt viðmót
- Góð tölvukunnátta
- Gott vald á íslensku og ensku
- Góðir tjáningarhæfileikar í ræðu og riti

Upplýsingar veitir:
Þórir Þorvarðarson, thorir@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 7. nóvember nk.

Umsóknir óskast fylltar út á www. hagvangur.is

Allar umsóknir eru meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

FLENSBORGARSKÓLINN Í HAFNARFIRÐI

Flensborgarar í framhaldsnámi

Auglýst er eftir umsóknum um styrk úr Fræðslusjóði Jóns Þórarinssonar. Fræðslusjóðurinn hefur það hlutverk að styrkja til framhaldsnáms nemendur sem hafa lokið stúdentsprófi eða öðru lokaprófi frá Flensborgarskólanum í Hafnarfirði.
Umsóknarfrestur til 26. nóvember 2010.
Nánari upplýsingar á http://www.flensborg.is

Stjórn Fræðslusjóðs Jóns Þórarinssonar

Skipulags stofnun

Lögfræðingur óskast til starfa hjá Skipulagsstofnun

Lögfræðingur vinnur að og veitir ráðgjöf við úrlausn viðfangsefna stofnunarinnar á sviði skipulagsmála og umhverfismats.

Umsóknir sendist fyrir 5. nóvember 2010 til Skipulagsstofnunar, Laugavegi 166, 150 Reykjavík
Upplýsingar um starfið veitir Stefán Thors í síma 595 4100

Viltu auðga líf mitt?

Ég er 40 ára gömul kona með hreyfihömlun sem óskar eftir persónulegri aðstoðarmanneskju til starfa, helst sem fyrst.
Í boði eru dagvaktir virka daga.
Ég þarfnast aðstoðar við flestar athafnir daglegs lífs, svo sem við klæðnað, akstur í skóla og vinnu, tölvuvinnu og ýmis önnur verk.

Markmið aðstoðarmanneskju er að stuðla að tækifærum mínum til þátttöku í samfélaginu og að viðhalda og auka lífsgæði mín. Æskilegt er að hún hafi bílpróf því ég hef eigin bíl til umráða.
Jákvæðni, sveigjanleiki og virðing er lykillinn að farsæld í okkar samstarfi.

Fyrirspurnir, umsóknir og ferilskrár ásamt meðmælum berist á netfangið: **astasolehf hjá simnet.is**
Með fyrirfram þökk,

Ásdís Jenna Ástráðsdóttir

Íbúðalánasjóður auglýsir lausar til umsóknar stöður fjögurra sviðsstjóra

Sviðsstjóri fjármálasviðs

Ábyrgðarsvið:
- Fjármögnun útlána
- Fjár- og áhættustýring
- Fjárlagagerð
- Samskipti við markaðsaðila á fjármálamarkaði
- Samskipti við lánshæfisfyrirtæki
- Útlánaeftirlit
- Bókhald og gerð ársreikninga
- Innkaup og umsjón með rekstrarvörum
- Umsjón með formlegum verklagsreglum sviðsins og eftirfylgni þeirra

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólapróf sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun æskileg
- Víðtæk þekking og reynsla af fjármálastarfsemi
- Þekking og reynsla af bókhaldslegu uppgjöri fjármálafyrirtækja
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Leiðtogahæfileikar og lipurð í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti, á íslensku og ensku

Sviðsstjóri eignasviðs

Ábyrgðarsvið:
- Umsjón fullnustueigna
- Söluferli eigna, verðmat og útleiga
- Útfærsla og framkvæmd kaupleigukerfis
- Almenn umsjón með húsnæðismálum beggja starfsstöðva sjóðsins
- Umsjón með formlegum verklagsreglum sviðsins og eftirfylgni þeirra

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Reynsla af eignaumsýslu
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Leiðtogahæfileikar og lipurð í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

Sviðsstjóri fyrirtækjasviðs

Ábyrgðarsvið:
- Útlán og þjónusta við lánveitingar til lögaðila
- Framkvæmd og útfærsla greiðsluerfiðleikaúrræða fyrir lögaðila
- Eftirlit og greining á útlánasafni lögaðila
- Umsjón með formlegum verklagsreglum sviðsins og eftirfylgni þeirra

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Kunnátta í lestri ársreikninga og greiningu þeirra
- Þekking og reynsla af rekstri fasteignafélaga æskileg
- Þekking á íbúðalánum æskileg
- Skilningur á þjónustuhlutverki sjóðsins og gildi þess í öllu starfi hans
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Leiðtogahæfileikar og lipurð í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

Sviðsstjóri einstaklingssviðs

Ábyrgðarsvið:
- Útlán og þjónusta við lánveitingar til einstaklinga
- Ráðgjöf til einstaklinga varðandi útlán og greiðsluerfiðleika
- Afgreiðsla umsókna vegna greiðsluerfiðleika
- Umsjón með formlegum verklagsreglum sviðsins og eftirfylgni þeirra

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Víðtæk reynsla og þekking af útlánastarfsemi vegna íbúðakaupa
- Skilningur á þjónustuhlutverki sjóðsins og gildi þess í öllu starfi hans
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Leiðtogahæfileikar og lipurð í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

Íbúðalánasjóður

Íbúðalánasjóður er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins sem veitir einstaklingum, sveitarfélögum, félögum og félaga-samtökum húsnæðislán til íbúðar-kaupa og byggingarframkvæmda. Sjóðurinn er fjárhagslega sjálfstæður og stendur undir lánveitingum og rekstri með eigin tekjum.

Markmið Íbúðalánasjóðs samkvæmt lögum eru meðal annars „að stuðla að því að landsmenn geti búið við öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum“ og „að auka möguleika fólks til að eignast eða leigja húsnæði á viðráðanlegum kjörum“.

Upplýsingar veita:
Brynhildur Halldórsdóttir
brynhildur@hagvangur.is
Þórir Þorvarðarson
thorir@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 11. nóvember nk.

Umsóknir óskast fylltar út á www. hagvangur.is

HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

FÉLAG FASTEIGNASALA

Bókari - Ritari óskast.

Félag fasteignasala leitar eftir að ráða bókara/ritara á skrifstofu félagsins. Leitað er eftir starfsmanni með þekkingu á fjárhags og launabókhaldi, standa skil á virðisaukaskatti, afstemmingar og frágangur til endurskoðanda. Þá felst í starfinu m.a. vefumsjón, símsvörun, skjalavarsla ofl. Um er að ræða u.mþ.b. 50% starf.
Í starfinu felst einnig ákveðin vinna í kringum fasteignir.is stærsta fasteignaleitarvef landsins.

Umsóknir skulu sendast skrifstofu FF Síðumúla 1, 108 Reykjavík fyrir 15. nóvember n.k.

Félag fasteignasala er félag allra fasteignasala á Íslandi og vinnur félagið m.a. að hagsmunamálum fasteignasala og kemur fram fyrir þeirra hönd gagnvart stjórnvöldum og fjölmiðlum. Félagið setur félagsmönnum strangar siðareglur og vinnur ötullega að því að tryggja að kaupendur og seljendur njóti traustrar og ábyggilegrar þjónustu löggiltra fasteignasala í öllum fasteignaviðskiptum.

VILTU LÁTA LJÓS ÞITT SKÍNA?

Lumex óskar eftir sölumanni

Okkur vantar sölumann í verslun, kraftmikinn einstakling með brennandi áhuga á hönnun og reynslu af sölustörfum.

Umsóknir sendist á ingi@lumex.is fyrir 15. nóvember.

LUMEX

LÆKNAHÚSIÐ
SKURÐSTOFUR – LÆKNASTOFUR
EGILSGÖTU 3, 101 REYKJAVÍK, SÍMI 563 1060, LAEKNAHUSID.IS

Læknahúsið óskar eftir að ráða móttökuritara í 70% starf.

Vinnutíminn er á bilinu 08:00-19:00 og unnið er á morgun- og eftirmiðdagsvöktum til skiptist viku frá viku. Í boði er skemmtilegt og krefjandi starf sem felst m.a. í símsvörun, skráningu tímapantana og móttöku sjúklinga. **Við leitum af** jákvæðum einstaklingi með ríka þjónustulund sem býr yfir almennri tölvu- og góðri enskukunnáttu. Kunnátta í einu norðurlandamáli er kostur. Viðkomandi þarf að geta hafið störf fljótlega. Áhugasamir vinsamlega sendið umsókn og ferilskrá fyrir 8. nóvember á tölvupóstfangið domusmedica@domusmedica.is

» Ráðningarþjónusta

Veitingastjóri

Eldsmiðjan

Eldsmiðjan óskar eftir að ráða ábyrgan og metnaðarfullan einstakling í starf veitingastjóra kvöld- og helgarvaktar. Unnið er tvo daga aðra vikuna og fimm daga hina. Um 72% starf er að ræða.

» Starfssvið

- Þátttaka í almennum störfum
- Ábyrgð á þjónustu og gæðum á sinni vakt

» Hæfniskröfur

- Hæfni í mannlegum samskiptum og rík þjónustulund
- Dugnaður og metnaður í starfi

Starfið hentar jafnt konum sem körlum.

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar www.hhr.is og eru áhugasamir beðnir um að sækja um starfið þar.

HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS
ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Laust er til umsóknar starf lögfræðings hjá Læknafélagi Íslands

Starfið felur í sér krefjandi og áhugaverð verkefni:
- Að gæta hagsmuna félagsmanna gagnvart atvinnurekendum.
- Ráðgjöf fyrir samninganefndir lækna.
- Lögfræðiráðgjöf við fyrirtæki lækna og einstaka hópa þeirra.
- Innlend og erlend samskipti.
- Önnur verkefni sem til geta fallið.

Hæfniskröfur:
- Háskólapróf í lögfræði er skilyrði og reynsla af vinnurétti er kostur. Áhersla er lögð á hæfni í mannlegum samskiptum, skipulögð og fagleg vinnubrögð, frumkvæði og sjálfstæði í starfi. Góð tölvuþekking er kostur.

Um er að ræða hlutastarf með möguleikum á sveigjanlegum vinnutíma. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 1. janúar 2011. Umsóknarfrestur er til og með 15. nóvember nk. Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun, fyrri störf, meðmælendur og annað sem umsækjandi vill taka fram skal senda til félagsins að Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi eða með tölvupósti á netfangið solveig@lis.is.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sólveig Jóhannsdóttir, frkv.stj. félagsins, í síma 564 4100/ solveig@lis.is.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Fjölbreytt verkefni í góðum hópi. Sabre Airline Solutions leitar að öflugu fólki í starf skrifstofustjóra og á lausna- og ráðgjafasvið.

Sabre er alþjóðlegt fyrirtæki sem selur hugbúnaðarlausnir til flugfélaga á alþjóðamarkaði. Við byggjum árangur okkar á þekkingu á rekstri flugfélaga, á stöðugri þróun lausna okkar og hæfu og ánægðu starfsfólki. Liðsheild okkar er sterk og telur nú rúmlega 40 manns. Viðskiptavinir Sabre eru stór og smá flugfélög um allan heim.

Sabre Airline Solutions®

Umsóknarfrestur er til og með 7. nóvember nk. Umsækjendur skili ferilskrám í tölvupósti á jon.arni.bragason@sabre.com Umsjón með ráðningunum hefur Jón Árni Bragason. (jon.arni.bragason@sabre.com)

Skrifstofustjóri - Sabre Iceland

Starfssvið:
- Launaútreikningar
- Skönnun og samþykkt reikninga
- Utanumhald bókhaldsgagna
- Eftirfylgni með útgáfu og greiðslu reikninga
- Samskipti við móðurfélag Sabre í Bandaríkjunum, Bretlandi og Indlandi
- Samskipti við banka og endurskoðendur
- Almennur rekstur skrifstofu

Menntun og hæfniskröfur:
- Viðskiptafræðimenntun
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Góð enskukunnátta
- Skipulagshæfileikar
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Viðkomandi þarf að geta hafið störf strax

Sérfræðingur/ráðgjafi á lausna- og ráðgjafasviði.

Starfssvið
- Samskipti við viðskiptavini
- Greining vandamála hjá viðskiptavinum
- Uppsetning ferla til lausnar vandamála hjá viðskiptavinum
- Tæknilegur stuðningur við sölu- og markaðsdeild

Menntunar og hæfniskröfur
- Verkfræðingur, tölvunarfræðingur eða sambærileg menntun
- Góður samskiptahæfileikar
- Góð tungumálakunnátta jafnt í ræðu sem riti (íslenska og enska)
- Greiningarhæfni
- Vili til að læra og takast á við nýja hluti
- Góð almenn þekking á tölvukerfum

VINNUMÁLA STOFNUN

Ráðgjafi

Vinnumálastofnun leitar eftir ráðgjafa fyrir þjónustuskrifstofu stofnunarinnar á Selfossi.

Starfssvið
- ráðgjöf við atvinnuleitendur
- skipulag og þróun úrræða fyrir atvinnuleitendur
- önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfnikröfur
- háskólanám í náms- og starfsráðgjöf, félagsráðgjöf, mannauðsstjórnun, kennaramenntun eða sambærilegt nám
- góð þekking á vinnumarkaði og menntakerfi
- kunnátta í ensku og einu Norðurlandamáli
- góð tölvukunnátta
- mikil samskiptahæfni
- framtakssemi, sjálfstæði og skipulagshæfni

Vinnumálastofnun á Suðurlandi er staðsett á Austurvegi 56, 800 Selfoss og útibú er í Vestmannaeyjum. Ráðgjafi stofnunarinnar vinnur með atvinnuleitendum í öllu umdæminu og hans bíður að sinna krefjandi verkefnum með jákvæðum og metnaðarfullum samstarfshópi.

Laun eru greidd samkvæmt launakerfi starfsmanna ríkisins. Um er að ræða fullt starf og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst. Áhugasamir geta kynnt sér starfsemi stofnunarinnar á heimasíðu hennar www.vinnumalastofnun.is

Umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsferil sendist til starfsmannastjóra á netfangið hugrun.haflidadottir@vmst.is fyrir 14. nóvember 2010. Nánari upplýsingar veita Auður Guðmundsdóttir, forstöðumaður Vinnumálastofnunar á Suðurlandi í síma 512 7780 og Hugrún B. Hafliðadóttir í síma 515 4800.

Fræðslunetið Símenntun á Suðurlandi

HÁSKÓLAFÉLAG SUÐURLANDS

Náms- og rannsóknarstyrkur

Vísinda- og rannsóknarsjóður Suðurlands auglýsir eftir umsóknum um náms- og rannsóknarstyrk fyrir 2010.

Styrkurinn nemur 1.000.000 kr.

Styrkurinn er ætlaður námsfólki sem vinnur að rannsóknarverkefni til lokaprófs á háskólastigi, og tengist Suðurlandi og þjóni ótvíræðum atvinnu- og/eða fræðilegum tilgangi fyrir Suðurland eða hluta Suðurlands.

Umsóknarfrestur er til 15. nóvember 2010, nánari upplýsingar á www.fraedslunet.is og www.hfsu.is.

Hörgársveit

Menningar- og atvinnumálafulltrúi

Hörgársveit óskar að ráða menningar- og atvinnumálafulltrúa í fullt starf. Meginhlutverk hans verður að efla þá menningartengdu starfsemi sem er í sveitarfélaginu, aðstoða við framkvæmd einstakra verkefna, koma að atvinnuþróunarverkefnum og eflingu hvers konar félagsstarfs í sveitarfélaginu.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi er æskilegt
- Reynsla og þekking á menningarmálum og atvinnumálum
- Reynsla af gerð og framkvæmd rekstrar- og fjárhagsáætlana
- Hugmyndaauðgi og skýr framtíðarsýn
- Reynsla og þekking á málefnum sveitarfélaga
- Hæfni til að miðla upplýsingum á einfaldan hátt í töluðu og rituðu máli
- Færni í mannlegum samskiptum

Í Hörgársveit er rekin fjölbreytt menningartengd starfsemi sem hefur mikla möguleika á að eflast, jafnframt því að talið er að á því sviði séu verulegir möguleikar á atvinnusköpun í sveitarfélaginu.

Nánari upplýsingar gefur sveitarstjóri í síma 461 5476 og netfangi gudmundur@horgarsveit.is.

Umsókn um starfið ásamt ferilskrá með mynd sendist skrifstofu Hörgársveitar, Þelamerkurskóla, 601 Akureyri. Umsóknarfrestur er til og með **15. nóvember 2010**

Yfirþroskaþjálfi - deildastjóri

SSR SVÆÐISSKRIFSTOFA HÆLIÐNA FATLAÐRA REYKJAVÍK

SSR óskar eftir að ráða yfirþroskaþjálfa / deildarstjóra á sambýlið, Barðastöðum 35.
Um vaktavinnu í 100 % starfshlutfalli er að ræða.

Starfssvið felst m.a. í að

- taka þátt í sífelldri mótun og uppbyggingu á innra starfi sambýlisins ásamt forstöðumanni
- vera staðgengill forstöðumanns í leyfum og aðstoðarmaður hans daglega
- bera faglega ábyrgð á þjónustunni ásamt forstöðumanni

Menntunar - og hæfniskröfur

- próf í þroskaþjálfun eða á sviði heilbrigðis - eða félagvísinda
- þekking og skilningur á hugmyndafræði málefna fatlaðra
- jákvæð viðhorf og samskiptahæfileikar

Sóley Kristjánsdóttir forstöðumaður veitir allar frekari upplýsingar í síma 587-8550, netfang soley@ssr.is

Launakjör eru samkvæmt samningum ríkisins og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Unnt er að sækja um á www.ssr.is

Umsóknarfrestur er til og með 14. nóvember 2010.

Á SSR er unnið í samræmi við jafnréttisáætlun

STARFATORG.IS

Laus störf hjá ríkinu

Starfatorg.is er upplýsingavefur um laus störf hjá ríkinu. Þar er einnig að finna ýmsar upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna. Nú eru laus til umsóknar eftirfarandi störf:

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Nýtt			
Gjaldkeri, fulltrúi	Ríkiskaup	Reykjavík	201010/079
Lögfræðingur	Neytendastofa	Reykjavík	201010/078
Sérfræðingar	Efnahags- og viðskiptaráðun.	Reykjavík	201010/077
Ráðgjafi	Vinnumálastofnun	Selfoss	201010/076
Sérfræðingur í netumsjón	Heilsugæsla höfuðborgarsv.	Reykjavík	201010/075
Geðheilsa, eftirfylgd	Heilsugæsla höfuðborgarsv.	Reykjavík	201010/074
Hjúkrunarfræðingur	Heilsugæsla höfuðborgarsv.	Garðabær	201010/073
Starfsfólk	Umboðsmaður skuldara	Reykjavík	201010/072
Sérfræðingur	HÍ, Jarðvísindastofnun	Reykjavík	201010/071
Læknakandídatar	Sjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201010/069
Læknir	Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	Blönduós	201010/068
Læknakandídatar	Landspítali	Reykjavík	201010/067
Sviðsstjórar	Íbúðalánasjóður	Reykjavík	201010/066
Starfsmaður í ræstingar	Þjóðminjasafn Íslands	Kópavogur	201010/065
Rannsóknamaður	Hafrannsóknastofnunin	Ólafsvík	201010/064
Inntaka nýnema	Ríkislögreglustjórinn	Reykjavík	201010/063
Spænskukennari	Menntaskóli Borgarfjarðar	Borgarnes	201010/062

Upplýsingar um áður auglýst störf er að finna á Starfatorg.is

Á Starfatorg.is má finna ítarlegri umfjöllun um framangreind störf ásamt upplýsingum um tengiliði. Þeir sem ekki hafa vefaðgang geta snúið sér til viðkomandi stofnunar varðandi frekari upplýsingar.
~ Fjármálaráðuneytið hefur umsjón með Starfatorg.is ~

Starfatorg.is

Sales Manager

Stiki is looking for a Sales Manager to handle the international market for our RM Studio software.

RM Studio is a comprehensive risk management tool with diverse imbedded standards. The Sales Manager will be located in our Icelandic office.

Job Responsibilities:

- International sales and marketing
- Analysis of the international market
- Building and maintaining business relationships

The applicant should have the following qualifications:

- Vast experience in sales
- Ambition, initiative and motivation
- Be independent and resourceful
- Fluency in the spoken and written English language

The following skills would be an asset:

- Experience with selling software
- Knowledge of information security, risk management, IT governance and international standards
- Knowledge of Microsoft CRM or equivalent

For further information please contact Svana Helen Björnsdóttir, CEO of Stiki, tel: + 354 5 700 600. Information is also available on www.stiki.eu and riskmanagementstudio.com.
Please send application and CV to svana@stiki.eu before November 6th 2010.

Stiki Information Security

Stiki ehf. - Laugavegi 176 - Sími 5 700 600 - www.stiki.eu

Microsoft GOLD CERTIFIED Partner

IS 67387 FS 67386

Stiki ehf. is a consulting and software company specializing in information systems security and is ISO/IEC 27001 and ISO 9001 certified. Our future vision is to become a successful international high-tech company – a leader in its field. Currently we are focusing on building our presence in the foreign markets and continuing our growth. We build our success on professionalism and trust.

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins.
Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing

Allt sem þú þarft...

CRI IS HIRING – Multiple Positions

PRODUCT MANAGER (1)

JOB DESCRIPTION

•Fuel storage, transportation and transfer quality management and customer Support

•Fuel blending analysis, delivery and logistics development and control

RESPONSIBILITIES:

•Planning and coordination of fuel deployment and logistics management.

•Performing fuel distribution functional analysis, system modeling and quality procedures development

•Implementing field quality control and customer support.

QUALIFICATIONS

•Minimum BS in Chemical or Mechanical Engineering

•5 years experience in engineering and product management/customer service.

•Proven problem solving, quantitative reasoning, modeling mathematics, reporting and self check ability.

•Excellent oral and written communication in Icelandic and English.

DEVELOPMENT ENGINEERS (2)

JOB DESCRIPTION

• **Chemical Process** design and concept development

• Patent development and application

RESPONSIBILITIES:

•Technology modeling and analysis

•Patent concept analysis and writing

•Patent documentation control

QUALIFICATIONS

•Minimum BS in Chemical or Mechanical Engineering,

•3-5 years experience in process concepts development and patent application

• Heavy industry experience a plus

• Proven problem solving, quantitative reasoning, modeling mathematics and consistent self check ability.

•Excellent written and oral communication in English.

JOB DESCRIPTION

• **Power electronics** design and concept development

• Patent development and application

RESPONSIBILITIES:

•Technology modeling and analysis

•Patent concept analysis and writing

•Patent documentation control

QUALIFICATIONS

•Minimum BS in Electrical Engineering

•3-5 years experience in power electronics design and productization

• Heavy industry experience a plus

• Proven problem solving, quantitative reasoning, modeling mathematics and consistent self check ability.

•Excellent written and oral communication in English

Carbon Recycling International (CRI) fangar koltvísýring frá iðnaðarútblæstri og umbreytir í endurnýjanlegt metanól eldsneyti sem blanda má út í bensín fyrir óbreytta bíla. Föngunkoltvísýrings dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda. Fyrirtækið er um þessar mundir að byggja fyrstu verksmiðju sinnar tegundar að Svartsengi.

Vinsamlegast sendið CV fyrir 15 nóvember á netfang drifa@carbonrecycling.is setjið starfsheiti sem sótt er um í titilinn. www.carbonrecycling.is

jobbia HUMAN RESOURCES

Laus störf í Noregi.

Jobbia vinnumiðlun í Noregi leitar eftir faglærðum húsasmiðum, rafvirkjum, pípulagningarmönnum, bifvélavirkjum, bílstjórum og matreiðslumönnum til starfa strax.

Jobbia er í nánu samstarfi við traust fyrirtæki í Noregi og nú þegar hafa allnokkrir Íslendingar hafið störf í gegnum Jobbia.

Jobbia bíður upp á:
Góð laun í góðu og öruggu vinnuumhverfi.
Trygga vinnustaði í rótgrónum fyrirtækjum.
Aðstoð með flutning til Noregs.

Sendu okkur ferilskrá þína eða hafðu samband í gegnum síma og Jobbia mun taka vel á móti þér.

Ferilskrá sendist á obs@jobbia.no
Símanúmer í Noregi +47 91 665 660.

Jobbia er áreiðanlegt norskt ráðningarfyrirtæki sem leggur áherslu á fagmennsku, gæði og hreinskilni.

Þjónustustjóri - UT

Fyrirtæki í upplýsingatækni leitar að starfsmanni í 100% starf þjónustustjóra.

Reynsla af sambærilegum störfum og þekking á upplýsingatækni, s.s netkerfum, nauðsynleg.

Metnaður til að gera vel í starfi og hæfileiki til að stjórna og vinna með viðskiptavinum er lykilatriði.

Áhugasamir vinsamlega sendið umsókn og starfsferilskrá (CV) á netfangið: thjonustustjori@gmail.com

» Ráðningarþjónusta

Leitar þú að starfsmanni?

HH Ráðgjöf hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

■ **Vinnusparnaður**
Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.

■ **Markviss leit**
Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.

■ **Þriggja mánaða ábyrgð**
Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.

■ **Ekkert staðfestingargjald**
Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavini okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.

■ **Fjöldi hæfra umsækjenda**
Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.

■ **Fjölbreyttar þjónustuleiðir**
Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.

■ **Reynsla og þekking**
Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.

■ **Sanngjarnt verð**
Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

HH Ráðgjöf er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is

HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

FRÆÐSLUSKRIFSTOFA RAFIÐNAÐARINS

Sveinspróf í rafiðngreinum

Sveinspróf í rafiðngreinum fara fram í febrúar 2011.
Umsóknarfrestur er til 1. des 2010.
Nemar í skóla hafi samband við deildarstjóra í viðkomandi skóla.
Upplýsingar og umsóknareyðublöð liggja frammi hjá:

Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins,
Stórhöfða 27, 110 Reykjavík,
Sími 580 5253.

Einnig er hægt að nálgast umsóknareyðublöðin á heimasíðu Fræðsluskrifstofunnar, veffang http://www.fsraf.is
Ath. Greiða þarf leyfisgjald fyrir sveinsbréf kr. 5.500- við innritun.

Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins
30. október 2010

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 90 stöðum um land allt.
Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing

Allt sem þú þarft...

Hringdu í síma
512 5060
ef blaðið berst ekki

Grundarfjarðarbær

Auglýsing um skipulagsbreytingar í Grundarfjarðarbæ:

Samkvæmt 18. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum er hér með auglýst eftir athugasemdum við breytingu á aðalskipulagi og við tillögur að deiliskipulagi af fjórum svæðum í Grundarfjarðarbæ. Tillögurnar voru samþykktar á 120. fundi umhverfisnefndar þann 5. október 2010 og samþykkti bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar þann 7. október 2010 að auglýsa eftir athugasemdum við tillögurnar sem bera heitið:

1. Tillaga að deiliskipulagi Hjarðarbóls í Grundarfjarðarbæ.
2. Tillaga að deiliskipulagi fyrir íbúða- og frístundabyggð í landi jarðarinnar Háls í Grundarfjarðarbæ.
3. Tillaga að deiliskipulagi fyrir Berserkseyri ytri, 2 og 3. Grundarfjarðarbæ.
4. Tillaga að breyttu aðalskipulagi dreifbýlis fyrir jarðirnar Lárvaðal og Skerðingsstaði Grundarfjarðarbæ.

1. Endurauglýst deiliskipulagstillaga fyrir frístundabyggð í landi jarðarinnar Hjarðarbóls í Grundarfjarðarbæ.
   Deiliskipulagið er í samræmi við drög að aðalskipulagi dreifbýlis sem liggur fyrir og er jörðin ætluð til frístunda byggðar. Deiliskipulagið tekur aðeins yfir hluta lands Hjarðarbóls. Stærð svæðisins er um 5.8 hektarar að stærð. Samkvæmt skipulaginu verður heimilt að byggja 7. frístundarhús.

2. Endurauglýst deiliskipulagstillaga fyrir íbúða- og frístundabyggð í landi Háls í Grundarfjarðarbæ.
   Deiliskipulagið er í samræmi við drög að aðalskipulagi dreifbýlis sem liggur fyrir og er jörðin byggðar. Samkvæmt aðalskipulagi dreifbýlisins er gert ráð fyrir að byggja megi 5. íbúðarhús á lóð.
   Skipulagið nær yfir svæði bæði sunnan og norðan við Snæfellsnesveg

3. Endurauglýst deiliskipulagstillaga fyrir Berserkseyri ytri, 2 og 3. Grundarfjarðarbæ.
   Deiliskipulag Berserkseyrar Ytri 2-3 er í samræmi við Aðalskipulag Grundarfjarðardreifbýli 2003-2015 og tekur til tveggja aðskyldra landspilda í landi Berserkseyrar.
   Á Berserkseyri Ytri er heimilt að reisa eitt frístundahús, sem staðsetja skal innan byggingarreits. Á Berserkseyri Ytri 2 er gert ráð fyrir tveimur nýjum lóðum auk þess lands sem tilheyrir íbúðarhúsi og úti húsum. Á nýju lóðunum er heimilt að reisa eitt frísundahús innan hvors byggingarreits.

4. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi dreifbýlishluta fyrir tvö svæði.

   B2 sem er Skerðingsstaðir. Landnotkun 4,5 ha svæði í landi Skerðingsstaða breytist úr landbúnaði í blandaða landnotkun frístundabyggðar og verslunar og þjónustu. Svæðið er ætlað fyrir ferðaþjónustu þ.e. gistihús, þjónustu- og veitingahús auk 24ra sumarhúsa. Þar er jafnframt gert ráð fyrir svigrúmi til uppbyggingar á útivis taraðstöðu svo sem bætt aðgengi að vaðlinum.

   F3 sem er í landi Mýrarhúsa, Króks, Láar og Lárkots, stækki úr 26. ha í 32,5 ha.
   Á svæðinu verður svigrúm fyrir allt að 16 frístundahús í stað 8 húsa áður.
   Þessi fjölgun húsa er að hluta til leiðrétting á gildandi aðalskipulagi. Þar kemur fram 5 hús séu á svæðinu en hið rétta er að þar standa nú 10 hús. Í gildandi skipulagi ætti að vera heimild fyrir 13 húsum, sem nú fjölgar í 16 hús við breytinguna.

Tillögurnar ásamt greinargerðum með frekari upplýsingum, verða til sýnis á bæjarskrifstofu Grundarfjarðarbæjar, Grundargötu 30, á skrifstofutíma, frá og með mánudeginum 1. nóvember nk. til og með 29. nóvember 2010. Einnig munu tillögurnar verða aðgengilegar á heimasíðu bæjarins grundarfjordur.is.

Þeim sem eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar til og með 13. desember 2010. Skila skal skriflegum athugasemdum til umhverfisnefndar bæjarins á bæjarskrifstofu Grundarfjarðarbæjar, Grundargötu 30. 350 Grundarfirði.

Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna, teljast henni samþykkir.

Grundarfirði, 26. október 2010.

Hjörtur Hans Kolsöe
skipulags- og byggingarfulltrúi Grundarfjarðarbæjar

KRÝNA TANNLÆKNASTOFA

Viðskiptafræðingur

Óska eftir að ráða viðskiptafræðing til að sjá um bókhald, launamál ofl. Um er að ræða tannlæknastofu með 12 starfsmönnum í miðsvæðis í Reykjavík. Starfshlutfall 50%.

Umsóknir óskast sendar á:
elin@kryna.is
www.kryna.is

Farskólinn
miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra

Verkefnastjóri

Farskólinn- miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra óskar að ráða til sín verkefnastjóra til eins árs, með möguleika á framlengingu. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Starfsstöð verkefnastjóra er á Sauðárkróki.

Meðal verkefna eru:

- Náms- og starfsráðgjöf til einstaklinga og á vinnustöðum
- Mat á raunfærni
- Umsjón með fjarnámi háskólanema
- Skipulagning, umsjón og kennsla á námskeiðum Farskólans
- Ýmis önnur verkefni sem til falla hverju sinni

Menntunar- og hæfniskröfur eru:

- Menntun á sviði náms- og starfsráðgjafar er skilyrði
- Þekking á atvinnulífi á Norðurlandi vestra er kostur
- Kennsluréttindi er kostur
- Metnaður, áhugi og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Jákvæðni, sveigjanleiki og lipurð í samskiptum
- Gott vald á íslensku í ræðu og riti

Umsóknarfrestur er til föstudagsins 12. nóvember.
Upplýsingar gefur Bryndís Þráinsdóttir
í síma 455 6010 og á bryndis@farskolinn.is

Norðurland vestra er spennandi valkostur

Farskólinn – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra starfar á öllu Norðurlandi vestra; frá Hrútafirði í vestri til Tröllaskaga í austri. Námsver eru í helstu þéttbýliskjörnum á svæðinu.
Stórbrotin náttúra, góðir skólar, fjölbreytt þjónusta og öflugt menningar- og íþróttalíf eru meðal þess sem gerir það fýsilegt að búa og starfa á Norðurlandi vestra.

LANDSNET

Útboð GYL-60

Gylfaflöt 9 - ræsting

Landsnet óskar eftir eftir tilboðum í ræstingar á húsnæði Landsnets að Gylfaflöt 9, 112 Reykjavík, í samræmi við útboðsgögn GYL-60.

Um er að ræða uþb. 2900 fermetra gólfflöt á 4 hæðum. Gerð er krafa um reynslu af samsvarandi þjónustusamningum, góða fjárhagsstöðu bjóðenda og að þeir séu í skilum með öll opinber gjöld og skyldur.

Útboðsgögn verða afhent á skrifstofu Landsnets, Gylfaflöt 9, 112 Reykjavík, frá og með þriðjudeginum 2. nóvember 2010.

Tilboðum skal skila á skrifstofu Landsnets, Gylfaflöt 9, 112 Reykjavík, fyrir kl. 14:00 mánudaginn 15. nóvember 2010 þar sem þau verða opnuð og lesin upp að viðstöddum fulltrúum þeirra bjóðenda sem þess óska.

512 50 50 Auglýsingasími
Allt sem þú þarft...

Verkalýðsfélag Vestfirðinga VERK VEST

Skrifstofustjóri óskast !

Skrifstofa stéttarfélaganna á Ísafirði óskar eftir að ráða skrifstofustjóra, viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Skrifstofustjóri sér um daglegan rekstur skrifstofu, launaútreikning og önnur tilfallandi störf ásamt aðstoð við félagsmenn Verk Vest og Félags járniðnaðarmanna á Ísafirði.

Nauðsynlegt er að umsækjendur hafi góða bókhaldsþekkingu, þá er tölvukunnátta og lipurð í mannlegum samskiptum nauðsynleg. Þekking af málefnum vinnumarkaðarins æskileg, góð reynsla af almennum skrifstofustörfum nauðsynleg. Önnur menntun eða hæfni á sviði vinnumarkaðsmála sem gætu nýst í starfinu verða talin til tekna við mat á umsækjendum.

Nánari upplýsingar um starfið og launakjör gefur Finnbogi Sveinbjörnsson, á netfangið finnbogi@verkvest.is eða í síma 8626046. Öllum umsóknum verður svarað en áskiljum okkur þann rétt að hafna öllum ef enginn umsækjandi telst hæfur í starfið.

Umsóknarfrestur er til **10. nóvember** næst komandi og þurfa umsóknir um starfið að hafa borist fyir þann tíma á ofnagreint netfang eða á Skrifstofu verkalýðsfélaganna, Pólgata 2, 400 Ísafjörður.

FÉLAG FASTEIGNASALA

Bókari - Ritari óskast.

Félag fasteignasala leitar eftir að ráða bókara/ritara á skrifstofu félagsins. Leitað er eftir starfsmanni með þekkingu á fjárhags og launabókhaldi, standa skil á virðisaukaskatti, afstemmingar og frágangur til endurskoðanda. Þá felst í starfinu m.a. vefumsjón, símsvörun, skjalavarsla ofl. Um er að ræða u.mþ.b. 50% starf.
Í starfinu felst einnig ákveðin vinna í kringum fasteignir.is stærsta fasteignaleitarvef landsins.

Umsóknir skulu sendast skrifstofu FF Síðumúla 1, 108 Reykjavík fyrir 15. nóvember n.k.

Félag fasteignasala er félag allra fasteignasala á Íslandi og vinnur félagið m.a. að hagsmunamálum fasteignasala og kemur fram fyrir þeirra hönd gagnvart stjórnvöldum og fjölmiðlum. Félagið setur félagsmönnum strangar siðareglur og vinnur ötullega að því að tryggja að kaupendur og seljendur njóti traustrar og ábyggilegrar þjónustu löggiltra fasteignasala í öllum fasteignaviðskiptum.

Sómi 870 / Sómi 990

Nýir skrokkar af Sóma 870 og 990 tilbúnir til afhendingar. **Verð 3,8 og 4,6 miljónir án vsk.**

Upplýsingar veitir Axel í síma 897 5188.

NÝTT STARF

Viltu vera með í að styrkja samstarf á Norður-Atlantssvæðinu?



Norræna Atlantssamstarfið leitar eftir verkefnastjóra til starfa á aðalskrifstofunni í Þórshöfn í Færeyjum.

Umsóknarfrestur: 18. nóvember 2010.

Nánari upplýsingar um NORA og um stöðu verkefnastjóra er að finna á **www.nora.fo**

NORA
Nordic Atlantic Cooperation

Silfurteigur 6
105 Reykjavík
Góð eign. Laus við kaupsamning!

Stærð: 88,8 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1947
Brunabótamat: 14.750.000

RE/MAX Senter

Sunnudaginn 31 október kl 15-15:30 | **Verð: 18.400.000**

Mjög góð þriggja herbergja kjallaraíbúð með sérinngangi á þessum frábæra stað. Eldhúsið er rúmgott með borðkrók, snyrtilegri innréttingu og dúk á gólfi. Holið er flísalagt. Góð stofa með parketi á gólfi. Herbergi með parketi á gólfi. Baðherbergi er flísalagt á gólfi og veggjum, með léttri innréttingu og nýlegu baðkari. Þak, dren og skólplagnir nýlega endurnýjað. Húsið málað fyrir 2 árum. Allar frekari upplýsingar veitir Arnar í síma 844 9797 eða á arnar@remax.is

Arnar Júlíusson
Sölufulltrúi
844 9797
arnar@remax.is

Kristján Ólafsson
Lögg. fasteignasali
0
kol@remax.is

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

Mosprýði 5
210 Garðabær
Glæsilegt parhús á veðursælum stað

Stærð: 229,9 fm
Fjöldi herbergja: 5
Byggingarár: 2009
Brunabótamat: 0
Bílskúr: Já

RE/MAX Lind

Opið hús Sunnudag kl. 14.00 - 14.30 | **Verð: 49.900.000**

Ég þykist nokkuð viss um að nú fari í gegnum höfuð Þorbjörns Gests sú hugsun að sé það rétt að Svanur hafi banað manni, sé ekki lengur neinum vafa undirorpið að „hinn ónefnanlegi“, eins og hann hafði nefnt hann í samhengi við

> Fyrir ljóðskáld að fá mynd af sér í blaði þar sem hann lítur út fyrir að vera heltekinn af þeirri fíkn nútímamannsins sem fagurfræði skáldanna gengur jafnan helst út á að hafna, jafngilti opinberri aftöku …

meint ástarsamband okkar Svans, sé fullkomið réttnefni á manninn.

„Þannig að þér finnst það ekki fullkomlega óhugsandi möguleiki að Svanur Bergmundsson verði manni að bana?“ spyr ég.

„Ég held ég neyðist til að svara því neitandi,“ segir Tobbi. „Þó það sé mér þvert um geð. En það er sem sagt niðurstaðan?“

Og þegar ég kinka kolli og segist hafa heyrt að sú sé raunin, spyr hann mig hvaðan ég hafi þær upplýsingar, og hann hvessir á mig augun, líkt og hann gruni mig um eitthvað sem ekki er gott að vera viðriðinn. En ég get í sjálfu sér ekki gefið honum hreinskilið svar við spurningunni, því upplýsingarnar um Svan koma frá Alfreð í gegnum símtólið til Jóns Magnússonar, og ef allt skal vera rétt, og öllu haldið til haga, á ég ekki að hafa aðgang að slíkum samskiptum. Ég segi honum þess í stað að ég hafi „bara heyrt þetta“, það sé verið að tala um þetta, bara rétt eins og maðurinn sem hann hitti sjálfur á safninu hafi minnst á þetta. En þegar Tobbi vill vita meira hef ég ekki annað að segja honum en að þetta hafi gerst á einhverjum bar, í kjölfar ryskinga; hugsanlega viti Sturla Jón eitthvað meira, eða einhver sem þekki Svan betur en ég – kannski Bóas Valberg, sameiginlegur vinur þeirra Sturlu og „fellow poet“, eins og Tobbi nefnir hann þegar ég sting upp á að hringja í hann.

Og þegar ég hringi í Bóas Valberg, sem ég kannast ögn við – þó ekki á sama hátt og ég þekki Svan Bergmundsson, ég tek það fram! – segir Bóas mér að Jón, faðir Sturlu, hafi rétt í þessu verið að hringja í sig frá Englandi; hann hafi líka verið að heyra þetta um Svan og viljað vita meira; hann hafi reynt að ná í Sturlu en það hafi ekki verið svarað. Í ljósi þess hversu margt áhugavert kemur fram í samtali þeirra Jóns og Arnar sem þeir eiga í framhaldi símtals Jóns við Bóas – ekki síst um Fanný systur – læt ég frásögn þess síðastnefnda af umræddum atburði koma úr því spjalli en ekki úr mínu eigin símtali við ljóðskáldið listfræðimenntaða sem hafði ekki náð inn á listann yfir þau tuttugu og fimm bestu.

*

„Ég var að heyra þetta um Svan,“ sagði Jón við Bóas, eftir að hafa kynnt sig og látið vita hvaðan hann væri að hringja – þeir þekktust ágætlega, Jón og Bóas, í gegnum Sturlu.

„Já,“ svaraði Bóas, og eftir örstutta þögn: „Ég var með honum.“

„Þegar þetta gerðist?“

„Við vorum saman á veitingastaðnum.“

Og um leið rifjast upp fyrir mér sérkennilegur talandi Bóasar, og tónninn í upplestri hans, sem ég hef heyrt að minnsta kosti þrjá eða fjóra einstaklinga meðal bókmenntamanna landsins herma eftir. Þótt fáar af ljóðlínum hans geti beinlínis talist eftirminnilegar tel ég mig vita að ein og ein hafi fest í hugum þeirra sem hafa heyrt þær lesnar upp af höfundi, því þótt segja megi að þær séu á pappírnum eins og liðin lík, flögra þær um eins og fiðrildi veggjanna á milli þegar Bóas sendir þær út í salinn af tungu sinni – algerlega andstætt ljóðmælum hins ógæfusama félaga hans Svans.

„Og það var ekki skemmtileg reynsla,“ bætti Bóas við.

„Ég skal trúa því,“ sagði Jón, og þegar ljóðskáldið greip þau orð á lofti sem ástæðu til að vitna óbeint í ljóð eftir skáldið sem hér var til umræðu; að „ég skal trúa því“ hafi kallað upp í huga sinn línu Svans, „Ekki trúa því“, sem hann notaði sem eins konar viðlag, eða chorus, eins og Bóas nefnir það, í einu ljóða sinna, leyfi ég sjálfri mér að staldra ögn við áðurnefnd ljóðmæli Svans, sem – það er kannski óréttlátt að nefna það ekki – eiga það til að ná flugi innan spjalda bóka hans, að minnsta kosti þeirra sem ég hef gluggað í, en liggja á einhvern hátt marflöt þegar höfundurinn mælir þau fram af eigin vörum. Það var að minnsta kosti upplifun mín þegar ég heyrði hann lesa upp á einhverri samkomu sem ég villtist inn á í kjallara pizzeríunnar Hornsins í Hafnarstræti fyrir mörgum árum – það var áður en við Tobbi kynntumst, og ég man að þar var samankominn hinn þétti kjarni áhugamanna um ljóðlist í Reykjavík, hópur sem ég var langt frá því að tilheyra, enda er ég ekki vön að sækja ljóðaupplestra. En þar stóð

sem sagt Svanur Bergmundsson og murkaði allt lífið úr ljóðum sínum með því að lesa þau upp. (Ætli ég hefði verið tilbúin til að trúa því þá, hefði einhver hvíslað því að mér, að ég ætti eftir að eyða nótt með þessum manni, og að hann ætti eftir að verða ungum manni að bana ekki svo löngu síðar?) Líklega var þetta eini skipulagði ljóðalesturinn sem ég hef mætt á um ævina. Upplestur Bóasar Valbergs hef ég eingöngu heyrt úr útvarpi, og gott ef ekki sjónvarpi líka, og það er einmitt þaðan sem ég þekki svo vel þá rödd sem svaraði spurningu Jóns Magnússonar um það hvar þetta hefði gerst, þetta með Svan og ljósmyndarann.

„Þetta var á Caruso. Ítalska veitingastaðnum í Bankastræti. Við fórum þangað með öðrum kunningja mínum."

Og við að heyra þau orð, Caruso og ítalska, fer ég aftur í huganum á Hornið við Hafnarstrætið, í þetta sinn á ljóðrænum nótum. Það var þar í kjallaranum sem gera má ráð fyrir að vörulager málningar- og veiðarfæraverslunarinnar sem áður var á þessu horni hafi verið – að þar hafi verið að finna uppsprettu hinnar eftirminnilegu olíu- og tjörulyktar sem settist að í vitum mínum þegar ég var ung manneskja; þess keims sem er enn í huga mínum keimurinn af Íslandi áður en það varð útlent – þess tíma sem búinn er þeim töframætti að hafa verið ömurlegur þá en að vera yndislegur núna.

„Caruso?" hváði Jón.

En um leið og Bóas tók fram í hvaða húsi staðurinn væri; það stæði á horni Ingólfsstrætis og Bankastrætis, „þar sem ártalið átján hundruð og eitthvað er í staðinn fyrir húsnúmerið", vissi Jón við hvaða hús hann átti. Og án þess að hann þyrfti sérstaklega að reyna að veiða upp úr Bóasi það sem hann fýsti að vita um hinn ógæfusama atburð í lífi félaga hans, beinlínis rann frásögnin upp úr honum, með þeim sérstaka talanda og tóni sem jafnvel Jón, hinn mikli efasemdarmaður um gildi ljóðlistarinnar og það fólk sem hana stundaði, kunni ágætlega að meta. Þótt Bóas væri án nokkurs vafa búinn að rekja atburði þessa kvölds fyrir lögreglunni fór ekkert á milli mála að hann hafði virkilega þörf fyrir að deila þessari reynslu sinni með fleirum:

Þeir Svanur höfðu farið út að borða í tilefni af því að kunningi Bóasar – þessi sem hann hafði nefnt; myndlistarmaður sem nýlega flutti til Færeyja – var í stuttri heimsókn á landinu. Áður en þeir fóru á Caruso höfðu þeir litið inn á litlum bar ofarlega á Laugaveginum og drukkið nokkra bjóra, og Svanur, sem hafði átt erfiðan dag – eitthvað með barnsmóður hans að gera – var orðinn töluvert ölvaður þegar þeir settust inn á veitingastaðinn í Bankastrætinu. Stuttu áður en þeir pöntuðu matinn hefði síðan ljósmyndarinn komið inn á staðinn, í fylgd með ritstjóra blaðsins, þess sem birti myndina af Svani…

Hér þurfti Jón reyndar að stöðva Bóas; hvaða mynd ætti hann við?

„Þú vissir af því, var það ekki?" Bóas tók sér síðan góðan tíma í að útskýra „forsögu málsins": myndina sem hafði birst af Svani í blaðinu, þá sem varð til þess að hann réðst á ljósmyndarann.

Nokkrum dögum áður hafði verið opnuð í Kópavogi ný leikfangaverslun, stærri en allar aðrar af þeirri tegund á landinu – eitthvert útibú frá erlendri búð – og Svanur, sem langaði til að gleðja litlu dóttur sína, sex ára stúlku sem hann hafði hingað til haft mjög lítil afskipti af – ekki síst vegna erfiðs samkomulags við móðurina – ákvað að líta í þessa nýju verslun; það hefðu verið auglýstir himinháir afslættir daginn sem búðin var opnuð, svokölluð opnunartilboð. Hann hafði tekið strætisvagn í Kópavoginn – með því að nefna smáatriði sem þetta var augljóst að Bóas vildi afla félaga sínum samúðar – og þegar hann kom að leikfangabúðinni hafði myndast þar löng röð viðskiptavina, sem hann varð óhjákvæmilega hluti af; röð sem skilaði honum hálftíma síðar inn í slík þrengsli í búðinni að hann mátti hafa sig allan við að verða ekki undir í troðningnum. Það var síðan á miklu átaka-augnabliki, þegar þrýstingurinn frá ákafri röðinni fyrir aftan Svan var sem mestur, að ljósmyndarinn ungi náði að fanga mómentið (svo notast sé við orð Bóasar); mómentið sem birtist svo sem ljósmynd daginn eftir í blaðinu; mynd sem sýndi Svan í forgrunni, með aðra höndina útrétta, eins og hann væri í örvæntingu að teygja sig í átt að ódýrasta leikfangakassanum. Andlitssvipur hans gaf þar að auki ótvírætt til kynna (í augum þeirra lesenda blaðsins sem ekki vissu betur) að þessi maður í leikfangabúðinni – þessi miðaldra maður með alskeggið og hattinn – „ætlaði sér stóra hluti" innan um opnunartilboðin, enda hefði textinn undir myndinni ýtt mjög undir þá túlkun. (Hér verð ég að játa að orðalagið er ekki eingöngu á ábyrgð Bóasar.)

Að sjá þessa mynd af sjálfum sér í blaðinu hafði verið áfall fyrir Svan. „Hann fékk algert sjokk þegar hann sá þetta," útskýrði Bóas. Fyrir ljóðskáld að fá mynd af sér í blaði þar sem hann lítur út fyrir að vera heltekinn af þeirri fíkn nútímamannsins sem fagurfræði skáldanna gengur jafnan helst út á að hafna, jafngilti opinberri aftöku – hann hlyti að koma auga á það, „er það ekki?" Það var Bóas sem spurði Jón þeirrar spurningar. Og Jón tók heilshugar undir það; það hlyti að vera erfitt, einkum og sér í lagi fyrir ljóðskáld.

„Bara hvaða listamann sem er," leiðrétti Bóas, og Jón samsinnti því líka.

AÐ TJALDABAKI

Skáldin með ESB Rithöfundar og skáld blanda sér í umvörpum í Evrópumræðuna. Í gær birtist í Fréttatímanum viðtal Jóns Kalmans Stefánssonar rithöfundar við kollega sinn Hannes Pétursson, sem ræddi um „blágrænu þverpólitíkina gegn aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu". Hannes segir andstæðinga aðildar hér á landi „þvæla þess seint og snemma um afsal fullveldis og sjálfstæðis. Hefur nokkurt ríki sambandsins glatað sjálfstæðinu eða fyrirgert með öllu fullveldinu? Ekki eitt einasta."

Og skáldin á móti Í gær birtist hins vegar í Fréttablaðinu heilsíðuauglýsing, þar sem félagar og stuðningsmenn VG skoruðu á forystu flokksins að beita sér gegn aðild Íslands að ESB. Áframhaldandi aðildarferli væri gróf ögrun við lýðræði í landinu. Í hópi þeirra sem skrifa undir eru nokkrir rithöfundar, þar á meðal Árni Bergmann, Guðmundur Brynjólfsson, Gyrðir Elíasson, Ingibjörg Hjartardóttir og **Ingunn Snædal**.

Skáldgreinar Að minnsta kosti þrjú greinasöfn koma út fyrir þessi jól. Hjá Nýhil er komið út greinasafnið Gjá sem inniheldur ritgerðir og blaðagreinar eftir **Hauk Má Helgason**, heimspeking og rithöfund. Uppheimar gefa út Spegil þjóðar eftir Njörð P. Njarðvík en þar má finna persónulegar vangaveltur Njarðar um íslenskt samfélag frá miðri síðustu öld fram á okkar daga. Hjá JPV kemur út Péturspostilla, sem inniheldur greinar og erindi eftir Pétur Gunnarsson.

Erik Jørgensen

AFMÆLISGJAFVERÐ
29.okt. - 06. nóv.

EJ sófar og Wonderland rúm
35% afsláttur
- einnig af pöntunum

epal
35 ÁRA 1975 2010

Epal hf / Skeifan 6 / 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is

Wonderland

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing

Allt sem þú þarft...

Nú er tími vampíranna. Komdu í Eymundsson – ef þú þorir!

„Hroðalega góðar“

Sökktu tönnunum í vampírusögur á hrekkjavökunni



Lifandi dauð í Dallas er önnur bókin í seríunni um Sookie Stackhouse úr sjónvarpsþáttunum True Blood.

Myrkvun er þriðja bókin í Twilight-seríunni um Edward og Bellu.

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872

Myndsegulbandsvæðingin mikla

Að horfa á myndband er góð skemmtun. Það þótti í það minnsta landsmönnum sem tóku tækninýjungunum fagnandi í upphafi níunda áratugarins. *Kjartan Guðmundsson* hnýstist í gömul blöð og rifjaði upp blaðaskrif um kapalkerfi, BETA og bláar myndir.

Fyrstu skrif um „myndsegulbandstæki“ í íslenskum dagblöðum má finna í Vísi í febrúar 1965, þar sem blaðamaður skrifar hrifinn um þá miklu byltingu sem Philips-fyrirtækið hafi valdið með framleiðslu á litlum og viðráðanlegum tækjum sem kosti innan við fimmtíu þúsund krónur.

Það er svo um fimmtán árum síðar, í upphafi níunda áratugarins, sem umræða um „video“, tekur gríðarlegan kipp enda myndbandaleigur þá farnar að spretta upp eins og gorkúlur um land allt.

Í lok árs 1981 kemur fram í Morgunblaðinu að slíkar leigur séu orðnar á þriðja tug í höfuðborginni einni, en fjórum árum síðar birtist frétt í Víkurfréttum þar sem talað er um hinn vídeóvædda bæ Keflavík. Við Hafnargötuna, sem sumir vilji nú nefna „Vídeógötu“, stóðu þá sjö vídeóleigur, þar af sex á kaflanum frá húsi númer 16 til 38.

Leigunum átti svo eftir að fjölga verulega eftir því sem myndbandstækjaeign landsmanna varð almennari. Blaðamaður Frétta í Vestmannaeyjum áætlar í mars 1982 að myndbandstæki séu á yfir helmingi heimila í Eyjum. VHS-tækin séu algengust, BETA-tækin standi þeim nokkuð að baki í vinsældum en V-2000 tækin séu einungis tíu til fimmtán talsins.

EKKERT SJÓNVARP Í JÚLÍ Þættirnir um Ewing-fjölskylduna í Dallas voru eitt vinsælasta sjónvarpsefni níunda áratugarins. Þessi ljósmynd er tekin í júlí árið 1984, þegar eftirspurn eftir þáttunum á myndbandi var greinilega mikil vegna sjónvarpsleysisins. MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

Falcon Crest og Strumparnir

Vídeóvæðingin var fljót að breiðast út og oft þröng á þingi á leigunum í árdaga hennar á Íslandi. Af fréttum má merkja að fyrst í stað nutu kvikmyndir af flestum toga og barnaefni mestra vinsælda, en fljótlega fóru erlendar sjónvarpsþáttaseríur að ryðja sér til rúms á markaðnum. Á lista DV yfir vinsælustu myndböndin í byrjun maí 1985 sést til að mynda að þættirnir Return to Eden, Falcon Crest og Strumparnir eru einna mest leigðir út. The Naked Face með gömlu kempunum Roger Moore og Rod Steiger í aðalhlutverkum trónir á toppi listans yfir kvikmyndir, en á honum má einnig finna meðal annars Conan the Destroyer með Arnold Schwarzenegger og hið rúmlega tuttugu ára gamla kvikmyndastórvirki Arabíu-Lawrence, merkilegt nokk.

Ekki er birtur sérstakur listi yfir vinsælustu myndböndin í KV, eða Kristilegu vídeóleigunni, sem hjónin og Hvítasunnusafnaðarmeðlimirnir Andrés Guðbjartsson og Rut Rósinkransdóttir opnuðu snemma árs 1984 í Barðavoginum í Reykjavík.

Tilkoma myndbandanna breytti líka miklu fyrir líf sjómanna um borð í skipum, eins og kemur fram í Sjómannablaðinu í lok árs 1982. Þar er Björgvin Ólafsson, eigandi Vídeo-Vals við Hverfisgötu, spurður hvers konar myndir séu vinsælastar um borð og ekki stendur á svarinu: „Djarfar myndir og hryllingsmyndir eru lang vinsælastar. Menn vilja fá eitthvað spennandi. Ég hef reynt að vera með annars konar efni, t.d. fræðslumyndir, íþróttamyndir o.þ.h. en þær hreyfast varla nokkuð.“

Helbláar á bak við

Deilur um áhrif sjónvarpsgláps á börn og unglinga eru ekki nýjar af nálinni, eins og pistill Bjargeyjar Elíasdóttur fóstru í Sjónarhorni Þjóðviljans í nóvember 1982 sýnir: „Það þekkist að foreldrar safni auglýsingum á myndband fyrir börn sín og stór hópur barna fær það nesti fyrir svefninn að innbyrða auglýsingadagskrá sjónvarpsins ... Látum sjónvarp ekki stjórna okkur, né heldur uppeldi barna okkar,“ er heilræði fóstrunnar.

Fyrrnefndar „djarfar myndir“ voru einnig uppspretta mikilla deilna í þjóðfélaginu. Í júlí 1982 birtir Helgarpósturinn heilsíðugrein um óformlega rannsókn á því hvort eitthvað sé hæft í þeim sögusögnum að „í vídeóleigum borgarinnar sé hægt að fá leigðar klámmyndir sem brjóta í bága við lög um drefingu kláms,“ og kemst að því að sú sé vissulega raunin. „Fölbláar“ myndir séu hafðar til sýnis í hillunum en þær „helbláu“ faldar bak við borðið. Blaðamaður gengur svo langt að kanna innihald einnar þeirra síðarnefndu og er allt annað en upprifinn yfir innihaldinu:

„Við getum tekið eina sem dæmi. Hún var bandarísk, gerð í Kaliforníu, en titillinn hermdur upp á Svíþjóð. Myndin hófst á einhverri útiskemmtun þar sem tveir karlmenn og ein kona hittust. Þau yfirgáfu svæðið eftir nokkur orðaskipti og leikurinn barst inn í einhverja glæsihöll. Þar var enn skipst á nokkrum orðum og svo fóru þremenningarnir að fækka fötum. Eftir það varð myndin ansi einhæf. Þau skötuhjúin eðluðu sig í öllum hugsanlegum stellingum og flest skotin voru nærmyndir af líffærum í „fúllsving“. Svo fengu allir fullnægingu og myndin búin. Næsta mynd gjöriðisvovel.“

Þöglar myndir ólöglegar

Það er þó ekki fyrr en árið 1984 sem bera fer á fregnum um stórfelldar rassíur lögreglu á myndbandaleigur í þeim tilgangi að gera upptækar gríðarlegar birgðir af ólöglegu efni. Það ár stofnuðu eigendur rúmlega fimmtíu myndbandaleigna á höfuðborgarsvæðinu með sér samtök til að annast sameiginleg hagsmunamál leignanna, meðal annars gagnvart Samtökum rétthafa myndbanda á Íslandi (SRMÍ), en hálfgert stríðsástand hafði ríkt milli þessara aðila frá upphafi vídeóvæðingarinnar.

Ófriðurinn ríkti meðal annars vegna deilna um ólöglegar fjölfaldanir á myndum og einnig um sýningar í svokölluðum kapalkerfum fjölbýlishúsa. Um eina slíka rassíu, sem fram fór snemma árs 1987, skrifar blaðamaðurinn Gunnar Smári Egilsson hjá Helgarpóstinum, að uppskera lögreglumanna hafi í sumum tilfellum verið brosleg: „Magnús [G. Kjartansson, formaður SRMÍ] hafði gefið þeim þá forskrift að allar ótextaðar spólur væru í raun ólöglegar. Það leiddi til þess að þöglar myndir voru teknar traustataki og auk þess nokkur eintök af íslensku efni, sem að sjálfsögðu var ótextað.“

Slíkar rassíur héldu áfram langt fram á tíunda áratuginn, en málið virðist þó hafa leyst nokkuð farsællega að lokum.

Fækkun leigna síðustu ár

Vafalaust stuðla margir ólíkir þættir, til að mynda tilkoma internets og niðurhals og lækkandi útsöluverð DVD-mynda, að mikilli fækkun myndbandaleigna á Íslandi hin síðari ár. Um miðja síðustu öld spáðu því margir að sjónvarpið myndi senn ganga af kvikmyndaiðnaðinum dauðum, en höfðu rangt fyrir sér. Líklegt er að spádóma um dauða vídeóleigunnar bíði sömu örlög.

KLÁM Á STRUMPAMYNDBAND

Í janúar árið 1992 eignaðist átta ára stúlka í Reykjavík myndband með teiknimynd um Strumpana, sem Laddi talsetti. Þegar myndinni lauk brá foreldrum stúlkunnar heldur betur í brún, því þá tók við brot úr grófri klámmynd. Foreldrarnir sneru sér til Neytendasamtakanna og kærðu sölu myndbandsins til lögreglunnar. Í ljós kom að Strumpamynd með klámi í endann hafði áður sloppið út á markaðinn og rak talsmaður Steinars hf., dreifingaraðila myndarinnar, mistökin til fyrirtækis sem útvegaði auðar spólur til fjölföldunar. Vakti málið mikla athygli og grínuðust meðlimir Spaugstofunnar meðal annars með það í þætti sínum á RÚV, en í meðförum Spaugstofunnar var „Æsti-strumpur“ í aðalhlutverki.

VHS OG BETA Þessi unga stúlka hafði um nóg að velja í hillunum á Myndbandaleigu kvikmyndahúsanna í ágúst 1982. Myndir með íslenskum texta eru sérstaklega merktar. MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

Rauði kross Íslands
Kvennadeild Reykjavíkurdeildar

Jólabasar Kvennadeildar Rauða krossins

Verður haldinn sunnudaginn 31. október frá kl. 13 - 16 í húsi Rauða kross Íslands, Efstaleiti 9.

Á boðstólum verða fallegir handunnir munir er tengjast jólunum og heimabakaðar gómsætar kökur.

Kaffisala.

Verið velkomin.

Allur ágóði af sölunni rennur til Drekaslóðar, sem eru ný samtök sem berjast gegn hvers kyns ofbeldi.

SPORT DAGAR

20% afsláttur:

Allur SPORT-fatnaður
Allir SPORT-skór
Allar SPORT-töskur

ÍSLENSKA/SIA.IS/UTI 32087 10/10

HOLTAGÖRÐUM ∘ GLÆSIBÆ ∘ KRINGLUNNI ∘ SMÁRALIND ∘ WWW.UTILIF.IS

ÚTILÍF

FRÉTTASKÝRING: Hvaða áhrif hefði ESB-aðild og upptaka evru á neytendur og smásölumarkað?

Kjör neytenda myndu batna

Matvöruverð gæti lækkað talsvert við inngöngu í ESB. Í Finnlandi lækkaði það um tólf prósent. Neytendur gætu keypt ódýrari landbúnaðarafurðir og samkeppni yrði meiri í smásölu, segja skýrslur og talsmenn neytenda: kjör myndu stórbatna. Aðildarandstæðingar segja hins vegar að kjarabæturnar sem fylgja aðild geti Íslendingar veitt sér sjálfir, án þess að ganga í ESB.

Það sem munar mestu fyrir Ísland við aðild að ESB er að innri tollar á milli Íslands og ESB myndu endanlega falla niður, þar með taldir tollar á landbúnaðarafurðir," segir í skýrslu Neytendasamtakanna og Háskólans á Bifröst frá 2008.

„Á móti kemur að ókostirnir felast fyrst og fremst í hækkun tolla á sum mikilvæg innflutt aðföng og vörur frá ríkjum utan bandalagsins," segir þar einnig: „en þar sem innflutningstollar á Íslandi eru almennt hærri en í ESB yrði það ekki raunin á mörgum vörutegundum".

Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, tekur sem dæmi lægri viðskiptakostnað fyrirtækja, sem ætti að skila sér til neytenda. „Krónan hefur verið okkur dýrkeypt og ef við færum í ESB yrði okkur gert að taka þátt í evrusamstarfinu. Þegar horft er til hversu grátt krónan hefur leikið landsmenn, græt ég hana ekki."

Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu (SVÞ) sem er málsvari atvinnurekenda í verslunar- og þjónustufyrirtækjum, segir einnig að sumar landbúnaðarvörur muni að líkindum lækka verulega í verði.

Verð niður um 25% eða einokun?

Þegar Finnland gekk í ESB 1995 lækkaði vöruverð þar um tólf prósent, samkvæmt samantekt Ernu Bjarnadóttur, hagfræðings Bændasamtakanna. Ekki er sjálfgefið að þetta gerist hér á landi, segir hún.

„Fákeppni og smæð markaðarins gera það að verkum að innlend verslunarkeðja gæti séð sér hag í að bjóða innfluttar vörur á lægra verði tímabundið þar til innlendir framleiðendur gefast upp. Þá er verslunarkeðjan einráð á eftir," segir hún.

Andrés Magnússon telur þetta mögulegt, en mjög langsótt: „Samkeppniseftirlitið ætti að grípa inn í slíkt ferli, ef einhverjir eru að beita óvönduðum meðölum til að öðlast markaðsstöðu. Við myndum styðja það af heilindum. Atvinnulífið vill ekki sjá einokun á neinum markaði," segir hann.

Í fyrrgreindri skýrslu Neytendasamtakanna og Bifrastar er vitnað í Hagfræðistofnun HÍ, sem telur að matvælaverð lækki um tíu prósent við inngöngu. Einnig er vísað í skýrslu eftir Eirík Bergmann Einarsson og Jón Þór Sturluson, þar sem segir að eftir upptöku evru gæti verð á neysluvörum lækkað um fimmtán prósent á Íslandi og matvælaverð almennt um fjórðung.

Dr. Magnús Bjarnason stjórnmálahagfræðingur segir í nýútkominni bók sinni um áhrif af inngöngu Íslands, að aðild að sameiginlegri landbúnaðarstefnu ESB gæti aukið ráðstöfunartekjur íslenskra heimila um allt að fjögur prósent.

Gætum gert þetta sjálf

Páll Vilhjálmsson, starfsmaður Heimssýnar, sem eru samtök andstæðinga ESB-aðildar, segir að hagsbætur sem kæmu af tollabandalagi við Evrópu séu nú þegar á hendi stjórnvalda.

„Við getum stjórnað þessu sjálf með því að hækka eða lækka álögur. Sé vilji til að fella niður þær hömlur, sem féllu niður ef við færum undir landbúnaðarstefnuna, þá yrði það málamiðlun innanlands, sem mætti endurskoða eftir aðstæðum. En ef við erum komin inn í ESB og sjáum fram á hrun íslensks landbúnaðar þá getum við ekki tekið það til baka. Þá erum við ofurseld valdinu í Brussel," segir Páll.

Um hvað Heimssýn leggi til að verði gert í tolla- og stöðugleikamálum, til að bæta núverandi stöðu neytenda, hvort hreyfingin vilji til að mynda að tollar og vörugjöld á landbúnaðarvörum verði felld niður, segir hann að samtökin hafi enga neytendastefnu sem slíka. Þau hafi það eitt að markmiði að Ísland gangi ekki í ESB.

Páll bendir á að helsti áhrifavaldur verðs innfluttra vara sé gengi gjaldmiðilsins. Nú þegar gengið er lágt sé matvælaverð á Íslandi á pari við það sem gerist á Norðurlöndum. Stöðugleiki fáist ekki með evru, því gengi hennar muni ekki taka mið af íslenskum aðstæðum.

„Það er enginn vafi á því að það hefur marga kosti að hafa sveigjanlegan gjaldmiðil, það hefur sýnt sig í kreppunni að við förum fyrr niður og fyrr upp aftur," segir hann. Páll varar, líkt og Erna Bjarnadóttir, við því að fyrirtæki eins og Hagar taki ávinninginn af niðurfellingu tolla til sín.

Ódýrari verslun á netinu

Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda, segir að kjör fólks muni „stórbatna" við inngöngu í ESB og upptöku evru. Bæði hann og Jóhannes Gunnarsson benda á hagsbætur af frjálsari eigin innflutningi neytenda.

„Póstverslun og kaup á netinu yrðu eins og að verslað væri við innlend fyrirtæki. Þetta myndi þýða aukna samkeppni íslenskra verslana við evrópskar verslanir og ætti að knýja á um lækkun verðs," segir Jóhannes.

Betri samanburður

Annað sem skiptir máli er að verðsamanburður milli landa yrði auðveldari með upptöku evru. Neytendur geta þá séð svart á hvítu hvað vörur kosta á Íslandi miðað við önnur Evrópulönd. Um leið verður auðveldara að bera saman launakjör.

Verslunin óttast ekki aðild

Þessi orð Jóhannesar, að með aðild að ESB kæmist aukin samkeppni á milli erlendra og innlendra smásala, voru borin undir Andrés Magnússon í SVÞ.

„Íslenskar verslanir hafa alltaf verið í beinni samkeppni við erlendar verslanir, enda hefur fólk farið til útlanda gagngert til að versla. Þegar gengi krónunnar var sterkt hér á árum áður hallaði mjög á íslenska verslun í þeirri samkeppni," segir hann. Könnun hafi leitt í ljós að fyrirtæki innan SVÞ styðji aðildarviðræður.

„Það er upptaka evru og hagræðið af gjaldmiðlinum sem er mjög afgerandi þegar fólk er að fjalla um þetta í okkar röðum og um nauðsyn þess að stíga þetta skref," segir Andrés og bætir við að með því að gengið verði í myntbandalagið muni það þýða stöðugra verðlag, neytendum til góða.

MEIRA ÚRVAL, LÆGRA VERÐ Bjartsýnustu menn telja að matvöruverð lækki um fjórðung og sérstaklega landbúnaðarvörur sem nú eru á bakvið tollamúra, gangi Ísland í ESB. Andstæðingar óttast að stórar verslanakeðjur verði einráðar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hækka kaupmenn verðið með evru?

Þegar evran var sett í umferð árið 2002 heyrðust kvartanir evrópskra neytenda um að kaupmenn gripu tækifærið til að hækka verð. Þetta áttu þeir að hafa gert í skjóli þess að neytendur væru ekki eins vel á varðbergi og gagnvart eigin gjaldmiðli.

Samkvæmt bók eftir Auðun Arnórsson og fleiri, um Ísland og Evrópusambandið frá 2003, staðfestu verðlagsrannsóknir ekki þessar kvartanir nema að litlu leyti. Það voru algengustu og ódýrustu vörurnar sem voru rúnnaðar af þegar skipt var um gjaldmiðil og fólk fékk því þá tilfinningu að allt væri að hækka, segir Wikipedia. Sem dæmi varð sýnileg breyting á verðlagi í Miðjarðarhafslöndum þegar espresso-bollar á kaffihúsum hækkuðu. Töldu margir þar með að allt hefði hækkað.

Klemens Ólafur Þrastarson
klemens@frettabladid.is

Samkeppni ætti að aukast

Spurður hvort aðild að ESB hefði í för með sér einhverjar breytingar á högum neytenda, út frá samkeppnissjónarmiði, segir Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, að í gegnum EES-samninginn hafi þegar verið innleiddar þær meginreglur samkeppnisréttar sem gilda hjá Evrópusambandinu, í þeim vöru- og þjónustuflokkum sem samningurinn tekur til.

„Aðild að ESB myndi að líkindum hafa í för með sér að þessar samkeppnisreglur myndu taka með skýrari hætti til fleiri sviða í atvinnulífinu, svo sem landbúnaðar og landbúnaðarvara og má búast við að samkeppni á þeim sviðum muni aukast," segir Páll Gunnar.

Þess má geta að í reglum ESB eru sérákvæði til að stuðla að virkri samkeppni í byggðum fjarri miðstöðvum markaða, svo sem Azoreyjar í Atlantshafi. Sérfræðingar telja að þessar reglur gætu hugsanlega átt við um aðstæður á Íslandi, og þá orðið til að styrkja neytendavernd hér.

Hvað var sagt í aðdraganda EES-samningsins?

Græðgissjónarmið neytenda

„Við erum að taka svipað skref og gert var á Alþingi árið 1000 að sagt er með kristnitökunni, taka við boðskapnum, en áskilja okkur að um sinn megi menn a.m.k. blóta á laun, [...]

[Með samningi um EES ætlum við] að láta mælistiku fjárhagslegrar hagkvæmni ráða því hvar [...] sé ódýrast fyrir þennan stórflokk manna sem mér skilst að sé hér á Íslandi líka, telur sig á stundum allfyrirferðarmikinn, sem kallast neytendur. Það er það sem á að ráða ferðinni. Það er grundvöllurinn í þessari hugmyndafræði burtséð frá því hvað varðar atvinnustig og allt þess háttar, burt séð frá því hvað varðar umhverfi [...] Nei, það sem ræður ferðinni er græðgisjónarmiðið ef svo má segja, græðgisjónarmiðið sem er að setja mannkynið, með hinn ríkari hluta í fararbroddi, á vonarvöl á plánetunni jörð."

Hjörleifur Guttormsson, þingmaður Alþýðubandalagsins, í þingræðu um EES, 8. apríl 1994.

Neytendur fá aldrei að njóta neins

„Hvernig er t.d. með tollasamningana? Jú, þeir eiga að fella niður tollana fyrir okkur, á okkar vörum erlendis. En hvað gerum við hér í gagnkvæmum samningi? Fellum við þá ekki niður tollana líka? Nei, ekki aldeilis. Við breytum um nafn. Við þurrkum út nafnið tollur og skrifum vörugjald í staðinn og svo notum við þetta tækifæri í leiðinni og setjum örfá atriði inn í. Aðeins að taka ný gjöld. Svona gerum við gagnkvæma samninga. Hvað mundu menn segja ef við værum beittir slíkum brögðum, ef nú kæmi allt í einu vörugjald hinum megin frá á okkar vörur? Bölvaðir svikarar, mundum við segja, bölvaðir svikarar. En þetta er bara nákvæmlega taktíkin okkar. Því mega neytendur ekki njóta neins hérna?"

Ingi Björn Albertsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks, í þingræðu 9. janúar 1993 um EES-samninginn. Ingi Björn spáði því þar að „ríkishítin" myndi koma sér undan því að leyfa neytendum að njóta góðs af samningnum.

(„Þegar Ísland gerðist aðili að EFTA árið 1970 voru tekin upp vörugjöld á alla neyslu, hvort sem hún var framleidd innanlands eða innflutt. Vörugjöldin voru hugsuð sem tekju-uppbót ríkisins vegna tollalækkana í kjölfar EFTA samningsins og sem neyslustýring gagnvart kaupendum." Úr skýrslu Neytendasamtakanna 2008).

Michael Porter

"Einstakt tækifæri - Michael Porter á Íslandi!"

www.icelandgeothermal.is

abbey road / design

Einstakt tækifæri

Þann 1. nóvember 2010 verður haldin á Íslandi alþjóðleg jarðhitaráðstefna þar sem hinn heimskunni vísindamaður á sviði stjórnunar Dr. Michael Porter, prófessor við Harvard háskóla mun verða aðalræðumaður.
Þar mun hann kynna niðurstöður sínar og aðstoðarmanns síns, Dr. Christian Ketels, á kortlagningu hins íslenska jarðvarmaklasa sem hann hefur unnið að í heilt ár í samvinnu við íslenska ráðgjafafyrirtækið Gekon.
Samstarfsaðilar Gekon eru yfir 40 talsins og hefur myndast óvenju breið samstaða um framgöngu verkefnisins úr öllum hlutum hins íslenska jarðvarmaklasa.
Hér er um tímamótaatburð að ræða og einstakt tækifæri til að sjá einn helsta og virtasta sérfræðing heims á sviði stefnumótunar og samkeppnishæfni, ásamt fleirum, tala um hvernig Ísland gæti hugsanlega orðið leiðandi í vinnslu jarðvarma í heiminum.

Iceland geothermal 2011 november

Iceland Geothermal 2010
Conference Agenda

Date: Monday, November 1st 2010
Time: 13:00 - 17:45
Place: Háskólabíó, Reykjavík, Iceland
Language: English

www.icelandgeothermal.is

13:00-13:30	Reception - Háskólabíó
13:30-13:40	Dr. Kristín Ingólfsdóttir, President of University of Iceland; Conference opening.
13:40-13:50	Short film; Iceland and Geothermal by Þorsteinn J.
13:50-14:20	Dr. Christian Ketels, Harvard Business School; The profile of the Icelandic geothermal cluster.
14.20-15:40	Dr. Michael Porter, Harvard Business School; Turning the Cluster into an engine of renewed Icelandic growth.
15:40-16:00	Coffee break
16:00-16:15	Ms. Katrín Júlíusdóttir, Minister of Industry; The geothermal cluster: The role of Government.
16:15-16:30	Dr. Hörður Arnarson, CEO of Landsvirkjun; The geothermal cluster: The role of companies.
16:30-16:45	Mr. Stefán Pétursson, CFO of Arionbanki; The geothermal cluster: The role of financial institutions - A new approach in Iceland.
16:45-16:55	Dr. Þorsteinn Ingi Sigfússon, Director General of Innovation Institute of Iceland; The future of the Icelandic geothermal cluster. Next steps.
16:55-17:25	Mr. Emiliano Duch, CEO of Competitiveness, Barcelona, and a Director of the Barcelona Clusters Summer School at IESE; A case study of a successful cluster policy. Learnings for the Icelandic geothermal cluster.
17:25-17:35	Dr. Ólafur Ragnar Grímsson, President of Iceland, Patron of the Conference; Final remarks.
17:35-17:45	Dr. Ari Kristinn Jónsson, President of the University of Reykjavík Conference closing

Ráðstefnan fer fram á ensku. Þátttökugjald krónur 13.200.- (6.600.- krónur fyrir skólafólk) **Miðasala fer fram á midi.is**

GEKON Skipuleggjandi ráðstefnunnar er Gekon ehf

midi.is Miðasala fer fram á midi.is

Platínu bakhjarl:
Arion banki

Demant bakhjarl:
KPMG
HS Orka

Samstarfsaðilar:
365 miðlar
Alcoa Fjarðaál
Bláa lónið
Efla
Efnahags- og viðskiptaráðuneytið
Enterprise Europe Network
Fjárfestingastofa Íslands
Georg
Háskólinn á Bifröst
Háskóli Íslands
Háskólinn í Reykjavík
Hótel Holt
Icelandair
Iðnaðarráðuneytið
Íslandsbanki
Íslandsstofa
ÍSOR
Jarðboranir
Jarðhitaskóli Sameinuðu Þjóðanna
Keilir
Landsbankinn
Landsnet
Landsvirkjun
Landvernd
LEX
Lýsing
Mannvit
Norðurál
Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Orkustofnun
Orkuveita Reykjavíkur
Rannís
RARIK
Reykjavík Geothermal
REYST
RES
Samorka
Samtök atvinnulífsins
Samtök iðnaðarins
Umhverfisráðuneytið
Utanríkisráðuneytið
Verkís
VSÓ Ráðgjöf
Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar (Kadeco)

Kaffi, pósthús og Big Lebowski

MYNDBROT ÚR DEGI | Miðvikudaginn 27. október | Tekið á Canon IXUS60

Tónlistarmaðurinn **Jónas Sigurðsson** gaf nýlega út aðra plötu sína, Allt er eitthvað, ásamt hljómsveitinni Ritvélar framtíðarinnar og hefur skífan hlotið frábærar viðtökur. Jónas brallaði ýmislegt á miðvikudaginn eins og ljósmyndirnar sýna.

1 Fullkominn morgunn byrjar á afslöppuðum morgunskrifum með kaffibolla og teppi fyrir framan fartölvuna. Það er siður sem ég byrjaði á í Danmörku og hef reynt að halda í síðan þótt það gangi upp og niður.

2 Heimsókn í Stúdíó Sýrland til þeirra Benzín-bræðra Barkar og Daða. Þeir eru búnir að taka stúdíóið alveg í gegn og það er hrein unun að kíkja í heimsókn til þeirra í kaffi og spjalla um lífsins gögn og nauðsynjar.

3 Næsta stopp pósthúsið að senda tónlistaráhugamönnum, vinum og velvildaraðilum nýja diskinn. Í þetta sinn voru eintök að fara til Svartfjallalands, Englands, Danmerkur, Djúpavogs, Frakklands og víðar.

4 Heima beið lítil sæt frænka sem er í miklum metum á heimilinu og var nú komin í heimsókn. Meðal annars til að kitla frænda sinn.

5 Elliðaárdalur er uppáhalds hlaupasvæðið. Góð leið til að rífa sig upp seinni part dags er að hlaupa góðan hring um dalinn. Þarna er ég á leiðinni niður aftur, Árbæjarmegin.

6 Eftir góðan dag og kvöldmat með fjölskyldunni fer dóttirin út á Skrekkæfingu og við Matti sonur minn tökum til við að horfa á The Big Lebowski sem við höfum verið að horfa á saman síðustu kvöld. Skemmtum okkur konunglega yfir henni og skríðum svo í háttinn.

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

INNTAKA NÝNEMA Í LÖGREGLUSKÓLA RÍKISINS

Auglýst er eftir hæfum umsækjendum til að stunda almennt lögreglunám við grunnnámsdeild Lögregluskóla ríkisins.

Umsóknarfrestur er til 15. nóvember 2010.

NÁMIÐ
Skiptist í bóknám og starfsnám og hefst þann 1. febrúar 2011. Það stendur yfir í a.m.k. tólf mánuði og þar af verður starfsnám a.m.k. fjórir mánuðir.

RÉTTINDI SEM NÁMIÐ VEITIR
Hver sá sem lýkur almennu lögreglunámi með fullnægjandi árangri er hæfur til að sækja um laus störf lögreglumanna í lögreglu ríkisins. Hann þarf að uppfylla skilyrði lögreglulaga til að geta hlotið skipun til slíkra starfa til fimm ára í senn.

AÐ HVERJUM ER LEITAÐ
Lögreglustarfið er um margt spennandi og krefjandi vettvangur fyrir dugandi fólk enda eru líklega ekki gerðar jafn fjölþættar kröfur til umsækjenda um mörg önnur störf. Gerð er krafa um lágmarks menntun en líka gott andlegt og líkamlegt atgervi því í lögreglustarfinu reynir á ýmsa ólíka eiginleika þeirra sem því sinna. Reyndin er sú að umsækjendur hafa fjölbreyttan bakgrunn og lögreglan hefur gegnum tíðina fengið til liðs við sig afbragðs starfsfólk með t.d. iðnmenntun og aðra fagmenntun auk þess sem háskólamenntuðum hefur fjölgað á síðustu árum. Þá er góður kostur að hafa fjölþjóðlega reynslu.

Leitað er að skynsömum, jákvæðum, hraustum og reglusömum konum og körlum sem eiga auðvelt með mannleg samskipti.

NÁNARI UPPLÝSINGAR
Upplýsingar um inntökuskilyrðin, námið, feril umsókna, inntökuprófin, umsóknareyðublöð, læknisvottorð og handbók valnefndar er að finna á lögregluvefnum, **www.logreglan.is** undir Lögregluskóli ríkisins - Inntaka nýnema.

Nánari upplýsingar veitir Gunnlaugur V. Snævarr, yfirlögregluþjónn hjá Lögregluskóla ríkisins og formaður valnefndar Lögregluskóla ríkisins, í síma 577 2200.

27. október 2010

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Í ÞÁ TÍÐ...



Byrjaði með sigri

Muhammad Ali lagði lögreglustjóra í fyrsta atvinnubardaganum.

Fyrir réttum 50 árum hófst einn farsælasti atvinnumannaferill sögunnar þegar ungur hnefaleikakappi frá Kentucky, Cassius Clay að nafni, sigraði í sínum fyrsta bardaga sem atvinnumaður.

Eftir magnaðan feril sem áhugamaður þar sem hann vann 100 viðureignir á móti 5 töpum kom hann, sá og sigraði á Ólympíuleikunum í Róm árið 1960 þar sem hann hlaut gullverðlaun í léttþungavigt.

Clay, sem síðar tók nafnið Muhammad Ali, steig fyrst inn í hringinn sem 18 ára atvinnumaður 29. október 1960 og mætti þar Tunney nokkrum Hunsaker.

Hunsaker, sem var lögreglustjóri í smábænum Fayetteville í Vestur-Virginíuríki, mátti sín lítils, en stóð þó af sér orrahríðina og úrskurðuðu dómarar að Clay væri sigurvegarinn eftir sex lotur.

Augu Hunsakers voru svo bólgin eftir bardagann að hann sá ekki út úr þeim. Eftir á sagðist hann aldrei hafa séð annan eins hraða, hann hefði reynt öll trikkin sem hann kunni en til lítils.

Hunsaker var þó enginn aukvisi því að Ali sagði sjálfur í ævisögu sinni að í þessum slag hefði hann fengið eitt þyngsta skrokkhögg sem hann hefði nokkru sinni upplifað, en ágætur kunningsskapur upphófst milli þeirra tveggja í framhaldinu.

Ekki þarf að fjölyrða um feril Ali, sem varð einn mesti og umdeildasti íþróttamaður næstu tuttugu ára. Hann varð fyrst heimsmeistari árið 1964 þegar hann sigraði Sonny Liston, en missti titilinn í síðasta sinn árið 1978.

Ali er almennt álitinn besti hnefaleikakappi allra tíma. **- þj**

ÁR 1900 1950 **1960** 2000 2010

MIÐNÆTURSALA

SALA HEFST ANNAÐ KVÖLD KL. 24:00

Í SKEIFUNNI OG GARÐABÆ

Furðustrandir
eftir sagnameistarann Arnald Indriðason
Lögreglumaðurinn Erlendur er kominn á æskuslóðir til fundar við fortíðina, fundar sem verður afdrifaríkari en nokkurn grunar.

MIÐNÆTURSALA MIÐNÆTURSALA MIÐNÆTURSALA MIÐNÆTURSALA MIÐNÆTURSALA

„Fremstur norrænna sakamálahöfunda.“
The Times

„Á heimsmælikvarða.“
Westdeutsche Allgemeine

„Sagnameistari.“
The Guardian

Glæpsamlega gott verð
4.280.-

*Miðnæturtilboð**
3.990.-
**Gildir frá 24:00 sunnudag til hádegis á mánudag*

24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

tímamót

timamot@frettabladid.is

INGIBJÖRG H. BJARNASON, skólastjóri og alþingimaður, (1867-1941) lést þennan dag.
„Við eigum að reyna að gera allt það sem best er í fari annarra þjóða að íslenskri þjóðardyggð.“

Merkisatburðir

1611 Gústaf II. Adolf verður konungur Svíþjóðar.

1936 Á Suðvesturlandi verður mikið tjón vegna sjávarflóða og muna elstu menn ekki annað eins.

1941 Lokið er við höggmyndirnar af fjórum forsetum Bandaríkjanna í Rushmore-fjalli.

1983 Fyrstu frjálsu kosningarnar eru haldnar í Argentínu eftir sjö ára herforingjastjórn.

2006 Síðasta skipið er afgreitt úr Daníelsslipp í Reykjavíkurhöfn.

2008 Íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu vinnur það írska 3-0 á Laugardalsvelli og kemst þar með í úrslitakeppni EM 2009, fyrst íslenskra A-landsliða í knattspyrnu.

ÞETTA GERÐIST: 30. OKTÓBER 2005

Frúarkirkjan í Dresden endurvígð

Um sextíu þúsund manns fögnuðu því þennan mánaðardag fyrir fimm árum að lokið var endurbótum á Frúarkirkjunni í Dresden í Þýskalandi.

Kirkjan, sem var byggð á 19. öld, eyðilagðist í sprengjuárásum bandamanna undir lok síðari heimsstyrjaldarinnar. Endurbæturnar hófust eftir fall Berlínarmúrsins en fram að því vildu yfirvöld í Austur-Þýskalandi ekki láta gera við kirkjuna, heldur hafa hana sem minnisvarða um eyðileggingarmátt stríðsins.

Horst Köhler, forseti Þýskalands, hertoginn af Kent og sendiherrar Bandaríkjanna og Frakklands voru meðal þeirra sem sóttu athöfnina til að fagna þessum tímamótum. Einnig voru þar stödd Gerhard Schröder, kanslari Þýskalands og Angela Merkel, arftaki hans.

Endurbæturnar á Frúarkirkjunni kostuðu um þrettán milljarða íslenskra króna. Um helmingur þess fjár kom frá ýmsum þjóðum, meðal annars Bandaríkjamönnum og Bretum.

BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON: ER FERTUGUR Í DAG

Hestamennskan stóra áhugamálið fyrir utan pólitík og sögu

„Ég hef aldrei verið upptekinn af aldri og árum. Er aðallega þakklátur fyrir að vera á lífi og við góða heilsu,“ segir afmælisbarn dagsins, Björgvin G. Sigurðsson alþingismaður, spurður hvernig tilfinning það sé að fylla fjórða áratuginn.

Björgvin býr á Selfossi með konu sinni Maríu Rögnu Lúðvígsdóttur og sex börnum. Þaðan ekur hann daglega til þings. „Frá því við fluttum austur fyrir fjall fyrir sex árum fer ég undantekningalítið heim eftir vinnu,“ segir hann og tekur fram að þingmennskunni fylgi mikil keyrsla. „Í þessari viku er ég búinn að fara til Vestmannaeyja, í Mýrdalinn, þrisvar á Suðurnesin og er á leiðinni til Hornafjarðar eftir helgina,“ segir hann og bætir við: „En þetta er líka skemmtilegasta hliðin á starfinu, ferðalögin um kjördæmið og kynnin af fólkinu.“

Barnsskónum sleit Björgvin í Reykjavík en sex ára flutti hann með fjölskyldu sinni upp í Búrfellsvirkjun þar sem vélfræðingurinn faðir hans starfaði í 30 ár og móðir hans varð kennari í Þjórsárskóla. „Ég á einstaklega góðar minningar frá Búrfelli og var þar að vinna með skóla fram á 25 ára aldur,“ segir Björgvin. Um fermingu kveðst hann hafa flutt að Skarði í Gnúpverjahreppi, ásamt fjölskyldunni. Þar er hennar óðal enn og þar á og ræktar Björgvin hross og stundar útreiðar. „Hestamennska er stóra áhugamálið fyrir utan pólitík og sagnfræði,“ segir hann brosandi.

Þrátt fyrir ungan aldur á Björgvin langan feril að baki í pólitíkinni og er beðinn að skauta yfir hann. „Í háskólanáminu datt ég inn í öflugan hóp sem kenndi sig við Grósku og barðist fyrir samruna flokkanna vinstra megin við miðju. Svo þegar Samfylkingin varð til bað Margrét Frímannsdóttir mig að gefa kost á mér í eitt af efstu sætunum á lista flokksins á Suðurlandi 1999 og ég sló til. Rétt fyrir 29 ára afmælið tók ég í fyrsta sinn sæti á Alþingi sem varamaður Margrétar og mánuði síðar var ég ráðinn framkvæmdastjóri þingflokks Samfylkingarinnar, þannig að ég hef verið með þeim flokki frá því hann varð til fyrir ellefu árum,“ rifjar hann upp. Segir það þó ekki hafa verið upphaflega hugmynd sína að verða pólitíkus. „Ég ætlaði að stunda blaðamennsku og skriftir og var að mennta mig erlendis í stjórnmálaheimspeki, eftir sagnfræði- og heimspekinám hér heima. En vegna áhuga á pólitík og samruna frjálslyndra jafnaðarafla gaf ég kost á mér í þingmennskuna og hafði lengst af gaman af.“ „Hafði?“ étur blaðamaður upp. „Já, það er fróðlegt að líta til baka,“ segir Björgvin. „Síðustu ár hafa verið róstusöm en um leið eftirminnilegur tími og stórbrotinn.“

Ný bók eftir Björgvin kemur út eftir rúma viku, Stormur reynslusaga ráðherra. „Ég skrifaði hana í sumar,“ segir hann. „Þetta er frásögn mín af tímabilinu fyrir, í kringum og eftir efnahagshamfarirnar 2008. Einnig lít ég þar bæði til baka og framtíðar í stjórnmálum.“

Að lokum: Ætlar hann að halda upp á afmælið? „Nei, ég hélt síðast upp á afmælið mitt þegar ég var tvítugur og ætla að finna eitthvert annað tilefni seinna í lífinu til að halda sérstaka samkomu um sjálfan mig. Sjálfsagt kíkja einhverjir ættingjar og vinir í heimsókn í dag en eftir annasama viku ætla ég bara að slaka á og njóta þess að vera heima.“

gun@frettabladi.is

FERTUGUR Í DAG „Ég hélt síðast upp á afmælið mitt þegar ég var tvítugur og ætla að finna eitthvert annað tilefni seinna í lífinu til að halda sérstaka samkomu um sjálfan mig,“ segir Björgvin.

FRÉTTABLAÐIÐ/HILMAR BRAGI BÁRÐARSON

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, sonur, bróðir og afi,

Björn Ólafsson

Hofgörðum 1, Seltjarnarnesi,

lést á krabbameinsdeild Landspítalans fimmtudaginn 28. október. Útför fer fram frá Seltjarnarneskirkju föstudaginn 5. nóvember kl. 13.00.

Jóhanna Guðnadóttir
Guðrún Björnsdóttir
Hilmar Björnsson **Elín Helga Sveinbjörnsdóttir**
Guðrún Salvör Björnsdóttir
systur og barnabörn

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og bróðir,

Sveinn Viðar Stefánsson

Akurgerði 46, Reykjavík,

lést sunnudaginn 17. október. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Við sendum hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vináttu við fráfall hans. Sérstakar þakkir til starfsfólks í Fríðuhúsi, Landakotsspítala og á Grund, deild V-4, fyrir frábæra umönnun, skilning og hlýju í veikindum hans. Þökkum félögum í Oddfellow fyrir ómetanlegan stuðning.

Sigríður Brynjúlfsdóttir
Óskar Sveinsson **Ásta María Traustadóttir**
Rakel Sveinsdóttir
Arnfríður Kristrún Sveinsdóttir **Magnús G. Haraldsson**
barnabörn og systkini

Grand Hótel Reykjavík
Sigtún 38, 105 Rvk.
Sími: 514 8000
www. grand.is
erfidrykkjur@grand.is

Verið velkomin á Grand hótel

Grand HÓTEL REYKJAVÍK

†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför kærs vinar míns og bróður okkar,

Harðar Haraldssonar

Sérstakar þakkir til starfsfólks á deild 4A á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund.

Sigurbjörg Sigurðardóttir
Eiríkur Haraldsson
Pétur Haraldsson

†

Hjartans þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Gunnvarar Björnsdóttur

Dvalarheimilinu Höfða, Akranesi.

Ykkar stuðningur er okkur ómetanlegur.

Björn Sigurðsson **Susanna Modin**
Guðmundur Sigurðsson **Jónína Björg Magnúsdóttir**
Kristinn Hallur Sveinsson **Margrét Rós Jósefsdóttir**
Rósa Guðrún Sveinsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

Stelpustuð
á Skólavörðustíg

Ástin, útlitið, vinkonur, peningar, áhugamál, fjölskyldan og allt hitt líka

„Bók sem unglingsstúlkur mega ekki láta framhjá sér fara. Hefði viljað svona bók þegar ég var yngri.“
Margrét Lára Viðarsdóttir, knattspyrnukona

Komdu í Stelpustuð

Í tilefni af því að út var að koma bókin STELPUR! eftir þær Kristínu og Þóru Tómasdætur verður útgáfufagnaður í Eymundsson Skólavörðustíg í dag kl. 15–17. Þóra og Kristín kynna bókina og spjalla við forvitnar stelpur. **Spennandi uppákomur – tónlist og uppistand!**

STELPUR! er kraumandi viskubrunnur um fjölmargt sem fylgir því að vera stelpa. Svör við ótal spurningum sem vakna um ólíkustu mál – allt frá förðun til fjárhaglegs heilbrigðis og frá mataræði til misgóðra foreldra.

eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872

†

Elskuleg vinkona okkar,

Kolbrún Jónsdóttir

starfsmaður í félagslegri heimahlynningu,
Arnarási 16, Garðabæ,

verður jarðsungin frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði mánudaginn 1. nóvember kl. 13.00.

Ragna Björg Björnsdóttir og fjölskylda.

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Magnfríður Jóna Júlíusdóttir

Hrauntungu 1, Kópavogi,

lést á heimili sínu 21. október sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir til heimaaðhlynningar Kópavogs.

Jóhannes Jónasson
Örn Jónasson
Sölvi Jónasson — **Jóhanna Hrefna Baldvinsdóttir**
Stefanía Jónasdóttir
Kristján Jónasson
Jóhanna Jónasdóttir — **Óskar Konráðsson**
Kristín Jónasdóttir — **Frímann Lúðvíksson**
barnabörn og barnabarnabarn.

†

Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Guðmunda H. Bjarnadóttir

frá Dalsmynni á Kjalarnesi,
Hringbraut 50, Reykjavík,

lést þriðjudaginn 26. október á Landspítalanum í Fossvogi. Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju mánudaginn 1. nóvember kl. 11.00.

Álfdís Ingvarsdóttir — **Sigurbergur Hauksson**
Þorsteinn Ingvarsson — **Sombat Prasarn**
Gréta Ingvarsdóttir — **Jón Björnsson**
Ólafur Ingvarsson — **Hulda Stefánsdóttir**
Atli Ingvarsson — **Lilja Hallbjörnsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn

†

Einlægar þakkir færum við öllum þeim fjölmörgu sem sýndu okkur vináttu, hlýhug og samúð í veikindum og við andlát og útför okkar ástkæra eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,

Jens Sævars Guðbergssonar

Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólki D-deildar og heimahjúkrunar Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja, Höllu Skúladóttir lækni og starfsfólki á deild 11B á Landspítalanum fyrir ómetanlega umönnun, stuðning og kærleika.

Ólöf Hallsdóttir
Sveinn Magni Jensson — **Dagmar María Hrólfsdóttir**
Jens Óli Jensson — **Harpa Mjöll Magnúsdóttir**
Sveinborg Petrína Jensdóttir — **Ólafur Ómarsson**
Særún Thelma Jensdóttir — **Bjarni Páll Tryggvason**
Hallur Þór Jensson
Sævar Gunnóli Sveinsson
Agnes Gunnþóra Sveinsdóttir
Elvar Unndór Sveinsson
Júlía Mjöll Jensdóttir
Ísak Helgi Jensson
Ólöf Sólveig Ólafsdóttir
Bergrún Dögg Bjarnadóttir
Sæþór Elí Bjarnason
Svandís Huld Bjarnadóttir
Brynhildur Þöll Bjarnadóttir

Væntingar til framtíðarinnar

Grænlenska listakonan Linda Riber opnar sýningu sýna „Grønlandskhed og udfordringer“ í Norræna húsinu í dag klukkan 15, en sýningin er hluti af norrænu listahátíðinni Ting.

Á sýningunni sýnir Linda Riber portrettmyndir þar sem hún notar ljósmyndir af fólki, umhverfi og náttúru, auk textabrota úr viðtölum, til þess að skapa mynd af því hvað það er að vera grænlenskur. Sýning sem fjallar um þjóðerni og ímyndir. Myndirnar fanga þá væntingar sem einstaklingarnir hafa til framtíðarinnar á Grænlandi og hvaða merkingu það hefur að vera grænlenskur.

Riber verður með leiðsögn um sýninguna í dag.

ÓLÍKAR VÆNTINGAR Myndirnar fanga þær væntingar sem einstaklingarnir hafa til framtíðarinnar á Grænlandi.

†

Innilegar þakkir færum við öllum þeim er sýndu okkur samúð og hlýhug við fráfall ástkærrar systur okkar, mágkonu og frænku,

Maríu E. Kjeld

fyrrverandi skólastjóra,
Bjarkargötu 10, Reykjavík.

Hanna M. Kjeld
Kristbjörg Þ. Kjeld
Matthías Kjeld — **Marsella Iniguez**
Rannvá Kjeld
og systkinabörn

†

Hjartans þakkir til allra er sýndu okkur samúð, hlýhug og vinarþel vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdaföður og afa,

Ásgeirs Jónssonar

fv. skókaupmanns, Garðatorgi 17, Garðabæ.

Sérstakar þakkir til starfsfólks hjúkrunarheimilisins Sólvangi fyrir ljúft og hlýlegt viðmót og frábæra umönnun. Guð blessi ykkur öll.

Guðríður Jónsdóttir
Erling Ásgeirsson — **Erla Þorláksdóttir**
Anna Ásgeirsdóttir
Ingibjörg E. Ásgeirsdóttir — **Hallgrímur Jónasson**
Ásgeir Ásgeirsson — **Unnur Steinsson**
afabörn og langafabörn

†

Innilegar þakkir til þeirra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför elskulegrar móður, tengdamóður og ömmu,

Ragnhildar Bragadóttur

Neshaga 17, Reykjavík.

Sérstakar þakkir eru færðar starfsfólki á deild 4A á Landspítalanum í Fossvogi fyrir ómetanlegan kærleik og umönnun. Þá viljum við þakka Auði Axelsdóttur og félögum Hugarafls fyrir hlýju og stuðning.

Helga Ingvarsdóttir
Baldur Ingvarsson — **Sigríður Hrund Pétursdóttir**
Elvar, Kolbeinn Sturla, Starkaður Snorri og Styrmir Snær

Í VÍDALÍNSKIRKJU Ingibjörg Styrgerður málaði verk sem er tímabundið í Vídalínskirkju. Hún tileinkar það Maríu guðsmóður. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Klæði Krists var kveikja verksins

Krossar sem málaðir eru á ferkantaða hampdúka er altaristafla Vídalínskirkju í Garðabæ um þessar mundir. Taflan er eftir Ingibjörgu Styrgerði Haraldsdóttur textíllistakonu. Hún kveðst hugsa sér dúkana sem messuskrúða hvern fyrir sig. „Þegar svona dúkur er brotinn saman á sérstakan hátt myndar hann T-laga form og verður eins og hökull. Verkið er unnið út frá frásögn Jóhannesar guðspjallamanns í Biblíunni um klæði Krists þegar hann var leiddur til krossfestingar. Sagan segir að þá hafi hann verið í dýru klæði sem var ofið í heilu lagi og böðlarnir hafi ekki tímt að skipta því á milli sín heldur varpað hlutkesti um það,“ útskýrir listakonan.

Innan Vídalínskirkju er starfandi hópur sem nefnist „Lifandi altari“ og fær listamenn til að skiptast á um að setja upp listaverk ofan við altarið í kirkjunni. Hann hafði samband við Ingibjörgu Styrgerði enda liggja eftir hana kirkjuleg verk í átta íslenskum kirkjum, handofin altarisklæði og messuskrúðar. „Ég hafði velt sögunni um klæði Krists lengi fyrir mér og teiknað ótal útfærslur á því,“ rifjar hún upp. „Sá samt fram á að ég mundi seint vefa klæðið svo ég bauðst til að mála hugmyndina á hamp með textíllitum. Þetta er sem sagt hugmynd um hökla sem urðu að altaristöflu.“ - gun

†

Innilegar þakkir sendum við öllum sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Gunnfríðar Ingibjargar Björnsdóttur

Þorleifsstöðum, Skagafirði.

Inga B. Hólmsteinsdóttir — **Guðmundur Matthíasson**
Margrét B. Hólmsteinsdóttir — **Óskar Halldórsson**
Sigríður B. Hólmsteinsdóttir — **Halldór H. Halldórsson**
Þorleifur B. Hólmsteinsson — **Jónína L. Stefánsdóttir**
ömmubörn og langömmubörn.

†

Hugheilar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegrar móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Jóhönnu Pétursdóttur

frá Hjalteyri.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á hjartadeild og göngudeild hjartabilunar á Landspítalanum við Hringbraut fyrir einstaka umönnun og hlýju.

Guð blessi ykkur öll.

Pétur J. Eiríksson — **Erla Sveinsdóttir**
Sigrún Ástríður Eiríksdóttir
Þórólfur Eiríksson
barnabörn og barnabarnabörn.

PHILIPS

LED · Pixel Precise HD · Clear Sound · DVB TC TERRESTRIAL/CABLE · solar remote control · 60% RECYCLED ALUMINIU · zero power switch · NL/22/001 · 60% energy savings

ÖRÞUNNT LED ENDURUNNIÐ ÁL

FJARSTÝRING MEÐ SÓLAR-RAFHLÖÐU

Philips 42PFL6805H
42" Full HD LED sjónvarp með 1920x1080p upplausn, Pixel Precise HD, HD natural motion, 100Hz Clear LCD, 500.000:1 skerpu, 2ms svartíma, 20w RMS Invisible hljóði, stafrænum HDTV DVB-T móttakara, USB - MP3, VGA, 2x Scart, 4x HDMI, JPEG og Video afspilun, CI/CI+ lesara ofl.

TILBOÐ 299.995
KYNNINGARTILBOÐ

Philips 32PFL5405H
32" Full HD LCD sjónvarp með 1920x1080p upplausn, Pixel Plus HD , 100Hz Clear LCD, HD natural motion, dýnamískri 100.000:1 skerpu, 40w RMS Virtual 2.1 hljóð, stafrænum HDTV DVB-T móttakara, USB, VGA, Scart, 3x HDMI ofl.

TILBOÐ 129.995
FULLT VERÐ 169.995

Philips 42PFL5405H
42" Full HD 1080p LCD sjónvarp með 1920x1080 upplausn, Pixel Plus HD, Progressive Scan, HD natural motion, 100Hz Clear LCD, 100.000:1 skerpu, 2ms svartíma, 40w RMS Virtual 2.1 hljóði, stafrænum HDTV DVB-T móttakara, USB, VGA, Scart, 3x HDMI ofl.

TILBOÐ 169.995
FULLT VERÐ 249.995

LED

Philips 32PFL7605H
32" Full HD LCD LED sjónvarp með 1920x1080p upplausn, Pixel Precise HD, 100Hz Clear LCD, AMBILIGHT SPECTRA 2 baklýsingu, HD natural motion, 500.000:1 skerpu, 2ms svartíma, 40w RMS Virtual 2.1 hljóð, stafrænum háskerpu DVB-T móttakara, USB, VGA, Scart, 4x HDMI, Net TV (YouTube o.fl) ofl.

ambi light
TILBOÐ 199.995
FULLT VERÐ 229.995

LED

Philips 40PFL5605H
40" Full HD LCD sjónvarp með LED, 1920x1080p upplausn, Pixel Plus HD, 100Hz Clear LCD, HD natural motion, dýnamískri 500.000:1 skerpu, 2ms svartíma, 40w RMS Virtual 2.1 hljóð, stafrænum HDTV DVB-T móttakara, USB, VGA, Scart, 3x HDMI ofl.

TILBOÐ 199.995
FULLT VERÐ 299.995



Philips 47PFL3605H
47" Full HD LCD sjónvarp með 1920x1080p upplausn, Digital Crystal Clear, HD natural motion, dýnamískri 500.000:1 skerpu, 5ms svartíma, 20w RMS Incredible Surround hljóði, stafrænum HDTV DVB-T móttakara, USB, VGA, 2x Scart, 2x HDMI, CI rauf ofl.

TILBOÐ 219.995
FULLT VERÐ 249.995

LED

Philips 46PFL7605H
46" Full HD LCD LED sjónvarp með 1920x1080p upplausn, Pixel Precise HD, 100Hz Clear LCD, AMBILIGHT SPECTRA 2 baklýsingu, HD natural motion, 500.000:1 skerpu, 2ms svartíma, stafrænum háskerpu DVB-T móttakara, DLNA vafra (Ethernet tölvutenging), USB, VGA, Scart, 4x HDMI, CI/CI+ lesara, Net TV (YouTube o.fl) ofl.

ambi light
TILBOÐ 399.995
FULLT VERÐ 449.995

EISA AWARD Best Product 2010-2011
BEST EUROPEAN LCD-TV
Philips PFL9705

Philips er einn virtasti framleiðandi heims á sjónvörpum og hefur hlotið fleiri EISA verðlaun fyrir sjónvörp en nokkur annar.

Philips fékk EISA verðlaun fyrir besta sjónvarp Evrópu 2010.

Heimilistæki ht.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 36 **AKUREYRI** S: 460 3380 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

krakkasíðan

krakkar@frettabladid.is

LEIKJANET.IS er síða með fullt af ókeypis tölvuleikjum. Þar eru bæði auðveldir leikir fyrir unga krakka en líka aðeins flóknari bílaleikir, íþróttaleikir og geimleikir.

Pollapönkið heldur áfram og sunnudaginn 14. nóvember verða þeir Halli og Heiðar með tónleika í Salnum í Kópavogi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

VORU FERLEGA HRÆDDIR VIÐ ALLA PÖNKARANA

Pollapönk er hljómsveit leikskólakennaranna *Heiðars Arnar Kristjánssonar og Haraldar Freys Gíslasonar,* sem er alltaf kallaður Halli, úr Botnleðju. Platan þeirra Meira pollapönk er vinsæl hjá krökkum, sérstaklega lögin Vælubíllinn og Pönkafinn.

1. Hvaða tónlist hlustaðir þú á þegar þú varst lítill?

Halli: Ég er ennþá lítill og hlusta á alls konar tónlist núna. En ef átt er við þegar ég var barn þá hreinlega man ég það ekki.
Heiðar: Hlustaði mikið á Dýrin í Hálsaskógi á vínyl; Pétur og úlfurinn var líka oft á plötuspilaranum. Einnig voru þeir Halli og Laddi í miklu uppáhaldi.

2. Hvaða tónlistarmann heldurðu mest upp á?

Halli: Heiðar í Botnleðju.
Heiðar: Úff, það er erfitt að nefna einhvern einn – mmmmm, Magnús Eiríksson er alveg frábær lagahöfundur.

3. Hvaða tónlist finnst þér skemmtilegast að spila?

> Hlustaði mikið á Dýrin í Hálsaskógi á vínyl; Pétur og úlfurinn var líka oft á plötuspilaranum.

Halli: Pollapönk.
Heiðar: Skemmtilegast finnst mér að spila hressandi, kraftmikla og hraða tónlist –.. PÖNK.

4. Hefur þú þurft að láta vælubílinn sækja þig?

Halli: Nei. En hann er á hraðvali í símanum hjá fullt af fólki sem ég þekki.
Heiðar: Ekki svo ég muni eftir – ég get verið svolítið gleyminn.

5. Hvað ætlaðirðu að verða þegar þú yrðir stór?

Halli: Stærri. Ég var mjög smávaxinn.
Heiðar: Langaði að verða tónlistarmaður eða atvinnumaður í knattspyrnu. Það fyrra rættist og ég er tónlistarmaður í dag, þannig að núna þarf ég að fara að reima á mig takkaskóna.

6. Varstu einhvern tímann alvöru pönkari?

Halli: Nei, og ég var alveg skíthræddur við pönkara.
Heiðar: Nei, ekki svona „alvöru" pönkari. Maður var nú bara skíthræddur við þá. Ég er ekkert hræddur við þá í dag enda margir þeirra orðnir pönkafar.

fridrikab@frettabladid.is

BRANDARAKISTAN

Önd kemur inn á bar og spyr barþjóninn: „Áttu brauð?"
Barþjónn: „Nei."
Önd: „Áttu brauð?"
Barþjónn: „Nei."
Önd: „Áttu brauð?"
Barþjónn: „Nei við erum ekki með neitt brauð."
Önd: „Áttu brauð?"
Barþjónn: „Nei, við erum ekki með neitt árans brauð hér!"
Önd: „Áttu brauð?"
Barþjónn: „NEI! Ertu heyrnarlaus eða hvað!? Við erum ekki með neitt bévít* brauð hér! Ef þú spyrð mig einu sinni enn þá negli ég gogginn á þér fastan við barborðið!!"**
Önd: „Áttu nagla?"
Barþjónn: „Nei."
Önd: „Áttu brauð?"

Sendandi: Kolbrún Þorvarðardóttir

Þú getur sent brandara til ***krakkar@frettabladid.is***

— SJÁÐU —

Við erum 15 ára,
því bjóðum öllum börnum 15 ára og yngri
30%
afslátt til 7. nóvember KOMDU OG SJÁÐU

KRAKKAKYNNING

Þórhildur Bryndís Guðmundsdóttir

Aldur: 11 ára síðan í apríl.
Skóli: Háteigsskóli.
Stjörnumerki: Hrútur.
Áhugamál? Handbolti, vinir, sund.
Eftirlætissjónvarpsþáttur? Desperate Housewives og The Simpsons.
Uppáhaldsmatur? Kjötsúpa.
Eftirlætisdrykkur? Heimatilbúið sódavatn.
Skemmtilegustu námsgreinarnar? Stærðfræði, smíði og textíll.
Áttu gæludýr? Nei, en ég átti einu sinni páfagauk sem hét Pétur.
Eftirlætisdagurinn í vikunni? Fimmtudagur því þá er ég á frístundanámskeiði sem er mjög skemmtilegt.
Eftirlætistónlist? Miley Cyrus og Taylor Swift.
Uppáhalds litur? Fjólublár.
Skemmtilegasta bók sem þú hefur lesið? Galdrasteinninn eftir Hörpu Dís Hákonardóttur.
Hvað gerðirðu í sumarfríinu? Ég fór í sumarbúðir í Vindáshlíð, smíðanámskeið og var mikið í sumarbústað.

BRÁÐSKEMMTILEG MYND FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA
ÞAR SEM ÆVINTÝRI TAKA Á SIG NÝJA MYND

Úti er Ævintýri 2

Mjallhvít
Annar biti af eplinu

KOMIN Í BÍÓ!

10. HVER VINNUR!

SÝND MEÐ ÍSLENSKU TALI!

SENDU SMS SKEYTIÐ

ESL UAE Á NÚMERIÐ 1900

OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ BÍÓMIÐA!

FULLT AF AUKA VINNINGUM:
TÖLVULEIKIR DVD MYNDIR OG FLEIRA!

VINNINGAR AFHENTIR Í ELKO LINDUM. 149 KR/SKEYTIÐ. MEÐ ÞVÍ Að TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB.

krossgáta



LÁRÉTT
2. blöðru, **6.** spil, **8.** krot, **9.** jarðsprunga, **11.** tveir eins, **12.** goðmögn, **14.** masar, **16.** gríska bókstafur, **17.** þrí, **18.** mjög, **20.** tónlistarmaður, **21.** steintegund.

LÓÐRÉTT
1. eymsl, **3.** hróp, **4.** lægsta stig, **5.** sarg, **7.** lengdareining, **10.** svif, **13.** hnoðað, **15.** land, **16.** fálm, **19.** tveir eins.

LAUSN
LÁRÉTT: **2.** bólu, **6.** ás, **8.** pár, **9.** gjá, **11.** gg, **12.** tótem, **14.** malar, **16.** pí, **17.** trí, **18.** all, **20.** kk, **21.** talk.
LÓÐRÉTT: **1.** bágt, **3.** óp, **4.** lágmark, **5.** urg, **7.** sjómíla, **10.** áta, **13.** elt, **15.** ríki, **16.** pat, **19.** ll.

Gelt gelt

BAKÞANKAR Davíðs Þórs Jónssonar

Það virðist einkenna Íslendinga um þessar mundir að skiptar skoðanir leiði aldrei af sér frjóa og skapandi umræðu. Kannski eru það vonbrigðin með hið nýja Ísland eða öllu heldur lífseigju hins gamla sem valda því. Þess í stað hleypur fólk upp í fylkingar, fullt tortryggni og gremju, sem gelta hvor á aðra. Nýjasta dæmið er tillögur mannréttindaráðs Reykjavíkur um breytt samskipti skóla og lífsskoðunarfélaga. Þar er önnur fylkingin skipuð andlegum öreigum og gott ef ekki siðblindum fjendum guðrækni og góðra siða líka, ef marka má hina sem virðist, samkvæmt þeirri fyrrnefndu, vera skipuð talsmönnum trúboðs í skólum sem vilja að valdagráðug ríkiskirkja fái óáreitt að heilaþvo ungviði borgarinnar í óþökk foreldra þess.

ÉG held að hvor fylking sé hugarburður hinnar. Ég held að báðar fylkingar aðhyllist mannréttindi, trúfrelsi og jafnrétti trúar- og lífsskoðana og vilji tryggja æskunni haldgóða og óhlutdræga þekkingu á umhverfi sínu og menningu. Þar eru trúarbrögð og trúararfur stór þáttur. Reynslan sýnir að þekkingarskortur elur á útlendingahatri og fordómum. Fólk óttast það sem það þekkir ekki. Víðsýni og umburðarlyndi eru skilgetin afkvæmi upplýsingar og menntunar. Um það held ég að báðar fylkingar séu sammála.

Í 2. GR. viðauka nr. 1 við samning Evrópuráðsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis (Mannréttindasáttmála Evrópu), sem Íslendingar eru aðilar að, segir m. a.: „Hið opinbera skal í öllum ráðstöfunum sínum, er miða að menntun og fræðslu, virða rétt foreldra til þess að tryggja það að ... menntun og fræðsla sé í samræmi við trúar- og lífsskoðanir þeirra.“ Lítill hluti Íslendinga, einkum trúlausir húmanistar, telur núverandi fyrirkomulag brjóta í bága við þetta ákvæði. Það er auðvitað með öllu óviðunandi og úr því verður að bæta. En það verður ekki gert með því að brjóta þessi nákvæmlega sömu réttindi á öðrum.

HÆTTUM að gelta hvert á annað. Réttsýnt og skynsamt fólk, sem er annt um mannréttindi og trúfrelsi, hlýtur að geta sest niður með sáttfýsi og gagnkvæma virðingu að leiðarljósi og komist í sameiningu að viturlegri niðurstöðu. Ég neita að trúa öðru en að við getum komið okkur upp þjóðfélagi þar sem mannréttindi allra eru virt, ekki bara meirihlutans. Og þaðan af síður bara minnihlutans. Náungakærleikur felst í því að opna dyr, ekki loka þeim.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

ÍSKRANDI HÚMOR

og yndislegar sögur

Lifandi, dramatískar og meinfyndar sögur úr einkalífi Einars Kárasonar: Skólagangan, jólin á Hrauninu, rithöfundar í stríði og ógleymanlegir kettir.

Einar opnar hér af fágætri einlægni dyrnar að lífi sínu, hugmyndum og hugsjónum.

„Mikill og nútímalegur sagnamaður.“

Litteraturen



MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

Biturt gjald draumanna

Bækur ★★★★

Hreinsun
Sofi Oksanen

Þýðing Sigurður Karlsson

Steinn Steinarr sagði einhvern tíma að það sem væri að ljóðum ungra skálda væri að það vantaði í þau lífsháskann. Hann las aldrei Sofi Oksanen. Í Hreinsun gín lífsháskinn á hverri síðu. Persónurnar tortíma hver annarri og sjálfum sér um leið og engu skiptir hvort yfirvaldið er rússneski herinn, rússneska mafían, ástin, stoltið eða sjálfsbjargarviðleitnin. Óargadýrið býr í manneskjunni sjálfri.

Rakin er saga tveggja kvenna á mismunandi tímum í eistneskri sögu, saga sem fléttast saman og greinist í sundur á víxl. Saga af því hvernig óttinn um eigið líf gerir manneskjurnar grimmar og brýtur niður hið mannlega í þeim. Saga af innri og ytri átökum í landi sem er leiksoppur voldugri landa og þar sem aldrei er hægt að ganga að örygginu vísu. En þrátt fyrir stöðuga ytri ógn og hræðilega hluti sem persónur ganga í gegnum af hendi valdhafa á hverjum tíma þá leynist fall þeirra samt í eigin draumum og þrám. Sagan er að einum þræði stúdía á því hvað veldur svikum, hvers vegna fólk bregst, en þræðirnir eru ótalmargir og listilega flétt-aðir í breiða margradda frásögn sem flæðir fram eins og jökulá í leysingum og þeytir lesandanum milli bakka tilfinningafljótsins eins og hjálparlausu spreki. Saga Eista síðustu sjötíu árin eða svo er saga niðurlægingar, kúgunar, ótta og varnarleysis. En þegar upp er staðið er það ástin, helvítis ástin, hvort sem er á annarri persónu, föðurlandinu eða eigin egói sem mestum hörmungunum veldur.

SOFI OKSANEN „Oksanen er sögumaður af guðs náð og tekst að draga upp sterkari og áhrifameiri myndir á nokkrum síðum en flestum öðrum tekst á fjögurhundruð síðum eða í tveggja tíma kvikmynd," segir í dómnum.

Oksanen er sögumaður af guðs náð og tekst að draga upp sterkari og áhrifameiri myndir á nokkrum síðum en flestum öðrum tekst á fjögur hundruð síðum eða í tveggja tíma kvikmynd. Hreinsun er enginn skemmtilestur og á köflum liggur við að lesandinn kúgist og langi mest til að loka bókinni og opna hana aldrei aftur. En eins og allar góðar sögur sleppir Hreinsun ekki takinu heldur dregur lesandann áfram hvort sem honum er það ljúft eða leitt. Og það ferðalag er ógleðinnar virði. Þessi saga lifir í minninu og vekur mann til umhugsunar. Ekki bara um þjáningar kúgaðra þjóða, heldur einnig og ekki síst um það hvað það raunverulega þýðir að vera manneskja.

Það er erfitt að leggja dóm á þýðingar þegar ekki er kostur á að kynna sér frumtextann, en þýðing Sigurðar Karlssonar rennur vel og heldur dulmögnuðum stílnum. Einstaka hnökra er auðvitað á henni að finna, en þessi texti er örugglega ansi snúinn á frummálinu og afrek að snúa honum á eðlilega og læsilega íslensku sem hvergi stuðar lesandann.

Friðrika Benónýsdóttir

Niðurstaða: Mögnuð og listilega stíluð skáldsaga sem vekur spurningar og lifir lengi í huga lesandans.

KOM DAUÐANS BLÆR
HALLGRÍMSKIRKJA | SUNNUDAGINN 31. OKTÓBER | KL. 17
MÓTETTUKÓR HALLGRÍMSKIRKJU
flytur tónlist eftir
J.S.BACH - REGER - WHITACRE
HOVHANNES - ATLA HEIMI SVEINSSON - JÓN LEIFS
EINAR JÓHANNESSON LEIKUR MEÐ Á KLARÍNETT
STJÓRNANDI: HÖRÐUR ÁSKELSSON
MIÐAVERÐ 2.000 KR. | HALLGRÍMSKIRKJA | SÍMI 510 1000

Hönnuðir og handverksfólk
enn eru nokkur laus söluborð á
okkar vinsæla Jólamarkaði Elliðavatni
Áhugasamir hafi samband í síma 564 1770 eða 856 0058
Skógræktarfélag Reykjavíkur

ting
Norræn listahátíð
Nordisk kulturfestival
Reykjavík
í dag
Kvikmyndir Norræna húsið
Kort och gott
Stutt- og heimildarmyndir
16:00, 18:00, 20:00
Aðgangur ókeypis
Opnun 15:00 Myndlist Grønlandskhed og Udfordringer
Linda Riber, Norræna húsið
20:00 Leiklist Finnski hesturinn
Sirkku Peltola, Þjóðleikhúsið
www.norraenahusid.is/ting 28.10.—7.11.2010

VÍSIR.IS
"...ég sá það á vísi"

TJARNARBÍÓ
SJÁLFSTÆÐU LEIKHÚSIN
SUNNUDAGAR ERU
FJÖLSKYLDUDAGAR Í NÓVEMBER OG DESEMBER
Bólu Hjálmar – Stopp leikhópurinn 7.nóv. kl.14
Sirkus Sóley – Sirkus Íslands 14.nóv.kl.14 21.nóv.kl.14
Ævintýrið um Augastein – Á senunni 28.nóv.kl.14 og 16 12.des.kl.14 og 16 19.des.kl.14 og 16
Jólarósir Snuðru og Tuðru – Möguleikhúsið 5. des. kl. 16
Algjör Sveppi – Á þakinu 28.des kl.13 og 16 29.des kl.13 og 16 30.des kl.13 og 16
Dagur í lífi stráks
Miðasala og nánari upplýsingar
á tjarnarbio.is og midi.is
Miðasalan er opin virka daga frá kl. 13-15
Sími: 527 2100 | www.midi.is
TJARNARBÍÓ
Tjarnargötu 12 - 101 Reykjavík

TÓNLEIKAR SÖNGHÚSSINS DOMUS VOX Í NÓVEMBER OG DESEMBER 2010
Vox feminae
Kristskirkja 4. nóvember kl. 20:30 á allraheilagra messu.
Reykholtskirkja 7. nóvember við og eftir messu kl. 14:00
Hafnarfjarðarkirkja 10. nóvember kl. 20:30
„O magnum mysterium" Vox feminae heldur trúarlega tónleika í tengslum við allra heilagra messu líkt og mörg undanfarin ár. Auk Vox feminae kemur Stefán S. Stefánsson saxófónleikari fram á tónleikunum.
VOX FEMINAE
Cantabile og Stúlknakór Reykjavíkur ásamt Maríusi Sverrissyni í Víðistaðakirkju 14. nóvember kl. 17:00
„Vetrarsól" er nafn hins þekkta lags Gunnars Þórðarsonar sem Maríus flytur meðal annars. Einnig flytja 100 konur og stúlkur falleg trúarleg verk, við undirleik Agnars Márs Magnússonar ásamt hljómsveit.
Hallgrímskirkja
9. desember kl. 20:30
„Yfir fannhvíta jörð" er yfirskrift glæsilegra aðventutónleika allra kóra sönghússins Domus vox.
Á tónleikunum koma fram 200 söngkonur á öllum aldri og flytja margar af okkar fallegustu aðventu- og jólaperlum ásamt einsöngvaranum Maríusi Sverrissyni.
Stjórnandi allra tónleika er Margrét J. Pálmadóttir
Miðaverð er frá kr. 2.000 – 4.000 afsláttur í forsölu og hjá kórfélögum.
Nánari upplýsingar í Domus vox, Laugavegi 116 eða í síma 511-3737 / 863-4404 / 893-8060
www.domusvox.is • www.voxfeminae.is
Domus vox

Engin transfita

Í Orville örbylgjupoppi eru engar transfitusýrur, það er ekkert leyndarmál á bakvið bragðið okkar!

Gerðu samanburð
því það verður að vera Orville

Ársfundur Listaháskólans 2010

Listaháskóli Íslands boðar til ársfundar
þriðjudaginn 9. nóvember kl. 16:30.

Fundurinn verður haldinn í tónlistarsal skólans við Sölvhólsgötu, gengið inn frá horni Skúlagötu og Klapparstígs.

Á fundinum kynna stjórnendur skólans starfsemi hans og rekstur. Fyrirspurnir og umræður.

Fundurinn er öllum opinn.

Stjórn Listaháskóla Íslands

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
· ICELAND ACADEMY OF THE ARTS ·

Auglýsingasími
512 50 50
Allt sem þú þarft...

> ÖFUNDSSJÚK LOHAN

Leikkonan **Lindsay Lohan** óttast að hún muni missa plötusnúðinn Samönthu Ronson í fangið á annari konu á meðan hún dvelur inni á meðferðarstofnun næstu tvo mánuðina. Sögusagnir um ástarsamband Ronson og söngkonunnar Christinu Aguilera hafa verið háværar upp á síðkastið. „Þetta er að gera Lindsay brjálaða," var haft eftir ónefndum heimildarmanni.

Fólk

folk@frettabladid.is

Hjólandi stjarna

Leikarinn og hjartaknúsarinn Robert Pattison nýtir sinn frítíma á tökustað til að hjóla á nýju hjóli sem hann var að fjárfesta í. Hjólamennska ku vera nýtt áhugamál hjá vampírudrengnum og kostaði hjólið litlar 200.000 íslenskar krónur. Íbúar í Louisiana, þar sem upptökur fara nú fram á fjórðu Twilight-myndinni, segjast sjá Pattison hjóla um alla borg og að hann taki hjólreiðarnar greinilega alvarlega.

NÝTT ÁHUGAMÁL Hjartaknúsarinn Robert Pattison fjárfesti í rándýru hjóli og fer nú allra sinna ferða hjólandi.

Saga Ragga Bjarna í bíó

Viðhafnarsýning á heimildarmyndinni Með hangandi hendi var haldin í Háskólabíói á fimmtudaginn. Fjöldi þekktra andlita mætti á sýninguna og samfagnaði með leikstjóranum Árna Sveinssyni og stjörnu myndarinnar, Ragga Bjarna.

STJARNAN Stjarna myndarinnar, Raggi Bjarna, ásamt konu sinni Helle Birthe Bjarnason. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ÓMAR OG HELGA Ómar Ragnarsson mætti á sýninguna ásamt konu sinni Helgu Jóhannsdóttur.

Í STUÐI Hemmi Gunn var að sjálfsögðu í stuði. Hér er hann ásamt dóttur sinni Evu Laufeyju og Haraldi.

Í HÁSKÓLABÍÓI Leikarinn Magnús Ólafsson ásamt konu sinni Elísabetu Sonju Harðardóttur.

LEIKSTJÓRINN Árni Sveinsson, leikstjóri Með hangandi hendi, ásamt kærustu sinni Siggu Maju.



Samstarfsaðilar óskast

Kópavogsbær óskar eftir að komast í samband við áhugasama aðila um rekstur íþrótta- og heilsutengdrar starfsemi í Kórnum.

Kórinn er íþróttamiðstöð í Vatnsendahverfi í Kópavogi sem býður upp á margvísleg tækifæri s.s. verslun og þjónustu og hvers konar afþreyingar- og íþróttastarfsemi.

Í Kórnum er fullbúinn knattspyrnuvöllur með hlaupabraut í fullri stærð og áhorfendaaðstöðu, íþróttahús 46 x 46 m., danssalur, golfaðstaða og fleira. Gert var ráð fyrir sundlaug og líkamsræktarstöð ásamt annarri starfsemi í húsnæði sem nú er fokhelt.
Utandyra eru tilbúnir knattspyrnuvellir og húsið er vel tengt félagssvæði hestamannafélagsins Gusts.

Húsnæðið, sem óskað er eftir samstafi um, er um 4000m² að stærð á tveimur hæðum. Það gæti hentað vel fyrir eftirtalda starfsemi:

Íþróttastarfsemi, s.s. líkamsrækt, sund, klifur, keilu o.s.frv.
Heilsutengda þjónustu, s.s. sjúkraþjálfun , nudd og fræðslustarf.
Aðra þjónustu, s.s. veitingasölu, snyrtistofu og hraðbanka.
Verslun, s.s. íþrótta -, heilsu og hestavörur.

Áhugasömum er boðið á kynningarfund um Kórinn og viðskiptatækifæri sem í honum felast föstudaginn 5. nóvember. kl. 13:00. Þar gefst jafnframt tækifæri til að leggja fram fyrirspurnir.

Kynningarfundurinn verður haldinn í Kórnum.

Nánari upplýsingar veita Gunnar Guðmundsson íþróttafulltrúi gunnarg@kopavogur.is
og Steingrímur Hauksson sviðsstjóri steingr@kopavogur.is

Áhugasömum samstarfsaðilum er bent á að senda inn hugmyndir til Kópavogsbæjar, Fannborg 2, 200 Kópavogur fyrir mánudaginn 15. nóvember kl. 16:00 og merkja þær Kórnum.

Rekstrarstjórn Kórsins





RIHANNA Söngkonunni fannst leiðinlegt að missa af brúðkaupi Katy Perry og Russells Brand.

Missti af brúðkaupinu

Söngkonunni Rihönnu fannst afar leiðinlegt að missa af brúðkaupi stjörnuparsins Katy Perry og Russells Brand sem var haldið á Indlandi fyrir skömmu. Hún var stödd í New York til að kynna nýjustu plötu sína Loud og komst ekki í burtu. „Platan kemur út eftir tvær vikur og ég varð að vera á staðnum. Við komumst ekki í neitt síma- eða netsamband við þau úti og það fór alveg með mig. Ég hlakkaði mikið að mæta í brúðkaupið en hún skildi alveg stöðu mína. En ég var ánægð með að ég gat haldið fyrir hana gæsapartí," sagði Rihanna.

Apple á betra verði hjá buy.is

iMac 27”

3.2GHz Intel Core i3, 4MB samnýtt L3 skyndiminni.

Verð: **279.990.-***

*Afgreiðslutími 7-10 virkir dagar

NÝTT

MacBook **Air**

Ein sú allra þynnsta á markaðinum í dag.

11,6” 64GB Verð: **169.990.-***

11,6” 128GB Verð: **199.990.-***

13,3” 128GB Verð: **219.990.-***

13,3” 256GB Verð: **269.990.-***

*Afgreiðslutími 7-10 virkir dagar

MacBook **Pro**

13,3” Verð: **209.990.-***

15,4” Verð: **289.990.-***

*Afgreiðslutími 7-10 virkir dagar

Viltu vinna **Playstation 3** LEIKUR

Smelltu þér á buy.is og skráðu þig í pottinn til að eiga möguleika á að vinna **Playstation 3** leikjatölvu.

Dregið verður föstudaginn 12. nóvember.

iPod Nano

8GB: Verð: **29.990.-***

16GB: Verð: **34.990.-***

*Afgreiðslutími 7-10 virkir dagar

iPod Shuffle

2GB: Verð: **9.990.-***

*Afgreiðslutími 7-10 virkir dagar

iPod Touch

8GB: Verð: **49.990.-***

32GB: Verð: **64.990.-***

64GB: Verð: **84.990.-***

*Afgreiðslutími 7-10 virkir dagar

iPad

16GB Verð: **129.990.-***

32GB Verð: **149.990.-***

64GB Verð: **169.990.-***

*Afgreiðslutími 7-10 virkir dagar

Gerðu **verðsamanburð**

	Buy.is	epli.is
iMac 21,5“	Kr. 199.990	Kr. 209.990**
iMac 27“	Kr. 279.990	Kr. 299.990**
iPod nano 8GB	Kr. 29.990	Kr. 36.990**
MacBook Pro 13“	Kr. 209.990	Kr. 232.790**
MacBook Pro 15“	Kr. 289.990	Kr. 320.090**

** Tekið úr Fréttablaðinu 28.10.2010 og af vefsíðu epli.is

iPad Case

Verð: **9.990.-***

*Afgreiðslutími 7-10 virkir dagar

buy.is LÆGRA VERÐ FYRIR NEYTENDUR

Buy.is er íslensk vefverslun með allskyns vörur. Allar vörur eru seldar með 2 ára neytendaábyrgð. Birt með fyrirvara um myndabrengl og/eða prentvillur. Afgreiðslutími á vörum getur verið sjö til tíu virkir dagar, frá því að greiðsla berst.

Treysta á Baltasar og Tom Hanks

Kvikmynd Baltasars Kormáks, Contraband, er í hópi þeirra níu mynda sem framleiðslufyrirtækið Universal hefur sett í sérstakan forgang fyrir árið 2012. Myndirnar eru sagðar í hópi metnaðarfyllstu verkefna Universal það árið en þetta kemur fram á vefsíðunni deadline.com. „Það er gott að þeir hafa trú á þessu verkefni," segir Baltasar í samtali við Fréttablaðið en hann er nú kominn til Los Angeles. Búið er að ákveða hvenær Contraband verður frumsýnd en það verður við hátíðlega athöfn 16. mars 2012 og má reikna með að mikið verði um dýrðir þegar þau Kate Beckinsale, Mark Wahlberg og Baltasar Kormákur ganga eftir rauða dreglinum í Hollywood.

Baltasar er ekki í slæmum félagsskap á þessum lista, því á honum er að finna nýjustu kvikmynd Tom Hanks sem heitir Larry Crowne. Hanks mun bæði leikstýra myndinni og leika aðalhlutverkið á móti Juliu Roberts. Þá er Safe House, ný kvikmynd Denzels Washington einnig á þessum lista og sömuleiðis Ron Howard með nýja kvikmynd og einnig 47 Ronin sem skartar Keanu Reeves.

Baltasar er þegar farinn að ráða til sín fólk í tökuliðið og er á fullu í leikaraprufum. „Ég fer annaðhvort til New Orleans eða Panama um helgina og bara að ganga frá að ráða fólk í tökuliðið." Baltasar staðfestir að hann hafi ráðið Tony Fanning sem leikmyndahönnuð en hann vann meðal annars við Brothers sem Sigurjón Sighvatsson framleiddi og var listrænn stjórnandi kvikmynda á borð við Munich og War of the Worlds eftir Steven Spielberg. - fgg

Í FLOTTUM HÓPI Baltasar Kormákur er á lista með Tom Hanks, Juliu Roberts, Denzel Washington og Ron Howard yfir kvikmyndagerðarmenn sem Universal bindur miklar vonir við.

NÝTT Í BÍÓ!

SMÁRA BÍÓ
SÍMI 564 0000
Gleraugu ekki innif.

MACHETE	kl. 5.40 - 8 - 10.20	16
MACHETE LÚXUS	kl. 1 - 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20	16
ÚTI ER ÆVINTÝRI 2	kl. 1 (700kr.) - 3	L
INHALE	kl. 6 - 8 - 10.40	16
TAKERS	kl. 10	16
SOCIAL NETWORK	kl. 5.20 - 8 - 10.35	7
BRIM	kl. 2 - 4 - 6	12
EAT PRAY LOVE	kl. 8	L
AULINN ÉG 3D	kl. 1 (950kr.) - 3.20	L
AULINN ÉG 2D	kl. 1 (700kr.) - 3.20	L

facebook.com/smarabio 5% AUKAAFSLÁTTUR

HÁSKÓLA BÍÓ
SÍMI 530 1919

KIDS ARE ALLRIGHT	kl. 3 - 8 - 10.15	12
ÚTI ER ÆVINTÝRI 2	kl. 2 (700kr.) - 4	L
MEÐ HANGANDI HENDI	kl. 2 - 4 - 6	L
INHALE	kl. 6 - 8 - 10	16
SOCIAL NETWORK	kl. 6 - 9	7
BRIM	kl. 6 - 8	12
EAT PRAY LOVE	kl.. 3 - 10	L

BORGAR BÍÓ
SÍMI 462 3500

MACHETE	kl. 8 - 10	16
ÚTI ER ÆVINTÝRI 2	kl. 2 - 4 - 6 (600kr.)	L
TAKERS	kl. 10.15	16
SOCIAL NETWORK	kl. 8	7
BRIM	kl. 6	12
AULINN ÉG 2D/3D	kl. 2 (2D 600kr.) - 4 (3D 600kr.)	L

10.000 ÁHORFENDUR
FRÉTTABLAÐIÐ ★★★★ SJÁBU STÖÐ 2 ★★★★ KVIKMYNDIR.IS ★★★★
MORGUNBLAÐIÐ ★★★★ OTH RÁS 2 ★★★★
ÓRÓT
SÝND Í SAMBÍÓUNUM

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁS BÍÓ
Sími: 553 2075 - bara lúxus

Tilboð í bíó. Gildir á allar merktar sýningar

SÝNINGARTÍMAR

MACHETE	5.50, 8 og 10.10(POWER)	16
ÚTI ER ÆVINTÝRI 2	2(650 kr), 4 og 6 - ISL TAL	16
TAKERS	8 og 10.10	7
THE SOCIAL NETWORK	7.30 og 10.10	L
AULINN ÉG	2(650 kr), 4 og 6 - ISL TAL	L
AULINN ÉG 3D	2(950 kr) og 4 - ISL TAL	L



BESTA SKEMMTUNIN
SAMBÍÓIN



SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

LET ME IN	kl. 5:50 - 8 - 10:30	16
THE SWITCH	kl. 6 - 8:10 - 10:20	10
KONUNGSRÍKI UGLANNA-3D ísl. Tali	kl. 1:30-3:40-5:50	L
ÓRÓI	kl. 5:50 - 8:10 - 10:20	10
THE TOWN	kl. 8 - 10:30	16
THE TOWN	kl. 3:30 - 6 - 9:15	
FURRY VENGEANCE	kl. 2 - 4 - 6	L
DINNER FOR SCHMUCKS	kl. 8 - 10:30	L
ALGJÖR SVEPPI-3D	kl. 2 - 4	L
ALGJÖR SVEPPI	kl. 2 - 4	L
HUNDAR OG KETTIR 2 M/ ísl. Tali	kl. 2 - 4	L

SAMBÍÓIN AKUREYRI

KONUNGSRÍKI UGLANNA-3D ÍSL TAL	kl. 2 - 4	7
LEGEND OF THE GUARDIANS-3D ensk.	kl. 6	7
LET ME IN	kl. 8 - 10:10	16
ALGJÖR SVEPPI	kl. 2 - 4	L
NORÐ VESTUR heimildarmynd	kl. 6	L
THE SWITCH	kl. 8	10
ÓRÓI	kl. 10:10	10

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

LET ME IN	kl. 8 - 10:30	16
THE SWITCH	kl. 8	10
KONUNGSRÍKI UGLANNA-3D M/ ísl. Tali	kl. 1:30 - 3:40	7
LEGEND OF THE GUARDIANS-3D ótxt ísl. Ensku	kl. 5:50	7
ÓRÓI	kl. 10:10	10
THE TOWN	kl. 5:50 - 8:20 - 10:50	16
FURRY VENGEANCE	kl. 1:50 - 3:50	L
ALGJÖR SVEPPI-3D	kl. 2 - 4 - 6	L

SAMBÍÓIN SELFOSSI

SOCIAL NETWORK	kl. 8	7
THE AMERICAN	kl. 10:20	16
NORÐ VESTUR	kl. 6	L
ÓRÓI	kl. 8	10
REMEMBER ME	kl. 10:20	12
KONUNGSRÍKI UGLANNA M/ ísl. Tali	kl. 2 - 4 - 6	L
ÚTI ER ÆVINTÝRI 2 M/ ísl. Tali	kl. 2	L
ALGJÖR SVEPPI	kl. 4	L

SPARBÍÓ KR 650 Á SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU OG KR. 950 Á 3D MERKT GRÆNU

BÍÓ PARADÍS

LAUGARDAGUR		SUNNUDAGUR	
SUBMARINO	16:10, 22:10	SUBMARINO	16:30
METROPIA	18:10	METROPIA	22:10
UPPERDOG	20:10	UPPERDOG	16:10
GITMO	16:30	STEAM OF LIFE+VISITOR	18:10
KYSSED BY WINTER	18:30	THE GOOD HEART	20:10
FESTEN	22:30	VOKSNE MENNESKER (DARK HORSE)	22:30
THE EVIL DEAD (16)	20:00	ÁFRAM STELPUR! (MADE IN DAGENHAM)(L)	16, 18, 20, 22
ÁFRAM STELPUR! (MADE IN DAGENHAM)(L)	16:00, 18:00, 22:00	NORÐ VESTUR(L)	18:30, 20:30
NORÐ VESTUR(L)	20:30, 22:30	AMERÍKANINN (THE AMERICAN)(14)	16:20, 18:20, 20:20, 22:20
AMERÍKANINN (THE AMERICAN)(14)	16:20, 18:20, 20:20		

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR / WWW.BIOPARADIS.IS / MIDI.IS

ting

TILBOÐSVERÐ Í BÍÓ

SMÁRA BÍÓ
HÁSKÓLA BÍÓ
BORGAR BÍÓ

3D 950 kr.
Gleraugu ekki innif.
2D 700 kr.
KL. 1 SMÁRABÍÓ 3D
KL. 1 SMÁRABÍÓ 2D
KL 2 2D - 4 3D BORGARBÍÓ

KL. 2 HÁSKÓLABÍÓ
KL. 1 SMÁRABÍÓ
KL. 4 BORGARBÍÓ
700 kr.

Sími: 553 2075 LAUGARÁS BÍÓ - bara lúxus

Ódýrt í bíó

650 KR
SÝND KL. 2

650 KR
950 KR. Í 3D

LAUGARÁS BÍÓ TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

SPARBÍÓ



kl. 1:30 álf, 1:30, kringl,
2 ak, 2 self. og kefl.

kl. 2 álfabakka
kl. 1:50 í kringlunni

Ég hef greinilega tekið brauðmola frá svöngu fólki

„Á löngum rithöfundarferli hef ég öðlast þykkan skráp. Þar fyrir utan hef ég auðvitað breitt og sterkt bak. En mér er nóg boðið þegar klíka rithöfunda segir að vinir, lesendur og stuðningsmenn mínir séu með mismikið á milli eyrnanna. Að þeir séu heimskir," segir Egill „Gillzenegger" Einarsson rithöfundur. Undanfarna daga hafa birst fréttir af óánægju með aðkomu Egils að gerð Símaskrárinnar. Nýjustu vendingar í málinu eru þær að Kristín Helga Gunnarsdóttir rithöfundur hefur sent bréf á félaga í rithöfundastétt þar sem hún hvetur til þess að þeir láti til sín taka í málinu. „Undirskriftasöfnun varðandi Egil Einarsson virðist eitthvað að hægja á sér, og margt fólk með lítið á milli eyrnanna er að mæla gegn mótmælunum, það þarf að sækja þetta mál á fleiri vígstöðvum," segir í bréfi Kristínar Helgu. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins hefur Hallgrímur Helgason þegar brugðist við ákallinu. Áður höfðu Guðrún Eva Mínervudóttir og Gerður Kristný skrifað undir mótmæli á Facebook gegn aðkomu Egils að Símaskránni.

Eins og Fréttablaðið hefur sagt frá bíður Egill þess nú að umsókn hans um inngöngu í Rithöfundasambandið verði tekin fyrir. Ekki verður hjá því komist að tengja þetta tvennt saman; þessi barátta rithöfundanna gegn Agli hlýtur að setja inntökunefndina í undarlega stöðu. Ekki síst þar sem Kristín Helga er stjórnarmaður þar á bæ. „Rithöfundar eru greinilega ekki æstir í að fá mig þarna inn. Þetta fólk er sem betur fer ekki í inntökunefndinni. En þetta mál er allt hið undarlegasta því það lítur út fyrir að það megi bara sumir skrifa á Íslandi en aðrir ekki og það er ískyggilegt að búa í þannig landi," segir Egill, sem furðar sig á þessum æfingum með tjáningarfrelsið.

Aðspurður segist Egill ekki vita hvað búi að baki þessari óánægju með aðkomu hans að Símaskránni. „Eina skýringin sem ég finn er að þeir hafi ekki sjálfir fengið þennan samning, þetta eftirsótta verkefni að gera Símaskrána. Ég hef greinilega verið að taka brauðmola frá svöngu fólki."

- hdm

RITHÖFUNDAR DEILA Egill Einarsson er skotspónn félaga úr rithöfundastétt sem vilja ekki að hann fái að taka þátt í gerð Símaskrárinnar. Kristín Helga Gunnarsdóttir og Hallgrímur Helgason hafa sent kvörtunarbréf til Já.is vegna málsins.

CELINE DION Söngkonan skírði annan tvíburadrenginn sinn í höfuðið á Nelson Mandela.

Skírði eftir Mandela

Söngkonan Celine Dion, sem eignaðist tvíburadrengi fyrir viku, og eiginmaður hennar Rene Angelil hafa ákveðið að skíra þá Eddy og Nelson eftir upptökustjóranum Eddy Marnay og fyrrverandi forseta Suður-Afríku, Nelson Mandela, sem þau hittu fyrir tveimur árum. „Eddy hefur verið mikill áhrifavaldur í lífi Celine og Rene," sagði fulltrúi Dion. „Rene sagði að á þeim fáu mínútum sem þau hefðu átt með Nelson Mandela hefðu þau heillast mjög af þeim manni sem hann hefði að geyma." Dion og Angelil eiga fyrir níu ára son sem heitir Rene-Charles.

HJALTALÍN Hljómsveitin spilar með stórri kammersveit í Hofi 5. nóvember.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Hjaltalín og kammersveit

Hjaltalín heldur tónleika í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri föstudaginn 5. nóvember ásamt stórri kammersveit undir stjórn Daníels Bjarnasonar. Samtals verða hátt í fjörutíu manns á sviðinu, þar á meðal nokkrir úr Sinfóníuhljómsveit Íslands. Dagskrá tónleikanna verður svipuð og á þremur uppseldum tónleikum Hjaltalín og Sinfóníuhljómsveitarinnar síðasta sumar. Tónleikarnir marka jafnframt upphaf útgáfufugleði Hjaltalín, því í nóvember kemur út vegleg mynd- og geisladiskaútgáfa með upptökum frá fyrrnefndum tónleikum Hjaltalín og Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Í FULLUM GANGI Í PERLUNNI

ÓDÝRI TÓNLISTAR - DVD OG MYNDBANDAMARKAÐURINN

FRÁ 29. OKT. TIL 21. NÓV.

GÍFURLEGT ÚRVAL AF ÖLLUM TEGUNDUM TÓNLISTAR, HLJÓÐBÓKA OG DVD MYNDA

OPIÐ ALLA DAGA FRÁ 10 – 18

VERIÐ VELKOMIN OG NJÓTIÐ FRÁBÆRS ÚTSÝNIS OG GÓÐRA VEITINGA Í VEITINGASAL PERLUNNAR

sport

sport@frettabladid.is

ÍSLENSKA KVENNALANDSLIÐIÐ mætir B-landsliði Noregs í tveimur æfingaleikjum um helgina. Júlíus Jónasson á von á erfiðum leikjum enda er Noregur besta handboltaþjóð í heimi. Báðir leikirnir fara fram í Mýrinni, í dag klukkan 16 og á morgun klukkan 14. Frítt er inn á báða leikina. Nánar er rætt við Júlíus á íþróttavef Vísis.

HUNDRAÐ PRÓSENTA LÍKUR Á ÍSLENSKUM BIKARMEISTARA Á MORGUN

FÓTBOLTI Það verður Íslendingaslagur í bikarúrslitaleik kvenna í Svíþjóð á morgun þegar Djurgården og Örebro mætast.

Edda Garðarsdóttir og Ólína Guðbjörg Viðarsdóttir spila með liði Örebro en félagið hefur aldrei orðið bikarmeistari. Edda og Ólína þekkja það hins vegar vel því þær hafa þrisvar orðið bikarmeistarar saman á Íslandi frá árinu 2005. Guðbjörg Gunnarsdóttir stendur síðan í marki Djurgården en hún varð tvisvar bikarmeistari með Val á sínum tíma. **- óój**

Vilja bæta fyrir ófarirnar

Ísland mætir Austurríki í undankeppni EM 2012 ytra í kvöld. Landsliðsþjálfarinn segir nauðsynlegt að bæta varnarleikinn ef liðið ætli sér sigur á þessum sterka útivelli. Liðið á slæmar minningar frá síðasta leik gegn Austurríkismönnum.

HANDBOLTI Hinn 21. janúar síðastliðinn áttust landslið Íslands og Austurríkis við í ótrúlegum leik. Þetta var annar leikur Íslands á EM í Austurríki og hafði liðið valdið vonbrigðum með því að gera jafntefli við Serba í fyrsta leik.

Strákarnir voru með unninn leik í höndunum en tókst að missa niður þriggja marka forystu á síðustu 55 sekúndunum. Annað jafntefli var staðreynd og Ísland átti eftir leik gegn sterkasta liði riðilsins, Dönum.

„Þetta var skelfileg tilfinning og með því versta sem ég hef upplifað," segir Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari þegar hann rifjar upp þennan leik. „Þetta fer á topp fimm hjá mér. En kannski var þetta nauðsynlegt til að þjappa hópnum enn betur saman. Niðurstaðan var allavega góð."

Ísland vann Dani og fór á mikið flug í keppninni. Það vann að lokum til bronsverðlauna eins og frægt er.

Ástæðan fyrir þessari upprifjun er að Ísland mætir Austurríki í undankeppni næsta Evrópumeistaramóts í kvöld. Leikurinn fer fram ytra, reyndar ekki á sama stað og síðasti leikur.

„Okkur langar að vinna og við munum nota þennan leik til að koma okkur í gírinn í dag," bætti Guðmundur við.

Þeir voru fáir sem áttu von á miklu af Austurríkismönnum fyrir EM í janúar síðastliðnum þó svo að þeir væru á heimavelli. En eftir jafnteflið gegn Íslandi náði liðið fínum árangri og skilaði Dagur því í níunda sætið – einu ofar en nágrannarnir og stóri bróðir frá Þýskalandi.

Báðar þessar þjóðir eru með Íslandi í riðli nú en þær mættust í Þýskalandi um helgina. Þar voru heimamenn ljónheppnir að sleppa með jafntefli eftir að hafa verið sex mörkum undir í hálfleik.

Dagur er reyndar hættur að þjálfa lið Austurríkis en liðið er engu að síður sterkt. Svíinn Magnus Andersson er tekinn við liðinu en Guðmundur segir að handbragð Dags sé greinilegt.

„Þeir spiluðu mjög vel á laugardaginn og þetta er einfaldlega afar frambærilegt lið. Við þurfum að spila vel til að vinna þá. Þetta er erfiður andstæðingur heim að sækja," sagði Guðmundur. „Þetta er öflugt varnarlið með góðan markvörð, góða hraðaupphlaupsmenn og mjög frambærilega leikmenn í skyttustöðunum. Línumaðurinn er líka sterkur. Mér sýnist Magnus vera að nota mikið af því sem Dagur var að gera með liðinu hvað varðar leikaðferðir og annað."

Ísland hóf leik í undankeppni EM 2012 á miðvikudaginn er liðið mátti þakka fyrir tveggja marka sigur á Lettum á heimavelli.

„Við höfum farið gaumgæfilega yfir þennan leik og menn hafa áttað sig á því að þeir voru að spila illa. Menn tóku það mjög alvarlega og ég hef ekki ástæðu til að ætla að það muni endurtaka sig. Fyrst og fremst er það varnarleikurinn sem við þurfum að laga – hann verður bara að vera betri en síðast."

Leikmenn hafa nokkrir verið að glíma við meiðsli og veikindi undanfarna viku en góðu fréttirnar eru þær að Alexander Petersson verður með á morgun, sem og Aron Pálmarsson sem var „sparaður" gegn Lettum eins og Guðmundur orðaði það. Oddur Grétarsson, hornamaður frá Akureyri, var tekinn inn í hópinn í stað Loga Geirssonar sem meiddist og Guðmundur á von á að hann gæti komið við sögu í dag.

Slæmu fréttirnar eru hins vegar af Þóri Ólafssyni. „Hann tognaði á kálfa og þetta lítur ekki vel út. Við höfum verið að tjasla honum saman en við tökum æfingu í fyrramálið [í dag] og þá kemur þetta betur í ljós," sagði Guðmundur.

eirikur@frettabladid.is

ÞJÁLFARINN HUGSI Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari vill sækja tvö stig til Austurríkis í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Selfyssingar fengu góðan liðsstyrk í gær þegar Auðun Helgason samdi við liðið:

Verður spilandi aðstoðarþjálfari og lögfræðingur á Selfossi

FÓTBOLTI Selfyssingar eru duglegri á leikmannamarkaðnum eftir fall úr úrvalsdeild en þeir voru fyrir leiktíðina í úrvalsdeildinni. Í gær nældi félagið í varnarmanninn sterka Auðun Helgason, sem skrifaði undir eins árs samning og verður spilandi aðstoðarþjálfari.

„Þetta er virkilega spennandi verkefni. Það blundar í mér að fara út í þjálfun þegar ferlinum lýkur og það er frábært tækifæri að fá að vinna með Loga [Ólafssyni] og vonandi verður samstarfið gott," sagði Auðun, sem hefur verið í viðræðum við þrjú félög síðan hann gerði starfslokasamning við Grindavík.

Auðun hefur verið að nema lögfræði og stefnir að því að útskrifast næsta vor. Að ganga í raðir Selfyssinga hjálpar honum að byrja lögfræðiferilinn.

MUN LÆRA AF LOGA Auðun hefur hug á því að fara út í þjálfun og segir það vera mikið tækifæri að fá að starfa með Loga Ólafssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Formaður knattspyrnudeildarinnar er með lögfræðistofu bæði á Selfossi og í Reykjavík. Það voru fyrirheit um að ég kæmist að hjá honum þegar ég klára námið," sagði Auðun, sem var afar hamingjusamur með lendinguna í sínum málum og er spenntur fyrir sumrinu á Selfossi.

